



Án tákna er ekkert líf Upp með hendur!

Valgerður Stefánsdóttir

Ritgerð til doktorsgráðu í mannfræði

Leiðbeinandi

Gísli Pálsson

Doktorsnefnd

Pamela Joan Innes, Rósa Signý Gísladóttir

September 2023

Félagsvísindasvið

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓDFRÆÐIDEILD

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

© Valgerður Stefánsdóttir 2023

ISBN 978-9935-9717-4-6

ORCID: 0009-0005-7109-8943

Reykjavík, Ísland 2023

Ágrip

Rannsóknin sem hér er kynnt er fyrsta heildstæða yfirlitið og rannsókn á íslensku táknmáli (ÍTM) og þróun döff menningar sem unnin hefur verið hér á landi. Þrjár rannsóknarspurningar voru hafðar að leiðarljósi: Spurt var hvernig ÍTM og samfélag döff varð til og þróaðist, hvaða þættir hafa styrkt lífvænleika íslensks táknmáls, og hvaða þættir skapa hættu á útrýmingu íslensks táknmáls og döff menningar, því þrátt fyrir að vera viðurkennt í lögum er íslenskt táknmál talið vera í útrýmingarhættu.

Sjónarhornið á efnið er frá málvísindalegri mannfræði (e. *linguistic anthropology*) þar sem horft er á málið eins og það hefur myndast í gegnum söguna í sérstöku menningarlegu samhengi í tíma og rúmi. Gögn rannsóknarinnar eru söguleg, svo sem gömul viðtöl við döff fólk um skólagöngu og líf þess, skjöl og greinar en einnig ný viðtöl sem varpa frekara ljósi á þróun máls, söguna og samhengið. Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem aðferðafræðileg nálgun við greiningu gagna réðst af viðfangsefninu hverju sinni, þar á meðal grundaðri kenningu, orðræðugreiningu og sögulegri nálgun við greiningu orðræðu sem felur í sér fjölprófun (e. *triangulation*). Viðfangsefni verksins er íslenskt táknmál, félagsleg samskipti, samfélagsgerð og menning en einnig samspil menningar og sögu, atbeina og valds.

Af rannsókninni má draga þrjár ályktanir sem svara rannsóknarspurningunum. Í fyrsta lagi varð íslenskt táknmál til í íslenskum veruleika en kom ekki úr dönsku táknmáli eins og fræðimenn hafa hingað til gert ráð fyrir. Mál byrjaði að þróast innan skólanna sem voru starfræktir hér á landi frá árinu 1867. Á tímabilinu frá 1867 til 1890 má gera ráð fyrir áhrifum frá dönsku táknmáli. Hins vegar er á 19. öldinni ekki hægt að sjá að hér hafi orðið til málsamfélag utan þess sem skólinn skapaði og því má ætla að fyrstu málgerðirnar sem urðu til innan skólans hafi ekki þróast áfram heldur dáið út. Tengsl á milli einstaklinga af ólíkum kynslóðum virðast þó hafa borið áfram stök tákn úr dönsku táknmáli. Mál sem kallað var *fingramál* þróaðist innan samfélags döff fólks á fyrri hluta 20. aldar en dó út með því fólki sem var í Málleysingjaskólanum fyrir árið 1944. Uppruna íslensks táknmáls sem talað er í dag má rekja til Málleysingjaskólans eins og hann var starfræktur eftir 1944 en þar varð til sjálfsprottið mál meðal barnanna úr þeirra veruleika, án tengingar við önnur mál og varð flóknara með hverri nýrri kynslóð. Málið hefur þróast mikið frá þeim tíma innan döff samfélags, sérstaklega eftir stofnun Félags heyrnarlausra árið 1960. Niðurstöður annarra fræðimanna um að mörg tákn í ÍTM líkist táknum í dönsku táknmáli má skýra út frá áhrifum frá norrænum táknmálum eftir að Félag heyrnarlausra gekk í Norðurlandaráð heyrnarlausra árið 1974.

Eftir að rannsóknir á ÍTM og kennsla ÍTM hófust með tilkomu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra árið 1990 og íslenska samfélagið opnaðist fyrir döff fólki með túlkabjónustu víkkaði notkunarsvið málsins. Með ríkari þátttöku döff fólks í íslensku samfélagi og aukinni menntun jókst orðaforði málsins jafnt og þétt og samhliða varð málfræðin flóknari með hverri kynslóð.

Í öðru lagi benda niðurstöður til þess að það sem styrki íslenskt táknmál séu fjölbreytileg samskipti á málinu en einnig að til þess að það lifi áfram þurfi nýir málhafar að bætast við samfélagið. Málið byrjaði að þróast í hópi skólabarna í samskiptum um það sem skipti þau máli og þroskaðist síðan áfram og styrktist innan döff samfélags og menningar. Döff menning er óaðskiljanleg frá ÍTM og innan hennar þarf máltaka barna að fara fram. Eftir að sérskóla fyrir döff börn var lokað þarf nú markvisst að horfa til þess að styrkja eðlileg samskipti ÍTM barna innan döff formgerða innan og utan skóla. Aðrir þættir sem hafa styrkt íslenskt táknmál eru aukin menntun og þátttaka döff fólks í íslensku samfélagi í gegnum túlkabjónustu, sem eykur notkunarsvið málsins. Má þar sérstaklega nefna aðgengi döff fólks að menntun í gegnum táknmálstúlka. Lögbundinn réttur til túlkabjónustu í daglegu lífi, til dæmis í atvinnulífi, er þó ekki fyrir hendi og takmarkar þátttöku döff fólks. Kennsla ÍTM fyrir heyrandi fólk hefur einnig eflt málið sem og rannsóknir sem gerðar hafa verið á málinu til dæmis vegna námsefnisgerðar og kennslu. Lög nr. 61/2011 veittu ÍTM formlega stöðu sem tungumál en tenging málsins við skerðingu og heilbrigðiskerfið virðist standa í vegi fyrir því að lítið sé á það sem slíkt eða sem mögulegt fyrsta mál barna. Enn þá má því segja að lagaleg viðurkenning á íslensku táknmáli sé fyrst og fremst táknræn.

Í þriðja lagi býr ÍTM við alvarlega ógn við tilvist sína vegna þess valds sem býr í tengslum ÍTM og döff fólks við umhverfið eða í vistkerfi málsins og hugmyndafræðinni sem umlykur það en vantraust á íslensku táknmáli og döff fólki gengur eins og rauður þráður í gegnum söguna. Á grundvelli hugmyndafræði þeirra sem ráða og gera áætlanir hefur þeim svæðum, þar sem börn gátu átt fjölbreytileg samskipti á íslensku táknmáli, til dæmis verið eytt á undanförunum áratugum. Einnig hefur á grundvelli málhugmyndafræði verið talið nauðsynlegt að börn tali og heyri íslensku til þess að öðlast lífsgæði og menntun og að ÍTM standi á einhvern hátt í vegi fyrir því. Ákvarðanir stjórnvalda um málið og fólkið sem talar það eru byggðar á hugmyndafræði sem oft samrýmist ekki þeim veruleika sem döff fólk upplifir og gengur þvert á það sem styrkir lífvænleika málsins og það sem döff fólk lítur á sem lífsgæði. Þannig hefur málhugmyndafræði og viðhorf til íslensks táknmáls neikvæð áhrif á lífvænleika málsins þrátt fyrir þá lagalegu vernd sem því er ætlað að njóta.

Lykilorð:

Íslenskt táknmál, döff menning, menntun, valdatengsl, málútrýming

Abstract

The study presented here is the first comprehensive overview and study of Icelandic Sign Language (ÍTM) and the development of Deaf culture conducted in this country.

Three research questions guided the research: It was inquired how ÍTM and the Deaf community originated and evolved, which factors have enhanced the viability of Icelandic sign language, and which factors pose a risk of Icelandic sign language and Deaf culture's extinction. Despite legal recognition, Icelandic sign language is considered endangered.

The perspective stems from linguistic anthropology, where the language is examined as it has evolved over time within a specific cultural context. The research data comprises historical sources such as old interviews with Deaf individuals about schooling and their lives, documents, articles, and recent interviews that shed further light on ÍTM's development, history, and context. Qualitative research methods are employed, with the methodological approach to data analysis adapting to the subject at hand, including grounded theory, discourse analysis, and a discourse-historical approach, primarily utilizing triangulation. The thesis explores language, social relations, social structures, and culture, as well as the interplay of culture and history, power, and agency.

Three conclusions are drawn from the study that address the research questions. Firstly, Icelandic sign language emerged within the Icelandic reality, rather than originating from Danish sign language as previously assumed. The language's development commenced within schools operating in the country since 1867. In the period from 1867 to 1890, we can assume the influence of Danish sign language. However, While Danish sign language likely influenced the period from 1867 to 1890, there's insufficient evidence of a language community beyond the school-created one during the 19th century. Consequently, it can be assumed the initial language created within the school context didn't advance but faded. Interactions across different generations appear to have transmitted isolated signs from Danish sign language. A finger language emerged within the Deaf community in the first half of the 20th century but vanished with those attending the Deaf School before 1944. The contemporary Icelandic sign language can be traced back to the Deaf School's post-1944 era, with a spontaneous language evolving among children in their reality, unrelated to other languages, and gaining complexity across successive generations. The language has significantly developed within the Deaf community, particularly following the establishment of the Association of the Deaf in 1960. The resemblance of many signs in ÍTM to Danish sign language, as noted by other scholars, can be attributed to the influence of Nordic sign languages after the Association of the Deaf's affiliation with

the Nordic Council of the Deaf in 1974. After research on ÍTM and instruction of ÍTM commenced with the establishment of the Communication Center for the Deaf in 1990, and Icelandic society opened up for ÍTM people with interpreting services, the language's domain expanded. Increased participation of Deaf individuals in Icelandic society and improved education led to a gradual expansion of the language's vocabulary. Concurrently, grammar became more complex with each generation.

Secondly, the results indicate that diverse communication in the language strengthens Icelandic sign language. However, for it to endure, new speakers must join the community. The language emerged in a group of school children communicating about what mattered to them and further developing and gaining strength within Deaf society and culture. Deaf culture is intertwined with ÍTM, and children's language acquisition must occur within this milieu. Following the closure of the special school for ÍTM children, there's now a need to systematically reinforce natural communication among ÍTM children within Deaf structures both within and outside the educational context. Enhanced education and increased participation of ÍTM people in Icelandic society via interpreting services have also contributed to the language's strength. Noteworthy is ÍTM individuals' access to education through sign language interpreters. However, there's no statutory right to interpreter services in daily life, such as employment, limiting Deaf individuals' participation. Teaching ÍTM to hearing individuals has also fortified the language, along with linguistic research for curriculum development and teaching. Although Law no. 61/2011 conferred official status to ÍTM as a language, its connection to impairment and the healthcare system hampers its recognition as a potential first language for children. Despite this legal recognition, Icelandic sign language's status remains largely symbolic.

Thirdly, ÍTM confronts a serious existential threat due to the power dynamics inherent in the relationship between ÍTM, Deaf individuals, the environment, and the surrounding ideology. A pervasive skepticism of Icelandic sign language and ÍTM individuals is woven throughout history. Decision-making by authorities and planners, rooted in prevailing ideologies, has led to the dismantling of spaces conducive to communication in Icelandic sign language. Furthermore, language ideology, has deemed mastery of spoken Icelandic necessary for quality of life and education, often construing ÍTM as an impediment. Government decisions regarding the language and its speakers frequently diverge from the experiences of ÍTM individuals, contradicting factors that enhance the language's viability and the ÍTM people's perception of quality of life. Consequently, language ideology and attitudes toward Icelandic sign language have adversely affected its viability, despite its intended legal protections.

Keywords:

Icelandic sign language, Deaf culture, education, power relations, language extinction

Sérstakar þakkir

Aðdragandi þess að ég hóf að skrifa þessa ritgerð var að mig hafði í mörg ár langað til þess að takast á við þá alþýðuskýringu, sem lærðir og leikir aðhylltust og litið var á sem sjálfsagða staðreynd, að íslenskt táknmál væri komið úr dönsku táknmáli. Mig langaði enn fremur til þess að segja frá því þunga oki sem við, sem störfuðum innan táknmálssamfélagsins, fundum fyrir á hverjum degi, oki sem skapaðist af valdi sem beindist gegn ÍTM fólki og ÍTM.

Það var samstarfsmaður minn, Davíð Bjarnason, doktor í mannfræði, sem benti mér á að ég gæti tekist á við þetta efni með því að fara í doktorsnám í mannfræði og þakka ég honum kærlega fyrir þá ábendingu. Ég hóf doktorsnám í mannfræði árið 2012 með það að markmiði að skrifa um uppruna og þróun ÍTM og vistkerfi málsins. Frá þeim tíma hef ég stundað námið og unnið að rannsókninni. Fyrst í stað gerði ég þetta með hléum með starfi mínu sem forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Undanfarin ár hef ég unnið að því sem sjálfstætt starfandi fræðimaður sem framfleytir sér á eftirlaunum.

Allan þann tíma sem ég hef unnið að ritgerðinni hefur Gísli Pálsson, mannfræðingur og leiðbeinandi minn, verið tilbúinn til þess að halda mér við efnið, óþreytandi, þolinmóður, skapandi í hugsun og alltaf hvetjandi. Ég þakka honum fyrir það. Ég þakka einnig Pamelu Joan Innes mannfræðingi, en hún og Rósa Signý Gísladóttir sátu ásamt Gísla í doktorsnefndinni. Pamela var upphaflega kennari minn á námskeiði um mannfræðileg málvísindi og um vald sem birtist í gegnum tungumál. Í doktorsnefndinni hélt hún áfram að veita mér ómetanlegan stuðning og hvatningu hvenær sem ég leitaði til hennar. Ég þakka að lokum Rósu Signýju fyrir fræðilegar ábendingar, gagnrýninn, glöggan og faglegan yfirlestur ritgerðarinnar, samhliða uppörvun og stuðningi.

Hefði ég ekki kynnst Júlíu G. Hreinsdóttur hefði þessi rannsókn líklega aldrei verið gerð. Ég þakka henni fyrir að hafa verið óþreytandi kennari og áttaviti fyrir mig alla mína starfsævi. Þar sem ég er heyrandi kunni ég ekki döff menningu eða ÍTM þegar ég kyntist henni fyrir 46 árum en hún kenndi mér það. Leiðir okkar Júlíu hafa lengst af legið saman síðan og ég hef alltaf getað leitað til hennar. Þá vil ég þakka Berglindi Stefánsdóttur sem var hugmyndafræðingur Samskiptamiðstöðvar á fyrstu árum stofnunarinnar og átti þátt í að móta sjónarhorn mitt og skilning. Ég þakka Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir aðgang að viðtölum og starfsfólki, öllum viðmælendum mínum og öðrum í ÍTM samfélaginu.

Ég þakka Sigurði Guðna Valgeirssyni eiginmanni mínum fyrir þolinmæði, stuðning og yfirlestur. Ég þakka einnig börnunum mínum Stefáni, Valgeiri Þórði, Guðna og Hrefnu.

Þau hafa stutt móður sína til dæmis varðandi tæknimál og með umræðum um viðfangsefnið. Ég þakka Ástríði Stefánsdóttur systur minni sem hefur tekið við ófáum símtölum þar sem rætt var um hugtök og lausnir, sérstaklega á sviði lífssiðfræði. Enn fremur þakka ég Rannveigu Sverrisdóttur, lektor í táknafræði við HÍ, fyrir að vera alltaf tilbúin til að ræða um efnið.

Nánast ekkert af því efni sem hér birtist hefur komið fyrir sjónir almennings áður. Þó skal það tekið fram að upp úr gögnum þessarar ritgerðar var unnin greinin „Við bjuggum það til sjálf“ sem birt var í Ritinu 2022. Þar er auk þess að finna umfjöllun um döff listir sem einnig er fjallað um hér.

Efnisyfirlit

Ágrip	iii
Abstract	v
Sérstakar þakkir	vii
Listi yfir skammstafanir	xiii
Listi yfir myndir	xiv
Listi yfir töflur	xvi
1 Inngangur	1
1.1 Heimatáknun.....	2
1.2 Táknmál sem þróast í blönduðum samfélögum heyrandi og döff.....	3
1.3 Hvernig þróast mál í samfélögum döff fólks?.....	4
1.4 Skólar fyrir heyrnarlausu verða til	5
1.5 Táknmálsbannið	6
1.6 Uppruni tungumála - rannsóknir á látbragði.....	8
1.7 Upphaf táknmálsrannsókna.....	9
1.8 Döff menning.....	12
1.8.1 Nafngiftarsiðvenja döff menningar.....	13
1.8.2 Að tala um menningu og að menningin tali.....	14
1.9 Döff ágóði	15
1.10 Heyrnarhyggja eða audismi	16
1.11 Valdatengsl og orðræða	18
1.11.1 Lífvald	18
1.12 Nýlendukúgun og raddmálskúgun	20
1.12.1 Nýlenduháttur og raddmálsháttur	20
1.13 Vald sem tengist tungumálinu.....	22
1.13.1 Atbeini	22
1.13.2 Tilvísun í samhengi	23
1.13.3 Málhugmyndafræði tengd íslensku táknmáli	24
1.13.4 Fjölverkni málsins	26
1.14 Vistsvæði tungumála og útrýmingarhætta.....	26
1.15 Viðurkenning á íslensku táknmáli	27
1.16 Rannsóknin	28

2 Markmið og aðferðafræði	31
2.1 Markmið.....	31
2.2 Aðferðafræði og gögn.....	33
2.2.1 Öflun rannsóknargagna.....	33
2.2.2 Aðferðir og greining gagna.....	36
2.2.3 Aðferðafræðilegar ögranir og siðferðileg vandamál	38
2.2.4 Aðkoma höfundar, sjónarhorn og tengsl við viðfangsefnið	38
1. HLUTI: SKÓLASAGA HEYRNARLAUSRA ÍSLENDINGA.....	41
3 Skólasagan	41
3.1 Heyrnarlaus börn á Íslandi voru send í skóla til Danmerkur	41
3.1.1 Konunglega daufdumbrastofnunin í Kaupmannahöfn	42
3.1.1.1 Upphafið – Tími Castbergs 1807–1823	42
3.1.2 Nemendurnir sem fóru til Kaupmannahafnar og skólinn sem tók við þeim.....	44
3.1.3 Nemendur fengu númer í stað nafns.....	45
3.1.4 Ný stjórn – breyttir tímar – 1823–1838.....	48
3.1.5 Íslensku nemendurnir	49
3.1.6 Skólinn flytur á Kastellsvej - Tímabil Heibergs 1839–1865	50
3.1.7 Malling-Hansen 1865	51
3.1.8 Nýtt upphaf	52
3.1.8.1 Markús Þorleifsson	52
3.1.9 Félag heyrnarlausra í Danmörku	53
3.1.10 Þeir sem sneru heim til Íslands	53
3.2 Prestarnir og kennsla þeirra á Íslandi	57
3.2.1 Fyrsti kennari heyrnarlausra á Íslandi	57
3.2.2 Páll fær leyfi til kennslu heyrnarlausra	60
3.2.3 Skólaskylda heyrnarlausra barna á Íslandi	61
3.2.4 Kennslan	62
3.2.5 Félags- og menningarlegt samhengi á heimilinu	64
3.2.6 Nemendur séra Páls	64
3.2.7 Skólinn á Stóra Hrauni	68
3.2.8 Nemendur á Stóra Hrauni	71
3.3 Orðræðan og hugmyndafræðin	72
3.4 Þegar samskiptin vantar er sjálfræði í hættu	73

3.5	Heyrnarlaust fólk bjó dreift um landið.....	74
3.6	Samantekt um fyrstu ár kennslu fyrir heyrnarlausa.....	74
3.7	Ríkisskóli	75
3.7.1	Málleysingjaskólinn 1909 til 1944	76
3.7.2	Táknmálsbannið tekur yfir	78
3.7.3	Nemendunum leið ekki vel	80
3.7.4	Aukin áhersla kennara á tákn.....	82
3.7.5	Táknmálsland	84
3.7.6	Skóli án aðgreiningar.....	85
3.7.7	Byrjendalæsi	87
3.7.8	Döff skólastjóri tekur við	87
3.8	Samantekt.....	88
2.	HLUTI: MÁLIÐ OG MENNINGIN	89
4	Þróun ÍTM og döff samfélags.....	89
4.1	Uppruni íslensks táknmáls	90
4.1.1	Nemendur skólans í Danmörku.....	91
4.1.2	Nemendur í kennslunni á Íslandi	92
4.1.3	Samfélag döff á Íslandi verður til	97
4.2	Annað málið – Fingramálið	106
4.3	Nemendur á tímum raddmálsstefnunnar 1944–1980	111
4.4	Talæfingar við spegil á tímum raddmálsstefnu	116
4.4.1	Raddmálsstefnan lak.....	117
4.4.2	Upphaf ÍTM í Málleysingjaskólanum.....	118
4.4.3	Áhrif frá Danmörku: Daníel Jensen kom til Íslands árið 1956	121
4.4.4	Upplifun af skyldleika	123
4.5	Undirbúningur að stofnun Félags heyrnarlausra	124
4.5.1	Norðurlandasamvinna og áhrif á ÍTM	126
4.6	Uppreisnin í skólanum	128
4.7	Tímamót fyrir íslenskt táknmál	130
4.7.1	Kennsla í táknmáli byrjar að þróast.....	130
4.8	Að menningin tali og að tala um menningu.....	133
4.8.1	Talað um döff menningu.....	134
4.8.2	Döff listir	137
4.9	Samantekt.....	139

3. HLUÐI: UMRÆÐA UM VISTKERFI ÍSLENSK TÁKNMÁLS.....	141
5 Vald í vistkerfi íslensks táknmáls	141
5.1 Tungumál, atbeini og vald	142
5.1.1 Tilvísun í samhengi og tvö ólík þekkingarkerfi	144
5.1.2 Vald sem felst í málhugmyndafræði tengdri íslensku táknmáli	145
5.1.3 Fjölvirgni málsins	148
5.2 Döfferni – Framsetning á sjálfi og að vera maður sjálfur	149
5.3 Samhengi – þekkingarfræði og hugmyndafræði	150
5.3.1 Viðurkenning á íslensku táknmáli	151
5.4 Kennsla táknmálsbarna flutt frá ríki til Reykjavíkurborgar	155
5.4.1 Aðdragandinn.....	155
5.4.2 Lokun Vesturhlíðarskóla.....	157
5.5 Hið normaða samfélag og ágreiningur um kuðungsígræðslur	161
5.5.1 Nýlenduháttur og raddmálsháttur.....	163
5.5.2 Lífvaldið og andóf hinna valdalausn eða fordæmdu	165
5.5.3 Afstaða hefðbundinnar læknisfræði	167
5.5.4 Raddmálsstefna – nýlendustefna	171
6 Umræða	175
6.1 Orðræða og hugmyndafræði málútrýmingar eða lífvænleika ÍTM	176
6.2 Tungumálastríð – vandi íslensks táknmáls og íslensku?	179
6.3 Tungumál og fólk er verðmætt og það kostar að eiga það	180
6.4 Kostir og takmarkanir rannsóknarinnar.....	182
Heimildaskrá	185
Viðauki A.....	209
Íslensku nemendurnir sem sendir voru til Danmerkur	209
Viðauki B	219
Nemendur sem sendir voru í kennslu til séra Páls Pálssonar frá 1867-1890	219
Viðauki C	223
Nemendur á Gaulverjabæ 1892 og á Stóra Hrauni frá 1893-1908	223
Viðauki D.....	229
Nemendur í skólanum í Reykjavík 1909-1916	229

Listi yfir skammstafanir

ASL, American Sign language, amerískt táknmál

CEFR, Common European Framework of Reference for Languages, samevrópski tungumálaraminn

DHA, Discourse historical approach, orðræðugreining með sögulegri nálgun

DNR, Dövas nordiska råd, Norðurlandaráð heyrnarlausra

DTS, Dansk tegnsprog, danskt táknmál

EUD, European Union of the Deaf, Evrópuráð heyrnarlausra

HTÍ, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

IS, International Sign, alþjóðleg táknun

ÍTM, íslenskt táknmál

KC, Døves center for total kommunikation, Samskiptamiðstöð

KÍ, kuðungsígræðsla

NSL, Nicaraguan Sign Language, táknmál Níkaragúa

PSL, Providence Island Sign Language, táknmál Providence eyja

SHH, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra

SLPs, Sign Language Peoples, táknmálsþjóðir

WFD, World Federation of the Deaf, Heimssamband heyrnarlausra

Listi yfir myndir

Mynd 1 Páll Hinriksson nr. 32 var fyrsti íslenski nemandinn sem sendur var út. Mynd höfundar af opnu í nemendaskránni.....	46
Mynd 2. Númerin 13 og 16. Nafnatáknið sem myndað er með A hönd á enni og nafnatákni með Æ hönd við kinn voru nafnatákn nemenda með þessi númer. Nafnatákn nemendanna voru yfirfærð á tölur. Mynd klippt úr myndскеiði https://www.youtube.com/watch?v=ei3NNVRzcWY	48
Mynd 3 Fingramálsstafróf Sigfúsar Sigurðssonar. Ljósmynd Guðna Sigurðssonar af opnu í bók í eigu höfundar.....	54
Mynd 4 opna úr biblíusögum séra Páls. (Páll Pálsson, Biblíusögur handa mál- og heyrnarlausum unglingum á Íslandi, 1867b). Ljósmynd Valgerður Stefánsdóttir.	59
Mynd 5 Orðasafn til undirbúningskennslu handa mál- og heyrnarleysingjum. Ljósmynd Guðni Sigurðsson.	60
Mynd 6 Þórarinn Brandsson skósmiður. Ljósmynd birt með leyfi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar.	67
Mynd 7 Frá ferðalagi að Skógarfossi 1949. Ljósmynd í eigu Guðmundar Ólafssonar.....	104
Mynd 8 Guðmundur Trjámannsson. Ljósmynd birt með leyfi Ljósmyndasafns Íslands.	105
Mynd 9 MAMMA af signwiki.is	107
Mynd 10 SLYS af sigwiki.is	107
Mynd 11 Sigríður Kolbeinsdóttir ERFITT AÐ SKRÚBBA GÓLFÍÐ	108
Mynd 12 Sigríður Kolbeinsdóttir KENNA. Á mynd til vinstri sést táknið KENNA í nafnhætti en þá beinast fingurgómarnir fram. Á myndinni til hægri beinast fingurgómarnir að henni sjálfri sem er áttbeyging á sögninni; KENNA-MÉR.	109
Mynd 13 SAUMAVÉL.....	110
Mynd 14 RÍKUR.....	109
Mynd 15 Fingrastafrófið er prentað á póstkort úr eigu Friðriks Jónssonar (f. 1883 d. 1974), sem var nemandi í skólanum á Stóra Hrauni hjá séra Gísla Skúlasyni. Nú í eigu höfundar.....	111
Mynd 16 A-hönd af signwiki.is	118

Mynd 17 SLÁTUR af signwiki.is	Mynd 18 J-hönd af signwiki.is	119
Mynd 19 Sigurborg Skjaldberg JÓL		119
Mynd 20 Sigurborg Skjaldberg NEI.....		120
Mynd 21 Sigurborg Skjaldberg ÉG TRÚI ÞVÍ EKKI		120
Mynd 22 Baldur Snæhólm LÖGGA		120
Mynd 23 HOPPA af signwiki.is		120
Mynd 24 Eldra tákn fyrir AMERÍKA. Vísifingri snúið við gagnauga af signwiki.is.....		122
Mynd 25 Nýrra tákn fyrir AMERÍKA. Hendur fléttaðar saman og snúið í hring fyrir framan táknara. Táknid er talið eiga uppruna sinn í byggingarstíl bjálkahúsa af signwiki.is.		122
Mynd 26 Málverk eftir Arnþór Hreinsson í eigu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra		138

Listi yfir töflur

Tafla 1: Viðmælendur sem vitnað er í úr viðtölum í eigu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra:	34
Tafla 2: Viðmælendur sem vitnað er í úr nýjum viðtölum sem tekin voru af höfundum í tengslum við þessa rannsókn.....	35

1 Inngangur

Uppruni og þróun íslensks táknmáls er viðfangsefni rannsóknarinnar sem hér er kynnt og er hún fyrsta sinnar tegundar sem unnin hefur verið hér á landi. Sjónarhorn hennar er ekki málfræðilegt heldur er þróun málsins skoðuð út frá félagstengslum innan menningarsamfélags og má staðsetja hana innan málvísindalegrar mannfræði eða mannfræðilegra málvísinda. Foley (1997) hefur skilgreint mannfræðileg málvísindi sem fræðigreini sem fáist við stöðu tungumálsins í víðu félagslegu og menningarlegu samhengi og út frá hlutverki máls í mótun og viðhaldi menningar og samfélagsgerðar. Mannfræðileg málvísindi horfa á tungumálið í gegnum linsu menningarinnar og leitast er við að sjá *merkingu* sem felst í notkun máls, misnotkun þess eða því að mál sé ekki notað. Þau eru þannig túlkandi fræðigreini sem leita undir yfirborð þess sem er sagt í leit að menningarlegri merkingu (Foley, 1997). Bakhtin (1981) benti á hvernig líf orða [tákna] sé alltaf félagslega hlaðið. Öll orð beri keim af starfi, grein, hneigð, hóp, sérstakri vinnu, sérstakri manneskju, kynslóð, aldurshópi, deginum og klukkustundinni. Sérhvert orð beri keim samhengis og aðstæðna sem það hefur lifað í alla sína félagslegu tilveru. Tungumálið er því ekki hlutlaus miðill til samskipta að hans mati heldur kerfi félagslegra venja (Bakhtin, 1981). Samskipti á milli fólks skapa síðan menningu með því að ferli samskiptanna verða venjubundin og stöðug, flytjast á milli kynslóða og verða að *habitusi* (Bourdieu, 1991). Í ritgerðinni er tungumálið íslenskt táknmál (ÍTM) skoðað í þessu ljósi og hvernig samskipti á því hafa skapað menningu döfð fólks. Nauðsynleg forsenda fyrir samskiptum á milli þess og að táknmál þróist er að það myndi saman samfélag. Innan þess verða smám saman til formgerðir eins og tengsl, venjur og reglur og döfð menning eða *habitus* þróast samhliða málinu.

Í upphafi þróaðist fræðigreinin málvísindaleg mannfræði innan mannfræði og er rakin til mannfræðingsins Franz Boas. Hann leit svo á að tungumál væru mikilvæg til þess að fá skilning á mannlegum samfélögum og menningu og beindust rannsóknir hans

¹ Í þessari ritgerð nota ég orðið döfð um fólk sem lítur á ÍTM sem móðurmál sitt og döfð menningu sem sína. Orðið er fengið úr ÍTM en þegar döfð fólk talar um sig og sína líka á ÍTM notar það munnhreyfinguna dff. Á ensku er orðið Deaf með stórum staf notað fyrir sömu merkingu. Á undanförunum árum hefur komið fram hugtakið Sign Language Peoples (Batterbury o.fl., 2007). Á íslensku hefur það ýmist verið notað sem táknaþjóðir eða táknaþjóðir. Hugtökin eiga tilvísun í annað samhengi en orðið heyrnarleysi sem vísar til skerðingar eða vöntunar. Döfð fólk eða táknaþjóðir vísa til þess sjálfskilnings að vera hluti af menningarsamfélögum sem tala táknaþjóð og sækjast eftir lagalegri viðurkenningu sem slík (Ladd, 2003). Orðið heyrnarlaus er notað í ritgerðinni þegar um er að ræða líffræðilega merkingu en vísar ekki til þess að döfð fólk „vanti“ eitthvað eða það sé „vandamál“.

sérstaklega að tungumálum sem álitin voru frumstæð. Málvísindamaðurinn og heimspekingurinn Roman Jakobson (1944) lýsti nálgun Boasar vinar síns á tungumál og sagði að hann hefði litið á öll tungumál og menningu sem jafn flókin og rökræn og jafnframt eina mikilvægustu birtingarmynd og staðfestingu á andlegu lífi mannsins. Boas deildi á fræðimenn sem héldu því fram að fólk í ákveðnum samfélögum gæti ekki hugsað óhlutbundna hugsun vegna þess að í tungumálum þess væru ekki nauðsynlegar málfræðilegar formdeildir. Hann sagði að formdeildir í tungumálum mynduðust alltaf ómeðvitað í félagslegu samhengi, því væri hægt að fylgja ferlinu sem leiddi til myndunar þeirra til að sjá ómeðvituð menningarmynstur. Þekking okkar og tilfinningar væru afleiðing af því hvers konar félagslegu lífi við lifðum og sögu fólksins sem við tilheyrðum (Jakobson og Boas, 1944). Tungumál er þess vegna ekki einungis tákn málsins og málfræði heldur er það að nota tungumál eitt form af félagslegu lífi (Ahearn, 2012). Umfjöllun um döff samfélög og táknmál heimsins var framan af mest að utan frá af heyrandi fólki og í þeim tilvikum sambærileg þeirri umfjöllun sem Boas deildi á. Því hefur til dæmis löngum verið haldið fram að táknmál væru sett saman úr einföldum hlutbundnum bendingum og látbragði og gætu ekki borið óhlutbundna hugsun (sjá til dæmis Brandur Jónsson, 1967; Lane, 1984; Petitto, 2014). Að því leyti væru börn, sem töluðu táknmál, í rauninni ekki mannleg. Johan Conrad Amman (1724–1811) sem var heyrandi kennari heyrnarlausra barna hélt því fram að röddin væri lifandi birtingarmynd lífsandans sem guð hefði blásið manningnum í brjóst. Hann benti á hvílíkri heimsku við mættum í flestum heyrnarlausum manneskjum og hve lítill munur væri á þeim og dýrum (Lane, 1984). Málhugmyndafræði af þessu tagi hefur alvarleg áhrif á þróun og lífvænleika tákn mála og líf málhafanna.

1.1 Heimatáknun

Þegar heyrnarlaus börn alast upp á heimilum þar sem enginn talar táknmál liggur ekki beint við að ímynda sér að þau geti tileinkað sér mál. Rannsókn Susan Goldin-Meadow (2005a) á máltileinkun heyrnarlausra barna, sem alin voru upp af heyrandi foreldrum og sáu aldrei táknmál, markaði því nokkur tímamót. Börnin, sem nutu virðingar og kærleika frá foreldrum sínum, höfðu eingöngu raddmálssamskipti foreldranna og látbragðið sem þeim fylgdi fyrir augunum. Goldin-Meadow skoðaði samskipti þeirra við foreldra sína og greindi í samskiptum barnanna mállega eiginleika sem ekki sáust í látbragði foreldranna. Foreldrar barnanna notuðu ókerfisbundið látbragð og bendingarnar samhliða tali eins og venja er. Börnin tileinkuðu sér látbragð og bendingar þeirra, aðgreindu látbragðið í einingar með skýrt merkingarsvið og röðuðu þeim í setningar með ákveðinni 'orðaröð'. Þannig nýttu þau sér meðfæddan máltökubúnað sinn og þróðu mállega eiginleika í sínum heilavef. Látbragð foreldranna, sem þeir héldu áfram að nota tilviljanakennt og óskipulega, varð að táknum og málkerfi hjá barninu. Oftast er talað um svona málkerfi sem heimatáknun eða heimatáknmál (e. *homesign systems*). Heimatáknun er ekki jafn þróað mál og táknmál og hefur ekki til að bera alla eiginleika hefðbundinna tákn mála sem töluð eru í

samfélögum táknmálsfólks. Málkerfi þess verður því ekki jafn flókið og orðaforðinn takmarkast til dæmis við helstu athafnir í daglegu lífi, mat og drykk (Goldin-Meadow, 2005a).

Þótt heimatáknun sé ekki flókið mál hefur hún að geyma sömu mállegu eiginleika og mál heyrandi barna og bendir Goldin-Meadow á að börnin hafi getað talað um hluti og atburði sem voru ekki hér og nú. Það var því um að ræða samskipti með mállega eiginleika, sem birtust í samhengi barnsins við umhverfi sitt. Það nægði börnunum, til þess að mál byrjaði að þróast innra með þeim án málfyrirmyndar, að búa við kærleika í menningarsamfélagi, við félagsleg samskipti þar sem hlutir gerðust og að gerð væri krafa til þeirra um samskipti. Þetta gerðist þótt foreldrar notuðu eingöngu bendingar og látbragð sem ekki hefðu skýrt merkingarsvið og væru ekki bundin í málkerfi (Goldin-Meadow, 2005b). Goldin-Meadow bendir á að í heimatáknun sé einungis um að ræða dýpt einnar kynslóðar en málbreytingar í táknmálum komi oftast inn með yngstu málhöfunum, þ.e. nýjum kynslóðum málhafa. Að mati Goldin-Meadows er mál af þessu tagi því fyrsta stig í þróun táknmáls (Goldin-Meadow, 2005b; sjá einnig Rissman, o.fl., 2020).

1.2 Táknmál sem þróast í blönduðum samfélögum heyrandi og döff

Mál, sem þróast í blönduðum samfélögum þar sem saman búa bæði heyrandi og heyrnarlausir, virðast vera með annars konar formgerð en hefðbundin táknmál sem notuð eru innan döff samfélaga. Kennsla heyrnarlausra hér á landi hófst í blönduðu málsamfélagi hjá séra Páli Pálssyni. Hann hélt skóla á heimili sínu frá árinu 1867 til dauðadags árið 1890 þar sem heyrandi heimilisfólk var í meirihluta, 12–25 manns, en aðeins tveir til fimm heyrnarlausir nemendur. Því er mikilvægt að skoða rannsóknir fræðimanna á blönduðum málsamfélögum.

Rannsókn Washabaugh (1986) á táknmáli Providence eyja (Providence Island Sign language, PSL), í litlu einangruðu samfélagi þar sem heyrnarleysi var algengt vegna skyldleika íbúa, sýndi að PSL væri 'óþroskað' mál þrátt fyrir að heyrnarlaust fólk hefði notað það í samskiptum innbyrðis í þrjár kynslóðir (Washabaugh, 1986). Að mati Washabaugh náði málið ekki að þróast eðlilega vegna yfirráða heyrandi fólks, sem kom fram við heyrnarlausa eins og börn og kom þar með í veg fyrir þróun döff formgerða og félagstengsla. Hann sagði að máltaka og málþróun væri háð eðlilegum tengslum við aðra en slík tengsl sköpuðust einungis í samskiptum heyrnarlausra innbyrðis. Þau væru nauðsynleg til þess að málið næði fullum þroska en það gerðist ekki þar sem heyrandi fólk skapaði formgerðirnar og réði samskiptunum (Washabaugh, 1980). Fullmótað tungumál yrði aðeins til við félagslegar aðstæður fólks sem upplifði sig hæft og fyndist það skipta máli (Washabaugh, 1991).

Fleiri fræðimenn hafa skoðað táknmál sem hafa orðið til í blönduðum málsamfélögum, sem flest eru á suðurhellingi jarðar. Annelies Kusters, döff mannfræðingur, lýsti annars konar *habitus* í blönduðum hópum í Adamorobe í Ghana en þróaðist meðal döff fólks og benti sömuleiðis á að þar sem heyrandi fólk væri í meirihluta notenda hefði það áhrif á málgerðina. Tiltölulega fá handform væru í málum sem þróuðust í blönduðum rýmum, táknrýmið² væri stórt og sama táknið væri notað með mismunandi merkingu í mismunandi samhengi. Próformasagnir (e. *classifier verbs*) og sammyndun (e. *simultaneous constructions*) kæmu ekki fyrir eða afar sjaldan. Málin væru háð samhenginu, bæði því félagslega og með bendingum, sem sýndu raunverulega staðsetningu persóna og staða, en bendingar væru ekki notaðar málfræðilega eins og í hefðbundnum táknmálum (Kusters, 2015, 2014). Að sömu niðurstöðu komst Washabaugh í tilviki PSL þar sem merking setninga gat verið óljós og skildist einungis út frá viðbótarvísibendingum úr umhverfinu (Washabaugh o.fl., 1978). Samkvæmt rannsóknnum málfræðinganna Ulrike Zeshan og Connie de Vos næðu málin, til dæmis eins og táknmál Kata Kolok, yfirleitt ekki að móta fullkomið áttbeygingakerfi sagna (e. *spatial verb agreement* eða *directionality*)³. Flest þessara mála væru í útrýmingarhættu og lifðu stutt (Zeshan og de Vos, 2012). Victoria Nyst (2012) bendir á að í málumhverfi þar sem heyrandi fólk með mismunandi kunnáttu í táknmáli er í meirihluta þróist ekki sammyndun eða flóknar endurspeglandi formgerðir. Málið þróist ekki til fulls vegna þess að slíkar myndanir reynist því erfiðar. Eðlileg félagsleg samskipti milli döff fólks innbyrðis, án heyrandi afskipta, virðist vera forsenda þess að fullmótað táknmál þróist og að döff menning eða döff *habitus* nái að verða til. Félagsleg þátttaka, þróun máls og þróun menningarlegra gilda eru þannig óaðskiljanleg. Nýjar kynslóðir þurfi að læra málið innan döff formgerða, sem veita aðgengi að félagsmótun, viðeigandi málvenjum og rétttri menningarhegðun til þess að mál lifi og þróist (Nyst, 2012).

1.3 Hvernig þróast mál í samfélögum döff fólks?

Bahan (2014) bendir á að alls staðar í heiminum fari sama ferlið af stað þegar heyrnarlausir komi saman. Látbragð verði að tákni og bindist í málkerfi með öðrum táknum. Ekki taki nema nokkrar kynslóðir þar til það sé orðið að venjubundnu táknmáli (Bahan, 2014). Í Managúa í Níkaragúa var árið 1977 stofnaður skóli fyrir heyrnarlaus börn og málvísindafólk fylgdist með máli verða til (sjá t.d. Kegl, 2021; Shengas, 1995; Shengas, 2003; og Rissman o.fl., 2020). Börnin höfðu áður búið með fjölskyldum sínum, einangruð hvert frá öðru og átt samskipti með heimatáknun. Þegar þau hittust spratt fram mál úr heimatáknun þeirra og látbragði. Máli elstu kynslóðanna í skólanum var lýst sem blendingsmáli (e. *pidgin*) með einfaldan orðaforða og málfræði en með hverjum nýjum nemendahópi, sem bættist við og tileinkaði sér málið, kom ný

² Svæði fyrir framan líkama þar sem táknmálið er myndað.

³ Þegar hreyfing handar hefur sömu málfræði- eða setningafræðilegu merkingu og frumlags-/andlagsbeyging í raddmálum.

málhegðun, nýir mállegir eiginleikar urðu til og málið varð flóknara. Ann Shengas bendir á að táknmál Níkaragúa (Nicaraguan Sign Language, NSL) hafi ekki orðið til fyrr en til var orðið samfélag árganga heyrnarlausra barna í skólanum í Níkaragúa sem hver um sig gaf nýjum árgöngum hráefni til þessa að móta úr nýja málfræði (Shengas, 2003). James Shephard Kegl bendir á að fjögur skilyrði þurfi að vera uppfyllt til þess að aðstæður skapist fyrir þróun máls meðal heyrnarlausra barna: (1) þörf fyrir samskipti, (2) hópur af heyrnarlausum börnum á næmiskeiði fyrir mál, (3) líffræðilegur hæfileiki til þess að búa til tungumál og (4) frjáls tími þeirra saman (Kegl, 2018). Kocab og Shengas hafa dregið saman, úr niðurstöðum rannsókna á því hvernig mál verða til, þrennt sem þurfi að vera til staðar: (1) börn sem tileinka sér mál, (2). eiga samskipti í sérstöku samfélagi, (3) sem flytur málkerfið frá einni kynslóð til annarrar (Kocab og Shengas, 2020).

Táknmál verða þannig til í gegnum félagsleg samskipti þar sem myndast döff rými (e. *deaf space*) (Kusters, 2015) og merking í máli verður til við notkun málsins (Geertz, 1976). Málið verður aldrei aðskilið frá félagstengslunum sem það þróast í og menningunni sem skapast og skapar það.

Til þess að svara spurningunni um hvenær íslenskt táknmál byrjaði að þróast þarf því að líta til félagslegra aðstæðna, myndunar döff rýmis þar sem döff menning byrjar að þróast og fólk býr við ákveðið sjálfræði, hefur öðlast sjálfsvirðingu sem „hæft og mikilvægt“ og nýjar kynslóðir taka við þróun málsins og menningarinnar. Heyrnarlaust fólk hefur ekki aðgang að þeim félagslegu samskiptum og þeim menningarlega sjóði sem býr í raddmálsumhverfi en það hefur hins vegar þá vitsmunalegu getu sem þarf til þess að mál verði til meðal þess. Eins og raddmál þróast táknmál í félagslegum samskiptum innan hóps en út frá látbragði sem verður að tákni og binst í setningafræðileg kerfi með öðrum táknum. Í iðnvæddum löndum var það fyrst og fremst þegar heyrnarlausum börnum var safnað saman í heimavistarskóla að þau gátu átt félagsleg samskipti, sem leiddu til þess að mál gat orðið til stig af stigi með hverri nýrri kynslóð. Heimavistarskóla fyrir heyrnarlaus börn má að því leyti líta á sem vöggu táknmála.

1.4 Skólar fyrir heyrnarlausa verða til

Í lok 18. aldar voru stofnaðir þrír skólar fyrir heyrnarlausa í Evrópu. Stofnendur þessara skóla voru Frakkinn Charles-Michel abbé de l'Épée, Englendingurinn Thomas Braidwood og Þjóðverjinn Samuel Heinicke. Charles-Michel de l'Épée stofnaði skóla í París árið 1760. Hann var kaþólskur prestur sem vildi mennta heyrnarlausa til þess að gera þá færa um að taka við sakramentum kirkjunnar. L'Épée rak skólann í upphafi fyrir eigið fé en hann var síðar gerður að ríkisskóla. Í samfélaginu var táknmál eðlilega tengt því að vera heyrnarlaus. L'Épée lærði franskt táknmál, notaði það með nemendum sínum og franskt táknmál og fingrastafróf var notað sem kennslumál. Við frönskukennslu leitaðist hann við að gera hana sýnilega og þróaði tákn fyrir málfræði frönskunnar.

Setningin *Minnstu fuglunum gefur hann brauðmolana* var á táknaðri frönsku 48 tákn en varla hefur verið hægt að nota þessa málgerð til samskipta. Í franska skólanum fengu margir heyrnarlausir menntun og nutu síðar virðingar í samfélaginu. Einn heyrnarlausu kennaranna við skólann, Bebian, stundaði rannsóknir á frönsku táknmáli samhliða kennslunni. Annar, Laurent Clerc, fylgdi Thomas Hopkins Gallaudet til Bandaríkjanna, kenndi honum franskt táknmál og hjálpaði honum við að byggja upp skóla út frá döff hugmyndafræði í Hartford (1817) í Bandaríkjunum (Lane, 1984). Þrátt fyrir að Gallaudet hafi verið heyrandi vann hann í anda döff kennslufræði og er Gallaudet háskólinn í Washington döff háskóli þar sem kennslumálið er amerískt táknmál (American Sign Language, ASL).

Eftir dauða l'Épées stundaði lækurinn Itard tilraunir á börnunum í skólanum til þess að reyna að vekja hjá þeim heyrn. Hann sendi rafstraum inn í eyru þeirra til þess að vekja hljóðhimnuna, hellti heitri olíu í eyrun, rak silfurrör í gegnum kokhlustina í þeim tilgangi að skafa út stíflu sem þar gæti verið og á tímabili hélt hann því fram að talfærin virkuðu illa vegna þess að þau væru sjaldan notuð. Fyrstu hugmyndir um óralisma eða raddmálsstefnu (e. *oralism*) voru farnar að þróast á þessum tíma og hann komst að því að einangra þyrfti heyrnarlaus börn hvert frá öðru og þjálfra talfærin. Itard var í 40 ár með heyrnarlausu nemendum og gerði á þeim tilraunir en lærði ekki táknmál. Að lokum sá hann samt sem áður að táknmálið var eina málið sem heyrnarlausir gátu notað til samskipta og að kennsla námsgreina í kennslustofum gat ekki farið fram á annan hátt en á táknmáli (Lane, 1984).

Thomas Braidwood byrjaði að kenna heyrnarlausum í Bretlandi árið 1760. Kennsluaðferð hans við enskukennslu byggði á skrifuðum bókstöfum og orðum. Samuel Heinicke hóf að kenna heyrnarlausum börnum í Þýskalandi um 1770 með það að markmiði að kenna þeim að tala og lesa af vörum. Að mati Heinicke stóðu tákn, fingrastafróf og látbragð í vegi fyrir árangri og voru því bönnuð. Aðferð Heinicke við talkennslu var mikið leyndarmál á meðan hann lifði en eftir dauða hans kom í ljós að hann notaði bragðskyn nemenda í stað heyrnar. Vökvar með ýmsum bragðtegundum táknuðu mismunandi hljóð. Hreint vatn táknaði *ie*, sykurvatn var *o*, ólífuoía *ou*, absint *e* og edik *a*. Þannig átti bragðið að festa sérhljóðin og gefa nemendum nákvæmari lýsingu á málhljóðunum en sjónin ein bauð upp á (Lane, 1984). Stefna Heinicke hefur verið kölluð óralismi eða raddmálsstefna og miðaði að því að nemendur yrðu 'eðlilegir' þannig að þeir gætu átt raddmálsamskipti. Áherslur l'Épées og Heinickes, táknmálsstefnan og raddmálsstefnan, eru þær stefnur sem mest hafa tekist á í gegnum tíðina. Átök þessara stefna og ákvarðanir sem hafa verið teknar á grundvelli þeirra hafa haft afdrifarík áhrif á líf heyrnarlauss fólks (Lane, 1984).

1.5 Táknmálsbannið

Táknmál heimsins voru bönnuð á heimsráðstefnu kennara í Milánó á Ítalíu árið 1880. Kennsla heyrnarlausra barna átti eftirleiðis að fylgja raddmálsstefnu, reka átti

heyrnarlausu kennara frá skólunum og banna börnunum að tala táknmál (Lane, 1984). Afleiðingar táknmálsbannsins og þess að taka mál- og menningarfyrirmyndir barnanna úr skólunum voru skelfilegar. Lane og fleiri fræðimenn hafa lýst því hvernig táknmálsbannið varð rótin að lélegri lestrarfærni og lágu menntunarstigi meðal heyrnarlausra barna um allan heim (Lane, 1984, 1999; Ladd, 2003). Heyrnarlausir einangruðust og í mörgum löndum voru þeir án atvinnu og alls staðar voru þeir útilokaðir frá þeim tækifærum sem lífið hefði getað fært þeim. Aðrir fræðimenn, eins og finnski málvísindamaðurinn Tove Skutnabb-Kangas (1994) sem er þekkt fyrir áherslu sína á mikilvægi þess að verja tungumálalegan margbreytileika og varðveita mál minnihlutahópa og þar með talið táknmál heimsins, hafa fordæmt málbann óralismans sem máluþrýmingu og líkt honum við glæp gegn mannkyni (Skutnabb-Kangas, 1994).

Fólk trúði því að raddmálið væri svo nátengt hugsuninni að ekki væri önnur leið fær en að börnin lærðu að tala til þess að þroska hugann og til þess varð að halda táknum og bendingum frá þeim. Þegar Brandur Jónsson, hámenntaður kennari heyrnarlausra barna, tók við Málleysingjaskólanum árið 1944 breyttust kennsluaðferðirnar í anda raddmálsstefnunnar. Hætt var að nota fingramál og tákni og þess var gætt að börnin kæmust ekki í samband við eldra fólknið sem talaði fingramál. Börnin áttu að læra að lesa af vörum, læra að segja orð og lesa. Brandur Jónsson lýsti því hvernig heyrn væri forsenda þess að geta eignast mál: „Heyrnin er því [barninu] jafn nauðsynleg fyrir málþroskann og sól og vatn er plöntunni. Hjalið er fyrsti vísir málsins, og hann byrjar að skjóta rótum hjá heyrnardaufa barninu, en visnar svo og deyr eins og fræ, sem engan jarðveg finnur“ (Brandur Jónsson, 1967, bls. 126). Samkvæmt þekkingarfræði þess tíma varð fyrir alla muni að kenna barninu raddmál til þess að það gæti þroskað vitsmuni sína og þess vegna var táknmálið bannað.

Afleiðingar táknmálsbannsins komu fram í rannsókn á lesskilningi heyrnarlausra barna og unglunga, sem gengu í Heyrnleysingjaskólann á síðasta áratug 20. aldar. Um helmingur þeirra las sér ekki til skilnings sögur ætlaðar átta ára aldurstigi (Ahn-Dao Tran o.fl., 1993). Lane (1999) hefur bent á hliðstæðar niðurstöður í mörgum erlendum rannsóknum. Jafnframt bendir hann á að eftir áralanga þjálfun í varalestri og talþjálfun hafi heyrnarlaus börn hvorki skilið kennara sinn né gátu þau gert sig skiljanleg með tali. Var geta þeirra engu betri í varalestri en heyrandi jafnaldra sem aldrei höfðu farið í talkennslu (Conrad, 1977; Lane, 1999). Í skýrslu svonefndrar Vistheimilaneftndar um starfsemi Heyrnleysingjaskólans á árunum 1947–1992 kom fram að milli nemenda og kennara skólans hefði ríkt skilningsleysi (Róbert Spanó, 2009). Kennarar hefðu ekki skilið nemendur og þeir ekki skilið kennara sína og hefðu því orðið af því námi sem skólinn hefði átt að veita þeim. Þeir hefðu einnig orðið fyrir andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi á skólagöngu sinni af hálfu samnemenda, kennara og utanaðkomandi einstaklinga. Kennarar og starfsfólk sagðist ekki hafa vitað af þessu ofbeldi eða líðan nemenda enda gátu nemendur ekki tjáð þeim langanir sínar eða líðan.

Það var ekki fyrr en árið 2010 í Vancouver í Kanada á sams konar ráðstefnu og bannaði táknmál árið 1880, þeirri 21. í röðinni, sem heyrnarlaust fólk í heiminum var beðið afsökunar á þeirri ákvörðun. Andrúmsloftið var tilfinningaþrungið. Gestir ráðstefnunnar, höfundur þessarar ritgerðar þar á meðal, stóðu upp úr sætum sínum og víða mátti sjá tár titra á hvarmi. Heimssamband heyrnarlausra (e. The World Federation of the Deaf, WFD) lýsti yfir því að það hefði verið sögulegt augnablik fyrir samfélag döfð fólks þegar ráðstefnan viðurkenndi að ákvörðun hennar hefði verið röng og einnig skaðlegar afleiðingar hennar (The World Federation of the Deaf, 2010).

Á meðan raddmálsstefnan ríkti voru táknmál heimsins þurrkuð út (e. *erased*) (sbr. Irvine og Gal, 2000) úr orðræðu samtímans. Það hefðu því verið byltingarkenndar hugmyndir að láta sér detta í hug að það sem hér á landi var á þeim tíma kallað bendingar eða heyrnleysingjatákn væri tungumál.

1.6 Uppruni tungumála - rannsóknir á látbragði

Til eru kenningar um að öll tungumál heimsins eigi uppruna sinn í sjónrænum miðli með látbragði og táknum (sjá t.d. Armstrong o.fl., 1995; Armstrong og Wilcox, 2007; Corballis, 1999, 2003; Hewes, 1973, 1976; Kendon, 1993, 2004; Stokoe, 2002; Wilcox, 2009). Kendon (1993), sem hefur rannsakað hlutverk látbragðs í raddmálsamskiptum, lýsir látbragði samhliða tali þannig að það bæti við merkinguna á ýmsan hátt. Það sé myndað með höfði, augum, augabrúnum, munn og höndum. Látbragðið geti gefið vísbendingu um hvern sé verið að ávarpa. Það geti bætt tilfinningalegum þætti við segðina, þjónað sem merking á setningagerð (til dæmis merkt tilvísunarsetningu) og sýnt þætti sem varpi ljósi á innihald segðarinnar. Látbragð geti líka staðið eitt og stundum komið í staðinn fyrir tal eins og þumall upp og þumall niður. Ýmiss konar látbragð, sem fylgi tali, sé ekki staðlað eða reglubundið (e. *non-conventionalized*), annað hafi skýrara merkingarsvið. Kendon greinir mannlegt látbragð í þrennt, *látbragð* (e. *gesticulation*), *merki* (e. *emblem*) og *tákn* (e. *sign*). Látbragð er frábrugðið táknum í táknmáli að því leyti að ekki er hægt að brjóta það niður í smærri einingar sem má raða saman á nýjan hátt og jafnframt er það ekki bundið í kerfi með öðru látbragði. *Merki* eru ótengdari hér og nú aðstæðum en látbragð. Þau geta borið staðlaða merkingu, sem hægt er að vitna í utan þess samhengis sem þau hafa verið notuð í og þau má nota við ýmsar ólíkar aðstæður eins og til dæmis þumall upp. Merki eru eftirlíking af því sem þau standa fyrir en ekki bundin í kerfi með öðrum merkjum. *Tákn* eins og orð í raddmáli eru hins vegar venjubundin, sett saman úr smærri einingum, regluföst, hafa til að bera eiginleika tungumáls og eru ekki notuð með tali. Þau, eins og orð í raddmáli, hafa merkingu sem aðgreinir sig frá merkingu annarra tákna í málkerfinu (Kendon, 1993).

Armstrong og Wilcox rökstyðja kenninguna um að tungumál heimsins eigi uppruna sinn í sjónrænum miðli með látbragði og táknum með tilvísun í þróun mannsins (Armstrong og Wilcox, 2007). Þau benda á að mannshöndin hafi þróast á undan virku talfærunum

og að í heilanum séu sérstakar taugafrumur (e. *mirror neurons*) sem spegli látbragð sem þær skynja. Jafnframt telja þau að rökstyðja megi kenninguna út frá þróun í setningafræði, hljóðkerfisfræði og möguleika á formvæðingu og benda til dæmis á, sem hliðstæðu, að ritmál hafi í upphafi verið endurspeglun (e. *iconic*) á merkingu orðsins sem það stóð fyrir, en smám saman hafi það fjarlægst endurspeglunina og samband forms og merkingar orðið tilviljanakennt (e. *arbitrary*). Á sama hátt sé tákni í upphafi endurspeglun á veruleikanum en með þróun fjarlægist það endurspeglunina og samband forms og merkingar verður tilviljanakennt eða það sem kallað er slembitákni.

Stokoe (2002) telur að ekki sé ólíklegt að táknmál hafi komið á undan raddmálum. Sjónin hafi þroskast fyrst skynfæra og hún hafi fleiri tengingar til heilans en önnur skynfæri. Keilurnar í auganu gefi okkur möguleika á að greina liti, gera nákvæman samanburð á hlutum og skynja mun en stafirnir greini meðal annars hreyfingu, hraða, átt og lögun. Þessi tvö kerfi geri okkur kleift að skynja hreyfimynd í lit af heiminum sem við búum í. Það sem við sjáum megi túlka með látbragði þar sem handform sýni við hvað er átt og hreyfing sýni hvernig það hreyfist, hvað var gert við það eða hvernig það breyttist. Með því sé kominn nafnliður og sagnliður, grunnur að setningafræði sem annað geti þróast út frá á eðlilegan hátt. Sjón, hreyfing og vitsmunafærni sé allt sem þurfi til þess að tungumál þróist (Stokoe, 2002).

Samskipti í gegnum látbragð og táknmál virðast því vera mannum nærtæk og eðlileg. Þegar félagsleg samskipti þurfa að fara fram á milli manna við aðstæður þar sem ekki er hægt að nota sameiginlegt raddmál eru dæmi um að látbragðið þróist áfram í mál. Savage-Rumbaugh og Rumbaugh (1993) telja að það sé óhjákvæmilegt að til verði setningafræðileg kerfi til þess að leysa samskiptavanda þar sem vitsmunaverur þurfi að eiga flókin samskipti. Dæmi um slíka þróun sé að finna í klaustrum þar sem þögn ríkir og samskiptin hafa verið leyst með táknmálum en einnig í samskiptum á milli ólíkra hópa indíána (Tomkins, 1969; Davis, 2010). Fræðimenn hafa velt fyrir sér hvernig táknmál hafa þróast við mismunandi félagslegar aðstæður sem hér á eftir verður gerð grein fyrir.

1.7 Upphaf táknmálsrannsókna

William Stokoe var enskukennari við Gallaudet háskóla í Washington, DC í Bandaríkjunum. Hann gerði tímamótauppgötvun þegar hann gerði sér grein fyrir að hægt væri að brjóta tákni niður í smærri einingar sem raða mætti saman á nýjan hátt. Amerískt táknmál (ASL) væri því tungumál. Tákni (eins og orð) væru venjubundin og regluföst og hefðu merkingu sem aðgreindi sig frá merkingu annarra tákna í málkerfinu. Niðurstöður hans með lýsingu á hljóðkerfisfræði ASL komu fram í riti sem kom út árið 1960, *Sign Language Structure: An Outline of the Visual Communication Systems of the American Deaf*. Í ASL eru minnstu einingar málsins, sem einar og sér eru merkingarlausar, bundnar í hljóðkerfi (e. *phonology*). Eftir reglum málsins geta

einingarnar myndað óendanlegan fjölda tákna (setninga). Í raddmálum er þessi takmarkaði fjöldi eininga hljóð en í ASL og öðrum táknmálum handform fyrir framan líkama táknaans (Stokoe, 2002).

Ursula Bellugi, sem nú er prófessor emerita við Salk Institut, rannsóknarstofu í hugrænni taugafræði í La Jolla í Kaliforníu, var brautryðjandi í rannsóknum á líffræðilegum málvísindum. Á svipuðum tíma og Stokoe kom fram með sínar niðurstöður um málfræði ASL sýndi hún fram á að sömu svæði í heilanum væru virk við beitingu táknmála og raddmála og að táknmál væru málkerfi sem flytjast frá einni kynslóð heyrnarlausra til þeirrar næstu. Táknmál væru því náttúruleg tungumál með hljóðfræði, án hljóða, og flókna uppbyggingu bæði hvað varðar form og setningafræði (Klima og Bellugi, 1979; Bellugi o.fl., 1987). Auk þeirra Bellugi og Klima bættust fleiri málvísindamenn í hóp þeirra sem fóru að lýsa byggingu táknmála og leggja einnig áherslu á sálfræðileg málvísindi, máltöku og málþróun (sjá t.d. Baker, 1976, 1977; Baker og Cokely, 1980; Baker og Padden, 1978; Battison, 1978; Frishberg, 1979; Liddell og Johnson 1986; Padden, 1986; Stokoe 1960; Supalla, 1990; Woodward, 1976).

Margir ofantalinna fræðimanna einbeittu sér að því að fá betri skilning á máltöku barna á táknmáli og hvernig hægt væri að vinna að þroska heyrnarlausra barna og bættri skólagöngu (sjá einnig t.d. Ahlgren, 1976; Bergman, 1973; Newport, 1982; Preisler, 1983). Rannsóknir á tvítyngi raddmáls og táknmáls bættust fljótlega við á þessu fræðasviði (sjá t.d. Ahlström og Svartholm, 1998; Gregory, 1998; Grosjean, 1982; Skutabb-Kangas, 1994) og fjölmargar rannsóknir á afmörkuðum þáttum í skólastarfi með heyrnarlausum nemendum. Laura-Ann Petitto vann með William Stokoe að rannsóknum á þeim tíma sem hann var að rannsaka hljóðkerfi málsins. Síðar sneri hún sér að rannsóknum á mannsheilanum og tungumálum. Rannsóknir hennar og annarra fræðimanna (Emmory, 2002; Emmorey o.fl., 2002; Newman o.fl. 2015) á síðari árum hafa breytt skilningi okkar á eðli tungumála og taugafræðilegum grunni þeirra í heila mannsins. Niðurstöður rannsókna Petitto (2014) og félaga hennar hafa sýnt að öll mál lærist eins, þrátt fyrir ólíkan miðil sem mál er talað í, þrátt fyrir menningarmun, mun á uppeldi og mun á tungumálum. Hljóðkerfi táknmála og raddmála býr í sams konar heilavef og sams konar líffræðileg ferli í heilanum skapa öll tungumál. Þar sem tungumálið býr í heilanum er það ekki það sama og miðillinn sem flytur málið. Talið er því ekki tungumálið (Petitto, 2014). Hljóðkerfisfræði táknmála og raddmála er algerlega sambærileg eins og líka málfræðin með orðhlutafræði, setningafræði, merkingarfræði og á sviði orðræðu og málnotkunar (Petitto, 2014; Schermer og Pfau, 2016). Þar sem máltaka á raddmálum og táknmálum skapar algerlega sambærileg ferli í heila barna skiptir ekki máli á hvaða tungumáli eða í gegnum hvaða miðil máltaka fer fram. Það mikilvæga er að þessi ferli eigi sér stað í heilanum og börn nái málþroska á næmiskeiði fyrir mál (Morford og Kegl, 2000).

Á Norðurlöndum voru það Brita Bergman við málvísindadeild Stokkhólmsháskóla, fyrsti prófessorinn í táknmáli í heiminum, ásamt Inger Ahlgren, sem upp úr 1970 hófu

rannsóknir á málfræði táknmálsins (sjá Bergman, 1973; Alhgren, 1976). Ahlgren vann ásamt tveimur döff samstarfsmönnum á árunum 1975–1979 að rannsóknarverkefni sem hafði það að markmiði að kanna hvort táknmál gæti verið fyrsta mál eða móðurmál heyrnarlausra barna sem ættu heyrandi foreldra á sama hátt og heyrnarlausra barna sem eiga heyrnarlausu foreldra. Fyrsti heyrnarlausí málvísindamaðurinn á Norðurlöndum og fyrsti heyrnarlausí einstaklingurinn sem lauk doktorsprófi á sviði táknmáls var Lars Wallin (1994) við Stokkhólmsháskóla (sjá einnig Wallin, 1982; Wallin og Bergman, 1985) en hann hefur unnið að rannsóknum á sænska táknmálinu. Í Danmörku lögðu Elisabeth Engberg-Pedersen o.fl. grunn að lýsingu á danska táknmálinu í bókinni *Døves tegnsprog: Træk af dansk tegnsprogs grammatik* (Engberg-Pedersen o.fl., 1981). Stöðugt bætist í hóp fræðimanna sem vinna á þessu sviði og þekking hefur aukist hratt frá árinu 1960.

Rannsóknir innan félagsmálvísinda um tengsl tungumála og samfélags, þar sem skoðuð er málhegðun mismunandi hópa í tengslum við aldur, kyn, stétt, kynþátt, mállýskur og viðhorf til tungumála, komu í kjölfar málfræðirannsókna (Baker, 1976; Woodward, 1976). Fyrsta safnritið með rannsóknargreinum innan félagsmálvísinda var *The Sociolinguistics of the Deaf Community*, ritstýrt af Ceil Lucas (1989) sem nú er prófessor emerita við Gallaudet háskóla. Það varð strax ljóst að eðlilegt var að beita aðferðum félagsmálvísinda á táknmálssamfélög og vann hún að rannsóknum á mállýskum í táknmáli, tvítýngi, málvenslum, málstefnu og viðhorfum til táknmála. Jafnframt hefur hún skoðað uppbyggingu orðræðu í táknmáli. Þá vörpuðu greinar félagsmálvísindamanna eins og Lucas einnig nýju ljósi á kenningar innan almennra félagsmálvísinda. Hér að framan hefur aðeins verið stiklað á stóru á fyrstu rannsóknum á táknmálum heimsins. Rannsóknir sem tengjast mannfræðilegum málvísindum og táknmálum þar sem horft er á tungumálið í gegnum menninguna og túlkuð er *merking* sem felst á bak við notkun máls, misnotkun þess eða því að mál sé ekki notað hafa tilheyrt því sem kallað hefur verið döff fræði (e. *Deaf studies*). Innan döff fræða hefur mikið verið fjallað um mál, menningu og vald í tengslum við táknmál heimsins (sjá til dæmis Lane, 1984, 1999, 2002, 2005; Ladd, 2003) og verður vitnað til þeirra hér á eftir. Rannsóknir á sviði mannfræðilegra málvísinda sem fjalla beinlínis um málhugmyndafræði og táknmál eru nýfarnar að birtast meðal annars í bókinni *Sign Language Ideologies in Practice* sem ritstýrt er af mannfræðingum og málfræðingum og kom út árið 2020 (Kusters o.fl., 2020). Í formála segja ritstjórar að mikilvægt sé að skoða í raun hvað við höldum að tungumál geti gert (málhugmyndafræði, e. *language ideology*) því það tengist því sem við gerum við mál (málhegðun, e. *language practice*) og það er einmitt eitt af verkefnum þessarar ritgerðar.

Rannsóknir á málfræði ÍTM hófust hér á landi með stofnun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra árið 1990. Í upphafi voru þær hagnýtar rannsóknir sem beindust fyrst og fremst að því að þróa og búa til námsefni í ÍTM (sjá <https://shh.is/islenskt-taknmal/Namsefnisgerd/>). Nú er samstarf um táknmálsrannsóknir með Samskiptamiðstöð og Háskóla Íslands innan Rannsóknarstofu í táknmálfræðum.

Um er að ræða rannsóknir á málfræði ÍTM, félagsmálvísindalegar rannsóknir, rannsóknir á máltöku og á málsamfélaginu og menningunni. Einnig hafa nokkrar meistararitgerðir verið unnar (sjá t.d. Aldersson o.fl., 2007; Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir, 2012; Eyrún Ólafsdóttir, 2019; Guðný Björk Þorvaldsdóttir, 2007; Haukur Darri Hauksson, 2018; Júlía G. Hreinsdóttir, 2022; Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011; Rannveig Sverrisdóttir, 2000; Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2016; Valgerður Stefánsdóttir, 2005; Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019; Þórhalla Guðmundsdóttir Beck, 2013).

1.8 Döff menning

Hugmyndir um döff menningu byrjuðu að þróast í Bandaríkjunum á árunum milli 1960 og 1970 eftir að Stokoe birti rannsóknarritgerð sína um ASL. Í upphafi voru það heyrandi höfundar sem skrifuðu um döff menningu. Nokkrir höfundar vísuðu til samfélags heyrnarlausra sem þjóðernishóps (Higgins og Nash, 1987; Lane, 1984; Nash og Nash 1981; Jacobs, 1988; Rodda og Grove, 1987; Stokoe og Battison, 1981). Lýst var eigin félagskerfi, félögum, viðhorfum, gildum og menningarsögu.

Umfjöllunin gekk því ekki út á sjúkdómsgreiningu eða lækningu og ekki heldur um félagslegar hindranir heldur lífsmáta, listir, þjóðsögur, ljóð, kímni og menningararf sem túlkar lífssýn döff fólks. Preston (1994) skilgreindi börn heyrnarlausra foreldra sem 'menningarlega heyrnarlaus' þrátt fyrir að þau heyrðu og lýsti lífi þeirra á mörkum menningarsamfélaga. Grundvallarverk á þessu sviði er eigindleg rannsókn Higgins (1984) sem birtist í bókinni *Outsiders in a Hearing World* þar sem hann reynir að skilja heiminn eins og heyrnarlausir gera það. Merkasta ritið og reyndar eina heila bókina um menningu heyrnarlausra frá þessum tíma, *Deaf in America: Voices from a Culture*, er skrifuð innan frá menningunni en höfundar eru Padden og Humphries (1988) sem bæði eru döff. Carol Padden er nú prófessor við deild samskiptafræða, forseti félagsvísindadeildar og stýrir Sanford I. Berman stofnuninni í tungumálum og mannlegum samskiptum við Kaliforníuháskóla, San Díego (UCSD) og Tom Humphries eiginmaður hennar, sem skrifað hefur um döff menningu og samskipti, er prófessor emeritus á sama stað. Í bók þeirra kemur fyrst fram munurinn á því að vera heyrnarlaus (e. *deaf*), þ.e. að hafa ekki heyrn, og því að vera döff (e. *Deaf*) og tilheyra menningarsamfélagi þeirra sem tala táknmál. Því er lýst hvernig döff fólk læri táknmál af eldri kynslóðum í döff samfélagi, noti það til samskipta sín á milli, eigi sinn sérstaka lífsmáta, menningu og sameiginlega þekkingu um sjálft sig og tengsl sín við stóra samfélagið. Fjallað er um uppruna táknmáls, döff leikhús, ljóð og kvikmyndir. Þau útskýra í fyrsta sinn merkingu döff menningar og gildi fyrir döff fólk, hvernig döff fólk skilgreinir sjálft sig og samskipti sín. Þarna kemur fram sá skilningur að döff fólk líti ekki á heyrnarleysi sem fötlun eins og flestir heyrandi og margir lýsa ánægju með líf sitt eins og það er (Padden og Humphries, 1988).

Í júlí árið 1989 var haldin ráðstefnan Deaf Way við Gallaudet háskólann í Washington. Þangað komu meira en 6000 döff alls staðar að úr heiminum til þess að lofsyngja menninguna. Fyrirlestrar frá ráðstefnunni spönnuðu menningu döff víða um lönd, sögu döff, táknmálið í samfélaginu, margbreytileika döff samfélaga, félög, íþróttir, heyrnarlaus barnið í fjölskyldunni, menntun, samskipti heyrnarlausra og heyrandi, listir og mannréttindi (Erting, 1994). Þessi ráðstefna hefur án efa hvatt fræðimenn til frekari rannsókna á döff menningu en þær fóru að birtast eftir 1990 (sjá t.d. Ladd, 2003; Lane o.fl., 1996; Lane, 2005; Humphries, 2008). Paddy Ladd (2003), sem er döff fræðimaður og aktivisti, hefur einbeitt sér að rannsóknum á döff menningu, leit döff fólks að eðli tilveru sinnar og sköpun döff sjálfsmýndar. Í bókinni *Understanding Deaf Culture: In Search of Deafhood* skapaði Ladd nýja orðræðu um döff menningu út frá mannfræði og þekktum hugtökum, til dæmis úr orðræðu Foucaults og um minnihlutahópa, nýlendur og eftirlendur. Ladd sækir í mannfræðinga eins og Geertz sem leit á menningu eins og vef merkinga, spunninn úr sameiginlegum táknum sem fólk notar til að tjá viðhorf sín. Skoða þurfi táknið og merkinguna í því samhengi sem fólk lifir og hrærist í (Geertz, 1976). Sjónarhorn Ladd er innan frá, úr hópnum og að hans mati nær hugtakið heyrnarleysi ekki að lýsa raunverulegu eðli döff tilveru. Hann kynnti nýtt hugtak, sem á íslensku er kallað döfferni (e. *Deafhood*) sem hann notar til að kynna annars konar döff veruleika og lýsir leit döff fólks að döfferninu með því að það skoði og skilgreini hvað það er að vera döff og skýri fyrir sjálfu sér og hvert fyrir öðru tilveru sína í heiminum. Með döfferni lýsir hann möguleikum döff fólks, í stað þess að sjónarhornið sé út frá skorti eða vöntun eins og birtist til dæmis í orði eins og heyrnarleysi. Gísli Pálsson mannfræðingur nefndi slíkt sjónarhorn hörgulkenningu sem verður notað eftirleiðis ef á þarf að halda (Gísli Pálsson, 1979). Í döff menningu felst, að mati Ladd, þekkingin um sjálfan sig og heiminn sem er umhverfis. Í henni felst þekking til að bregðast við breyttum aðstæðum, lifa af í heyrandi heimi og vinna gegn heyrandi yfirráðum. Döff fólk sé þjóðernishópur eða þjóðflokkur (e. *ethnic* eða *indigenous*) og það eina jákvæða sem kom út úr tímabili óralisma var að útilokunin þjappaði hópnum saman og táknið og menning döff byrjaði að þróast. Hann bendir á að döff fólk vilji fá að vera döff og fá að þroska einstaka döff hæfileika sína og geta fært heiminum þann ágóða sem af því hlýst (Ladd, 2003).

1.8.1 Nafngiftarsíðvenja döff menningar

Allir sem taka þátt í samskiptum innan döff samfélaga eiga nafnatákn. Í fyrirlestrinum „Íslensk mannanöfn í íslensku táknmáli“ sem Kristín Lena Þorvaldsdóttir hélt á vegum Nafnfræðifélagsins árið 2019 lýsti hún myndun nafnatákna í ÍTM. Hún bendir á að í menningu döff samfélaga gegni nafnatákn sams konar hlutverki í ÍTM og mannanöfn í íslensku. Nafnatáknin hafi þó þá sérstöðu að vera mynduð fyrir hvern og einn en séu ekki valin úr takmörkuðum nafnabanka líkt og oftast er með íslensk nöfn. Þeir sem tilheyri íslenska táknaálssamfélaginu eða tengist því á einhvern hátt, auk nokkurra þjóðþekkra einstaklinga, fái nafnatákn. Myndun nafnatákna lúti sömu reglum og myndun annarra tákna í íslensku táknmáli (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2019). Heyrnarlaus

börn frá heyrandi heimilum koma oftast inn í skóla án þess að eiga nafnatákn. Þegar börnin koma inn í táknmálssamfélag í skóla tileinka þau sér málið og menninguna smám saman og fá nafnatáknið samhliða. Að gefa nafn og að eignast nafn er því mikilvægur atburður innan döff menningar. Nafnatákn verður eftir það notað við öll tækifæri nema þau sem tengjast skólaskrifstofunni. Nafngjöfin er um leið aðgangur að döff heimi (Lane o.fl., 2011). Nafnatákn nýs einstaklings í táknmálssamfélagi er myndað af öðrum döff einstaklingum eftir að þeir hafa kynnst nýja einstaklingnum og endurspeгла eiginleika eða útlit. Fram kemur hjá McKee o.fl. (1999) að í nafnatákni felist að einstaklingur sé tekinn inn í döff samfélag og að nafnatáknið eigi þátt í myndun sjálfsmyndar sem viðurkenndur hluti af því. Að eiga nafnatákn og nota um aðra sé bæði málfræðilega skilvirkt til þess að vísa til persóna og mikilvægt menningarlega til samskipta innan samfélagsins. Jafnframt benda þau á að samskiptanet döff fólks tengist yfirleitt öðrum döff frekar en upprunafjölskyldu einstaklings (nema hún sé líka döff) enda líti döff fólk um allan heim á landa sína sem eins konar fjölskyldu (McKee o.fl., 1999).

1.8.2 Að tala um menningu og að menningin tali

Um svipað leyti og Ladd setti fram skilgreiningu sína á döfferni komu mannfræðingarnir Eduardo Restrepo og Arturo Escobar (2005), fram með gagnrýni á ráðandi mannfræði sem sérfræðiþekkingu. Báðir höfðu þeir stundað rannsóknir innan samfélaga svartra í Kólumbíu og þeir boðuðu nýja og breiðari sýn, heimsmannfræði (e. *world anthropologies*), aðra mannfræði og mannfræði öðruvísi (e. *other anthropologies and anthropology otherwise*) sem gæfi tilefni til þess að horfa á margbreytileika, fjölbreytni, margþætt rými, stærra svið og valdatengsl á milli sviða. Þá stæði akademían ekki ein að mannfræðinni heldur líka fólk utan akademíunnar sem talaði saman og skapaði sína menningu með því að fjalla um reynslu og upplifun og myndaði þannig fjölbreytilegt landslag heimsmannfræði í samræmi við það grundvallarviðhorf mannfræðinnar að virða margbreytileika (Restrepo og Escobar, 2005)

Humphries (2008) gerði greinarmun á því að tala um menningu (e. *talking culture*) eins og fræðimenn gerðu að utan frá og að menningin talaði (e. *culture talking*) en í 40 ár hafði döff fólk unnið að því að skoða hvert annað, túlka tilveru sína og teikna annars konar myndir af tilverunni sem féllu vel að gagnrýni Restrepos og Escobars. Döff fólk innan menningarinnar hélt uppi orðræðu um sjálft sig, líf sitt, skoðanir sínar, túlkun á heiminum, þarfir sínar og drauma löngu áður en farið var að lýsa menningunni eða nota orðið menning í því samhengi. Þetta innra ferli var hins vegar, að mati Humphries, sterkasti þátturinn í því, að við getum í dag lýst því sem við þekkjum sem döff menningu. Með því að menningin talaði hjálpaðist fólk til við að deila merkingu og þekkingu um döff heim og bjó með því til eins konar ímynduð döff samfélög (e. *imagined community*). Hann segir fólk hafa lýst heimi frá „sér“ en heimurinn hafi falið „okkur“ í sér og það hafi lýst því hvernig óskasamfélög væru, en fólk hafi líka opinberað hvað það ætlaði sér ekki (bls. 35). Humphries bendir á að það hafi verið á sjöunda áratugnum að döff fólk vildi að ímynd annarra af því yrði í samræmi við ímynd

Þess sjálfs, það gæti talað um tilveru sína í samræmi við innri samsömun og talað um ímyndaðan einkaheim sinn sem döff menningu. Humphries vísar í að döff fólk myndi eins konar þjóð með því að taka líkingu af *ímynduðum samfélögum* Benedict Anderson sem skrifaði um þjóðernishyggju og að 'þjóðir' væru félagslega mynduð samfélög. Fólk ímyndi sér og komi sér saman um að líta á sjálft sig sem hluta af hópi eða þjóð. Eftir að menningin hafði talað og eftir að farið var að tala um *döff menningu* kom fram hugmyndin um að líta á döff fólk í heiminum sem eina þjóð. Birgitta Wallvik skrifaði bókina *Ett folk utan land* eða *Landlaus þjóð* (Wallvik, 1997) og Woll og Adam vísa í döff þjóð (*fr. la nation des sourds-muets*) í umsókn frá fimmta áratug nítjándu aldar um að döff ættu fulltrúa á franska þinginu (Woll og Adam, 2007). Batterbury, Ladd og Gulliver töluðu um döff þjóð í heiminum (e. *global Deaf Nation*) með döff samfélögum í sérhverju landi heimsins (Batterbury o.fl., 2007).

Til þess að sanna að döff menning væri til urðu að vera til menningarlegir gripir, döff listir og bókmenntir. Humphries segir að í Ameríku hafi fyrst verið bent á málið, ASL, en það nægði ekki til þess að fá viðurkenningu á sjálfskilningi döff. Á áttunda áratugnum komu fram döff ljóðskáld eins og Dorothy Miles, Ella Lentz og Clayton Valli, bókmenntum var safnað á myndbönd, döff myndlist var safnað og haldin var árleg listahátíð í Berkeley í mörg ár. Eftir að hafa í áratugi reynt að sanna fyrir heiminum að döff menning sé til leggur Humphries til að aftur þurfi að ná jafnvægi í orðræðuna og hætta að sanna eitthvað. Nú þurfi táknmálsfólk aftur að taka það upp að menningin tali sem muni auka hringrás og hraða þróun hennar. Döff fólk þurfi að hefja sig yfir það að hugsa og tala um „Hvernig erum við öðruvísi?“ í að tala um „Hvernig erum við?“ (Humphries, 2008, bls. 41).

1.9 Döff ágóði

Með hugtakinu um döff ágóða (e. *Deaf Gain*) er sjónarhornið á það að vera döff andstætt hörgulkenningunni og litið er svo á að döffið skili vitsmunalegum, samskiptalegum og menningarlegum ágóða. Rannsóknir fjölmargra fræðimanna sem kynntar eru í bók Baumans og Murreys (2014), *Deaf Gain: Raising the Stakes for Human Diversity*, fjalla allar um döff ágóða. Bent er á að táknmál hafi til að mynda sjónræna möguleika umfram raddmál til þess að lýsa fyrirbærum í heiminum þar sem táknmál eru tjáð í þrem viddum. Sjónræn úrvinnsla döff fólks sé hraðari, athygli skarpari og nákvæmari, jaðarsjón víðari og að döff fólk hafi almennt betri hæfileika til sjónrænnar úrvinnslu. Menningarlegan ágóða af döffi megi til dæmis finna í frásagnarlist, leiklist, ljóðlist, höggmyndalist, kvikmyndalist og arkitektúr sem færir nýja sýn og nýjan skilning á því að vera manneskja. Náttúrulegur og ómeðvitaður þáttur sem skapast hefur í döff menningu er að bera umhyggju hvert fyrir öðru, gefa af sér og styðja hvert annað og bindast með því tengslum. Döff menning og döff fólk er alþjóðlegt og landamæri eru nær ósýnileg í huga þess. Það á auðvelt með að aðlaga samskipti sín að táknmálum hvert annars og eiga samskipti. Döff ágóði er skilgreindur fyrir fólkið sem er döff og felst í sjónrænni hugsun, handvirkri hugsun (e. *manual*

thinking), alþjóðleika, samkennd og sem döff framlag í gegnum tungumál og rýmisgreind. Sömuleiðis benda Bauman og Murrey á svið þar sem döff leiðtogar gætu gert heiminn betri í gegnum hagfræði, mannréttindi og menntun. Niðurstaða Baumans og Murrays er að döff ágóði sé hagnaður fyrir döff fólk og að döff ágóði sé ágóði fyrir allt mannkynið (Bauman og Murray, 2014).

Nýjar rannsóknir á döff menningu, mótanleika heilans og á fólki sem talar táknmál sýna ólík sjónarhorn á heyrnarskerðingu og það að vera döff. Venjubundinni merkingu á hugtakinu heyrnarskerðing er snúið við og því er haldið fram að raunverulega skerðingin sé hjá heyrandi fólki því það hafi ekki fengið döff ágóða. Bauman og Murray taka þá skoðun heyrandi fólks að *döff fólk sé einangrað* sem dæmi um „*hearing-loss*“ í merkingunni ‘heyrandi-tap’, ekkert geti verið vitlausara. Þeir halda því fram að hinn nóturlegi sannleikur sé að döff fólk sé mun minna einangrað en heyrandi fólk. Þeir leggja til að við hættum að einblína á hörgul en horfum þess í stað á hvert framlag döff fólks er þegar það fær að vera döff. Döff kennarar beiti mun betri kennsluaðferðum og nái betri tengslum við nemendur og af því gætum við lært. Döff arkitektar hafi mun betra vald á rými og lýsingu. Döff lögreglumenn hafi mun meiri færni í að fylgjast með eftirlitsmyndavélum og hafi hæfileika sem heyrandi fólk hafi ekki. Við ættum að gleðjast yfir því að döff barn muni hafa eitthvað sérstakt og merkilegt fram að færa þegar það vex úr grasi. Margbreytileiki færi okkur fleiri tegundir af fólki, fleiri útgáfur af líkömum, fleiri útgáfur af heilum og fleiri sjónarhorn og þeim mun betri og fjölskrúðugri verði heimurinn. Einsleit menning er að þeirra mati hættuleg fyrir heiminn. Mismunandi sýn á heiminn gefi okkur dýpri skilning á tungumálum og meira skapandi heim þannig að við getum skilið hvert annað betur og lært hvert af öðru. Þannig yrði heimurinn ríkari. Döff ágóði verði því ágóði fyrir heiminn. Aðstæður, sem lausnir læknisfræðinnar bjóði, gefi börnum ekki félagslega, vitsmunalega, menningarlega, mállega og siðferðilega færni sem þau þurfa til þess að döff ágóði nái að þróast með þeim. Með ‘heyrandi-tapi’ þeirra sem þekkja ekki döff heim og með læknisfræðilegri nálgun að döfferni hættum við á að tapa döff ágóðanum fyrir börnin og fyrir allt mannkynið (Bauman og Murray, 2014).

1.10 Heyrnarhyggja eða audismi

Tom Humphries lýsti (um 1990) fyrstur félagslegum mun milli samfélaga heyrandi og döff með hugtakinu „audism“ sem kalla mætti heyrnarhyggju. Humphries skilgreindi heyrnarhyggju sem þá „hugmynd að einn sé öðrum æðri byggð á hæfileikanum til að heyra eða hegða sér eins og sá sem heyrir“ (Humphries, 1977, bls. 12). Heyrnarhyggja hefur skýr tengsl við rasisma eða kynþáttahyggju sem felur í sér yfirburði hvíta kynstofnsins og kröfu um aðlögun að siðum, venjum og gildum hans. Bæði heyrnarhyggja og kynþáttahyggja tengjast sárri reynslu og þjáningum, ofbeldi gegn persónu einstaklings og mannlegri reisn. Van Dijk skilgreinir kynþáttahyggju sem félagslegt ferli sem geri fólk að vandamáli, geri lítið úr því og setji það til hliðar. Með því skapist félagskerfi með yfirráðum og ójöfnuði og ‘jöðrun’ hópa sem við köllum

kynþáttafordóma (2012, bls. 202). Í bókinni *The Mask of Benevolence* gengur Harlan Lane (1999) út frá heyrnarhyggju Tom Humphries þegar hann lýsir stofnanalægri heyrnarhyggju sem birtist þegar heyrandi fólk mótar umhverfið að sínum þörfum og nær með því að halda yfirráðum sínum yfir samfélagi heyrnarlausara. Kynþáttahyggjan og heyrnarhyggjan eru félagslega skapaðar með því að útiloka fólk frá þeim björgum sem til eru og skapa mismunun og fordóma þannig að forréttindi viðhaldist stöðugt og styrkist.

Lane (2005) greindi einkenni döff samfélags og bar saman við einkenni þjóðernishópa (e. *ethnic group*) eins og sameiginlegt nafn, upplifun af samfélagi, upplifun af skyldleika, hegðunarvenjur, gildi, siði, samfélagsgerð, tungumál, listir, sögu og þekkingu. Það væru að hans mati fjórar gildar ástæður fyrir döff fólk til þess að hafna fötlunarstimpli. Í fyrsta lagi líti döff fólk ekki á sig sem fatlað. Í öðru lagi fælist áhætta í því að láta heyrnarlaust barn gangast undir skurðaðgerð eins og kuðungsígræðslu til þess að verða 'eðlilegt'. Í þriðja lagi fylgdi því að líta á döff sem fatlaða stimplun (e. *stigmatizing*) á jákvæðan margbreytileika í samfélaginu. Í fjórða lagi fylgdu mannkynbætur (e. *eugenics*) sem sköpuðu verulega hættu á að döff-heimar lifðu ekki af. Lane telur upp dæmi um tilraunir sem gerðar hafa verið til þess að útrýma hópnum í gegnum söguna, til dæmis eins og lokun heimavistar skóla þar sem flestir döff lærðu málið, þroskuðu sjálfsmyndina og kynntust maka, táknmálsbanni, að reka döff kennara úr skólum og ófrjósemisaðgerðir á döff fólk. Nútímamannkynbætur til þess að eyða hópnum séu til dæmis genalækningar og bólusetningar til að takmarka fæðingu heyrnarlausra barna. Með því að líta á döff börn sem fötluð og aðlaga þau að heyrandi samfélagi með skurðaðgerð muni réttur barna til fullkomlega aðgengilegs og reiprennandi tungumáls vera tekinn frá þeim og döff heimur muni líða undir lok. Ekki sé tekið tillit til þess skaða sem það valdi að misskilja stöðu þjóðernishóps sem öryrkjahóp. Fólk sem lifir í döff heimum sé frábrugðið fötluðu fólk hvað varðar tungumál og menningarupplifun, þekkingu, gildismat og sjálfsmynd. Réttindabarátta fatlaðra beinist meðal annars að því að fá betri læknishjálp, endurhæfingarþjónustu og persónulega aðstoð. Döff fólk vinni að lagalegri viðurkenningu á táknmálum og betri og fleiri tulkum. Fatlað fólk vilji samþættingu í samfélagi með öðrum en döff fólk vilji að döff rými þess sé viðurkennt og styrkt. Þessi munur á gildum og forgangs röðun valdi því að markmið hópanna séu ólík. Með því að líta á heyrnarlaus börn sem fötluð hafi skólum þar sem kennslumálið er táknmál verið lokað. Börnin séu nú í kennslustofum heyrandi barna, í umhverfi sem útiloki þau og kallist nám án aðgreiningar (Lane, 2005).

Lane bendir jafnframt á að mismunur og fjölbreytileiki hafi ekki aðeins þróunarlega þýðingu heldur eigi stóran þátt í að gefa lífinu ríkidæmi og merkingu. Hann segist vona að skilningur á stöðu döff fólks breytist og bendir á að einu sinni hafi verið litið á frumbyggja Ameríku sem villimenn; svarta Bandaríkjamenn sem eign; konur sem undirsettar karlmanninum. Rökin fyrir döff þjóðerni sem studd séu af félagsvísindum séu öflug. Málfræðingar taki í auknum mæli tillit til ASL, félagsfræðingar til samfélagsgerðar döff heimsins, sagnfræðingar sögu hans, kennarar til menningar og svo framvegis.

Lane skorar á aðrar starfsstéttir sem enn þá hafi úreltan skilning á stöðunni eða skilning sem henti hagsmunum þeirra en ekki döff fólks að skipta út stöðlunaráráttu (e. *normativeness*) læknisfræði fyrir forvitni þjóðfræðinnar (Lane, 2002, 2005).

1.11 Valdatengsl og orðræða

Í rannsókninni skoða ég vald tengt íslensku táknmáli í gegnum kenningar Foucault um þekkingarvald og orðræðu, ráðagerðir og brögð de Certeaus, kenningar Sherry Ortner um athafnir eða atbeina og kenningar Bourdieus um tungumál og táknrænt vald. Sérstakan gaum við greiningu gagna fá fjögur lykilhugtök málvísindalegrar mannfræði, sem öll tengjast valdi og mikilvægi máls. Þau eru, auk athafna (e. *practice*) eða atbeina (e. *agency*), fjölvirkni (e. *multifunctionality*), tilvísun í samhengi (e. *indexicality*) og málhugmyndafræði (e. *language ideologies*) (Ahearn, 2012; van Dijk, 2012).

1.11.1 Lífvald

Foucault greindi tvenns konar vald. Annars vegar vald sem birtist í ofbeldi og ríkið beitir með hermönnum. Hins vegar er vald sem hefur það að markmiði að viðhalda samfélaginu og fellir alla að normi (e. *normalise*). Með nútímavæðingu var settur mælikvarði á manninn og því fylgdi vald yfir lífi, lífvald (e. *biopower*) (Foucault, 1990). Valdið til þess að fella að normi var líffæra-pólitik sem beindist að líkamanum (e. *anatomo-politics of the human body*) og opinbert eftirlit. Agavaldið sem fylgdi opinbera eftirlitinu fólst ekki einungis í yfirráðum eins yfir öðrum heldur leiddi það líka til þess að aðrir gerðu eins og sá sem valdið hafði ætlaðist til. Slíkt agavald bjó þannig til auðsveipa (e. *docile*) líkama (Foucault, 1977). Í *The History of Sexuality* rekur Foucault (1990) orðræðu um kynhneigð sem varð til snemma á 18. öld og þróaðist eftir ásum uppeldisfræði, læknisfræði og lýðfræði. Haft var eftirlit með mannfjölda, fæðingum, veikindum, mataræði, búsetu o.s.frv. og þar með varð kynhneigð viðfangsefni eftirlits ríkisins. Orðræða varð til um líkamlegt hreinlæti, langlífi, heilbrigð börn og mikilvægi þess að halda börnum heilbrigðum. Fjölskyldan bar ábyrgð á heilbrigði barna og með því öryggi samfélagsins. Allir sem viku frá normi voru 'hættulegir einstaklingar' og 'óvinir samfélagsins'. Í gegnum orðræðuna var valdi beitt sem beindist gegn þessum 'óvinum samfélagsins'. Á grundvelli orðræðunnar varð til þekking sem staðfesti valdið og sem afleiðing var fólk á 19. öldinni haldið 'félagslegum kvíða' gagnvart öllu sem vék frá borgaralegum venjum í til dæmis vali á tungumáli, heimilishaldi eða menningu og voru frávik talin valda veikingu kynstofnsins (Foucault, 1990). Þekkingin sem þróaðist út frá orðræðunni snerti líka heyrnarleysi og það að tala táknmál. Alexander Graham Bell (1847–1922), sem átti heyrnarlausu konu, gerðist brautryðjandi í baráttu gegn táknmálssamfélögum og táknmálum. Kona hans var ekki fædd heyrnarlaus heldur hafði misst heyrn. Hún var leikin í varalestri og átti sín samskipti á raddmáli. Í orðræðu Bells fólst að táknmál væru dæmi um veikleika og hætta stafaði af þeim. Heyrnarleysi sem arfgeng, líkamleg fötlun væri hættulegt frávik þannig að heyrnarlausir ættu ekki að

eignast börn. Menntun heyrnarlausra barna fælist í blöndun með heyrandi þar sem þau lærðu að fela heyrnarleysi sitt og heyrnarlausir kennarar væru hindrun fyrir slíkri blöndun. Því ættu þeir ekki heima í skólum (Lane, 1984).

Endurspeglar má samband valds og kynhneigðar á vald gagnvart heyrnarlausum í gegnum orðræðu raddmálshyggju. Lífvaldið sem Foucault lýsti og var undanfari hins normaða samfélags birtist í því að heyrandi fólk, sem hafði völdin, skilgreindi normið gagnvart heyrnarlausu fólki sem vék frá því og ógnaði að þess mati hinni líffræðilegu arfleifð og hinum hreina kynstofni. Því var hið normaða samfélag orðræðan og þekkingin sem hún skapaði undanfari táknaðsbannsins, raddmálshyggjunnar og heyrnarhyggjunnar sem lifir enn þá í borgaralegum hugmyndum og skipan samfélags og stofnana þess. Valdataekni lífvaldsins teygir anga sína alls staðar inn í menningu okkar og á öllum sviðum (Foucault, 1980). Á sama hátt má sjá réttlætingu og rök fyrir því að taka heyrnarlaus börn frá foreldrum sínum og senda í skóla í Danmörku, gera tilraunir á heyrnarlausum börnum til þess að vekja hjá þeim heyrn o.s.frv. Sömuleiðis er valdið, sem stöðugt reynir að gera heyrnarlaus börn að heyrandi og talandi verum, réttlætt með aðlögun að normuðu samfélagi og ráðandi þekkingarkerfi hvers tíma. Foucault var þeirrar skoðunar að vald væri allt umlykjandi og síaðist inn í hverja svitaholu þjóðarlíkama og einstaklinga. Það væri alls staðar og hvergi. Það gengi ekki að losa sig undan valdi – það væri hluti af sjálfsköpun okkar og köpun okkar hvert á öðru, byggði á viðurkenndum sannleika og fræðilegri orðræðu hvers tíma og væri þannig beitt í gegnum tungumálið og samskipti (Foucault, 1980). Útbreiðsla þess hefði sömu mörk og öll félagsvensl. Það væri alls staðar vegna þess að uppspretta þess væri alls staðar. Með hugtakinu um stjórnun hugarfarsins (e. *governmentality*) eða agatækni gaf Foucault okkur nýjan skilning á valdi, sem er byggt á þekkingarvaldinu og beitt af stofnunum samfélagsins (Foucault, 1991).

Sköpun ímyndar döff og köpun ímyndar frumbyggja í rasískri orðræðu er mjög áþekkt. Innan normaða samfélagsins skapaðist heyrnarhyggjan (sbr. Humphries, 1977) sem áþekkt rasisma felst í fordómum heyrandi fólks í garð döff. Stofnanir eins og heimavistarskólar fyrir döff börn voru gegnsýrðar af heyrnarhyggju og það sama á við núna um stofnanir í heilbrigðiskerfinu sem vilja aðlaga heyrnarlaus börn að hinu 'eðlilega' með skurðaðgerð. Foucault útskýrði líka að vald væri aldrei algert. Því fylgdi alltaf andóf. Valdastrúktúrarnir sköpuðu athafnir (sköpunarkraftur agavaldsins) og andóf (Foucault, 1991). De Certeau (1984) gekk lengra en Foucault og benti á að í hans kenningum væru andófið og athafnirnar neikvæðar. Foucault hefði ekki reiknað með köpunarkraftinum í daglega lífinu og útpældu andófi þeirra valdalausis sem gæti hindrað orkuflæði valdsins. Andóf væri í rauninni jákvæðara og uppbyggilegra en Foucault hefði gert ráð fyrir. Athafnir hinna valdalausis gætu skapað nýjar formgerðir með því að þeir tileinkuðu sér það sem þeim væri gefið og gerðu gott úr því sem þeim legðist til. Foucault vantaði, að hans mati, þetta útpælda uppbyggilega andóf hinna valdalausis, þegar þeir, með sína sögu og sinn „pólítíska“ sannleika, verða gerendur og beita brögðum sínum. De Certeau talar um ráðagerðir (e. *strategies*) þeirra sem hafa

vald og vilja, skapa formgerðir og móta staði, sem í okkar sögu eru til dæmis skólayfirvöld. Hins vegar eru brögðin (e. *tactics*) athafnir þeirra valdalausis sem eiga engan stað, en nota formgerðirnar eða staðina sem valdið skilgreinir og ekki endilega á þann hátt sem gert er ráð fyrir. Bragðið er vopn þess valdalausis með slagkraft og sköpunarmátt sem skapar mismun og margbreytileika (de Certeau, 1984).

1.12 Nýlendukúgun og raddmálskúgun

Ladd bendir á að menningarlegt forræði (e. *hegemony*) sé hjá heyrandi fólki og að döff fólk sé undirskipað (e. *subaltern*) eða lægra sett og jaðrað, 'hinir' (Ladd, 2003). Döff fólk hafi verið útilokað frá fræðslu og upplýsingum og ekki haft rödd. Að hans mati lýsi hugtakið um nýlendukúgun best veruleika döff fólks með því að því var bannað að nota táknmál og reynt var að aðlaga það að heyrandi samfélagi. Skilgreining hans á döfferni sé skref í átt að breyttum valdahlutföllum (e. *decolonizing*) og vísi í það sem er en ekki það sem vantar (Ladd, 2003). Batterbury o.fl. (2007) unnu áfram með hugmyndina um að döff fólk væri þjóðernishópur og báru saman stöðu táknmálsþjóða (e. *Sign Language Peoples, SLPs*) og frumbyggjaþjóða. Þau segja táknmálsfólk ekki leita að sjálfsmynd sinni innan meirihluta samfélaga heldur staðsetji sig í rými sem sé 'yfirráðasvæði' máls og menningar táknmálsfólks. Þetta séu sjálfbær vistkerfi tungumáls og sækji sér næringu frá meira en 2000 ára sögu táknmálsfólks. Þau færðu rök fyrir því að táknmálsþjóðir, samfélög sem skilgreindu sig með sameiginlegu tungumáli, menningu, þekkingarfræði og verufræði (e. *ontology*), þyrftu sambærilega lagalega vernd og frumbyggjaþjóðir með tilliti til réttar til menntunar, máls og menningar. Þau væru ósammála því að táknmálsþjóðir væru hópar fatlaðra. Með því að líta á fólk sem myndaði hópinn sem fatlað væri tekin frá því menningarleg og félagsleg sjálfsmynd og í staðinn væri endurtekið hefðbundið sjónarhorn nýlenduhyggju, sem ylli áframhaldandi kúgun. Að þeirra mati yrði að viðurkenna að táknmálsþjóðir ættu sitt svið þar sem þær byggðu upp og endursköpuðu sameiginlegt rými sitt, tjáð með sameiginlegu tungumáli, menningu og sögu (Batterbury o.fl., 2007).

1.12.1 Nýlenduhatútur og raddmálshatútur

Skýr samsvörun er að mati Ladd (2003) á milli þess að nýlendustefna hafi verið sett fram til að eyða frumbyggjamenningu og skipt út fyrir vestræna menningu og að raddmálsstefna hafi verið innleidd til þess að eyða táknmálum og döff menningu og verið skipt út fyrir raddmál og heyrandi menningu. Hann hélt því fram að hægt væri að færa rök fyrir því að nota mætti hugtakið 'tungumálanýlendustefna' (e. *linguistic colonialism*) (Ladd, 2003, bls. 17). Með tengingu á milli orðræðu um táknmálssamfélög og nýlendusamfélög mætti varpa ljósi á núverandi stöðu döff fólks og hvernig mismunandi þekkingarkerfi döff samfélags og heyrandi væri grunnur að valdamun hópanna.

Nýlenduvelði eignuðu sér þekkingu eins og þau eignuðu sér land og vinnuafli. Nýlenduháttur (e. *coloniality*) eins og Maldonado-Torres (2007) notar hugtakið vísar til „birtingarmyndar langvarandi valdamynsturs sem er afleiðing af nýlendustefnu“ (bls. 243). Nýlenduháttur þekkingar vísar til þess að arfur nýlenduhyggjunnar lifi enn innan viðurkenndrar þekkingar. Hann bendir á að við þurfum að gera okkur grein fyrir því hver býr til þekkinguna og í hvaða tilgangi og hvernig sérstök þekking valdeflir eða tekur vald frá fólki og samfélögum. Þannig lifi nýlenduhátturinn nýlendustefnuna. Honum sé haldið á lífi „í bókum, í viðmiðum um námsárangur, í menningarmynstrum, heilbrigðri skynsemi, sjálfsmynd fólks, og svo mörgum öðrum þáttum upplifunar okkar í nútímanum. Að sumu leyti öndum við alltaf og á hverjum degi að okkur nýlenduþættinum“ (Maldonado-Torres, 2007, bls. 243). Nýlenduháttur þekkingar er grunnurinn undir nýlenduþátt valdsins og veldur nýlenduþætti verunnar. Í framlagi sínu um nýlenduþátt verunnar (e. *coloniality of Being*) vitnar Maldonado-Torres (2007) í Mignolo (2003) sem sagði að vísindi (þekking og viska) væru óaðskiljanleg frá tungumálum þar sem þekking væri skráð í máli. Þar sem tungumál væru ekki eitthvað sem manneskjur hafa heldur „eitthvað sem mannverur eru“ (bls. 242) framkallaði nýlenduþáttur valdsins og þekkingarinnar nýlenduþátt verunnar. Maldonado-Torres lýsir birtingarmynd nýlenduþáttar verunnar fyrst og fremst sem ósýnileika hennar og afmennskun. Rök hans byggja á svari Heideggers til Descartes, „Ég hugsa þess vegna er ég“, þar sem hann leggur áherslu á ER ÉG í setningunni. Þaðan leiðir Maldonado-Torres okkur að nákvæmari túlkun; „Ég hugsa (aðrir hugsa ekki, eða hugsa ekki rétt), þess vegna er ég (aðrir eru ekki, vantar veru, ættu ekki að vera eða mega missa sín)“ (Maldonado-Torres, 2007, bls. 252).

Í stöðu döfð mætti nota hugtakið raddmálsháttur á sama hátt og segja að raddmálshátturinn hafi lifað raddmálsstefnuna og að honum hafi verið haldið lifandi á sama hátt. Þekkingarfræðileg vídd yfirráða yfir döfð væri raddmálsháttur þekkingar, valdatengsl sem mynduðust út frá raddmálsstefnu og væri enn viðhaldið á margvíslegan hátt og héldist í hendur við raddmálshátt verunnar. Ladd (2022) lýsir því hvernig ‘sérfræðingar’ á sviði heilbrigðis, menntunar og tækni sem stjórna miðlun þekkingar um döfð fólk og telja sig vita hvað þeim er fyrir bestu halda fram raddmálshugmyndafræði og upplýsingum um táknmálsfólk eða það sem mætti kalla raddmálshætti. Í gegnum orðræðu sérfræðinganna sé hugmyndafræði heyrnarhyggju endursköpuð og miðlað til almennings og þeirri hugmynd að tækninýjungar séu framfarir fyrir mannkynið (Ladd, 2022).

Í raddmálsstefnunni voru táknmál bönnuð. Döfð voru bannaðir, þeir voru „*Damne*“ eða hinir fordæmdu jarðarbúar. Veran sem er „ekki til“ og hefur ekkert að gefa (Maldonado-Torres, 2007). Einungis ef kenna mætti henni að tala hefði hún eitthvað að gefa. Á tímabili raddmálsstefnunnar er hægt að staðhæfa að í samræmi við þekkingu þess tíma var álitid að döfð fólk hugsaði ekki, döfð fólk var ekki – það vantaði veruna (e. *being*). Í þeim anda skrifaði Brandur Jónsson (1967) um heyrnarlaus börn: „málið er eitt aðaleinkennið, sem greinir mann frá dýri“ (bls. 126). Annar skólastjóri lýsti

heyrnarlausum nemendum sínum sem ekki töluðu ensku, sem ungum verum sem væru mannlegar í útliti en aðeins hálfmennskar í getu (Bauman, 2008). Að þurrka út tungumál þeirra eins og það væri ekki til og með því að stuðla að afmennskun þeirra væri birtingarmynd raddmálsháttar verunnar. Döffið er ósýnilegt, eins og döffernið – döff veran. Raddmálsháttur verunnar, svo vitnað sé til Maldonado-Torres, „vekur upp áskorun um að tengja saman erfðafræðilegar, tilvistarlegar og sögulegar víddir þar sem Veran sýnir greinilegast nýlenduhlið sína og brot sín“ (Maldonado-Torres, 2007, bls. 243). Þannig væri döff fólk ekki til, döff veran ekki til og döfferni ekki til eða ekki til neins.

1.13 Vald sem tengist tungumálinu

Til þess að greina hvernig vald getur birst í tengslum við tungumál eins og íslenskt táknumál verða kynnt hér fjögur lykilhugtök sem notuð eru við rannsóknir á sviði málvísindalegrar mannfræði. Hugtökin sýna hversu samfléttað eðli tungumáls er hinu félagslega lífi og hvernig eðli félagslegs lífs er miðlað með tungumáli og verða notuð til þess að varpa ljósi á það hvernig vald birtist í gegnum tungumál og hið félagslega líf döff fólks í íslensku samfélagi.

1.13.1 Atbeini

Kenning Sherry Ortner (1989) um athafnir (e. *practice*) vísar í að tungumál, menning og samfélag hafi forskráðan veruleika (e. *preexisting*) sem á sama tíma sé afurð af orðum og athöfnum einstaklinga. Atbeini í þeirri merkingu sem Ortner notar hugtakið eru mannlegar athafnir sem bera með sér hið pólitíska og tengjast alltaf formgerðum (bæði málfræðilegum og félagslegum). Formgerðirnar fela í sér bæði hindranir og stuðning við athafnir fólks og tengjast ójöfnuði og yferráðum. Athafnir fólks sem eru þannig innbundnar í formgerðunum er það sem hún kallar atbeina (e. *agency*) (Ortner, 1989). Atbeini er að hennar mati bæði getan til þess að gera eitthvað eða hafa vald og ráða lífi sínu. Slíkur atbeini á við bæði um yferráð og andstöðu, sem getur verið allt frá því að gera uppreisn og í „að draga lappirnar“. Hin hliðin á atbeina er ekki frjáls atbeini en er um að hyggjast gera eitthvað. Fólk á drauma um breytingar sem spretta úr formgerðum þeirra og ójöfnuði. Við þessar aðstæður reynir fólk að skapa breytingar innan síns ramma og miðað við sínar forsendur og þess sem hefur gildi fyrir það (Ortner, 2001).

Umræða Ortner um tengsl á milli fólks, formgerða, athafna og sögunnar varpar ljósi á atbeina fólks og hvernig mannlegar athafnir geta skapað breytingar þegar fólk frá ólíkum menningarheimum og með mismunandi vald tekst á. Ortner staðhæfir að athafnirnar komi úr formgerðunum, endurskapi þær og geti umbreytt þeim Hún bendir á þrjú mikilvæg hugtök sem lýsi því sem felst í formgerðum, þ.e. habitus Bourdieus, orðræðu Foucaults og marxíska hugtakið um menningarlegt forræði, innblásið af breska bókmenntafræðingnum og marxistanum Raymond Williams. Atbeini og athafnir

eru kenning um sögu og sagan skapar athafnir en saga, formgerðir, táknrænn auður (e. symbolic capital) og félagsauður (e. social capital) skapa atbeina (Ortner, 1989).

Habitus hugtak Bourdieus hefur áður verið nefnt í því samhengi að samskipti skapi menningu með því að ferli samskiptanna verði venjubundin og stöðug, flytjist á milli kynslóða og verði að *habitusi*. Bourdieu leit á tungumálið sem verkfæri athafna og valds. Þekking innan menningar væri pólitísk og í henni fælist táknrænt vald (e. *symbolic power*) sem væri pólitískt. Táknrænt vald væri næstum töfravald. Það gæti fengið fólk til að sjá og trúna og breyta sýn sinni á heiminn. Þeir sem kynnu að tala rétt í réttu samhengi ættu táknrænan auð og hefðu pólitískt vald. Bourdieu lagði hins vegar áherslu á að öll tungumál eða mállýskur væru jafn góð. Það væri misskilningur að álíta annað og af slíkum misskilningi leiddi táknrænt ofbeldi (Bourdieu, 1991). Þeir sem töluðu íslenskt táknmál á tímum táknmálsbannsins áttu ekki táknrænan auð eða höfðu pólitískt vald innan heyrandi samfélags en urðu fyrir ofbeldi af hálfu þeirra sem töluðu „rétt“ og höfðu valdið. Annað hugtak sem Bourdieu notaði var *doxa* sem vísar til menningarlegrar þekkingar sem er svo viðurkennd að annað er talið óhugsandi. Þannig stæði *doxa* utan orðræðunnar (Bourdieu, 1977). Sem dæmi um *doxa* má nefna mikilvægi íslensku og hættuna sem gæti stafað af táknmáli í menntun heyrnarlausra barna í gegnum söguna. Þetta þarf ekki að ræða. Bourdieu bendir á að það megi veikja *doxa* með samskiptum á milli menningarhópa eða í gegnum pólitísk átök. Valdakerfið vilji hins vegar viðhalda því sem er sjálfsagt en því sé einungis viðhaldið með ritskoðun og útilokun, sem táknmálsbannið er dæmi um. Valdakerfið geti líka boðið veikari útgáfu af *doxa* eða málamiðlun.

1.13.2 Tilvísun í samhengi

Til þess að gera sér grein fyrir gildi íslensks táknmáls í lífi döff fólks og ógninni sem fólk upplifir er mikilvægt að skoða hvernig málið og félagstengslin skarast því það er einmitt á mörkum þeirra sem valdið birtist. Hugtakið *indexicality*, sem hér er kallað tilvísun í samhengi, er notað í mannfræði og innan félagslegra málvísinda um það eðli tungumálsins að vekja upp félagslega samhengið þar sem tákn þess koma venjulega fyrir (Yoder og Johnstone, 2018). Hugtakið á rætur í skilgreiningu Peirce á því hvernig tákn getur vísað til einhvers (Ahearn, 2012). Að búa til merkingu í gegnum tákn felur að mati Peirce í sér þrjá þætti: 1. tákn (e. *sign*) sem stendur fyrir eitthvað annað, 2. skilning (e. *interpretant*) á táknuinu, 3. hlutinn (e. *object*), þ.e.a.s. það sem táknið stendur fyrir eða vísar til. Tákninu, sem stendur fyrir eitthvað eða einhvern, er ætlað að skapa í huga þess sem er ávarpaður sama tákn og er í huga þess sem ávarpar. Ef það tekst skapast það sem Peirce kallar skilningur (e. *interpretant*) á táknuinu. Skilningur þess sem talað er við er háður því samhengi sem tákn málsins koma venjulega fyrir í. Tungumál getur þannig vísað til félagstengsla, sjálfsmynda eða gilda. Það að skipta yfir í annað tungumál, mállýsku, eða málsnið getur vísað til ferlis við mótun sjálfsmyndar einstaklings af ákveðnu kyni, kynþætti, þjóðerni og/eða stétt og getur haft ólíkar félags- eða siðferðilegar tengingar háð samhenginu (Ahearn, 2012). Á sama hátt getur

tengingin á milli málforms og málnotkunar, eins og þegar talað er með einföldum orðum sem túlka má sem barnamál, gefið hugmynd um að sá sem ávarpar sé foreldri en sá sem er ávarpaður sé barn (Yoder og Johnstone, 2018).

Hugtakið um tilvísun í samhengi er athyglisvert þegar skoðuð eru samskipti á milli samfélags íslensku og íslensks táknmáls og hvernig tungumálin hafa ólíkar félags- eða siðferðilegar tengingar og vísa til dæmis til mismunandi sjálfsmýnda og gilda. Í ritgerðinni er hugtakið tilvísun í samhengi notað til þess að greina hvernig merking sem tákn/orð vísar í getur verið lagskipt (e. *layers of indexical meaning*) (Silverstein, 2003). Tákn/orð getur vísað í ólíkt lag (e. *layer*) af merkingu á milli heyrandi og döff og kallað fram ólíkt samhengi þar sem málformið kemur venjulega fram. Með því að lýsa tengingunni á milli forms og félagslegs samhengis má greina hvernig hóparnir geta notað sama hugtak en með mismunandi tengingum þannig að skilningur getur verið ólíkur og valdamunur getur skapast. Tilvísun í samhengi tengist mismunandi hugmyndafræði. Notkun tákns í máli innan annarrar hugmyndafræði getur breytt túlkun á tákni (Yoder og Johnstone, 2018). Með tilvísun í samhengi má greina hvernig hægt er að styrkja eða ögra tengingu við orðræðu og hafa áhrif á félagslega stöðu.

1.13.3 Málhugmyndafræði tengd íslensku tákni

Barbara Johnstone (2009) skilgreinir málhugmyndafræði sem víðtækt kerfi hugmynda og gilda um tungumál, hvað það er og hvernig það er notað. Í málhugmyndafræði felast samkvæmt henni til dæmis hugmyndir um hvernig tungumál og veruleiki tengjast, hvernig samskipti virka, hvað er rétt mál og rangt, hvort mál er gott mál eða vont, hvert hlutverk málsins í sjálfsmynd einstaklinga er, hvaða hlutverk mál ætti að hafa og hvernig mál lærist (Johnstone, 2009, bls. 34). Kroskriy (2000) leggur áherslu á að málhugmyndafræði sé oftast ólík á milli hópa og þjóni sérstökum hagsmunum þeirra. Málhugmyndafræði sé ómeðvituð og liggi á milli félagsgerðarinnar og hvernig fólk tali. Það að skoða málhugmyndafræði veiti því skilning á því hvernig mál og líka menning móta hegðun manneskjunnar og er jafnframt mótuð af hegðun manneskjunnar (Kroskriy, 2000).

Irvine og Gal (2000) vísa til málhugmyndafræði sem kerfis hugmynda um tungumál sem er gegnsýrt af pólitík og siðferði í félagslegu samhengi og að málhugmyndafræði lúti hagsmunum og félagslegri stöðu fólks. Hún birtist í hegðun þess og orðræðu og endurspeglar ósagðar ályktanir um eðli tungumáls en beinist einnig að fólkinu sem talar tungumálið. Málhugmyndafræði hefur áhrif á málbreytingar, hvort mál deyi út, hvernig málfræði er lýst og hvernig landamæri eru dregin varðandi mál eða búinir til flokkar fyrir fólkið sem notar málið. Hugmyndir fólks skapa grundvöll sem skilningur á mállegum breytileika byggir á. Málhugmyndafræði hefur pólitískar afleiðingar þegar hugmyndafræði fólks leyfir aðgerðir á grundvelli máltengsla eða mismunar sem hugmyndafræðin býr til. Þegar sá skilningur varpast á fólkið sem talar málið, atburði og hegðun sem skiptir það máli, koma fram afleiðingar. Hugmyndafræði um tungumál

hefur áhrif á menningarlega sjálfsmynd fólks sem talar tungumálið, fjárframlög til málsins og á pólitískt vald sem beitt er gegn málinu eða er ekki beitt til styrkingar málsins. Málhugmyndafræði byggir oft á einhvers konar alþýðuskýringum en ekki þekkingu (Irvin og Gal, 2000). Dæmi um alþýðuskýringar og mótsagnakenndar hugmyndir fólks um táknmál eru að þau séu alþjóðleg og þau séu jafnframt raddmál viðkomandi lands myndað með höndunum. Irvine og Gal hafa lýst þrenns konar ferlum sem geta skapast við langvarandi og nán málleg samskipti í sambýli tveggja mál- og menningarsamfélaga og heimsmynda. Samkvæmt kenningum þeirra er málhugmyndafræði ráðandi um áhrifin af slíku sambýli. Ferlin, sem þær kalla endurspeglun (e. *iconization*), útpurrkun (e. *erasure*) og endurtekið uppbrót (e. *fractal recursivity*), verða í máli við notkun hugtaka og túlkun á þeim. Ferlin eru mikilvæg til þess að skilja hvaða áhrif sambýli við ráðandi mál hefur á þróun tungumáls eins og ÍTM og áhrifin á döff Íslendinga í gegnum söguna.

Endurspeglun verður þegar einhverjir eiginleikar sem eignaðir eru tungumáli eru yfirfærðir á málnotendur. Þessir mállegu þættir verða endurspegluð mynd samfélagshópa eða athafna eins og að mállegu þættirnir sýni innra eðli hópsins (Irvine og Gal, 2000). Þegar viðhorf til ÍTM gerðu ráð fyrir að það væri hlutbundið bendingamál og því var líkt við merkjamál dýra endurspeglaði það vitsmunagetu heyrnarlausra barna í hugmyndum fólks. Eins og stofnandi hins fræga Clarke skóla fyrir heyrnarlaus börn lýsti nemendum sínum: ungar verur, mannlegar í útliti en aðeins hálfmennskar í getu. Margoft hefur í þessu samhengi verið vitnað í bandaríska sálfræðinginn Myklebust þar sem hann skrifaði árið 1957 um táknmál að þau væru myndræn en ekki táknræn. Í samanburði við raddmálsskerfi væru myndræn málkerfi ónákvæm, stíð og ósveigjanleg. Hann taldi jafnframt líklegt að fólk gæti aldrei náð að þroska hæfileika sína í gegnum slík mál. Því yrði að líta á táknmál sem óæðri raddmálum (Myklebust, 1957). Hugmyndafræði þessa tíma lýsti ÍTM sem ónákvæmu, stíðu og ósveigjanlegu á meðan raddmál vísuðu fram til menntunar, velgengni og tækifæra. Þessar staðhæfingar um táknmál, að það væri óhæft til notkunar í menntun, það væri vanþróað og án málfræði, endurspegluðust á fólkið sem talaði málið.

Endurtekið uppbrót er þegar skilgreindur er munur sem notaður er til að jaðarsetja. Fólk býr til í huga sér mun á tungumálum og yfirfærir muninn á málunum á fólk innan hóps. Endurtekið uppbrót getur búið til sjálfsmynd fyrir hóp en líka brotið hana upp með uppskiptingu hópsins og valdið því að hópur skiptir um tungumál. Innan sérhvers hóps eða undirhóps getur svo endurtekið verið búinn til mismunur sem leiðir til enn frekara uppbrots (Irvine og Gal, 2000). Eins og fram hefur komið hefur íslenska verið álitin betra mál en ÍTM. Sú hugmyndafræði hefur endurtekið þurkað ÍTM út og búið til mismun til dæmis eftir getu döff barna til þess að tala íslensku. Það hefur leitt til uppbrots ÍTM hópsins eftir mismunandi heyrnarstöðu og haft afleiðingar fyrir sjálfsmynd undirhópa.

Útþurrkun er ferli sem býr til og viðheldur þessum mismun og er samtvinnuð bæði endurspeglun og uppbroti. Að þurrka út það sem er frábrugðið og er samkvæmt hugmyndafræði fólks ómerkilegt, skiptir engu máli, því er sleppt og algerlega litið fram hjá því. Útþurrkun ákvarðar þess vegna hvað er hægt að endurspeglu og hvað er notað til að skipta upp hópi. Mjög algengt er að ÍTM rúmist ekki inni í hugmyndafræði fólks sem tungumál, að einhverjir eiginleikar málsins séu útþurrkaðir og þarfir döff fólks sömuleiðis. Á sjöunda áratugnum hér á landi var, í samræmi við hugmyndafræðina um ÍTM, döff fólk álituð frumstætt og mállaust og því ófært um að ráða við flókna hugsun nema það talaði íslensku (Brandur Jónsson, 1967). Íslenskt táknmál væri ekki til í huga fólks sem tungumál heldur sem bendingar og tákni sem ekki væru bundin í málfræðilegt kerfi og gætu einungis tjáð hlutbundin fyrirbæri en ekki hugmyndir.

1.13.4 Fjölvirgni málsins

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hinum fjölmörgu hlutverkum sem mál hefur í lífi hvers og eins og hvers virði það er manneskjum. Tungumálið er svo sjálfsagt og lærist venjulega á náttúrulegan hátt án beinna afskipta af máltökunni að fæstir leiða hugann að því hvað málið gerir mikið og hve mikið er hægt að gera með málinu. Jacobson (1960) teiknaði upp hin fjölmörgu hlutverk tungumálsins og allt það sem við gerum með tungumáli. Tungumál eru ekki einungis til þess að vísa til eða nefna hluti eða atburði heldur getur fólk í gegnum tungumál tjáð tilfinningar sínar með blæbrigðum, leikið sér með málið á skapandi máta, sýnt eða falið viðhorf til annarra, styrkt eða rofið félagstengsl – og á tungumálinu má tala um tungumál. Fjölvirgni nær til alls þess sem við gerum með tungumáli (vitnað í Ahearn, 2012).

Í tilvikum þar sem máltaka heyrnarlauss barns er hindruð verður ljóst hversu mörg hlutverk málið hefur í lífinu og hversu mikilvægt það er. Fjölvirgni málsins hjálpar við að skilja hvers virði málið er, hvaða möguleika það gefur, hvernig vald tengist tungumálinu og hve mikið tapast ef það deyr.

1.14 Vistsvæði tungumála og útrýmingarhætta

Félagsmálfræðingurinn Tove Skutnabb-Kangas, sem þekkt er fyrir skrif um tvítyngi og hvernig minnihlutamálum er mismunað, og David Harmon, sem er sjálfstætt starfandi fræðimaður á sviði mál- og lífmennningarlegs margbreytileika, lýsa líffræðilegum og tungumálalegum margbreytileika í grein í *Handbook of Ecolinguistics* þar sem fram kemur að margbreytileiki tungumála sé að hverfa (2017). Til þess að skoða þessa þróun byggja þau á vistfræðilegri nálgun Wendels (2005) til tungumála með því að greina flókinn vef af tengslum á milli umhverfis, tungumála og málfafanna. Einar Haugen (1971/72) notaði fyrstur hugtakið 'vistfræði tungumáls' um rannsókn á samskiptum á milli tiltekins tungumáls og umhverfis þess. Umhverfið er í því tilviki þjóðfélagið þar sem málið er notað sem miðill til samskipta (Haugen, 2001). Frá því að hann kom fyrst fram með hugtakið hefur notkunarsvið þess innan málvísinda víkkað umtalsvert og er

Það nú notað í fjölmörgum greinum, til dæmis í málnotkunar- og orðræðugreiningu, í mannfræðilegum málvísindum, rannsóknum á tungumálakennslu, tengt málefnum eins og fólksflutningum, jöðrun málhópa, útrýmingarhættu tungumála og mannréttindum. Skutnabb-Kangas og Harmon benda á að á okkar tímum sé tungumálum útrýmt hraðar en nokkru sinni í sögu mannkyns og færri ný tungumál verði til til þess að taka við af þeim. Sérstaklega sé um að ræða frumbyggjamál með fáa málhafa, fátæka, valdalitla og með veika pólitíska stöðu. Vistsvæði þeirra séu eyðilögð þannig að þeir geti ekki lifað af landinu. Margir séu fluttir burt með valdi eða lofað betri vinnu í borgum. Lífsháttum fólks sem talar þessi mál, menningu þess, þekkingu og tungumáli er lýst af fordómum. Fólkið er stimplað sem úrræðalaust, fáfrótt og frumstætt. Þau benda á að lítið sé vitað um öll táknmál heimsins í þessu samhengi en staða þeirra sé svipuð (Skutnabb-Kangas og Harmon, 2017). Til þess að sporna gegn þessari stöðu hafa Sameinuðu þjóðirnar lýst áratuginn 2022–2032 áratug frumbyggjamála (e. *indigenous languages*). Margir óttast að íslenskt táknmál sé nú í útrýmingarhættu, að því er virðist vegna breytinga sem orðið hafa á vistsvæði málsins á undanförunum áratugum. Vistsvæði íslensks tákn máls er flókinn vefur af tengslum á milli umhverfis, tungumála og málhafanna sem skoðaður verður í gegnum söguna í þessari ritgerð.

1.15 Viðurkenning á íslensku tákn máli

Íslenskt táknmál hlaut lagalega viðurkenningu með setningu laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011. Samkvæmt lögunum er íslenskt táknmál jafnréttihátt íslensku til samskipta manna í milli og óheimilt er að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar. Það er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það og einnig barna þeirra og kveðið er á um rétt þeirra til að læra málið og nota það. Ríki og sveitarfélög skulu veita aðgang að íslensku tákn máli og styðja það og styrkja. Jafnframt bera þau ábyrgð á að hlúa að því, þróun þess og notkun. Þeir sem þörf hafa fyrir táknmál skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál: „jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða dauflinda [samþætting sjón- og heyrnarskerðingar] hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.“ Í nýlegri grein sem skrifuð var um viðurkenningu á íslensku tákn máli kom fram að döff fólk vænti þess að lögin færðu því jöfn málréttindi og þeirra sem hefðu íslensku að móðurmáli, s.s. til máltöku, menntunar, þátttöku í lífi fjölskyldu sinnar, tómstundum eða atvinnu (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019). Að íslenskt táknmál yrði sjálfsagt mál í lífi aldraðra eða fatlaðra og í fjölmiðlum og jafnframt að lítið yrði á íslenskt táknmál sem menningararf. Allir viðmælendur, sem rætt var við, voru sammála um að væntingar þeirra hefðu ekki ræst. Lögin hefðu gefið þeim skilning og viðurkenningu á því hver þau væru en með þeim hefði fólk ekki öðlast þau réttindi sem búist var við að fylgdu í kjölfarið. Fram kom að döff fólk upplifði enn þá útilokun vegna tungumálsins og fyndist því neitað um borgaraleg réttindi sín. Sérstaklega var bent á börnin og þau málréttindi sem lögin hefðu átt að veita þeim. Alvarlegasta hindrunin sem fólk taldi til var

hugmyndafræði heyrandi fólks, afstaða þess til óska döff fólks, forgangsröðun og ákvarðanataka (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019).

Viðhorf til tákna mála hafa breyst í heiminum frá þeim tíma sem ekki var litið á þau sem mál. Samfara því hafa réttindi tákna málsfólks aukist, aðgangur þess að samfélagi og að menntun. Þrátt fyrir það bendir Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, á að enn sé langt frá því að jafnrétti sé náð (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019). Hið hefðbundna, eðlilega mál í samskiptum og orðræðu á Íslandi sé íslenska. Lögin hafi ekki náð að tryggja málréttindi barna nægilega vel og því sé málið talið vera í útrýmingarhættu. Tove Skutnabb Kangas (1994) bendir á að menntun sé mikilvægasti áhrifavaldurinn varðandi málréttindi barna. Foreldrar heyrnarlausra og heyrnarskertra barna fái ekki nægan stuðning vegna máltöku þeirra og því sé menntun enn meira ráðandi um rétt tákna málsbarna til máls en annarra málminnihlutahópa þar sem það sé fyrst og fremst í skólanum sem börnin tileinki sér móðurmál sitt (Skutnabb-Kangas, 1994). Meira en 90% barna sem fæðast heyrnarlaus fara í kuðungsígræðslu og máltökuráðgjöf til foreldra íslenskra barna kemur fyrst og fremst frá heilbrigðisstarfsfólki sem ekki leggur áherslu á að börnin læri ÍTM (Eva Albrechtsen, 2021). Sjónarmið innan læknisfræði stefna að því að heyrnarlaus börn séu mótuð með skurðaðgerð til þess að þau verði 'eðlileg' og að íslenska verði mál hins 'eðlilega' barns.

1.16 Rannsóknin

Fræðilegt gildi þeirrar rannsóknar sem hér birtist felst fyrst og fremst í því að niðurstöður hennar skapa nýja þekkingu og bæta við skilning okkar á nýju fræðasviði hér á landi. Þekkingin hefur hingað til verið búin til af heyrandi fólki fyrir heyrandi fólk og er ekki samhljóða upplifunum og reynslu döff fólks. Sagan sem hér er sögð er framlag höfundar til samtals við ríkjandi orðræðu og birtir sögu, reynslu og sjónarmið döff fólks sem ekki hefur verið sagt frá á sama hátt. Sagan er um hvernig döff fólk eignaðist líf þegar það sameinaðist, hvernig tungumál og menning þess þróaðist. Hvernig menningin varð lífsandi þess og fjöregg og geymir nú menningararf, félagsauð og verðmæti sem ekki eru til í heyrandi menningu. Saga döff fólks geymir einnig hræðilegt andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart tákna málsfólki, málbann og valdbeitingu af ýmsu tagi. Ofbeldi sem var réttlætt í skjóli hugmyndafræði meirihlutans um mannbætur á manneskjum sem líta á sig sem fullkomlega heilbrigðar. Lýst er öflum sem vinna gegn döff lífi, hvers virði tungumál og menning er fólki, hvaða merkingu döff fólk leggur í málið og viðnámi sem döff fólk veitir. Í verkinu sem hér birtist er tekin afstaða með döff fólki og gegn þeim öflum sem berjast gegn tákna máli heimansins. Verkinu er beint að tveimur ólíkum hópum sem hafa ólíka málhugmyndafræði og ólíka afstöðu.

Annars vegar beinist það að almenningi og stjórnvöldum, að minnsta kosti þeim sem vilja skilja afstöðu döff fólks, fá betri skilning á stöðu ÍTM og þjóðernishópsins sem döff fólk myndar og vilja vinna að breytingum. Þekkingin sem fæst með þessari rannsókn

getur nýst í opinberri stefnumótun um íslenskt táknmál, eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi. Þeir sem veita táknmálstalandi fólki þjónustu geta nýtt sér rannsóknina til þess að fá ríkari skilning á því hvers virði tungumálið er fólki, hvert hlutverk þess er í menntun og mótun sjálfsmyndar og hvernig það lærist. Einnig getur rannsóknin bætt skilning okkar á því hvernig ósýnilegt vald vofir stöðugt yfir og hvaðan það ræðst gegn málinu. Von höfundar er sú að nemendur í táknmálsfræðinámi eða uppeldisnámi megi hafa nokkurt gagn af þessu verki. Hins vegar og ekki síst að fólkinu í táknmálssamfélaginu finnist fengur að rannsókninni. Hún geti fært því ný rök fyrir málflutningi sínum sem það geti nýtt í baráttu sinni til þess að skapa skilning á milli hópanna, með það að markmiði að hægt verði að brjóta niður kerfislægar og hugmyndafræðilegar hindranir svo hægt verði að byggja upp réttlátara samfélag.

Markmiðum rannsóknarinnar, rannsóknarspurningum og aðferðafræði verður lýst í næsta kafla.

2 Markmið og aðferðafræði

Í þessum kafla er lýst markmiðum rannsóknarinnar, framkvæmd hennar, þ.e. öflun rannsóknargagna, rannsóknaraðferðum, úrvinnslu, tengslum höfundar við viðfangsefnið og aðferðafræðilegum vandamálum.

2.1 Markmið

Málsaga táknmála er lítið þekkt en erlendir fræðimenn hafa fært rök fyrir því að ÍTM sé dótturmál dansks táknmáls (dansk tegnsprog, DTS). Rök sín byggja þeir á samstarfi um menntun heyrnarlausra barna á milli Danmerkur og Íslands og samanburðarmálfræði (sjá Bergman og Engberg-Pedersen, 2010; Hoyer og Alanne, 2008; Power o.fl., 2020; Vonen, 2012). Hér á landi hefur oftast verið gert ráð fyrir að íslenskt táknmál (ÍTM) hafi komið frá Danmörku með Páli Pálssyni og þróast áfram á ofanverðri 19. öld í kennslunni sem hann hélt úti á heimili sínu. Kynslóð sem fæddist um og eftir aldamótin 1900 og var kölluð 'gamla fólkið' talaði fingramál þar sem fingrastöfuð íslenska var ríkur þáttur í málinu en einnig gömul tákni sem mörg eru horfin úr íslensku táknmáli. Höfundur ritgerðarinnar, sem starfaði innan táknmálssamfélagsins á fimmta áratug, kynntist 'gamla fólkinu' og veit af eigin reynslu að þeirra mál var ekki danskt táknmál og að íslenska táknmálið sem talað er í dag og mál eldri kynslóðar eru ólík mál.

Umfjöllun um döff fólk og kennslu heyrnarlausra nemenda var löngum út frá því sjónarhorni að heyrnarleysi væri vandamál og táknmál væru vandamál. Slík umfjöllun byggir á hugmyndafræði og afstöðu ríkjandi valds. Eftir að hafa unnið innan döff samfélags í meira en 40 ár hefur höfundur orðið vitni að og upplifað valdið sem umlykur málið í starfi sínu sem forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Upplifað áhrifin sem valdið hefur á fólkið sem talar ÍTM og ekki síst á málefnið sem tengjast því. Formaður Félags heyrnarlausra, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, telur að hvorki almenningur né stjórnvöld skilji hvað íslenskt táknmál sé (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019). Þau sjái ekki gildi málsins fyrir döff fólk og hversu mikilvægu hlutverki það gegni fyrir sjálfsmynd og menntun þess. Þá hafi það ekki skilning á því hvernig börn tileinki sér málið eða læri. Staða þess og athygli sem það fær sé alltaf háð því hverjir séu við stjórn á hverjum tíma. Með nýjum valdhöfum breytist áherslur, þekking tapist og ævinlega þurfi að byrja á nýjan leik að upplýsa og útskýra.

Með rannsókninni er, auk þess að kynnast uppruna málsins, ætlunin að komast að því hvers vegna almenningur og stjórnvöld hafa ekki þennan skilning á íslensku táknmáli sem Heiðdís lýsir og skoða hvaða öfl eru að verki gegn íslensku táknmáli. Táknmál heimsins hafa verið lífseig og er ÍTM engin undantekning en þrátt fyrir að vera viðurkennt í lögum er ÍTM talið vera í útrýmingarhættu. Tungumál er undirstöðustofnun í

samfélagi og málstýring er samfélagsstýring (Cooper, 1990). Ef íslenskt táknmál er í útrýmingarhættu er samfélag döff fólks það líka. Málstýring fyrir íslenskt táknmál er háð því að þeir sem halda um stjórntauma geri sér grein fyrir verðmætunum sem felast í ÍTM og menningunni sem því fylgir. Sérstaklega er bent á að hugmyndafræðilegt vald sem fylgir skipulagi skóla og afstöðu til heyrnarleysis innan heilbrigðiskerfis vinni gegn lífvænleika ÍTM. Rannsóknir fræðimanna hafa hingað til ekki beinst að uppruna og þróun ÍTM og döff menningar í gegnum söguna út frá sjónarhorni mannfræðilegra málvísinda eða því hvernig fólk skapar saman merkingu í félagslegum samskiptum í gegnum dagleg hefðbundin málleg og menningarleg samskipti á milli kynslóða (Foley, 1997). Órjúfanlegur þáttur þess að greina og hugleiða söguna er að greina og velta fyrir sér valdi (Debord, 1970).

Markmið með þessari rannsókn er að greina og skoða sögu íslensks táknmáls og döff menningar og komast að því hvernig það skapaði saman mál og merkingu í daglegum samskiptum sín á milli. Samhliða þessu er markmiðið að greina hið hugmyndafræðilega vald sem hefur verið til staðar á hverjum tíma. Áhrif valdsins á íslenskt táknmál og döff fólk eru rædd og í lokin er greind og túlkun staða málsins í dag á grundvelli sögunnar sem sögð var.

Rannsóknarspurningar sem leiddu rannsóknina voru:

Hvernig varð ÍTM og samfélag döff til og þróaðist áfram?

Hvaða þættir styrkja lífvænleika íslensks táknmáls?

Hvaða þættir stuðla að útrýmingu íslensks táknmáls?

Tilgangurinn með rannsókninni er að niðurstöður hennar bæti við þekkingu á nýju fræðasviði, sýni hvers virði tungumál og menning er fólki, hlutverk máls í menntun og mótun sjálfmyndar og hvernig mál þróast og lærist. Að skilningur skapist á því hvers vegna íslenskt táknmál er í útrýmingarhættu og hvaða þættir stuðla að lífvænleika þess. Sú saga sem hér birtist hefur ekki verið sögð en hún er mikilvæg, sérstaklega döff fólki sjálfu, til þess að fá skilning á því hvernig íslenskt táknmál og líf táknmálsfólks er samtvinnað, hvers virði málið er, til þess að skoða valdatengsl á milli samfélaga heyrandi og döff, og til þess að fá skilning á samfélaginu og því lífi sem fólk lifir í dag. Niðurstöður rannsóknarinnar geta þannig nýst í opinberri stefnumótun um ÍTM til þess að stuðla að góðu lífi og jöfnum réttindum táknmálsfólks. Von höfundar er sú að fólkinu í táknmálssamfélaginu finnist fengur að rannsókninni og því að eignast þekkingu um sína sögu sem ekki hefur fyrr verið tekin til greina og að það geti nýtt hana í baráttu sinni fyrir áframhaldandi lífi döffernis og íslensks táknmáls. Með rannsókninni er einnig ætlunin að halda minningu þeirra sem eru gengnir á lofti og skapa grundvöll til þess að draga frekari lærdóma af sögunni.

Næst verður lýst aðferðafræði sem notuð var við rannsóknina.

2.2 Aðferðafræði og gögn

2.2.1 Öflun rannsóknargagna

Gögnin sem notuð eru í rannsókninni eru söguleg gögn, þ.e.a.s. ritaðar heimildir og viðtöl við döff fólk, ásamt nýjum viðtölum sem höfundur tók í tengslum við hana. Ritaðar heimildir eru handrit frá Þjóðskjalasafni Íslands og Danmerkur um börn sem voru send til náms við Døvstummeinstituttet í Kaupmannahöfn og gögn um kennslu í skólanum þar. Einnig eru lýsingar á kennsluaðferðum og nemendum í skólum fyrir heyrnarlaus börn á Íslandi allt frá 1867 í Alþingistíðindum og greinum og heimildum um kennsluaðferðir og málhugmyndafræði sem hefur ríkt í skólum fyrir heyrnarlaus börn hér á landi. Upp úr rituðum heimildum frá Þjóðskjalasöfnum Íslands og Danmerkur, tíðindum um stjórnarmálefni Íslands, kirkjubókum, *Íslendingabók*, íbúaskrá og manntölum, blöðum og tímaritum var tekinn saman æviferill heyrnarlausra nemenda sem sendir voru héðan í danska skólann á 19. öld og í kennslu hér á landi á meðan prestar sáu um hana. Út frá þessum upplýsingum var metið hvenær leiðir fólks lágu saman og samfélag fólks myndaðist þar sem táknmál gat þróast og flust frá einni kynslóð til annarrar. Notuð voru viðtöl við döff fólk, sem eru í eigu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nánar verður fjallað um viðtölin hér að neðan. Enn fremur voru tekin ný viðtöl við fólk sem þekkti söguna og málið sem talað var á mismunandi tímum til þess að fá gleggri upplýsingar um þróun íslensks táknmáls. Samtals var vitnað til 13 viðtala í eigu SHH og 13 viðtala sem tekin voru upp fyrir þessa rannsókn.

Eðli málsins samkvæmt var ekki hægt að skrá íslenskt táknmál fyrr en kvikmyndataekni kom til sögunnar. Með tilkomu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra árið 1990 var farið að skrá markvisst viðtöl við fólk á myndband. Tilgangur viðtalanna var að varðveita málsýni frá ólíkum kynslóðum og skrá sögu döff fólks með leyfi um notkun viðtalanna til rannsókna og eru þær upptökur notaðar í þessari rannsókn. Viðtölin eru fyrst og fremst um skólann, málið og lífið. Myndbandsupptökur Samskiptamiðstöðvar hafa að geyma tvö ólík afbrigði af íslensku táknmáli, jafnvel tvö ólík mál. Afbrigðið af ÍTM sem var notað rétt eftir aldamótin 1900 og fram eftir öldinni var kallað fingramál. Orðaforði þess var byggður á stöfuðum íslenskum orðum með dönsku fingrastafrofi og táknum en málfræðin var táknmálsk. Hitt málið var sjálfsprottið mál meðal nemenda í Málleysingjaskólanum sem byrjaði að þróast árið 1944 þegar Brandur Jónsson tók við sem skólastjóri skólans. Málin þróuðust óháð hvort öðru með ólíkan orðaforða í samfélagi eldra fólksins og í skólasamfélaginu. Síðar, sérstaklega eftir að Félag heyrnarlausra var stofnað árið 1960, blönduðust málin saman að einhverju leyti áður en fingramálið dó út.

Gerð er grein fyrir viðtölunum í töflunum sem hér koma á eftir en ekki verður vísað til þeirra í heimildaskrá:

Tafla 1: Viðmælendur sem vitnað er í úr viðtölum í eigu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra:

Viðtal tekið ár	Viðmælandi	Fædd(ur)	Viðtal tekið af
2006	Sigríður Kolbeinsdóttir	1900	Sigríður Borg Harðardóttir
2001	Guðmundur Kristinn Björnsson	1925	Júlía G. Hreinsdóttir
2004	Magnús Guðberg Jónsson	1929	Svava Jóhannesdóttir
2009	Hervör Guðjónsdóttir	1931	Valgerður Stefánsdóttir
2005	Arne Guðbjörn Ellingsen Magnússon	1932	Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir
2009	Sigurborg Skjaldberg	1941	Svava Jóhannesdóttir
2009	Baldur Snæhólm Einarsson	1940	Svava Jóhannesdóttir
1996	Hreinn Guðmundsson	1941	Magnús Sverrisson
2017 og 2021	Sigríður Borg Harðardóttir	1941	Júlía G. Hreinsdóttir Valgerður Stefánsdóttir
2006 og 2006	Jóna Guðrún Skúladóttir	1944	Eyrún Ólafsdóttir Valgerður Stefánsdóttir
2009	Katla Þórðardóttir	1945	Svava Jóhannesdóttir
2005 og 2006	Daníel Jacob Jensen	1930	Eyrún Ólafsdóttir
2009, 2010, 2012	Halldóra Jónsdóttir	1924	Erindi á vegum kirkju heyrnarlausra Júlía G. Hreinsdóttir Valgerður Stefánsdóttir

Tafla 2: Viðmælendur sem vitnað er í úr nýjum viðtölum sem tekin voru af höfundi í tengslum við þessa rannsókn.

Viðtal tekið ár	Viðmælandi	Fædd(ur)	Athugasemdir
2022	Anna Jóna Lárusdóttir	1950	Um málið og skólann
2022	Berglind Stefánsdóttir	1960	Um málið og skólann
2014 2022	Júlía Guðný Hreinsdóttir	1964	Um mál, menningu og skóla
2021	Elsa Guðbjörg Björnsdóttur	1973	Um mál, menningu og skóla
2022	Guðmundur Ólafsson		Átti afa sem talaði fingramál
2022	Unnur Sigursveinsdóttir		Átti afa sem talaði fingramál
2014	Heiðís Dögg Eiríksdóttir, Svava Jóhannesdóttir og Hjördís Anna Haraldsdóttir	1980 1964 1981	Um menningu
2022	Svava Jóhannesdóttir	1964	Um raddmálsstefnu
2014	Sigrún og Davíð		Viðtöl við fjögur döff þör um afstöðu þeirra til kuðungsigræðslu í döff börn þeirra. Nöfnum þeirra hefur verið breytt.
2014	Albert og Elísabet		
2014	Kristján og María		
2014	Karolína og Jón		

Viðtölin geyma málsýni sem sýna fingramál, mál sem þróaðist innan döff samfélags eftir að skólinn flutti til Reykjavíkur og íslenskt táknmál sem notað er í dag. Sagt er frá skólagöngu og lífi, reynslu og upplifunum, félagslegu samhengi og menningarvenjum. Í viðtölunum birtist saga heyrnarlausra sjálfra um líf sitt og íslenskt táknmál eins og það var talað á mismunandi tímum. Fleiri viðtöl voru notuð til þess að fá mynd af sögunni og til þess að sannreyna upplýsingar sem ekki eru tilgreindar hér.

Til þess að kynnast afstöðu heilbrigðiskerfisins gegn afstöðu foreldra, sem vildu ekki fá kuðungsigræðslu í börnin sín, var orðræðugreind (Machin og Mayr, 2012) grein sem Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands (HTÍ), skrifaði í *Morgunblaðið* þann 8. febrúar 2014. Í þriðja hluta þessa verks verður vitnað í þá greiningu.

2.2.2 Aðferðir og greining gagna

Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum (Bogdan og Biklen, 1998; Corbin og Strauss, 2012). Aðferðafræðileg nálgun við greiningu gagna var margþætt og réðst af því hvaða viðfangsefni var skoðað. Grunduð kenning (e. *grounded theory*) var notuð til þess að greina félagstengsl og hegðun. Öll viðtöl voru tekin upp á myndband á ÍTM. Þau voru þýdd og umrituð á íslensku áður en þau voru kóðuð og þemagreind. Gagnrýninni orðræðugreiningu (e. *critical discourse analysis*) var beitt við túlkun á því hvernig textar flokka fólk, atburði og athafnir með það að markmiði að fletta ofan af hugmyndafræði sem falin er í textanum (Machin og Mayr, 2012). Þá var einnig beitt gagnrýninni orðræðugreiningu með sögulegri nálgun (e. *discourse-historical approach*, DHA) (Wodak, 2015; Reisigl og Wodak, 2017). Slík nálgun felur fyrst og fremst í sér fjölprófun (e. *triangulation*) þar sem tekið er tillit til sögulegs samhengis, margs konar reynsluathugana, kenninga, aðferða og bakgrunnsupplýsinga en einnig hvernig má hagnýta sér niðurstöður til þess að bæta stöðu fólks sem rannsóknin fjallar um. DHA hentar sérstaklega vel til þess að skoða stöðu jaðraðra hópa eins og döff fólks þar sem heyrnarhyggja og fordómar einkenna orðræðu. Í rannsóknnum þar sem notuð er DHA er spurt spurninga á borð við:

- Hvernig orð eru notuð um persónur, hluti, fyrirbæri/atburði, ferli og athafnir og hvernig er vísað til þeirra í máli?
- Hvaða einkenni, hæfileikar og eiginleikar eru eignaðir fólki, hlutum, fyrirbærum, atburðum og ferlum?
- Hvaða rök eru notuð í orðræðunni sem er til umræðu?
- Frá hvaða sjónarhorni eru þessar nafngiftir, tileinkanir og rök færð fram?
- Er það sem sagt er tjáð opinskátt, er það ýkt eða mildað?

Með DHA ásamt grundaðri kenningu mátti greina mynstur og ferli (Wodak, 2015). Þá var samfélagið skoðað í gegnum viðtöl og þátttökuathuganir og sú greining notuð ásamt fræðilegu efni til þess að móta kenningu. Textar og orðræða var túlkuð út frá sögulegu samhengi. Þrjú hugtök ganga í gegnum alla orðræðugreiningu með sögulegri nálgun; *gagnrýni*, *hugmyndafræði* og *vald*. Gagnrýnin fólst í að skýra félagslegt samhengi og pólitíska stöðu. Í greiningu og gagnrýni á orðræðu var leitað að ósamræmi, andstæðum og vanda. Orðræðan var túlkuð í gegnum þekkingu á aðstæðum og kenningarleg líkön frá ýmsum fræðigreinum. Gagnrýni á framtíðina gat falist í að benda fram til annars konar orðræðu og með því voru niðurstöður nýttar í þeim tilgangi að mögulegt væri að bæta stöðu ÍTM og fólksins sem talar það. Greind var hugmyndafræði sem er sameiginleg þeim sem hafa menningarlegt forræði og hvernig hugmyndafræði er endursköpuð í gegnum orðræðu til þess að viðhalda valdi (Reisigl og Wodak, 2017). Vald og valdamunur á milli hópa heyrandi og döff var

skýrður. Þá var sögulegri orðræðugreiningu jafnframt beitt til þess að greina sjálfsmyndir og ímyndir heyrnarlausra á hverjum tíma. Fræðileg umfjöllun sem jafnframt myndar grunninn undir greiningu rannsóknargagnanna og hvernig niðurstöður eru kynntar er til dæmis umfjöllun um vald, menningarlegt forræði (e. *hegemony*), stjórnun hugarfarsins (e. *governmentality*), nýlenduhyggju, kynþáttahyggju eins og audisma, málstefnu og málstyringu, um menningu og döff ágóða og sjónarmið úr hagsmunabaráttu döff fólks, en þessi fræðigrunnur var kynntur í fyrsta kafla.

Í fyrsta lagi var viðgangsefni rannsóknarinnar að setja fram grundaða kenningu um það hvenær og hvernig íslenskt táknmál varð til. Á grundvelli sögulegra gagna var skráð saga og æviferill heyrnarlausra Íslendinga sem urðu skólaskyldir allt frá árinu 1817. Af sögu fólksins, umfjöllun um kennsluáðferðir og á grundvelli fræðigreina um tilurð tungumála voru túlkuð félagsleg munstur og ferli sem gætu hafa leitt til þróunar íslensks tákn máls og döff menningar. Sjónum var fyrst og fremst beint að því hvenær samfélag skapaðist þar sem mál og menning gat þróast og nýjar kynslóðir gátu lært málið af þeim eldri. Þá var gerð tilraun til þess að lýsa því hvernig mál gæti hafa þróast út frá málgerðinni sem birtist í viðtölum við elstu viðmælendurna, frásögnum þeirra af kennsluáðferðum og notkun máls, rannsóknum annarra fræðimanna og sögunni.

Í öðru lagi beindist rannsóknin að því að skoða með ofangreindum áðferðum og lykilhugtökum málvísindalegrar mannfræði, eins og fjölvirkni, atbeina, málhugmyndafræði og tilvísun háða samhengi (Ahearn, 2012; Van Dijk, 2012), vanda íslensks tákn máls í því umhverfi sem það er í á hverjum tíma, til dæmis hvað varðar notkun málsins, notkunarvið og hlutverk þess sem móðurmáls. Hugtökin hjálpuðu til við að varpa ljósi á það hvernig tungumálið tengist hugsun og menningu, hvernig mál- og menningarsamfélag döff varð til og hvað felst í málsamfélagi. Jafnframt voru hugtökin notuð til þess að skilja tengsl tungumáls og félagslegrar þátttöku með tilliti til valds og atbeina fólks, félagslegan mun innan samfélaga, til dæmis tengdan heyrnarhyggju eða audisma, þjóðvæðingu eða ferlið að því að verða döff (e. *ethnicization*) og hvernig málhugmyndafræði hefur haft áhrif á lífvænleika íslensks tákn máls. Skrif um málhugmyndafræði eru sérstaklega áhugaverð þar sem íslenskt táknmál er minnihlutamál og hefur auk þess verið bannað stóran hluta af líftíma þess. Í málhugmyndafræði og málstefnu eins og tákn málsbanni felst mikið vald, sem hefur haft veruleg áhrif á þróun, hnig og eflingu íslenska tákn málsins, líf og menntun málhafa. Þessi hugtök með gögnum rannsóknarinnar voru notuð til þess að styðja kenningu um lífvænleika íslensks tákn máls.

Greining viðtala beindist að innihaldi þess sem var sagt en einnig að því hvernig sagt var frá og hvað fólk valdi að tala um. Leitað var að vísbendingum um notkunarvið málsins á hverjum tíma og hvernig það hefur þróast. Það ásamt öðrum upplýsingum eins og táknmyndun og samhengi málsins á hverjum tíma gaf upplýsingar um atbeina fólks og aðstæður. Auk viðtala voru samhliða notuð opinber gögn, söguleg gögn, tímaritsviðtöl og greinar til þess að skilja betur félagslegt samhengi sem fólkið og

tungumálið var í. Í gegnum notkun málsins, misnotkun, smánun og bann við notkun þess mátti greina afstöðu og viðhorf þeirra sem ráðið hafa málpólitík og kennsluháttum. Merking og kerfi hugmynda sem birtust í viðtölum við döff fólk voru ólík því sem birtist í skrifum heyrandi fólks, til dæmis um málhafa, málið, notkun málsins, notkunarsvið eða hlutverk sem móðurmáls.

Að greiningu lokinni voru valdar lykilpersónur úr döff samfélagi og þær fengnar til þess að lesa yfir greiningu og tilgátur. Almennt var fólk sammála greiningu höfundar og gat bætt við upplýsingum sem studdu þær greiningar sem fram voru komnar. Tekið var tillit til athugasemda sem komu fram.

2.2.3 Aðferðafræðilegar ögranir og siðferðileg vandamál

Upplýsingar um flesta sem fæddir voru fyrir 1900 eru fengnar úr opinberum gögnum. Döff samfélag á Íslandi er lítið, um 300 manns. Allir þekkja alla og tengsl á milli fólks í samfélaginu eru nánin, oft líkt við fjölskyldutengsl. Útilokað er annað en að helstu persónur sem koma við sögu á 20. öldinni þekkist innan samfélagsins. Þegar upptökur Samskiptamiðstöðvar voru gerðar var fengið samþykki fyrir notkun viðtala til rannsókna. Tilvitnanir í ný viðtöl tekin vegna þessarar rannsóknar eru birtar með samþykki viðmælenda. Hér verður farin sú leið að halda réttum nöfnum þeirra sem nefndir eru til sögunnar. Er það gert af virðingu við fólk og til þess að halda minningu þess á lofti. Sögð er saga fólks sem útilokað var frá tækifærum í lífinu en skaraði þó fram úr öðrum með því að búa til í sameiningu sínar eigin formgerðir undir kúgun, mismunun og ofbeldi. Útilokað frá raddmáls samfélagi annarra skapaði það sér líf, tungumál og menningu með ótrúlegri þrautseigju og dugnaði, skapandi hugsun og ráðsnilld. Í nokkrum nýrri viðtölum eru raunveruleg nöfn viðmælenda ekki notuð eins og fram kemur í töflu hér fyrir ofan.

2.2.4 Aðkoma höfundar, sjónarhorn og tengsl við viðfangsefnið

Höfundur útskrifaðist með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands vorið 1977, hóf störf sem kennari við Heyrnleysingjaskólann um haustið og vann þar til ársins 1989. Brandur Jónsson skólastjóri skólans hafði auglýst fimm lausar kennarastöður við Heyrnleysingjaskólann á korktöflu í Kennaraháskólanum og fimm nýútskrifaðir kennarar réðust til starfa við skólann. Var höfundur meðal þeirra. Ég hafði aldrei hitt heyrnarlausu manneskju á þeim tíma eða leitt hugann að tilvist þeirra en hafði séð fingrastafróf sem prentað var í vasabókum. Á þessum tíma var nemendum skipt í bekki eftir heyrn og getu til þess að tala íslensku. Brandur Jónsson skólastjóri sagði mér þegar ég hóf störf að þegar börnin hefðu náð færni í íslensku ættu þau alla möguleika á að afla sér þeirrar þekkingar sem þau þyrftu á að halda. Aðalverkefni mitt sem kennari væri því að kenna nemendum íslensku. Ég átti bæði að þjálfa heyrn þeirra með því að halda pappírslaði fyrir munninum við upplestur stafsetningaræfinga og æfa framburð með því að láta þau lesa upphátt. Eins og veganestið sem Brandur gaf mér ber með sér var raddmálsstefnu fylgt á fyrsta hluta þess tímabils sem ég vann í skólanum (Brandur Jónsson,

1967). Síðar breyttist hugmyndafræðin í það sem kallað var alhliða boðskipti (Guðlaug Snorradóttir, e.d.), en síðar var talað um táknmálsstefnu og að lokum tvítýngi (Gunnar Salvarsson, 1991, 1995). Frá árinu 1990 og þar til í febrúar 2019 var ég forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og tók þátt í baráttu fyrir jöfnum rétti táknmálsfólks til þátttöku í samfélaginu og lagalegri viðurkenningu á íslensku táknmáli. Einnig var ég formaður málnefndar um ÍTM fyrstu árin eftir að Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls voru samþykkt (2011). Nú vinn ég sem sjálfstætt starfandi fræðimaður innan mannfræði og döff fræða.

Almenn viðhorf til íslensks táknmáls, fólks sem talar ÍTM, þátttöku þess og menntunar barna eru önnur en meðan ég kenndi við Heyrnleysingjaskólann (síðar Vesturhlíðarskóla). Frá þeim tíma hefur til dæmis orðið til með starfsemi Samskiptamiðstöðvar táknmálsútlakþjónusta, kennsla í íslensku táknmáli á miðstöðinni, í framhaldsskólum og Háskóla Íslands, námsefnisgerð á ÍTM, ráðgjafarþjónusta og rannsóknir á ÍTM. Í skólakerfinu hefur þróast tvítýngisstefna (Gregory, 1998; Skutnabb-Kangas, 1994) og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar (Dóra S. Bjarnason, 2003) í menntun heyrnarlausra barna. Ég hef því verið áhorfandi og þátttakandi í þeim breytingum sem hafa orðið á afstöðu til ÍTM fólks, þjónustu innan skólakerfisins og annars staðar í samfélaginu á undanförunum áratugum. Nýjar kennslustefnur hafa tekið við hver af annarri og breytingarnar virðast vera miklar og hafa gerst hratt. Innan skólans hafa skólustefnur þó fyrst og fremst snúist um það hvaða mál er hverju barni mikilvægast og þar hefur vald íslensku vegið þungt. Auk rannsóknargagna sem nefnd hafa verið byggð á ég rannsóknina því einnig á reynslu minni og athugunum yfir 45 ára tímabil. Fyrst sem kennari og þátttakandi í skólanum á meðan málstefnur í skólanum breyttust ört frá raddmálsstefnu, í alhliða boðskipti, í táknmál og tvítýngi og síðar sem forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar sem hafði það meginhlutverk að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra á grundvelli íslensk táknmáls. Með starfi stofnunarinnar og í samstarfi við Félag heyrnarlausra var lagður grunnur að lagalegri viðurkenningu ÍTM, kennslu í Háskóla Íslands og rannsóknnum sem nú eru unnar í samstarfi SHH og HÍ innan rannsóknarstofu í táknmálsfræðum.

Ég er heyrandi og fjölskylda mín er heyrandi. Ég get aldrei eignast reynslu þeirra sem eru döff eða skilið líf þeirra til fullnustu. Kitzinger og Wilkinson (1996) leggja áherslu á að við sem rannsökuð „hina“ gerum okkur grein fyrir stöðu okkar og hlutverki gagnvart fólki í öðrum hópum sem búa við vald sem við upplifum ekki. Þær benda á að við höfum tækifæri til þess að gefa „hinum“, í þessu tilviki döff fólki, möguleika á að láta í sér heyra með það að markmiði að hafa áhrif og breyta stöðu þeirra. Jafnframt þurfi rannsakendur að vera meðvitaðir um hvernig „hinir“ hóparnir skapast eða mótast, hvað „hinir“ segja um „okkar“, hvernig við sköpum „hina“ í rannsóknnum okkar og að búa til grundvöll til þess að koma á samtali á milli „okkar“ og „hinna“ (Kitzinger og Wilkinson, 1996). Það sem Michelle Fine (1994) kallar bandstrikið tengir *sjálf - hin* en það aðskilur líka (Fine, 1994). Að hennar mati þarf að skoða þetta bandstrikið og hvernig það hefur orðið til. Hún hvetur rannsakendur til að vera á verði gagnvart valdamun hópanna

báðum megin við bandstrikið. Að vinna að félagslegu réttlæti og hafa í huga að mótun sjálfsmýndar og sköpun „sjálf“ – „hin“ snýst um bandstrikið eða í þessu tilviki mörk samfélaga ÍTM og íslensku.

Í lífi mínu tengist ég þessum tveimur menningarheimum sem bandstrikið aðskilur, þeim sem tengist íslensku og hinum sem tengist íslensku táknmáli. Ég hef alla mína starfsævi unnið með döff fólki. Viðhorf mín og pólitísk afstaða mótast að verulegu leyti af því að ég þekki og umgengst fólk sem er döff. Í þessu verki leita ég eftir gagnrýni á túlkningar mínar frá döff fólki og ég styðst við döff fræðimenn. Með þessa afstöðu mæti ég viðfangsefni rannsóknarinnar og með þann ásetning að döff sannleikur sé sagður, sú hlið á sögunni sem aldrei hefur verið sögð. Rannsóknin er gerð með fólki og fyrir fólk sem er döff. Ég reyni að „sjá tvöfalt“ þannig að ég horfi á aðstæðurnar sem heyrandi og sem döff. Sjónarhorn mitt er því annars vegar fyrirbærafræðilegt en líka að hluta til femínískt (Richardson, 1997, 1998; Stacey, 1991). Ég skoða félagslega og menningarlega þætti sem viðhalda og skapa misrétti og vil að rannsóknin auki skilning á verðmætum sem felast í íslensku táknmáli og döff samfélagi og verði til þess að efla það. Rannsakandinn í eigindlegri rannsókn verður alltaf „mælitæki“ á gögn rannsóknarinnar. Mín aðferð við að takast á við þá stöðu er að skýra tengsl mín við viðfangsefnið. Að viðurkenna og lýsa því hvernig ég er hlutdræg og hvert sjónarhorn mitt er á þá sögu sem ég segi upp úr gögnunum og út frá hverju skilningur minn á gögnum rannsóknarinnar byggist.

1. HLUTI: SKÓLASAGA HEYRNARLAUSRA ÍSLENDINGA

Í fyrsta hluta niðurstaðna mun ég skoða sögu heyrnarlausra Íslendinga og þær formgerðir sem sköpuðust í kringum þá. Til þess að gera sér grein fyrir því hvernig íslenskt táknmál varð til þarf að skoða hvenær samfélag döff fólks myndaðist á Íslandi. Yfirleitt varð það fyrst þegar börnum var safnað saman í skóla að ferli málþróunar, sem fræðimenn hafa lýst, gat farið af stað. Látbragð varð að tákni, tákn bundust í málkerfi og mál þróaðist áfram með hverri nýrri kynslóð málhafa (Bahan, 2014; Shengas og Coppola, 2001; Goldin-Meadow, 2005a, 2005b). Einnig verður leitað eftir því hvort samfélag döff fólks hafi myndast á 19. öldinni utan skólans, sem borið gæti mál frá einni kynslóð til annarrar, hver staða fólks var, sköpun ímyndar þess og hvort uppruna íslensks tákn máls sé að leita í dönsku tákn máli eins og fræðimenn hafa talið.

3 Skólasagan

3.1 Heyrnarlaus börn á Íslandi voru send í skóla til Danmerkur

Heyrnarlausir viku frá normi og urðu samkvæmt skilgreiningu Foucaults á lífvaldinu 'óvinir samfélagsins'. Með því varð heyrnarleysi viðfangsefni eftirlits ríkisins. Lög voru sett í Danaveldi árið 1817 um skólaskyldu heyrnarlausra barna, frá átta ára aldri (Holck, 1907), hundrað árum á undan setningu skólaskyldu fyrir heyrandi börn á Íslandi (Gunnar Karlsson, 2018). Ísland var undir Danmörku og því urðu heyrnarlaus börn á Íslandi einnig skólaskyld þar. Með læknisfræðilegri greiningu brást lífvaldið við og vísaði á uppeldisfræðilegar stofnanir sem tóku við frávíkunum til þess að gera þau eðlilegri. Þegar læknir hafði staðfest að barn væri heyrnarlaust átti, samkvæmt lögnum, að tilkynna það sóknarprestinum í heimasveit barnsins sem kom upplýsingum áfram til Konunglegu daufdumbrastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, þar sem haldin var skrá yfir börnin. Stofnunin gerði kirkju- og kennslumálaráðuneytinu síðan viðvart þegar börn höfðu náð átta ára aldri og það kallaði barnið inn í gegnum yfirvöld á Íslandi. Þannig voru börnin tekin frá foreldrunum ung að árum og send til Danmerkur til þess að bæta þau.

Almennt hefur verið talið (sjá t.d. Alþingistíðindi, 1871; Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945) að 24 börn hafi verið send út og af þeim hafi 8 látist ytra. Reynir Berg Þorvaldsson (2010),

sagnfræðingur og höfundur bókarinnar *Saga heyrnarlausra á Íslandi*, bendir á að þessar upplýsingar komi upphaflega fram á Alþingi árið 1869 í bréfi sem lagt var fyrir þingið frá Jens Peder Trap, þáverandi forstjóra Konunglegu daufdumbrastofnunarinnar. Reynir telur hins vegar að a.m.k. 35 Íslendingar hafi verið sendir í skólann og byggir það á gögnum sem hann aflaði á Þjóðskjalasafni Danmerkur (d. *Rigsarkivet*).

Hér verður sagt frá íslenskum börnum sem send voru út, við hvaða aðstæður þau bjuggu í Danmörku, hvaða menntun og mál þau fengu á Konunglegu daufdumbrastofnuninni, hvernig unglingunum farnaðist eftir fermingu og útskrift og hvað beið þeirra sem sneru heim til Íslands. Í þeim tilgangi er stofnuninni lýst og kennslufræðinni sem byggt var á. Það er einnig gert til þess að gefa hugmynd um það í hvaða umhverfi fyrstu íslensku kennarar heyrnarlausra sóttu þekkingu sína.

3.1.1 Konunglega daufdumbrastofnunin í Kaupmannahöfn

Á hundrað ára afmæli „Det kongelige Døvtumme-Institut“ eða Konunglegu daufdumbrastofnunarinnar stóð Dr. Jur. C. Goos, þáverandi forstöðumaður stofnunarinnar, fyrir útgáfu veglegs afmælisrits um sögu hennar sem út kom árið 1907. Höfundar efnis voru prestar og fyrrverandi kennarar, Johan Holck (um tímabilið 1807–1839) og Johannes Jørgensen (um tímabilið 1839–1907). Umfjöllun um stofnunina í eftirfarandi kafla byggir í aðalatriðum á skrifum þeirra.

3.1.1.1 Upphafið – Tími Castbergs 1807–1823

Konunglega daufdumbrastofnunin hóf starfsemi sína í leiguhúsnæði við Sølvgade í Kaupmannahöfn og var húsnæðið innréttað fyrir kennslu 25 drengja og 15 stúlkna. Það var norskættaði læknirinn Peter Atke Castberg sem stýrði stofnuninni fyrstu árin eða til ársins 1823. Castberg hafði í mörg ár haft áhuga á kennslu heyrnarlausra og var skólinn stofnaður að hans undirlagi. Hann fékk styrk frá ríkisstjórninni til þess að kynna sér kennslu heyrnarlausra í Evrópu og ferðaðist um Þýskaland, Austurríki, Sviss, Ítalíu og Frakkland þar sem táknmálið var leiðandi kennslumál. Hann valdi að vinna í anda franska prestsins L'Épée sem hafði verið fyrirmynd flestra kennara í Evrópu. Það var Castberg sem vann að því að fá lögfesta skólaskyldu heyrnarlausra barna í Danaveldi árið 1817, frá átta ára aldri og með því einnig skólaskyldu heyrnarlausra barna á Íslandi.

3.1.1.1.1 Kennsluáferðir Castbergs

Grunnhugsunin í kennslu Castbergs var að táknmál væru móðurmál heyrnarlausra. Danskt táknmál var því kennslumál í skólanum til þess að efla hugsun barna og einnig til þess að kenna þeim ritaða mynd raddmálsins. Að nota táknmál var að mati hans öruggasta leiðin til þess að börnin næðu vitsmunalegum og tilfinningalegum þroska. Önnur hlið kennslunnar sneri að kennslu í dönsku, málinu sem var talað í samfélaginu. Þar var fingrastafróf og ritmál í aðalhlutverki en einnig danskt táknmál, þýtt í orð sem voru skrifuð og fingrastöfuð. Nemendur voru líka látnir læra að segja einfaldar

setningar með rödd, á sama hátt og þeir sem fara til annarra landa læra að tala mál heimamanna, til þess að geta til dæmis pantað mat og drykk.

Castberg bar danskt táknmál saman við fingrastafróf og benti á hversu miklu framar það stæði hvað varðaði tjáningu og líf. Fingrastafrófið væri háð minninu en skilningurinn fengist í gegnum táknmál. Fingrastafróf væru dauð form á meðan táknmálið væri lifandi málverk. Í mörgum tilvikum væru takmarkanir tákn mála þær að sérhver einstaklingur, sem ekki væri í samfélagi annarra táknmálstalandi, byggi til mál fyrir sig og það dæi út með málhafanum. Málin skorti, að hans mati, hefð og því væru þau fátæk og margræð. Það væri ekki málunum að kenna heldur aðstæðum fólksins sem talaði táknmál. Ef til væri borgaralegt samfélag þar sem táknmál bærist frá kynslóð til kynslóðar yrði málið betra og ríkara í takt við andlega menningu samfélagsins (Holck, 1907). Castberg hafði óvenjulega djúpan skilning á eðli tákn málsins og þróun þess sem er í samræmi við niðurstöður rannsókna nútímafræðimanna (sjá t.d. Goldin- Meadow, 2005 a; Kegl 2021), um mikilvægi tákn mála fyrir heyrnarlaus börn. Kennslufræði hans var sömuleiðis samhljóma skrifum nútímafræðimanna um tvítýngi tákn máls og radd máls (sjá t.d. Gregory, 1998; Grosjean, 1982).

3.1.1.2 Námskrá skólans

Nemendum var skipt í þrjá bekk. Yngri nemendurnir voru tvö ár í fyrsta og öðrum bekk en í elsta bekknum í eitt ár, samtals í fimm ár. Fljótlega var skólatíminn lengdur í sex ár, jafnvel sjö eða átta ár fyrir suma nemendur. Kennslan var kerfisbundin og unnið var eftir skýrri námskrá. Í fyrsta bekk lærðu nemendur bókstafina (fingrastafróf, skrift, framburð, prentstafi), þar næst nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og forsetningar. Til þess að læra mun á orðflokkum voru orð í hverjum orðflokki skrifuð í sérstaka bók. Nafnorð voru skrifuð í bók 1, lýsingarorð í bók 2 o.s.frv. Út frá því mynduðust tákni fyrir orðflokkana þannig að táknið nafnorð varð BÓK 1 og táknið lýsingarorð varð BÓK 2 o.s.frv. Einfaldar setningar með hjálparsögnunum að vera, hafa og geta voru æfðar, síðan setningar með áhrifslausum sögnum og að lokum með áhrifssögnum. Þá voru æfð spurnar- og svarform.

Í reikningi var æft að telja með teningum og reiknuð dæmi með reikningsaðferðunum fjórum. Í öðrum bekk var nýjum orðflokkum, fornöfnum og töluorðum bætt við. Þjálfaður var skilningur á texta út frá auknum orðaforða um hluti og verknaði. Margir textarnir voru um náttúrufræði, samfélagið og Kaupmannahöfn og umhverfi en táknmál var kennslumálið og til útskýringa á hugtökum og setningum. Í þriðja bekk voru kennd 8400 nauðsynleg orð, 60–100 orð á dag. Þá var kennd saga, landafræði og trúfræði þar sem einnig var fjallað um listir og heimspeki. Eftir að skóla lauk fengu nemendur að læra iðn. Í fyrstu lærðu drengirnir skósmíðar og vefnað og stúlkurnar að sauma, þrjóna og spinna.

3.1.1.1.3 *Brottrekstur Castbergs*

Castberg var hugsjónamaður og hugmyndaríkur kennari og er sagður hafa haft móðurmálsfærni í dönsku táknmáli. Hann miðlaði öðrum kennurum við stofnunina ráðum og stuðningi og góður árangur náðist í kennslunni á hans tíma. Frá upphafi var hann einráður í skólanum, sem heyrði beint undir ráðuneytið, vel liðinn af nemendum og kennurum og vel metinn af yfirvöldum. En þegar kreppan tók við í Danmörku, í kjölfar Napóleonsstríðanna, fór að halla undan fæti. Castberg var ekki heill heilsu og réð ekki jafn vel við rekstrarerfiðleika og erfiðar utanaðkomandi aðstæður. Fljótlega gat stofnunin ekki rúmað þann fjölda barna sem sótti inn í skólann og þegar ríkið varð gjaldþrota árið 1813 varð fjárhagsstaðan afar þröng og húsnæðið grotnaði niður. Að lokum var staðan orðin svo slæm að bregðast þurfti við. Castberg var rekinn í janúar 1823 og lést stuttu síðar þann 30. apríl 1823, aðeins 43 ára gamall (Holck, 1907).

3.1.2 *Nemendurnir sem fóru til Kaupmannahafnar og skólinn sem tók við þeim*

Erfitt er að setja sig í spor íslenskra foreldra sem voru skyldaðir til þess að senda börnin sín í heimavist í Málleysingjaskólanum á Íslandi. Enn þá erfiðara hefur það verið fyrir foreldra að senda barnið sitt aleitt, til annars lands með skipi, vitandi að það yrði í burtu í að minnsta kosti sex ár og ef til vill ætti það aldrei afturkvæmt. Vonlaust hefur verið að útskýra fyrir börnunum hvað stæði til, hvert þau væru að fara, hvers vegna eða hvað tæki við í nýja skólanum.

Hvernig er líka hægt að ímynda sér skelfingu og vanlíðan barnanna, sem voru sett um borð í skip á leið til Kaupmannahafnar í siglingu sem tók, ef til vill eftir langt ferðalag innanlands, að minnsta kosti tvær vikur, jafnvel upp í mánuði, allt eftir byr? Börnin sigldu ein til ókunnugs lands án þess að vita hvað biði þeirra. Þau lentu á stofnun þar sem þau þekktu engan og voru án kærleika og umhyggju foreldra sinna. Rannsóknir á áhrifum aðskilnaðar barna frá foreldrum sínum og frásagnir fullorðinna heyrnarlausra sem dvöldu áður fyrir á heimavistum hér á landi benda til þess að slíkar aðstæður hafi verið þeim afar erfiðar og líðan margra hafi verið slæm, án stuðnings eða huggunar og án þess að vera þátttakendur í daglegu lífi og hátíðarstundum með fjölskyldu sinni (Róbert Spanó, 2009).

Í nemendaskrá Konunglegu daufdumbrastofnunarinnar (d. *Stambog 1816-1865*) var haldin skrá yfir nemendur frá 1816 og fram til 1859 þegar nýtt skráningarkerfi virðist hafa verið tekið upp. Í bókina eru skráð 16 börn frá Íslandi. Upplýsingar eru um andlát átta af þeim sextán sem þar eru skráð og um fermingu, útskrift, framhaldsnám og heimsendingu hinna sem lifðu af dvölinna (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: *Stambog over elever 1816-1865*). Í gögnum sem Reynir Berg Þorvaldsson (2010) aflaði á Þjóðskjalasafni Danmerkur er meðal annars skrá frá Konunglegu daufdumbrastofnuninni yfir heyrnarlausu í Danmörku og skólagöngu þeirra. Þar er að finna upplýsingar um 14 Íslendinga, tveir þeirra eru einnig í gömlu nemendaskránni,


Þannig að 12 Íslendingar bætast við þá 16 sem skráðir eru í nemendaskrána, sem gera samtals 28 nemendur.

Auk þeirra er gerð grein fyrir tveimur stúlkum til viðbótar sem komu inn eftir þann tíma sem ofangreindar skrár ná yfir. Fram kemur í *Stjórnartíðindum 1877* að greiddur hafi verið af norður- og austuramtinu ferðakostnaður heyrnar- og mállausrar stúlku, Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur, á dumbaskólann í Kaupmannahöfn, 102 krónur (Stjórnartíðindi fyrir Ísland: B-deild, 1877, bls 99). Þá kemur fram í eftirmælum í *Þjóðólfi* árið 1894 eftir Jón Matthíasson, kaupmann í Reykjavík, að dóttir hans, Guðrún Jóhanna Jónsdóttir, hafi dáið í Kaupmannahöfn. Hafði faðir hennar verið miklum hluta af söluandvirði bús síns „til að kosta mál - og heyrnarlausu dóttur til náms í Kaupmannahöfn, með því misjafnt orð lék þá á hinni innlendu heyrnar- og málleysingjakennslu“ (Kunnugur, 1894, bls. 234).

Samtals verður hér gerð grein fyrir 30 Íslendingum sem voru við nám á stofnuninni. Í gögnum sem hafa fundist á Þjóðskjalasafni eru upplýsingar um tvö börn til viðbótar, sem ekki eru í skránum en sótt var um fyrir á stofnuninni. Líklega hafa þau ekki fengið skólavist þar. Sótt var um fyrir annað þeirra árið 1830 þegar slæmt ástand ríkti á stofnuninni og fáir voru teknir inn.

3.1.3 Nemendur fengu númer í stað nafns

Þegar nemendur komu í skólann fengu þeir númer í stað nafns. Nemendaskráin var handskrifuð og gert var ráð fyrir tveimur opnum fyrir hvert númer. Fimm til sex nemendur voru skráðir í hverja opnu þannig að allt að 10 til 12 nemendur gátu fengið sama númer. Þegar einn nemandi yfirgaf skólann fékk næsti nemandi sem tekinn var inn hans númer. Þarna var skráð í dálka nafn, nafn foreldra, fæðingardagur, komudagur, dagur fermingar, útskriftar og heimsendingar til Íslands eða andláts og að lokum voru skráðar athugasemdir um námsferil og framhaldsnám.



Mynd 1 Páll Hinriksson nr. 32 var fyrsti íslenski nemandinn sem sendur var út. Mynd höfundar af opnu í nemendaskránni.

Páll Hinriksson, drengur nr. 32, var fyrsti Íslendingurinn sem sendur var til náms við málleysingjastofnunina í Kaupmannahöfn. Hann fæddist árið 1811 í Skagafirði og missti heyrn vegna veikinda á fjórða ári. Hann var níu ára gamall þegar hann sigldi til Kaupmannahafnar og kom í skólann í september árið 1820, en lést 16. janúar 1827, tveimur mánuðum áður en hann átti að fermast og fara heim (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) eða þremur árum áður en Castberg var rekinn frá skólanum.

Að þurrka eiginnöfn barnanna út og gefa þeim númer í stað nafns er málgjörð (e. *speech act*) sem felur í sér vald. Gísli Pálsson (2014) mannfræðingur hefur fjallað um áhrif eiginnafna og hlutverk þeirra í lífi okkar. Eiginnöfn eru ekki einungis til þess að greina okkur hvert frá öðru heldur bendir hann á að þau staðsetji fólk í félagslegu samhengi, tengi það fjölskyldu, ætt eða þjóðernishóp og móti sjálfsmynd og sjálfskilning. Nöfn geti líka, eins og í þessu tilviki, verið tæki til eftirlits, kúgunar og þess að tilheyra skólanum. Í nafngift geti einnig falist ofbeldi (e. *abuse*) og skömm. Gísli bendir á að nafn hafi verufræðilega þyngd. Hann tekur dæmi af nýlenduherrum sem gáfu þrælum ný nöfn til þess að þurrka út sjálfsmynd þeirra og sögu. Í slíkri málgjörð fólst eftirlit og að tilheyra þeim og útiloka frá öðrum. Persónan var umsköpuð með nýja nafninu sem eign og slitin úr félagslega samhenginu sem hún lifði í áður (Gísli Pálsson, 2014). Með inntöku í skólann var um leið þurrkuð út sjálfsmynd

nemenda og saga þeirra. Þau voru slitin úr sínu fyrra samhengi og sett undir agatækni (Foucault, 1977) stofnunarinnar. Faðir Kristínar Ólínu Kristjánsdóttur, sem lést á stofnuninni þann 16. febrúar 1847, aðeins þrettán ára gömul, reyndi af kærleika að gefa henni nýtt samhengi áður en hann sendi hana til Kaupmannahafnar. Hún var send út sem Christine Oline Magnussen en þegar þangað kom var samhenginu svipt í burtu. Hún tilheyrði stofnuninni, stúlka nr. 34 og var án ástríkis og verndar foreldra sinna.

Öllu valdi fylgir andóf og athafnir (Foucault, 1991). Viðbrögð barnanna í skólanum voru ófyrirsjáanleg. Þau áttu sömu sögu og þekktu hvað það var að koma ein og mállaus inn í skólasamfélagið, slitin úr sínu fyrra samhengi. Meðal þeirra höfðu orðið til döff formgerðir, mál og menning en einnig samkennd og ábyrgð hvert á öðru. Börnin tóku við nýjum einstaklingum, hugguðu þá og studdu og gáfu þeim stærstu *gjöfina* – móðurmál og nafnatákn. Í bókinni *The Gift: The Form and Reason for Exchange in Archaic Societies*, skilgreinir Marcel Mauss gjöf á milli fólks með því að hún myndi tengsl, sameini fólk, skapi traust og hún sé hornsteinn samfélaga (Mauss, 1990). Nýja tungumálið, sem börnin frá Íslandi eignuðust, gaf þeim miklu meira en að geta komið upplýsingum frá sér og tekið við boðum frá öðrum. Tungumálið var fjölvirkt (e. *multifunctional*). Það tengdi þau í samfélagi við aðra og gaf þeim möguleika á að taka þátt í lífi, hafa áhrif, að vera manneskja og eiga menningu. Nafngiftasiðvenja í táknmálssamfélögum um allan heim er einstök og skapandi og sterkt einkenni döff menningar. Eins og fram kom í inngangi tengir hún fólk sterkum böndum og á þátt í sköpun sjálfsmyndar einstaklinga. Nafngiftasiðvenjan í danska táknmálssamfélaginu hefur án efa verið sams konar á þessum tíma og annars staðar.

Ladd (2003) hefur sýnt okkur að ferlið að því að eignast döff sjálf hefst við aðild að döff samfélagi í gegnum félagslegt ferli á táknmáli með öðrum döff (Ladd, 2003). *Gjöfin*, sem fólst í tungumáli og nafni, tengdi börnin inn í nýtt félagslegt samhengi og gaf þeim nýtt upphaf. Samhengi þeirra við umhverfið var endurskilgreint og átti þátt í valdeflingu þeirra og sjálfsköpun. Nafnatáknið endurspegladi hvernig aðrir sáu þau (eflaust hefur einhver íslensku nemendanna fengið nafnatáknið ÍSLAND). Með aðild að döff samfélagi, byrjaði nafnið að hafa áhrif og sjálfið gat vaxið innan samhengisins, þróast og þroskast. Döff samfélag verður alls staðar annað félagskerfi og menning en heyrandi fólk á. Nýjar venjur og siðir urðu til meðal nemenda skólans og í sameiningu þróuðu þeir hæfileika til þess að komast af. Nemendurnir eignuðust sinn döff *habitus* og sinn menningarauð (Bourdieu, 1991) sem býr í döff menningu. Úr henni fengu börnin lífskraft og næringu.

Börn voru aðgreind með númerum af hálfu skólans en þeirra brögð (sbr. de Certeau, 1984) voru að gefa (nöfnum) númerum sínum nýja verufræðilega þyngd með því að endurspeglar nafnatákn nemenda á tölur. Í myndbandi sem til er á Youtube (Andersen, 2012) eru sýnd dönsk tölutákn frá árinu 1934. Þar hafa tölur í dönsku táknmáli þess tíma verið táknaðar, í máli barnanna, eins og nafnatákn þess sem bar númerið. Nafnatáknið sem myndað er með A hönd á enni og nafnatáknið með Æ hönd við kinn voru notuð í málinu fyrir tölurnar 13 og 16 sjá mynd 2.



Mynd 2. Númerin 13 og 16. Nafnatáknið sem myndað er með A hönd á enni og nafnatáknið með Æ hönd við kinn voru nafnatákn nemenda með þessi númer. Nafnatákn nemendanna voru yfirfærð á tölur. Mynd klippt úr myndskaiði <https://www.youtube.com/watch?v=ei3NNVRzcWY>.

3.1.4 Ný stjórn – breyttir tímar – 1823–1838

Eftir að Castberg var rekinn var skólanum sett stjórn sem fékk það hlutverk að koma rekstrinum í lag aftur. Stjórnarformaðurinn, Abrahamson, var ekki fagmaður en mjög ráðríkur og vildi skipta sér af smæstu smáatriðum. Castberg og Abrahamson voru algerar andstæður. Abrahamson kom á heraga, ströngu skipulagi og sparnaði á öllum sviðum. Manngæska og mildi Castbergs hvarf, þvinganir tóku við, frítími var minnkaður og agi ríkti í kennslustofunni. Undir stjórn Abrahamson fjölgaði nemendum verulega. Allt pláss var nýtt, skólastofur voru notaðar fyrir matsal og þurrkloft fyrir svefnal. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa, kirtlaveiki, beinkröm, berklar og dauði breiddust út með ógnarhraða meðal barnanna. Skólinn í Danmörku var þó ekkert einsdæmi á þessum tíma hvað þetta varðaði því plágurnar herjuðu líka á börnin í öðrum skólum fyrir heyrnarlausu. Læknir stofnunarinnar, H. M. Mackesprang, áleit að samhengi væri á milli heyrnarleysis og kirtlaveiki (berkla). Þegar talfærin væru í stöðugri hvíld væri mun meiri hættu á kirtlaveiki. Ráðið sem hann gaf var að taka upp þýsku talaðferðina í kennslu, þrátt fyrir að ástandið væri jafnslæmt í þýsku skólanum sem fylgdi raddmálsstefnu. Einnig taldi hann að þessum sjúkdómum mætti útrýma með böðum og breyttu mataræði (Holck, 1907).

Nemendum fækkaði nokkuð á næstu árum, aðallega vegna margra dauðsfalla meðal þeirra. Ástandið var orðið svo skelfilegt að tveir fremstu læknar Danmerkur voru fengnir til þess að skoða aðstæður á stofnuninni. Niðurstaða þeirra var að flytja þyrfti skólann út fyrir borgina þar sem börnin gætu notið náttúru, fengið næringarríkan mat, grænmeti og hreint loft. Húsmóðir ætti að sjá um eldamennsku, garðyrkjumaður að kenna nemendum að rækta jörðina og innréttu ætti verkstæði fyrir ýmsar iðnir og listir (Holck, 1907).

3.1.5 Íslensku nemendurnir

Fimm íslenskir nemendur voru í skólanum eftir að Abrahamson tók við stjórninni. Þrír dóu meðan á dvölinni stóð. Einn var sendur heim þann 23. apríl 1829 eftir tveggja ára vist vegna sinnuleysis og fullkominnar vanhæfni til náms og annar, Sigfús Sigurðsson vefari, sneri aftur til Íslands (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtstummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) vorið 1839.

3.1.5.1.1 Sigfús Sigurðsson

Sigfús Sigurðsson fæddist þann 11. júní árið 1821. Fram kemur í nemendaskránni að sóknarpresturinn sr. Sigurður Árnason hafi staðfest með vottorði frá 3. júní árið 1823 að Sigfús væri fæddur heyrnarlaus og að ekki væri vitað um neinn annan heyrnarlausan í fjölskyldunni. Það var ekki einfalt mál fyrir foreldra Sigfúsar, Sigurð Vigfússon og Guðbjörgu Sigurðardóttur, að senda hann út. Bæði var það erfitt tilfinningalega og fjárhagslega. Þau voru bláfátæk og gátu ekki kostað skólavistina. Sótt var um ókeypis skólavist á stofnuninni og var samþykkt að vist hans yrði greidd úr fátækra sjóði (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtstummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865, bls. 7; ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/114-23). Sigfús átti að koma með föt og lín með sér til Kaupmannahafnar, svo sem eins og tvö lök, handklæði og tvennar buxur og sauma átti út í tauið hans númerið 2. Sigurður og Guðbjörg höfðu svo lítil efni að þau gátu ekki lagt með honum nokkurn hlut og sama gildi um ættingja hans. Kansellíráð Þórður Björnsson skrifaði í bréfi þann 16. júlí 1831 að hann hefði engin ráð með að finna peninga fyrir fötum, líni og ferðakostnaði. Það þurfti því að leita peninga til þess að fjármagna þessi útgjöld og ferðalagið til Kaupmannahafnar. Í bréfi frá 27. ágúst 1831 er spurt hvort taka megji fé til þess af fátækra sjóði hreppsins. Dannebrogsgmaður Kristján Jónsson muni síðan senda hann út með fyrstu skipsferð og með þau fataplögg og lín sem krafist hafi verið (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/126-3).

Haustið 1831 þegar Sigfús var 10 ára gamall var búið að fjármagna ferðalagið. Í bréfi Kristjáns Jónssonar á Illugastöðum 11. september 1831 var falast eftir fari fyrir drenginn með skipi í eigu Jóhanns Guðmanns kaupmanns sem sigldi beint frá Eyjafirði til Kaupmannahafnar. Í svari þann 12. september 1831, frá M. Hansen, kemur fram að skipið sé fullt. Það sé ómögulegt að taka piltinn með og láta hann sofa uppi á dekki á haustdögum. Það sé ekki „*menneskeligt*“ og því neiti hann staðfastlega að taka þennan daufdumba dreng Sigfús Sigurðsson með til Kaupmannahafnar (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/114-23). Sigfús, sem var samkvæmt *Íslendingabók* kallaður mállausi Fúsi, var því heima í Fnjóskadal þann vetur. Ítrekað var frá Kaupmannahöfn, í bréfi 18. janúar 1832 til Þórðar Björnssonar kansellíráð og sýslumanns á Garði í Aðaldal, að senda þyrfti drenginn út með fyrsta skipi frá Húsavík eða Eyjafirði til Kaupmannahafnar. Þann 28. júlí 1832 skrifaði Grímur Jónsson amtmaður kansellíinu bréf um að senda drenginn „Sigfús Sigurðarson“ úr Hálshreppi til Kaupmannahafnar á daufdumbrahælið (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/126-3). Sigfús var loks sendur þangað haustið 1832 og kom í

skólann á Stormgade 17 þann 18. september (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Sigfús var nú 'dreng nr. 2' næstu sex árin. Eins og fram hefur komið voru aðstæður mjög bágbornar á þessum tíma og aðeins ein stúlka frá Íslandi var eftir á lífi þegar hann kom út. Hún hét Steinvör Þórðardóttir en lést tveimur árum síðar (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Strangur agi ríkti undir stjórn Abrahamson og Tyge Schow. Húsnæðið var lélegt og mikil þrengsli og veikindi meðal nemenda. Drengirnir sváfu í stóru herbergi þar sem rúmin stóðu þétt í röðum. Samkvæmt nemendaskránni fékk Sigfús mislinga árið 1837 og lifði af.

Óskað var eftir því að Sigfús fengi að nema handverk á stofnuninni. Hann hafði sjálfur sýnt hæfileika og lýst áhuga á að læra málaraiðn en ekki gekk að koma honum í læri til málara. Honum var beint í að læra vefnað og útskrifaðist hann sem vefari í maí árið 1838 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Hinn 17. mars 1837 skrifaði Bjarni Thorarensen amtmaður kansellíinu, að daufdumbrastofnunin annaðist um heimsendingu drengsins Sigfúsar Sigurðssonar með hentugri skipsferð, þegar lokið væri að ferma hann (ÞÍ Hið danska Kansellí: KA/146-13). Hinn 29. ágúst 1837 svaraði stjórn daufdumbrahælisins í Kaupmannahöfn kansellíinu og greindi frá því að Sigfús Sigurðsson úr Fnjóskadal gæti fermst árið 1838 og farið heim til sín eftir að hann lyki vefaranámi (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/145-3). Sigfús var síðan fermdur þann 30. maí 1838 í Fredrikshavns kirke (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) og sigldi heim þetta vor á kostnað fátækra sjóðsins (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/152-6) með skipinu Norninni (ÞÍ, Hið danska Kansellí: KA/152-29), að verða átján ára gamall.

3.1.6 Skólinn flytur á Kastellsvej - Tímabil Heibergs 1839–1865

Árið 1839 fóru að berast til Danmerkur nýir straumar frá Þýskalandi, *þýska aðferðin* eða *talaðferðin*. Talaðferðin átti að gera nemendum kleift að tjá sig með rödd og verða „eðlilegir“. Í upphafi efuðust flestir um gildi aðferðarinnar en gerð var tilraun með valinn hóp nemenda, sem gaf þó ekki skýra niðurstöðu. Sama ár fluttist stofnunin með 88 nemendum út fyrir múrana í nýtt húsnæði á Kastellsvej rétt utan við Østerport. Nýr stjórnandi tók við stofnuninni, Søren J. Heiberg, og stýrði hann henni næstu 25 árin, eða til ársins 1864. Heiberg fékk hugsjónir Castbergs í arf og reglufestu sem komið var á undir stjórn Abrahamson. Heiberg er lýst sem sterkum persónuleika, viljasterkum, sparsömum, reglusömum og tilfinningaríkum. Heiberg var góður stjórnandi, kyrrð ríkti í skólasterfinu og var hann vel liðinn af nemendum. Kennsluaðferðin var áfram í anda Castbergs. Nemendur lærðu ritmálsstafróf og fingrastafróf og táknmálið var notað til þess að efla hugtakaskilning og auka orðaforða. Orðaforðinn lærðist síðan með því að skrifa orðin og gera skriflega lýsingu á myndum eða skrifa upp lýsingu eftir frásögn á táknmáli (Døvehistorisk tidsskrift, 2002). Heyrnarlausir kennarar höfðu alltaf starfað við stofnunina, bæði almennir kennarar og sérgreinakennarar eins og klæðskerar og skósmiðir. Börnin voru fermd í lok skólavistar af forstöðumanninum sem var prestur.

Fermingardagurinn var skráður í nemendaskrána en ekki í kirkjubækur (Jørgensen, 1907). Algengt var að prestar stýrðu skólum fyrir heyrnarlaus börn. Franski presturinn L'Épée, sem stýrði fyrsta ríkisskólanum í heiminum og var fyrirmynd Castberg, hafði það markmið að færa guði heyrnarlausar sálir og gefa þeim aðgang að guðsríki (Lane, 1984). Því varð fermingin hið endanlega takmark með kennslunni. Hugmyndafræði L'Épées var lögð til grundvallar í kennslu í Danmörku og síðar á Íslandi. Á meðan Heiberg var við stjórn komu flestir Íslendingar þangað til náms og margir settust að. Freistandi er að álykta að hópurinn hafi verið samheldinn og að skapast hafi eins konar 'fjölskyldutengsl' á milli Íslendinganna.

Frá 1839–1865 komu 19 nemendur frá Íslandi í skólann í Kaupmannahöfn. Tíu nemendur settust að í Kaupmannahöfn eftir að námi lauk. Karlkyns nemendur fengu iðnmenntun, þrír námu skraddaraiðn og einn trésmíðar en sex stúlkur unnu við þjónustustörf eftir fermingu og útskrift (Rigsarkivet, e. d.). Fimm nemendur létust í skólanum á tímabilinu 1847–1857. Þrír nemendur, sem voru við nám á þessum tíma, sneru aftur til Íslands.

3.1.7 Malling-Hansen 1865

Malling-Hansen tók við stjórn stofnunarinnar árið 1865. Hann var mjög fær í dönsku táknmáli en nýir straumar frá Þýskalandi höfðu áhrif. Hann lýsti kennsluaðferðum sínum í ræðu fyrir gesti konungsfjölskyldunnar árið 1866 þannig að hann byggði á hinni frönsku aðferð eins og Castberg en gerði þó þær nauðsynlegu breytingar á aðferðinni að stefna að því að sem flestir nemendur gætu talað og lesið af vörum. Til þess væri búið að koma á sérstakri talkennslu. Breytingar á kennsluháttum leiddu til þrískiptingar á heyrnarlausum nemendum í hina eiginlegu (d. *egentlige*) sem kennt var með táknmáli, óeiginlegu (d. *uegentlige*) sem gátu lært að tala og vitsljóa (d. *aandsløve*) (Jørgensen, 1907).

Á Íslandi var árið 1866 prestur, Páll Pálsson á Kálfafelli, sem hafði áhuga á að taka að sér kennslu heyrnarlausra Íslendinga. Hann sótti um til kirkju- og kennslumálaráðuneytisins að fá að dvelja á konunglegu stofnuninni í Kaupmannahöfn. Malling Hansen varð strax mjög áhugasamur um að fá Pál og að stofnaður yrði skóli á Íslandi. Hann studdi umsókn Páls með þeim rökum að það væri óheppilegt að mennta heyrnarlausa Íslendinga í Danmörku. Annars vegar vegna þess að þeir þyldu illa loftslagið og hins vegar vegna þess að alþýðan á Íslandi kynni ekki dönsku. Börnin ættu því að fá kennslu á íslensku. Páll fékk styrk frá ráðuneytinu til dvalarinnar og var þar í tvo mánuði árið 1867 að kynna sér kennslu heyrnarlausra barna (Jørgensen, 1907). Eins og fram kom í ræðu Malling-Hansen árið 1866 fór áherslan á tal og varalestur að aukast þegar Páll kom út. Páll hitti væntanlega fyrir 11 Íslendinga, sem voru við nám í Kaupmannahöfn, og meðal þeirra var Kristján Jónsson, sem á eftir að koma við sögu, en líklegt er að Páll hafi talið hann á að koma til Íslands og gerast síðar aðstoðarkennari sinn.

3.1.8 Nýtt upphaf

Fjórtán af Íslendingunum sem stunduðu nám við stofnunina í Danmörku settust þar að eftir að námi lauk. Margar ástæður geta legið þar að baki. Í fyrsta lagi biðu þeirra ekki mörg tækifæri í dreifbýlinu á Íslandi. Í umræðum á Alþingi 1869 og 1871 kom fram að reynslan hefði sýnt að þeir sem komu heim frá Danmörku gátu ekki nýtt þekkingu sína eða iðnmenntun hér á landi (Alþingistíðindi, 1869; Alþingistíðindi, 1871). Lífið í Kaupmannahöfn var mjög frábrugðið sveitinni á Íslandi og í einhverjum tilvikum virðast ættingjar, eins og frændi Markúsar Þorleifssonar, sem nánar verður vikið að síðar, ekki hafa hvatt nemendur til þess að snúa til baka. Fá atvinnutækifæri voru fyrir þá sem sneru heim með iðnmenntun eins og Sigfús Sigurðsson vefara. Markaðurinn fyrir menntaða klæðskera var heldur ekki stór. Jón Sigurðsson segir á þingi 1871:

Svo er annar annmarki á kennslunni í Kaupmannahöfn, að hún fer öll fram á dönsku, og því verða aumingjar þessir svo einræningslegir og út úr heiminum, eptir að þeir aptur komu heim, af því þeir ekki geta gjört sig skiljanlega fyrir innlendum fyr en eptir fleiri ár, og þetta tálmar svo mjög framförum þeirra, bæði andlegum og líkamlegum. Handverk þau, er þeir eru látnir nema í Kaupmannahöfn, eru jafnaðarlega valin óheppilega fyrir þá, sem alla æfi þaðan í frá eiga að lifa úti á Íslandi; venjulega mun drengjum vera kenndur skradarasamur eða vefnaður, og kvennfólki að hekla eða því um líkt, en hvort tveggja þetta er arðlítill og óþarfur atvinnuvegur hér á landi.

(Alþingistíðindi, 1871, bls. 181)

Segja má að Íslendingarnir hafi eignast nýtt líf og verðmæti í Kaupmannahöfn sem ekki voru til fyrir þá hér á landi. Í danska skólanum öðluðust íslensku börnin nýtt samhengi og nýtt nafn. Þau eignuðust nýja fjölskyldu í döff samfélagi og sköpuðu sér nýtt sjálf, nýtt líf innan döff menningar og nýtt upphaf. Það er í þessu ljósi ekki skrýtið hve mörg þeirra settust að í Kaupmannahöfn. Í Kaupmannahöfn áttu þau nú heima, voru frjáls og gátu iðkað sjálfræði sitt, í borgarsamfélagi þar sem var næg atvinna fyrir menntaða iðnaðarmenn með ríka sjálfsvirðingu og ábyrgð. Döff Íslendingar, sem bjuggu í Kaupmannahöfn árið 1874, voru allir með atvinnu. Karlmenirnir voru menntaðir iðnaðarmenn og unnu við iðn sína. Fjórir karlar unnu fyrir sér sem klæðskerar, einn var smiður, annar glerblásari og einn burstagerðarmaður, sjö stúlkur unnu sem þjónustustúlkur á heimilum, í skólanum, unnu á heimili fyrir heyrnarlausar konur eða voru giftar húsmæður (Rigsarkivet, e.d.) (sjá nánar um afdrif nemenda í viðauka A).

3.1.8.1 Markús Þorleifsson

Magnús Helgason (2004) sagnfræðingur skrifar í rit Sögufélags Skagfirðinga, Skagfirðingabók, greinina „Af Markúsi Þorleifssyni heyrnleysingja frá Arnarstöðum í Sléttuhlíð“. Markús var fæddur árið 1851 en var 12 ára niðursetningur sendur af hreppnum á stofnun heyrnar- og mállausra í Kaupmannahöfn árið 1863. Hann hóf nám

við stofnunina þann 4. september 1863 og útskrifaðist 21. júlí 1869. Markús fékk eftir útskriftina tilboð um að verða nemi í skraddaraiðn hjá skraddarameistara Olsen í Kjøge. Vitnað er í bréf, sem Jón Jónsson móðurbróðir Markúsar skrifaði, dagsett 11. september 1869, og sendi honum á dönsku og íslensku, þar sem hann hvetur frænda sinn til þess að taka tilboðinu og varar hann við því að koma aftur til Íslands. Markús tók tilboðinu, lærði skraddaraiðn og starfaði við þá iðn til dauðadags. Hann gekk í hjónaband með danskri stúlku, skólasystur sinni, Sidse Marie Christiansdatter, og eignuðust þau þrjá syni. Markúsi gekk vel sem skraddara, eignaðist hann hús og vinnustofu og tók lærlinga. Í Sjællandsposten frá 6. mars 1888 auglýsir Markús þjónustu sína og segir hana mjög ódýra. Markús lést 19. nóvember 1918 úr spænsku veikinni. Hann kom aldrei til Íslands eftir að hann var tólf ára niðursetningur settur í skip til Danmerkur. Í Danmörku eignaðist hann hamingjuríkt líf, varð iðnmeistari og rak sitt eigið fyrirtæki.

3.1.9 Félag heyrnarlausra í Danmörku


Félag heyrnarlausra var stofnað í Danmörku þann 18. nóvember árið 1866 (Jørgensen, 1907) og byggði á formgerðunum sem döff samfélag hafði skapað. Danski félagsfræðingurinn Jonna Widell (1993) bendir á að félagið hafi verið stofnað af stoltum iðnaðarmönnum sem héldu saman (Widell, 1993). Döff byggðu á því sem lífið og sagan hafði fært þeim: samkennd, trausti, umhyggju og ábyrgð hvert á öðru. Þessir þættir voru í samræmi við *gjöfina* (sbr. Mauss, 1990), mynduðu grundvöll döff menningar og voru hornsteinn döff samfélags. Markmið félagsins var þríþætt, (1) að miðla atvinnulausum vinnu, (2) að veita lán og styrki til sjúkra og aldraðra og (3) að veita fræðslu og skemmtan (Widell, 1993). Upp úr ráðstöfunum yfirvalda og formgerðum stofnunarinnar skapaði hópurinn döff menningu, samfélag döff og eigin atbeina (sbr. Ortner, 1989). Um hundrað árum seinna eða árið 1960 var Félag heyrnarlausra stofnað á Íslandi á sama hátt upp úr þeirri menningu sem tekin var að þróast í döff hópnum á Íslandi og með Danmörku sem fyrirmynd og bakhjarl.

3.1.10 Þeir sem sneru heim til Íslands

Af þeim 30 Íslendingum sem hér er gert ráð fyrir að sendir hafi verið til náms í Kaupmannahöfn sneru 7 aftur heim til Íslands. Ekkert þeirra hafði verið samtíða úti og ekki er víst að þau hafi vitað hvert af öðru enda hefði það varla skipt máli. Við heimkomuna báru prestar eða hreppstjórar í heimasveit þeirra ábyrgð á að finna þeim samastað og setja þau niður á bæ í sveitinni, ef foreldra þeirra naut ekki við.

Guðmundur Ögmundsson kom fyrstur heim árið 1829 eftir að hafa verið vísað frá skóla þar sem ekki hafði tekist að kenna honum neitt (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtstummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Eftir heimkomuna varð hann niðursetningur í Keldnakoti, Stokkseyrarsókn og var talinn vera óviti (*Guðni Jónsson, 1966*).

Þegar Sigfús Sigurðsson kom heim árið 1839 setti hreppurinn hann niður hjá Birni Kristjánssyni, hreppstjóra og forlíkunarmanni eða sáttagjörðarmanni á Þverá í Laufássókn í S-Þingeyjarsýslu (Þ.Í., KA/152-29). Hann hefur þó ekki verið álitinn alveg venjulegur niðurstætur. Nokkrum tíðindum þótti sæta að hann væri sigldur og hefði dvalið í Danmörku og ljóst var að þar hafði hann mannast og menntast. Í manntali 1840 er Sigfús Sigurðsson sagður tvítugur og staða hans skráð: „daufdumbur, lagt af hrepp, sigldur“. Sigfús vann sig upp og gerðist síðar vinnumaður á Steinkirkju í Illugastaðasókn í Þingeyjarsýslu hjá Guðlaugi Eiríkssyni bónda (Manntal 1845) og varð síðar vinnumaður á Munkaþverá í Munkaþverársókn, Eyjafjarðarsýslu, þá 29 ára (Manntal 1850). Árið 1857 var gefið út lítið kver á Akureyri, Fingramálsstafróf skrifað af Sigfúsa [svo] Sigurðssyni mállausa: Skorið í trje og kostað af Jósef Grímssyni gullsmið (Sigfús Sigurðsson, 1857). Í kverinu eru handform fingrastafrófsins. Því er lýst hvernig stafirnir eru myndaðir og við hvern staf eru spakmæli sjá mynd 3.



Mynd 3 Fingramálsstafróf Sigfúsar Sigurðssonar. Ljósmynd Guðna Sigurðssonar af opnu í bók í eigu höfundar.

Það sýnir dugnað og frumkvæði Sigfúsar að skera út fingrastafrófið og ber einnig vitni um sjálfsvirðingu hans. Jósef gullsmiður hefur sömuleiðis virt hann sem manneskju þegar hann kostaði prentun á stafrófinu til dreifingar þannig að fleiri gætu átt samskipti

við Sigfús. Ekki er ólíklegt að fingramálsstafróf Sigfúsar hafi verið notað við kennslu nemenda hér á landi.

Jón Sigurðsson segir í þingræðu árið 1871 (Alþingistíðindi, 1871) að hann þekki til manns sem hafi verið nemandi í Málleysingjastofnuninni í Kaupmannahöfn og lært þar vefnað en þegar hann kom heim hafi hann ekki haft lag á að vefa í íslenskum vefstólum. Hann hafi verið látinn hætta við að vefa og látinn fara að læra söðlasmiði og fyrst þá hafi hann farið að geta unnið sér brauð eins og hver annar. Í manntali 1860 kemur fram að Sigfús fluttist að Ormsstöðum, Ássókn í Norður-Múlasýslu, og starfaði hjá Hallgrími Eyjólfssyni hreppstjóra sem hnakkasmiður. Samkvæmt grein í *Óðni* drukknaði Sigfús „mállausi“ Sigurðsson, þá söðlasmiður á Skeggjastöðum, þann 14. október 1864. Sagt er að hann hafi ætlað „að styðja á hestbaki dauðadrukkinn mann og vaða ána, en lenti þá sjálfur í ánni og drukknaði“ (Jón Pálsson, 1909, bls. 70).

Páll Þorleifsson nr. 53 var fæddur 1831. Hann kom til stofnunarinnar 10 ára þann 4. september 1841, tveimur árum eftir að Heiberg tók við. Hann reyndist vera veikur þegar þangað kom og var lagður inn á spítala þann 9. september þar sem hann lá í einn mánuð og var síðan útskrifaður heilbrigður. Páll lærði í Kaupmannahöfn danskt táknmál og að skrifa dönsku. Samkvæmt viðurkenningu útgefinni 30. apríl 1846 hafði hann einnig lært skósmíði á stofnuninni. Páll sigldi til baka til Íslands 15 ára gamall þann 28. apríl 1846 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Hann virðist ekki hafa getað nýtt sér menntun sína eða notað danskt táknmál með öðrum heyrnarlausum eftir heimkomuna. Í manntölum 1850 og 1860 kemur fram að Páll bjó á heimili foreldra sinna að Hvammi í Dalasýslu. Samkvæmt *Íslendingabók* var Páll mállaus og lést hann árið 1868.

Benedikt Halldórsson fæddist 2. september árið 1842 að Hallfreðarstöðum í Norður-Múlasýslu. Hann kom út þann 14. ágúst árið 1855 og varð drengur nr. 36. Hann var útskrifaður af skólanum þann 9. apríl 1856 vegna sinnuleysis (d. *fatuitet*) og sendur heim til Íslands fjórtán ára gamall. Samkvæmt manntali 1860 bjó Benedikt hjá móður sinni að Hallfreðarstöðum og var sagður daufdumbur. Um hann segir í *Íslendingabók*: „Var á Hallfreðarstöðum, Kirkjubæjarsókn, N-Múl. 1860. Stjúpsonur bónda á Hallfreðarstöðum, Kirkjubæjarsókn, N-Múl. 1880. Heyrnar- og mállaus skv. dánarskrá kirkjubókar. Dó ókvæntur og barnlaus, „vitskertur“, segir Einar prófastur“ (*Íslendingabók*).

Hildur Magnúsdóttir nr. 52 var fædd þann 17. október 1846, í Garði í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hennar voru Magnús Jónsson, síðar aðstoðarprestur á Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu og Þórvör Skúladóttir. Ekki var ljóst hvort Hildur var fædd heyrnarlaus eða varð það vegna mislinga sem hún fékk stuttu eftir fæðingu. Hún kom út þann 4. október 1856, var fermd 27. maí 1863 og fór til Íslands þann 28. júlí 1863, þá sextán ára gömul (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Samkvæmt manntali 1901 kemur fram að hún búi hjá systur sinni

Ingibjörgu í Læknishúsinu í Blönduóssókn, Húnavatnssýslu. Í *Íslendingabók* er hún sögð mál- og heyrnarlaus og hafa látist árið 1907.

Kristján Jónsson drengur nr. 18 var fæddur 4. apríl 1852 í Hofssókn, Skagafjarðarsýslu. Hann kom út þann 4. október 1862 og var fermdur í Kaupmannahöfn 22. júlí 1868. Kristján fór frá Kaupmannahöfn til Íslands þann 6. apríl 1869 (Rigsarkivet, e. d.). Samkvæmt manntali 1870, þegar hann var átján ára, bjó hann hjá föður sínum á Hornbrekku í Skagafjarðarsýslu en móðir hans var látin. Síðar fékk hann vinnu sem aðstoðarkennari og vinnumaður hjá Séra Páli Pálssyni sem var fyrsti kennari heyrnarlausra á Íslandi. Nánar verður vikið að honum síðar.

Rebekka Sigurlín Stefánsdóttir sneri heim frá námi í Kaupmannahöfn og bjó á heimili foreldra sinna í Stefánshúsi á Seyðisfirði (Manntal 1890–1910). Í *Íslendingabók* er hún sögð vera þurfalingur á Seyðisfirði árið 1930.

Af ofangreindu er ljóst að á Íslandi var fólkið sem sneri heim úr danska skólanum án samfélags við aðra döff. Flest var í stöðu niðurstetninga eða 'aumingja' og fékk ekki að njóta þeirra tækifæra sem lífið átti að færa því. Jón Sigurðsson lýsti fólkinu í ræðu á Alþingi sem einræningslegum aumingjum sem gætu ekki gert sig skiljanlega við aðra Íslendinga (Alþingistíðindi, 1871). Halldór Kr. Friðriksson veltir fyrir sér í þingræðu hver ætti „að annast um uppeldi aumingja þessara“ (Alþingistíðindi, 1871, bls. 175). Hér tók því ekki á móti fólkinu félag heyrnarlausra eða döff menningarsamfélag sem veitt gat lífskraft og næringu með táknmáli, döff venjum og siðum eða möguleiki á vinnu og sjálfstæðu lífi. Á Íslandi var málsamfélag og samhengi sem var ekki þessa fólks, sem það hafði ekki aðgang að. Það naut ekki virðingar annarra, réttlátrar meðferðar eða grundvallarréttinda sem andlegir jafnokar annarra. Einungis Sigfús Sigurðsson, sem vann fyrir sér sem söðlasmiður og Kristján Jónsson höfðu atvinnu. Ekkert þeirra giftist (fyrir utan Kristján Jónsson sem nánar verður vikið að síðar), eignaðist nýja fjölskyldu eða sitt eigið heimili.

Tengsl tungumálsins og félagslegrar þátttöku verða skýr með tilliti til valds og atbeina þegar staða döff fólks á 19. öldinni í Danmörku og á Íslandi er borin saman. Þeir sem settust að í Kaupmannahöfn voru sjálfráða og frjálsir, áttu mál í samfélagi með öðrum, nafnatákn og nýja fjölskyldu. Að mati heimspekingsins Robin S. Dillon (1992) er grunnur að sjálfsvirðingu að manneskja fái skilning á manngildi sínu í gegnum samskipti og fái þannig tilgang í líf sitt. Hún bendir á að manneskja virði sjálfa sig að svo miklu leyti, sem hún viðurkenni að hún hafi ákveðin grundvallarréttindi eins og rétt á réttlátri meðferð og að svo miklu leyti sem hún og aðrir meti þessi grundvallarréttindi (Dillon, 1992). Í Kaupmannahöfn fékk fólk tækifæri, menntun og atvinnu og var metið að verðleikum. Karlmenntun og voru jafnvel sjálfstæðir atvinnurekendur. Málið ásamt menningunni átti þátt í að móta sjálfskilning þeirra og döff sjálfsmýnd og var einnig nauðsynleg forsenda sjálfsvirðingar og þess að sjá tilgang í lífinu.

Á Íslandi stóð fólk utan alls þess sem við flest höfum aðgang að og höfum áhrif á með máli og endurspeglar það skýrt fjölvirkni málsins. Án sameiginlegs tungumáls með öðrum var það einangrað og án þeirra tækifæra sem lífið hefði getað fært því. Það var lokað inni í líkama sínum, utan samfélags annarra, gat ekki tjáð tilfinningar sínar með tungumáli, náð félagstengslum, haft áhrif og naut ekki virðingar. Öll orðin sem notuð voru um fólk sem var heyrnarlaust vísuðu til þess að það ætti ekkert mál. Það væri ómála og mállaust og þeir sem ekkert mál áttu voru ekki álitnir fullkomlega mennskir. Án samfélags með öðrum gat heyrnarlaust fólk á 19. öldinni á Íslandi ekki birt mennsku sína og notið þeirra gæða sem lífið hefði getað fært því. Án samskipta var fólk ekki sjálfráða og frjálst, heldur valdalaust, gat ekki haft áhrif á eigið líf, séð tilgang í lífinu eða gert sér grein fyrir eigin verðmæti og lifði ekki eðlilegu lífi eins og að stofna heimili. Það fékk óréttláta meðferð og farið var með það í samræmi við vilja heyrandi fólks. Í gegnum söguna má þannig sjá tengsl á milli fólks, formgerða og athafna sem sýna á hvernig staða íslensks tákna máls endurspeglar stöðu og atbeina fólksins (sbr. Ortner, 1989).

Að minnsta kosti 30 íslensk börn voru send til náms við Konunglegu daufdumbrastofnunina. Samkvæmt upplýsingum úr nemendaskránni 1816–1865 létust átta af börnunum, flest úr berklum eða mislingum. Auk þeirra lést Guðrún Jóhanna Jónsdóttir á meðan hún var þar við nám eins og fram hefur komið. Fjórtán settust að í Kaupmannahöfn og sjö sneru til Íslands.

Í næsta kafla verður rakin skólasaga heyrnarlausra á Íslandi og sú hugmyndafræði sem ríkti í kennslunni á hverjum tíma. Skólar eins og sá í Danmörku voru víða ramminn utan um þróun tákna máls. Þar mættust heyrnarlausir einstaklingar og tákna mál gat byrjað að verða til. Áframhaldandi þróun máls varð með nýjum kynslóðum málhafa sem bjuggu til nýja merkingu með notkun málsins. Ferli samskiptanna í gegnum kynslóðir málhafa bjó líka til döff habitus og döff menningu. Hér á eftir verður skoðað vistkerfið utan um heyrnarlausra á Íslandi, fyrst innan kennslu sem prestar héldu úti á heimilum sínum og síðar í ríkisskóla sem stofnaður var í Reykjavík og hugmyndafræðin á hverjum tíma. Í kafla 4 verður málið skoðað og hvenær til varð samfélag döff fólks eftir skóla sem flutt gat mál á milli kynslóða.

3.2 Prestarnir og kennsla þeirra á Íslandi

Fyrstu þrjú kennarar heyrnarlausra á Íslandi voru prestar og voru nemendur sendir í kennslu á heimili þeirra. Prestarnir báru ábyrgð á heyrnarlausum sálum og á að færa þær guði. Í lok skólavistar voru nemendur fermdir og prestarnir sáu um að koma þeim í vinnu eða útvega þeim samastað ef foreldra þeirra naut ekki við.

3.2.1 Fyrsti kennari heyrnarlausra á Íslandi

Fyrsti kennari heyrnarlausra barna á Íslandi var séra Páll Pálsson prestur og alþingismaður. Dr. Jón Þorkelsson fyrrverandi þjóðskjalavörður skrifaði grein um Pál í

Sunnanfara 1894 þar sem ævi hans er rakin. Páll hóf nám við Latínuskólann í Reykjavík haustið 1850. Þegar hann var á öðru ári í skólanum, 15 ára gamall, var hann sagður úr skóla vegna veikinda og sagður mállaus. Páll dvaldi í Laugarnesi þann vetur (Jón Þorkelsson, 1893–1894).


Ýmsar sögur spunnust um veikindi Páls á þeim tíma. Þær gengu annað hvort út á að þau stöfuðu af því að hann vildi ekki bera vitni í sakamáli eða vildi losna undan skuldheimtumönnum (Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, 1969). Í nútímanum hefði Páll líklega fengið greininguna kjörþögli en það er ástand sem getur komið fram við streituvaldandi viðburði í lífinu, flokkað sem kvíðaröskun og ótti við félagslegar aðstæður (Brynja Jónsdóttir, 2007). Sigurgeir H. Friðþjófsson (1982) segir þá sögu að Páll hafi lent í átökum við Bjarna Jónsson rektor Latínuskólans, sem leitt hafi til málleysisins en Bjarni hafi verið afarmenni að afli og frægur slagsmálhundur. Málið hafi verið þaggað niður og rektor hafi kostað Pál á laun til Kaupmannahafnar en þangað var hann sendur til lækninga á Konunglegu málleysingjastofnunina. Páll fór utan með póstskipinu, um miðjan vetur 1853 (Jón Þorkelsson, 1893–1894) þá 17 ára gamall. Ekki er ljóst hversu lengi hann dvaldi í Kaupmannahöfn en hann fékk málið aftur meðan á dvölinni stóð, sneri heim og tók upp þráðinn við Latínuskólann.

Í flestum heimildum er sagt að Páll hafi farið til Kaupmannahafnar til lækninga (Alþingismannatal, 2016; Málleysingjaskólinn í Kaupmannahöfn 150 ára, 1957; Jón Þorkelsson, 1893–1894) en því hefur líka verið haldið fram að hann hafi gengið í skólann fyrir heyrnarlaus börn í Kaupmannahöfn og lært fingramál (Eiríkur Sigurðsson, 1978; Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Páll hafði fengið undirstöðumenntun á Íslandi og var í lærða skólanum þegar hann veiktist. Ólíklegt er að hann hafi sest á skólabekk og átt samleið með nemendum skólans. Líklegra er að hann hafi farið til lækninga að skólanum og verið í meðferð hjá Mackesprang lækni skólans.

Páll útskrifaðist úr Latínuskólanum sem utanskólasveinn árið 1858 og árið 1861 lauk hann námi í guðfræði við Prestaskólann (Jón Þorkelsson, 1893–1894). Þegar Páll var nýorðinn prestur árið 1866 sótti hann um styrk til þess að kynna sér málleysingjakennslu í Kaupmannahöfn. Dr. Jón Þorkelsson hafði eftir Páli að hann hefði vitað hvað það væri að vera mállaus og að honum hefði runnið til rifja, að allur þorri málleysingja á Íslandi fengi ekki svo mikið sem að læra kristindóminn. Eins og fram hefur komið fékk Páll styrk frá ráðuneytinu í Kaupmannahöfn til námsdvalar við Konunglegu daufdumbrastofnunina, þar sem hann dvaldi í tvo mánuði árið 1867. Malling-Hansen þáverandi forstöðumaður hafði stungið upp á því við ráðuneytið að sett yrði á stofn íslensk málleysingjastofnun sem Páll myndi stýra (Jørgensen, 1907). Forstjóri konunglegu málleysingjastofnunarinnar í Danmörku, Jens Peder Trap leyndarráð, gaf Páli bestu meðmæli eftir dvölinna en vakti einnig athygli íslenskra stjórnvalda á því að árangur af því að senda íslensk börn til náms á hina konunglegu stofnun hefði verið lítt gleðilegur. Það væri því mikilvægt að taka upp kennslu heyrnarlausra barna á Íslandi.

Í Kaupmannahöfn lærðu þau dönsku og fingramál⁴ sem þau hefðu ekki haft gagn af á Íslandi, kynntust lífi sem væri ólíkt lífinu á Íslandi og hlutfallslega fleiri íslensk börn hefðu dáðið á stofnuninni en innlend (Alþingistíðindi, 1869).

Páll skrifaði þrjár námsbækur fyrir nemendur sína áður en hann kom heim frá Kaupmannahöfn, Kristin fræði Luthers, Biblíusögur handa mál- og heyrnarlausum [svo] unglingum og Orðasafn til undirbúningskennslu handa mál- og heyrnleysingjum.




Mynd 4 opna úr biblíusögum séra Páls. (Páll Pálsson, Biblíusögur handa mál- og heyrnarlausum unglingum á Íslandi, 1867b). Ljósmynd Valgerður Stefánsdóttir.

Markmiðið með námsefninu virðist fyrst og fremst hafa verið að kenna kristin fræði og íslensku. Í formála að Kristin fræði Luthers skrifaði Páll að auðveldast væri að skýra fyrir börnunum trúar- og siðferðislærdóma út frá frásögum og myndum. Hann hefði valið

⁴ Óljóst er hér hvort hann á við fingrastöfun eða táknmál eða hvort hann gerði ekki greinarmun á því. Orðanotkun eins og bendingamál eða fingramál átti líklegast tilvísun í huga heyrandi fólks í einhvers konar hlutbundin samskipti með bendingum og ef raddmál var fingrastafað var um að ræða e-k raddmálsgerð. Tilvísunin í heyrandi samhengi var líklega í fæstum tilvikum í þann skilning að um tungumál væri að ræða. Það er hins vegar ómögulegt að staðhæfa um það.

sögur í kverið og til séu myndir sem ættu við frásögurnar. Þær hjálpuðu til við að skýra efnið (Páll Pálsson, 1867a). Jafnframt sagðist hann hafa leitast við að hafa málið svo einfalt og barnalegt sem honum hefði verið unnt og hann hefði sett skýringar og samnefni sumra orða neðan við hverja sögu. Málfarið á bókinni er þrátt fyrir þetta ekki auðvelt og endurspeglar ekki að hann hafi talað táknið eða haft skilning á hvernig döff fólk hugsar. Þá eru skýringarnar ekki miklar eins og sést á mynd nr. 4 úr biblíusögunum.



Mynd 5 Orðasafn til undirbúningskennslu handa mál- og heyrnarleysingjum. Ljósmynd Guðni Sigurðsson.

Orðasafn til undirbúningskennslu handa mál- og heyrnarleysingjum er lítið kver, 48 blaðsíður, handskrifað eins og forskriftarbók, sjá mynd 5. Það er með stökum orðum, s.s. nafnorðum í eintölu og fleirtölu, lýsingarorðum og sagnorðum (Páll Pálsson, 1867c).

3.2.2 Páll fær leyfi til kennslu heyrnarlausra

Í bréfi frá kirkju- og kennslustjórninni í Kaupmannahöfn til stiftamtmannsins yfir Íslandi var séra Páli Pálssyni veitt leyfi til að kenna mállausum og heyrnarlausum á Íslandi. Vitnað er í forstjóra Konunglegu stofnunarinnar um hæfi Páls og hversu lítil not börnin hafi af því að nema í Danmörku. Geti foreldrar þeirra ekki greitt fyrir kennsluna muni verða greitt fyrir hana af amtssjóðunum sem fyrr (Lovsamling for Island, 1853, bls. 188).

Séra Páll Pálsson auglýsti leyfi sitt til kennslu í *Þjóðólfi* í október 1867 og óskaði eftir skriflegum umsóknum frá forráðamönnum mál- og heyrnarlausra unglunga á aldrinum 10–25 ára. Fram kemur í auglýsingunni að hann hafi: „leyfi til að segja til mál- og heyrnarlausum unglungum hér á landi og búa þá undir fermingu“ (bls. 188). Erfitt var að komast til og frá prestsbústöðum Páls, sem oft voru afskekktir, og bauðst hann til að sækja nemendur annað hvort til Reykjavíkur eða Eskifjarðar á meðan hann bjó á Prestbakka (Páll Pálsson, 1867). Fyrstu nemendur séra Páls komu til lærdóms árið 1868. Þau voru Soffía Emilía Friðfinnsdóttir, 21 árs frá Bárðardal, Eyjólfur Finnbogason, 13 ára frá Landsveit, og Þórarinn Brandsson, 12 ára af Mýrum, öll sögð mál- og heyrnarlaus (Þí. Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Prestsþjónustubók 1864-1892).

3.2.3 Skólaskylda heyrnarlausra barna á Íslandi

Þegar Páll hóf kennslu þurfti að setja lög um kennsluna á Íslandi til þess að börnin yrðu einnig skólaskyld hér á landi og greitt yrði fyrir hana úr opinberum sjóðum. Páll var alþingismaður Vestur-Skaftfellinga 1869–1874 og alþingismaður Skaftfellinga 1874–1880 (Alþingismannatal, 2016). Á þingi vann hann meðal annars að því að sett yrði skólaskylda á Íslandi fyrir öll heyrnarlaus börn og að Alþingi samþykkti að greitt yrði fyrir kennslu barnanna úr opinberum sjóðum. Kennsla heyrnarlausra barna var lögfest þann 26. febrúar 1872 með „Tilskipun handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja“ frá Kristjáni níunda Danakonungi. Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar bar foreldrum eða forsjáraðilum heyrnar- og mállausra barna skylda til að sjá um, þegar þau væru orðin 10–14 ára, og ef þau væru hæf til náms, að þeim yrði komið til náms, annað hvort til kennslunnar sem stofnuð hafði verið á Íslandi eða á hinn Konunglega heyrnar- og málleysingjaskóla í Kaupmannahöfn. Að öðrum kosti þurftu foreldrar að sanna að börnin fengju fullnægjandi kennslu á annan hátt. Stiftsýfirvöldum var heimilt að gera undantekningu frá reglunni um aldur barnanna. Í 2. gr. kom fram að jafnaðarsjóður amts greiddi kostnað við kennslu, útbúnað og ferðir barnanna til kennslustofnunarinnar ef forráðamenn gætu ekki borgað. Með 3. gr. var séð til þess að heyrnar- og málleysingjunum væri vel fyrir komið eftir námið. Ef foreldrar þeirra eða aðrir vandamenn væru dánir eða gætu ekki séð fyrir þeim var sú skylda lögð á prest eða hreppstjóra í heimasveit þeirra að sjá um að koma þeim fyrir þar sem þeir gætu haft sem best not af því sem þeir hefðu numið. Nemendur voru því, sem fyrr, bundnir við heimasveit sína eftir námið (Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, 1875).

Athyglisvert er að samkvæmt tilskipuninni frá konungi um skólaskyldu gátu foreldrar valið um hvort þeir sendu börnin til séra Páls eða til Kaupmannahafnar. Fram kemur hjá Sigurgeiri H. Friðþjófsyni að nemendur séra Páls hafi frekar komið úr fjarlægari landshlutum en hins vegar hafi heyrnarlaus börn úr nærliggjandi héruðum gjarnan verið send til Kaupmannahafnar og telur hann það vera vegna þeirra sögusagna sem gengu um Pál í heimabyggð en hann þótti skuldseigur og fjölþreifinn til kvenna (Sigurgeir H. Friðþjófsson, 1982). Í grein sem Ólafur Helgason skrifaði um 25 ára afmæli Félags heyrnarlausra í Kaupmannahöfn kemur fram að þar hafi hann hitt marga

Íslendinga sem allflestir voru frá Norður- eða Austurlandi (Ólafur Helgason, 1892) og fram kemur í Stjórnartíðindum fyrir Ísland 1880 að enn var greiddur kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja frá norður- og austuramtinu á „dumbaskólanum“ í Kaupmannahöfn árið 1878 (bls. 148). Líklega var Rebekka Sigurlín, sem nefnd er í kafla 4.9, ein þeirra. Kemur þetta heim og saman við álit Sigurgeirs.

3.2.4 Kennslan

Viðhorf Páls og hugmyndir um nemendur og bendingamál voru ólíkar hugmyndum þeirra alþingismanna sem höfðu vísað til fyrrverandi nemenda skólans í Kaupmannahöfn sem ‘aumingja’. Skilningur Páls, sem hann lýsti á þingi árið 1871, var að heyrnarlaus maður væri gæddur öllum sömu sálargáfum og aðrir menn, en hann vantaði málfærið, af því hann heyrði ekki. Páll kenndi kennsluáferð sína við hina „frakknesku“ sem einnig væri notuð við Konunglega málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn (Alþingistíðindi, 1871).

Eftir að hafa kennt heyrnarlausum í sex ár lýsti Páll kennslunni í grein í *Víkverja* árið 1874. Þá hafði hann tekið átta nemendur í kennslu. Þrír höfðu lokið námi en fimm voru enn við nám. Í greininni segir Páll að ætlunarverk kennslunnar sé að nemendur geti gert sig nokkurn veginn skiljanlega fyrir öðrum með skrift, bendingum og fingramáli. Engin skýring er á því hvað hann á við með bendingum og fingramáli en líklegt er að hann eigi við ták og fingrastöfun. Þeir nemi aðalatriði kristinnar trúar, geti gert grein fyrir trú sinni, geti lesið og haft gagn af einföldum bókum. Þá stefnir Páll að því að þeir geti unnið fyrir sér og verði ekki öðrum til þyngsla. Engin áhersla var lögð á raddmál, hvorki að tala það né lesa af vörum. Auk bókmálsins taldi hann upp sem kennslugreinar fræði Lúthers, biblíusögur, einfaldan reikning, tímatal, einfalda dýrafræði, skrift, fingramál og bendingamál (Páll Pálsson, 1874). Páll taldi þannig bendingar og fingramál upp sem námsgreinar við skólann og lýsti því einnig að hann hefði ráðið heyrnarlausan aðstoðarkennara, sem bendir til þess að hann hafi haft skilning á því að sá sem líka var heyrnarlaus ætti betra með að kenna heyrnarlausum nemendum.

Þegar Páll kynnti sér kennslu heyrnarlausra í Kaupmannahöfn hafði hann hitt fyrir hóp af nemendum frá Íslandi. Einn þeirra, Kristján Jónsson, útskrifaðist sautján ára gamall vorið 1869. Hann var sá eini úr sínum hópi sem sigldi til Íslands eftir nám. Það gæti bent til þess að Páll hafi verið búinn að ræða við Kristján í Danmörku og bjóða honum kennarastöðu hjá sér í stað þess að hann færi í iðnnám eins og félagar hans gerðu. Hins vegar er líka hugsanlegt að hann hafi frétt af honum eftir heimkomuna en eins og fram hefur komið flutti Kristján fyrst til föður síns á Hornbrekku í Skagafjarðarsýslu. Páll, sem var ávallt störfum hlaðinn, þurfti að ráða sér aðstoðarmann við kennsluna og réð Kristján Jónsson til sín á Prestbakka árið 1871. Með ráðningu hans, sem vinnumanns og aðstoðarkennara, var komin á tenging við danskt táknmál. Kristján gat kennt nemendum danskt táknmál sem aðstoðarkennari og notað það með nemendum í vinnu á bænum. Páll skrifar í *Víkverja*:

Mér til aðstoðar við kensluna, og til að halda börnunum við lærdóm, þegar eg er að heiman, hefi eg heyrnar- og mállausan pilt, Kristján Jónsson, ættaðan norðan úr Skagafirði. Hann lærði í Kaupmannahöfn, og var þaðan vel að sér; en þegar hann kom til föður síns apr, skildi hann engan og enginn hann, nema þeir sem dönsku skildu, og hann kundi enga vinnu, sem honum yrði þar að notum. Aðr en eg gat haft not af honum, varð eg að kenna honum dálítið í íslensku bókmáli, og útleggja á dönsku fyrir honum allt það, sem hann átti að kenna. Nú er hann mér til mikillar aðstoðar, og lært hefir hann þegar alla sveitavinnu; enda geld eg honum fullt vinnumannskaup. (Páll Pálsson, 1874, bls. 140)

Páll sagðist hafa þurft að kenna Kristjáni dálítið í íslensku bókmáli og útleggja fyrir honum á dönsku verkefnið. Ekkert bendir reyndar til þess að hann hafi sjálfur verið fær í dönsku táknmáli eða *bendingum* þótt hann hafi skilið mikilvægi þess fyrir nemendur sína.

Páll sagði jafnframt í greininni að kennslan útheimti talsvert húsrúm og talsvert bú, helst bæði til sjávar og sveita, til þess að geta vanið börnin við sem flesta vinnu. Skólinn miðaðist greinilega við að nemendur gætu að námi loknu unnið fyrir sér í sveitum og sagði Páll þá hafa lært alla sveitavinnu. Kvenmaður kenndi stúlkum tóvinnu og aðra innivinnu. Búhagur maður kenndi drengjunum smíðar og að lagfæra alls konar búshluti. Á veturna tóku nemendur þátt í einhverri vinnu, s.s. fóðurgjöf og stúlkurnar tóvinnu, fjósa- og eldhúsverkem. Frá miðjum maí til miðs september unnu nemendur með öðrum heimilismönnum öll verk en einn dagur í viku var notaður í upprifjun. Hina átta mánuðina sagði Páll að nemendur væru við bóknám frá morgni til kvölds. Í lok greinarinnar benti Páll á að farsælla væri ef kennslan færi fram á stað sem betur væri í sveit settur með tilliti til aðflutninga og læknishjálpar og til þess að yfirvöld gætu betur haft eftirlit með kennslunni (Páll Pálsson, 1874). Ljóst er af reikningum á Þjóðskjalasafni fyrir ferðakostnaði nemenda sem sendir voru til Páls að þeir gátu þurft að takast á hendur allt að þriggja daga erfitt ferðalag. Miðað við staðsetningu heimila hans hafa þeir sömuleiðis þurft að sundríða stórar og hættulegar ár.

Páll var mikill atorkumaður og þurfti að þola talsverða gagnrýni. Þegar hann bjó á Prestbakka var hann gagnrýndur fyrir að hafa allt of mörg járn í eldinum og að vera skuldseigur. Í grein eftir Bjarna Sveinsson í *Norðanfara-Aukablaði 1876* voru embætti hans talin upp: „1. Búskapurinn mikli, 2. Prestþjónustan í þremur sóknum og fjórum kirkjum, 3. Heyrnar- og málleysingjakennslan og umsjónin, 4. Póstafgreiðslan, 5. Hreppstjórnin í Kleyfahrepp“ (Bjarni Sveinsson, 1876, bls. 3). Þetta þótti Bjarna og félögum hans fullnóg þó ekki bættist sjötta verkefnið við sem væri þingmennskan og bentu á að hann hefði lítinn tíma til þess að sinna verkefnum sínum. Enn fremur álitu þeir að Páll væri frábærlega þefnæmur á það hvar væri að finna peninga og þá væri hann strax kominn til að biðja um peningalán. Hins vegar gengi tregar að fá lánin endurborguð. Fullyrt var í greininni að óánægja með Prestbakkastofnunina færi

dagvaxandi. Í Kaupmannahöfn hefðu allir nemendurnir lært eitthvað gott og gagnlegt og fengið iðnmenntun en á Prestbakka lærðu þeir ekki neitt heldur væru notaðir til þess að vinna verkin á búinu og moka flór og kæmu jafnvel skemmdir til baka. Konungurinn hefði látið umsjónarmann kennslunnar í öllu ríkinu tala við Pál vegna þess að ekki væri allt í lagi með rekstur skólans. Hann hefði svarað með „hilliboði“, sem ekki væri hægt að ganga að, um að ef hann fengi hærrí laun, sem ekki voru tiltekin mjög lítil, gæti hann látið af prestskap og snúið sér að kennslunni eingöngu. Heyrnar- og málleysingjarnir væru meira að segja farnir „að gjöra börn, hver hjá öðrum“. Höfundur sagði að líklega væri uppeldiskostnaðurinn af þessum börnum tekinn af almannafé (Bjarni Sveinsson, 1876). Páll þótti fjölþreifinn til kvenna. Fram kemur hjá Sigurgeiri Friðþjófssyni að fleiri en eitt barn á heimilinu hafi verið kennt honum utan hjónabands. Það var þó ekki skráð þannig í kirkjubækur, heldur eignað öðrum á bænum, enda sá hann um þá skráningu.

3.2.5 Félags- og menningarlegt samhengi á heimilinu

Heimili Páls var jafnan fjölmennt, frá 11 til 28 manns. Fæstir voru taldir á heimilinu þegar hann flutti á milli staða. Fjölskylda Páls varð stór. Hann eignaðist sjö skilgetin börn með tveimur eiginkonum. Eitt þeirra dó í æsku. Eiginkonurnar bjuggu báðar hjá honum í Þingmúla ásamt móður hans. Á heimilinu voru gjarnan þrír til sex vinnumenn og jafnmargar vinnukonur og oft voru skólapiltar hjá honum í námi til undirbúnings fyrir nám í Reykjavík eða annars staðar. Þá voru þar tvö til fjögur tókubörn, ómagar eða niðursetningar, hreppakarl og heyrnarlausir nemendur í kennslu, tveir til fimm. Meirihluti heimilisfólks talaði íslensku en gera má ráð fyrir að einhverjir hafi lært að fingrastafa til þess að eiga samskipti við heyrnarlausa nemendur.

3.2.6 Nemendur séra Páls

Samtals komu 20 nemendur í kennslu til Páls, tveir til fimm á hverjum tíma (sjá nánar í viðauka B). Allir voru komnir af máltökualdri þegar þeir komu til hans en þeir voru á aldrinum frá 10–25 ára. Kennslan miðaðist við að undirbúa nemendur fyrir það að vinna sveitavinnu og fóru flestir heim í sína sveit, eins og lög sögðu til um, eftir skólavist og fermingu. Var það verkefni prestanna að finna þeim samastað ef foreldra þeirra naut ekki við (Alþingistíðindi, 1873). Jón Þorkelsson sagði um Pál að hann hefði ekki viljað að nemendur sínir færu til vandalausra sem ekki gætu átt samskipti við þá (Jón Þorkelsson, 1893–1894) og útvegaði Páll nokkrum vist eða veitti þeim vinnu á bænum hjá sér. Átta af nemendum hans unnu fyrir sér sem vinnuhjú, oftast í heimasveit, þrír voru ómagar eða niðursetningar og þrír til viðbótar voru sagðir ‘bjánar’ og óhæfir til náms. Tveir öfluðu sér frekari menntunar og urðu skósmiðir, Þórarinn Brandsson í Reykjavík og Pétur Bjarnason á Akureyri. Ein stúlkan, Anna Sigríður Magnúsdóttir, fór til Ameríku, einn finnst ekki í manntölum eftir veruna hjá Páli, einn lést meðan á dvölinni stóð og einn var stuttan tíma hjá Páli og varð síðar grasalæknir. Ekki er hægt að sjá að hópurinn, sem lærði hjá Páli og lærði að öllum líkindum danskt tákmal af Kristjáni

Jónssyni, hafi myndað málsamfélag þar sem íslenskt táknmal þróaðist áfram. Hér á eftir verða þeir taldir sem hugsanlega gætu hafa flutt áfram það mál sem notað var.

Anna Sigríður Magnúsdóttir kom 23 ára af Jökuldal árið 1873 í kennslu að Prestbakka, 'mállaus'. Anna Sigríður varð ófrísk tveimur árum eftir að hún kom til séra Páls og var hún sögð önnur stúlkan sem slíkt henti hjá séra Páli (Sigurgeir H. Friðþjófsson, 1982). Hún eignaðist dótturina Guðnýju. Að sögn Páls var Kristján Jónsson faðir Guðnýjar og sótti Páll um til biskups að þau mættu giftast (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Anna var fermd árið 1877, 27 ára og sögð vel að sér en ólæs. Leyfi fékkst hjá biskup til þess að gifta Önnu Sigríði og Kristján og þann 5. desember 1877 voru þau gefin saman í kirkjunni á Prestbakka. Þann 16. desember 1877, 11 dögum eftir brúðkaupið, drukknaði Kristján 25 ára gamall, í Skaftá (Þí. Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Prestsþjónustubók 1864-1892).

Sigurgeir H. Friðþjófsson segir að Páll hafi sent hann með bréf þrátt fyrir að áin hafi verið uppbólgin og bráðófær og sú saga hafi gengið að það hefði verið með vilja gert. Anna Sigríður var vinnukona hjá séra Páli eftir útskrift og giftingu en fór heim að Skeggjastöðum árið 1879 með dóttur sína Guðnýju Kristjánsdóttur. Þegar Anna Sigríður kom heim til sín upplýsti hún að séra Páll væri faðir Guðnýjar en ekki Kristján. Jón bróðir Önnu Sigríðar fór síðar í Þingmúla og fékk Pál til þess að gangast við Guðnýju og greiða Önnu Sigríði meðlag. Þær mæðgur fóru til Vesturheims árið 1887 (Sigurgeir H. Friðþjófsson, 1982). Fram til þess tíma að Anna Sigríður fór frá Prestbakka gæti hún hafa miðlað dönskum táknum til þeirra nemenda sem þangað komu í kennslu.

Sigríður Jónsdóttir frá Leirárgörðum kom 'ómála' að Prestbakka árið 1875 (Þí Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Prestsþjónustubók 1864-1892) og var því í kennslu hjá Kristjáni í tvö ár og eftir það með Önnu Sigríði í tvö ár. Sigríður flutti með Páli að Stafafelli, þá 23 ára, var fermd þann 8. júní 1879, 24 ára gömul og útskrifuð að Leirárgörðum. Í manntali 1880 býr Sigríður Jónsdóttir hjá bróður sínum, Ólafi Jónssyni að Leirárgörðum, Leirársókn í Borgarfjarðarsýslu. Þau eru skráð að Stórafellsöxl í Garðasókn, Borgarfjarðarsýslu í manntali 1890. Þau fluttu síðar til Reykjavíkur og eru skráð á Lindargötu 20 í manntali 1901. Sigríður var enn þá skráð vinnukona hjá Ásgerði Sigurðardóttur og Ólafi Jónssyni bróður sínum 47 ára og ógift. Í manntali 1910 býr hún ekki lengur með þeim.

Þeófilus Þeófilusson kom til Páls í kennslu, 11 ára gamall ómagi frá Aðalvík, árið 1876 á meðan Kristján lifði og *Steinunn Þorgeirsdóttir* úr Suðuramtinu kom 12 ára árið 1878 stuttu eftir dauða Kristjáns. Árið 1881 flutti Páll að Þingmúla og nemendurnir Þeófilus og Steinunn með honum. Þau urðu síðan vinnuhjú á heimilinu árið 1882 og þar til Páll lést árið 1890.

Guðbjörg Jóhannesardóttir kom að Þingmúla 1887, þá sögð 10 ára gömul, í kennslu frá Stórulaugum, S-Þingeyjarsýslu, á meðan Þeófilus og Steinunn voru þar vinnuhjú. Guðbjörg flutti eftir dauða séra Páls, 13 ára árið 1891, á óþekktan stað í Þingeyjarsýslu (Þí. Hallormsstaður í Skógum. Prestsþjónustubók 1854-1892), væntanlega á heimaslóðir en foreldrar hennar bjuggu á Laugaseli í S-Þingeyjarsýslu samkvæmt manntali 1890. Hún var skráð á Hallbjarnarstöðum í S-Þingeyjarsýslu árið 1893 og 1894 og var gefið með henni af sveit (Þí. Skýrsla um heyrnar- og mállausa í Helgustaðarprestakalli S-Þingeyjarsýslu 1894). Guðbjörg gerðist síðar vinnukona á Stóra Hrauni, Stokkseyrarsókn þegar þar var kennsla fyrir heyrnarlausu og tengir þannig saman málsamfélagið í Þingmúla og það sem þróaðist á Stóra Hrauni. Í manntali 1910 er hún skráð 32 ára, hjú að Þverá, Laufássókn, S-Þingeyjarsýslu. Í manntali 1920 er Guðbjörg Jóhannesdóttir skráð heyrnar- og mállaus vinnukona á Strandgötu 43 Akureyri, talin vera 38 ára.

Gert er ráð fyrir því að á heimili séra Páls hafi fólk átti í vitrænu sambandi og þróast hafi samskipakerfi á milli heimilisfólksins. Merking í máli hafi skapast smám saman við endurtekin samskipti á málinu. Skólinn var í stuttan tíma á hverjum stað og eftir skóla slitnaði samhengið í flestum tilvikum á milli fólks en samt sem áður er gert ráð fyrir því að einhver áhrif á milli „málsamfélaga“ gætu hafa flust áfram.

3.2.6.1.1 Tveir af nemendum Páls gerðust skósmiðir

Þórarinn Brandsson var fæddur í Álftanessókn á Mýrum 5. júní 1855. Hann var við nám hjá Páli frá 1868 til 1873 þegar hann fermdist. Eftir fermingu fékk hann vinnu á bænum sem smali í eitt ár. Samkvæmt Prestsþjónustubók Kirkjubæjarklausturs 1864–1892 var hann ólæs og í Sóknarmannatali þegar hann var fermdur er sagt að hann sé ólæs. Þórarinn fór árið 1874, þá 20 ára, frá Prestbakka og gerðist vinnumaður á heimaslóðum í Mýrarsýslu (Þí, Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Sóknarmannatal 1870 – 1880). Þórarinn og Kristján Jónsson voru saman á Prestbakka í um þrjú ár þannig að gera má ráð fyrir að hann hafi lært af honum danskt táknmál, sem blandast hefur því máli sem notað var í íslensku samhengi á heimili Páls. Hann flutti síðar til Reykjavíkur og lærði skósmíðar hjá Rafni Sigurðssyni. Samtíða honum í kringum árið 1885 var Jón Brynjólfsson skósmiður sem seinna opnaði leðurvöruverslun Jóns Brynjólfssonar (Ó. G. Eyjólfsson, 1935). Þéttbýli var nauðsynlegt fyrir iðnaðarmenn til þess að geta séð fyrir sér. Fram til þessa höfðu nemendur Páls ekki gerst iðnaðarmenn heldur sest að í sveitum fjarri hverjir öðrum. Þetta eru því nokkur tíðindi sem benda til þess að aðstæður fyrir döff samfélag hafi verið að verða til. Í manntali 1890 er Þórarinn skráður skósmiður og býr í Veltusundi 3 sjá mynd 6. Í upphafi árs 1894 opnaði hann eigið skósmíðaverkstæði samkvæmt auglýsingu: „Skósmíðaverkstofa Þórarins Brandssonar (mállausa) er í Glasgow. Inngangur í vesturhlíð hússins. Allar smíðar og viðgerðir eru fljótt og vel af hendi leystar, og mjög ódýrt, ef mikið er keypt“ (Skósmíðaverkstofa, 1894, bls. 32).



Mynd 6 Þórarinn Brandsson skósmiður. Ljósmynd birt með leyfi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar.

Líklega hefur reksturinn verið erfiður fyrir Þórarin og hann þurft að loka vinnustofu sinni. Á Íslandi var ekkert félag heyrnarlausra eins og í Danmörku sem studdi félagsmenn sína á vinnumarkaði. Jonna Widell (1993) benti á að í löndum þar sem félag var stofnað fyrir táknmálsbannið hefði döff fólki vegnað betur á vinnumarkaði en í löndum þar sem ekki var félag. Í manntali 1901 var Þórarinn skráður í vinnu sem skóarasveinn hjá félagamönnum sínum Jóni Brynjólfssyni á horni Bankastrætis og Skólavörðustígs. Samkvæmt bæjarskrá Reykjavíkur (1912) bjó Þórarinn og starfaði í miðbæ Reykjavíkur til dauðadags. Síðasta heimilisfang hans var að Hringbraut 150, Elliheimilinu Grund.

Frétt var skrifuð um hann í *Vísi* þegar hann varð áttræður.

Áttræður er í dag Þórarinn Brandsson skósmiður, sem nú dvelst á Elliheimilinu. Hann stundaði nám í málleysingjaskólanum hjá síra Páli á Prestsbakka, en hann kendi málleysingjum fyrstur manna hér á landi. Skósmíði nam Þórarinn hjá Rafni Sigurðssyni skósmið. Fyrir mörgum árum (1920) lenti Þórarinn í bílslysi og hefir aldrei náð sér til fulls aftur. (Áttræður, 1935)

Þórarinn lést árið eftir, þann 13. febrúar 1936 (Aðstandendur, 1936).

Pétur Bjarnason kom árið 1885 10 ára gamall úr Húnavatnssýslu að Þingmúla (Þí. Hallormsstaður í Skógum. Prestsþjónustubók 1854-1892). Á þeim tíma voru vinnuhjú hjá Páli Þeófilus Þeófilusson, sem var samtíða Kristjáni Jónssyni í eitt ár og Steinunn Þorgeirsdóttir. Steinunn er skráð hjú í Gaulverjabæ í manntali 1901. Guðbjörg Jóhannesdóttir er í manntali 1910 skráð 32 ára, hjú að Þverá, Laufássókn, S-Þingeyjarsýslu. Þau gætu hafa lært danskt tákmal og Pétur hafa orðið fyrir áhrifum af því. Þegar Páll dó var Pétur sendur að Stóru-Borg í Skagafirði, þá 15 ára gamall (Þí. Hallormsstaður í Skógum. Prestsþjónustubók 1854-1892). Hann kom 18 ára frá Stóru-Borg til séra Ólafs í Gaulverjabæ í nóvember 1892 og flutti með honum til Stóra Hrauns 1893. Hann var fermdur 31. maí 1896 með biskupsleyfi frá 28. apríl 1896 (Þí. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki. Prestþjónustubók 1883-1903.) Í *Íslendingabók* kemur fram að hann hafi lært skósmíði og unnið sem skósmiður á Akureyri. Hann var síðast búsettur á Akureyri og lést 5. maí 1971.

Í *Alþýðumanninum* 1945 var tilkynning um sjötugsafmæli Péturs Bjarnasonar skósmíðs, Glerárgötu 2. Þar kom fram að Pétur hefði lengi stundað skósmíði í bænum og geri það enn. Sagt er að hann sé maður vel metinn og vinsæll af samstarfsmönnum sínum (*Héðan og þaðan*, 1945). Það má því rekja óljós tengsl við danskt tákmal í gegnum vinnufólk og þá Þórarín og Pétur sem setjast að í Reykjavík og Akureyri og tengjast litlum döff samfélögum sem þar urðu til.

3.2.7 Skólinn á Stóra Hrauni

Eftir dauða séra Páls var séra Ólafur Helgason sendur til Kaupmannahafnar til þess að kynna sér kennslu heyrnarlausra barna. Á þeim tíma var í Danmörku lögð megináhersla á talaðferðina í kennslu. Stofnaðir höfðu verið nýir skólar, þar sem eingöngu var notuð talaðferðin og ekki tákmal. Með lögum frá 1890 var gamli skólinn á Kastellsvej eingöngu fyrir nemendur sem ekki voru hæfir til þess að læra með talaðferðinni og voru álitnir skertir vitsmunalega (d. *Aandsløveklasse*) (Jørgensen, 1907).

Séra Ólafur dvaldi í Kaupmannahöfn í nokkra mánuði. Á meðan hann var þar var honum boðið til hátíðarhalda vegna 25 ára afmælis félags heyrnarlausra í Danmörku þann 18. nóvember 1891. Til þess að kynnast afstöðu Ólafs til hópsins er áhugavert að lesa upplifun hans af hátíðarhöldunum í greininni „Einkennileg hátíð“ í *Ísafold* árið 1892. Eftirtektarvert er að kynnast því hvernig málhugmyndafræði hans stendur í vegi fyrir því að hann geti látið upplifun sína ráða og íhugað af gagnrýni ríkjandi viðhorf og þekkingu. Í stað þess endurskapar hann ímyndir og yfirráð (Machin og Mayr, 2012) með skrifum sínum sem eru í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði og viðhalda henni. Í veislunni voru „125 úr flokki heyrnleysingja“ og um 50 aðrir:

Ánægjubros ljek um varir allra hinna heyrnarlausu, af því að þeir hjeldu hátíð, hinna heyrandi af því, að sjá, hve hinir voru ánægðir. Í skólastofunum var þröng á þingi; allir töluðu, en ekkert hljóð heyrðist, allir fingur á lofti, hlátursköll gusu upp við og við, og vjer, sem gátum talað, vjer stóðum eins og einnig værum vjer orðnir mállausir – af undrun. (Ólafur Helgason, 1892, bls. 49)

Þekking (vanþekking) Ólafs og hugmyndafræði móta túlkun hans á aðstæðum. Hann segir að ræður hafi verið fluttar ýmist af hálfu talandi manna eða af hálfu mállausra. „Þegar þeir, sem málið höfðu, töluðu, þá voru orð þeirra samstundis þýdd á fingra- og bendingamál af forstöðumanni og kennurum skólans“ (bls. 50). Ólafur vísar í hópana talandi menn og mállausir. „Málið“ hefur í greininni ómerkta stöðu sem hið raunverulega mál. Þótt hann tali um „fingra- og bendingamál“ er sá skilningur augljós að einungis talandi menn eigi mál. Það er greinilegt að þeir mállausu voru hinum óæðri en Ólafur talar annars um þá af góðmennsku og vorkunn. Hann lýsir jafnframt upplifun sinni og undrun yfir dönsku táknmáli en án þess að viðurkenna það sem mál. Nafn greinarinnar „Einkennileg hátíð“ styrkir orðræðuna um hina afbrigðilegu, sem eru fáir og fátækir og geta ekki notið sín eins vel og „talandi menn“. Ólafur berst gegn því að trúa sínum eigin augum. Skrifin bera með sér hvernig upplifun Ólafs stríðir gegn heilbrigðri skynsemi og hvernig hann, sem gat talað, varð eitt augnablik eins og mállaus – af undrun þegar hann horfði á alla fingur á lofti hjá „málleysingjunum“ og tiltók að bendingarnar hefðu staðið í fögru samræmi við orðin. Hann kunni ekki fingramál eða táknmál og fékk sig ekki til að trúa því að þessi „olnbogabörn náttúrunnar“ væru í rauninni að nota mál. Þegar hann lýsir ræðuhöldum ýmist af hálfu „talandi manna eða af hálfu mállausra“ segir hann að þau hafi verið þýdd af forstöðumanni og kennurum skólans yfir á „fingra- og bendingamál“ en trúir samt ekki eigin augum. Ólafur lýsir gleði hinna „mállausu“ þegar einn úr þeirra hópi kvaddi sér hljóðs.

Þá leiptruðu augu þeirra, og þeir litu brosandí út um salinn, eins og þeir vildu segja við oss : Hlustið á hann! Hann getur líka haldið ræðu. Og það var satt. Allir viðstaddir luku upp einum munninum um það, að bendingar þeirra og beygingar stæðu í fögru samræmi við orðin, sem þeir töluðu, og við tilfinningar þær, sem á þessari miklu gleðistundu hreyfðu sjer í brjóstum þeirra. Og þegar þeir höfðu lokið máli sínu, þá var þeim launað með lófaklappi, og sumir úr hóp málleysingjanna leituðust jafnvel við að fylgja dæmi voru og hrópa »húrra«, en, sem við var að búast, fór það ekki sem fimlegast. (Ólafur, bls. 50)

Þrátt fyrir allt sem hann hafði séð trúði hann ekki að þeir ættu mál. Honum fannst fallett að sjá að málleysingjarnir voru stoltir af sínum eins og þeir vildu fá viðurkenningu frá talandi mönnum. Hann vorkenndi þeim og tiltók að þeir hefðu ekki getað hrópað húrra eins og á að gera. Ólafi þótti hátíðin fara hið besta fram og fannst hún skemmtileg. Í samræmi við ímyndir hans og hugmyndir um yfirráð þakkaði hann forstöðumanni, Frederik Heiberg presti og kennurum skólans sem sýndu að þeir voru „sannir vinir þessara »olnbogabarna náttúrunnar«“ (bls. 50). Fjallað var um hátíðina í öllum stærri blöðum í Danmörku og það sem fréttæmt þótti var:

... að meðlimir fjelags þessa, sem bæði eru fáir og allflestir fátækir og geta aldrei notið sín eins vel og aðrir, sem hafa þessa hæfilegleika óskerta, hafa á umliðnum 25 árum með stakri sparsemi og sjálfsafneitum

komið sjer upp talsverðum sjóði (22.000 kr.) og hafa varið 11.000 kr. Til styrktar sjúkum og fátækum í þeirra hóp. (Ólafur, bls. 50)

Ólafur veitti því athygli að sumir gestanna sýndu honum áhuga og frétti að þeir væru Íslendingar. Hann sagðist hafa gefið sig á tal við þá þótt hann væri ekki sterkur í fingramáli en fékk líka hjálp við samskiptin. Hann spurði hvaðan þeir væru af landinu og svarið samrýmdist hugmyndum hans: „en sem við var að búast vissu fæstir stórum meira en úr hvaða sýslu á landinu þeir voru“ (bls. 50). Allflestir voru þeir af Norður- og Austurlandi og Ólafi þótti leitt að geta ekki frætt þá um ættingja þeirra. Allir karlarnir bjuggu í Kaupmannahöfn og voru að mati Ólafs fremur fátækir en höfðu gott orð á sér meðal hinna sem hann kallaði heyrnleysingja. Þegar farið var að dansa gekk það „hálfskrykkjótt í fyrstu, er tveir heyrnarlausir dönsuðu saman, að fylgja hlóðfærslættinum“ (Ólafur, bls. 50).

Ólafur sá fólk tala danskt táknmál, sem hann kallaði fingramál, með árangri. Jafnframt lýsti hann því hvernig félagsmenn höfðu stofnað stéttarfélag þar sem öðrum í hópnum var veitt félagsleg aðstoð. „Sannast á þeim, að sigursæll er góður vilji“ (bls. 60). Þrátt fyrir þetta neitaði hann að trúa að þeir ættu mál og að viðurkenna atbeina þeirra, frumkvæði og dugnað. Þótt hann í upphafi greinarinnar segi að „Fjelagsstjórnin í heyrnar- og málleysingjafjelaginu danska“ hafi stofnað til hátíðarinnar þakkar hann þeim ekki fyrir skemmtunina heldur Heiberg og öðrum heyrandi gestum. Myndin sem hann endurskapar, undrandi á einkennilegri upplifun sinni, er í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði. Félagsmönnum er lýst sem afbrigðilegum hópi 'málleysingja', vitgrönnum, fátækum, 'olnbogabörnum náttúrunnar' sem aldrei gætu notið sín eins vel og aðrir. Fátækur, áhrifslaus jaðarsettur hópur sem góðir menn hjálpa.

Eftir heimkomuna þann 1. október árið 1892 hóf hann að kenna heyrnarlausum nemendum. Í skólanum voru 9–12 börn og námstíminn var sex ár (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945). Séra Ólafur lýsti í bréfi til biskups kennsluaðferðum sínum á Stóra Hrauni við Eyrarbakka. Þar kemur fram að mestur tími fari í að kenna nemendum íslensku. Þá læri börnin ágrip af biblíusögum, læri utan að nokkur sálmavers og stutt ágrip af barnalærdómi sem Ólafur samdi sjálfur (Ólafur Helgason, 1898-1904).

Ári eftir að Ólafur kom heim og tók við kennslu heyrnarlausra nemenda, eða árið 1893, réð hann Ragnheiði Pétursdóttur sem kennara við skólann. Hún lærði kennslu heyrnarlausra, fyrst hjá séra Ólafi og síðan í Kaupmannahöfn (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945). Árið 1899 hóf Margrét Bjarnadóttir (síðar Rasmus) störf og hafði hún sömuleiðis lært kennslu heyrnarlausra í Danmörku (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945).

Séra Gísli Skúlason tók við skólanum á Stóra Hrauni haustið 1906 og stjórnaði honum í tvö ár. Hann lýsti kennsluaðferðum málleysingjakennslu í Danmörku og bar saman við stöðuna á Íslandi í *Nýju Kirkjublaði* árið 1907. Hér sagði hann stöðuna vera mjög bágborna og allt of litlu fé væri veitt til kennslunnar. Tólf unglingar væru nú teknir inn á heimili prestsins, sem einnig þyrfti að sjá kennslukonum fyrir húsnæði. Þrengslin væru svo mikil að „...hver verður svo að segja að sitja uppi í fanginu á öðrum.“ Í Danmörku sagði hann að treggáfuðustu börnin fengju kennslu með bendingum en hin á

'móðurmálinu'. Kennslan hefði borið góðan árangur í Danmörku enda væri miklu fé veitt til hennar. Margir málleysingar þar hefðu orðið nýtustu menn, jafnvel kennarar við skólann. Kennslunni lýsti hann á þennan hátt:

Það er ekki auðvelt, að skýra frá því í stuttu máli, hvernig farið sé að kenna málleysingjum; hér skal þess aðeins getið, að aðalreglan fyrir allri málleysingjakenslu er sú að leiða börnin stig af stigi, frá því einfaldasta til þess margbrotnara, og að helzta aðferðin til þess er sú, að láta málleysingjana verða fyrir þeim áhrifum með *sjóninni*, sem önnur börn verða fyrir með *heyrninni*. Verður því nauðsynlegt að hafa fleiri og fullkomnari kensluáhöld við daufdumbrakenslu en við aðra kenslu, og eins nauðsynlegt er hitt, að hafa rúmgóðar kenslustofur, þar sem börnin geta hreyft sig og fest sér það í minni með leikjum og slíku, sem kennarinn vill láta þau læra. Auk þess er bráðnauðsynlegt að hafa rúmgott hús til þess að venja börnin á reglu og hirðusemi. (Gísli Skúlason, 1907, bls. 171)

Lítið er vitað um starfsemi skólans á þeim tíma sem séra Ólafur og séra Gísli sáu um kennsluna en sennilega hefur hún haldist óbreytt að mestu (Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, 1969). Miðað við lýsingar virðist meginmarkmið með kennslunni hafa verið að kenna nemendum íslensku svo hægt væri að ferma þá. Íslensku kennararnir sem komu næst á eftir Páli notuðu allir danskt fingrastafróf til þess að stafa íslensku og virðast alveg hafa litið fram hjá táknmálssamskiptum. Í viðtali við Halldóru Jónsdóttur kemur fram að karlkyns nemendur hafi verið látnir byggja grjótgarð við skólann til þess að verjast ágangi sjávar og stúlkurnar vinna heimilisstörf. Bræðurnir Sigfús Jónsson og Guðjón Jónsson frá Bragðavöllum sem voru í skólanum á þeim tíma byggðu síðar grjótgarð í Bragðavallatúni og annan garð innan við Bragðavallabæinn. Þykja þessir garðar svo fallega hlaðnir að ferðalöngum sem leið eiga um hringveginn er bent á að skoða þá (Sigurður Kristinsson, 1984).

3.2.8 Nemendur á Stóra Hrauni

Nemendur sem kennslu gátu notið virðast hafa verið í hópi þeirra sem nokkra máltöku höfðu fengið á íslensku áður en þeir misstu heyrn frekar en þeir væru fæddir heyrnarlausir. Í viðauka C eru taldir 28 nemendur sem voru í skólanum á Stóra Hrauni. Af þeim fóru 15 nemendur heim til foreldra sinna, í vinnumennsku eða voru niðursetningar, sjö fluttu til Reykjavíkur, fimm til Akureyrar og einn lést á Stóra Hrauni.

Friðrik Jónsson var fæddur 6. janúar 1883 í Hvammi, Grýtubakkahreppi. Í manntali 1890 er hann sagður mál- og heyrnarlaus og er það talið vegna veikinda. Friðrik ólst upp á Kálfsá í Ólafsfirði en fór árið 1899, þá 15 ára, að Stóra Hrauni við Eyrarbakka og var þar sennilega samfleytt í skóla í 5–6 ár. Á Héraðsskjalasafninu á Akureyri eru fimm vinnubækur Friðriks úr Eyrarbakkaskóla og einnig bréf sem hann skrifar móður sinni úr skólanum 6. desember 1904. Þar segir hann:

Jeg er nú á hverjum degi að keppast við að læra og þykir mér það mjög mikið gaman. Jeg veit að þjer þykir gaman að heyra hvað jeg er að læra, svo jeg ætla að skrifa þjer um það. Í haust byrjaði jeg á að lesa upp biblíusögurnar mínar, sem jeg er nú búinn með. Jeg er líka búinn með landafræðina, sem mér þótti fremur gaman að, en nú ætla ég að fara að læra kverið mitt. Jeg veit að mér þykir gaman að því, það er alltaf svo skemmtilegt að læra um guð og góðu englana og frelsarann Jesú Krist, sem okkur og öllum þykir svo vænt um. Enn fremur er jeg að skrifa og reikna. Kennararnir eru hjá okkur til klukkan þrjú, svo þegar við erum búinn að borða förum við að læra að kverið okkar og keppumst við að læra til klukkan níu á kvöldin. ... Góða mamma mín! Mundu nú að skrifa mér það fyrsta þú getur langt og skemmtilegt brjef og segðu mér þá eitthvað um systkin mín, og margt fleira að heiman. Guð gefi ykkur öllum góð og blessuð jól elsku, mamma mín og líði ykkur öllu betur en beðið fær ykkur elskandi sonur Friðrik Jónsson. (Héraðsskjalasafnið á Akureyri)

Vinnubækur Friðriks eru vandvirknislega og vel skrifaðir textar úr ýmsum áttum og koma vel heim og saman við lýsingar prestanna á kennsluáferðum. Þarna eru smásögur, stíllæfingar, ferðasögur, m.a. ferðalýsing á hestum frá Stóra Hrauni til Reykjavíkur, biblíusögur og sálmar. Inn á milli voru orðskýringar í sviga á erfiðum orðum.

3.3 Orðræðan og hugmyndafræðin

Staðan á Íslandi var allt önnur en í Danmörku og orðræðan í kringum döff fólk á 19. öldinni var fjölbreytileg. Heyrnarlaust fólk var kallað vitskert, ómála, daufdumbt, mállaust og aumingjar. Í opinberum textum var oft skrifað heyrnar- og mállausir. Í skýrslum um mannfjölda er fólk, sem er heyrnarlaust, yfirleitt nefnt *daufdumbir*. Í prestþjónustubókum og sóknarmannatölum er gjarnan skrifuð stutt athugasemd eftir skráningu heyrnarlausrar manneskju, *dumbi* eða gerður slaufusvigi um fleiri einstaklinga og skrifað *dumbar*. Einnig er skrifað *heyrnar- og mállaus og daufdumb* á Stafafelli. Á Kirkjubæjarklaustri er skrifað *mállaus*, Steinunn var *heyrnarlaus*. Algengast var í daglegu tali að tala um mállausa og málleysingja. Sigfús Sigurðsson var kallaður Fúsi mállausi, Þórarinn Brandsson var kallaður mállausi, Anna Sigríður var kölluð Anna mállausa og á Akureyri bjó Maggi mállausi. Algengt var að talað væri um heyrnarlaust fólk sem *ómála* og í opinberum reikningum þegar gerð var grein fyrir ferðakostnaði nemenda til Páls eða til Kaupmannahafnar var talað um kostnað við ómála flutninga. Fatlaðir voru eftir 1900 nefndir vanaðir og tvívanaðir ef þeir voru til dæmis bæði „daufdumbir“ og „vitskertir“. Í umræðu um menntun heyrnarlausra á þingi höfðu aðrir þingmenn en Páll litla trú á atgervi þeirra. Hallgrímur Jónsson þingmaður notar sama orðfæri og Jón Sigurðsson og Eiríkur Kúld um heyrnarlausna, hann hafði litla trú á hópnum „því sum af þessum aumingjum munu vera svo báglega á sig komin, að varla er unnt að kenna þeim“ (Alþingistiðindi, 1871, bls. 248).

Öll orðin sem notuð voru um fólk, sem var heyrnarlaust, vísa til þess að það hafi ekki átt neitt mál, eins og „ómála“ og „mállaus“, og þeir sem ekkert mál áttu voru ekki álitnir fullkomlega mennskir. Án sameiginlegs tungumáls með öðrum var fólk þetta lokað inni í líkama sínum og naut ekki virðingar. Það var hluti af hópnum ‘afbrigðilegir menn’ og ef það hafði aðra fötlun var það með tvöföld afbrigði, til dæmis var kona bæði „daufdumb og hálfviti“ eða „blind og daufdumb“ (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland: C-deild. Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903 I*. bls. 207–210). Þéttbýli var lítið og heyrnarlaust fólk stóð utan félagslegs samhengis á heyrandi heimilum sínum, án grundvallarréttinda og virðingar frá öðrum.

3.4 Þegar samskiptin vantar er sjálffræði í hættu

Þegar heyrnarlaust fólk á 19. öldinni naut ekki virðingar og lifði ekki eðlilegu lífi var það ekki sjálfráða. Það var valdalaust og hafði lítil áhrif á eigið líf. Margir enduðu eftir kennsluna sem þurfaingar, ómagar eða niðursetningar í heimasveit og allir voru ógiftir nema Kristján Jónsson og Anna Sigríður. Þau tóku ekki sjálf ákvörðun um að giftast. Þau voru notuð og þeim var misboðið. Það þjónaði eingöngu hagsmunum Páls Pálssonar en ekki þeirra að þau yrðu þússuð saman til þess að losa Pál undan faðerninu. Fram hefur komið að sögur hafi gengið um að Anna Sigríður hafi ekki verið ein um að verða barnshafandi af heyrnarlausu konunum á heimili Páls. Bandarískar rannsóknir (Smith og Pick, 2015) hafa sýnt að heyrnarlausar konur eru í tvisvar til þrisvar sinnum meiri hættu á kynferðislegri misnotkun en heyrandi. Norsk rannsókn (Kvam, 2004) sýndi tvisvar sinnum meiri misnotkun meðal heyrnarlausra kvenna en meðal heyrandi kvenna og þrisvar sinnum meiri meðal heyrnarlausra karlmanna en heyrandi karlmanna. Íslensk rannsókn sýnir að fatlaðar konur verða mun oftar fyrir ofbeldi en ófatlaðar konur og að ofbeldið gagnvart þeim tengist fyrst og fremst félagslegri stöðu þeirra og valdaleysi þar sem þær geti átt erfitt með að segja frá ofbeldinu eða sækja sér hjálp (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2015). Á 19. öldinni hefur líklega verið enn meira um að heyrnarlausar konur hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Jóhann Pálsson, bóndi í Goðdal í Strandasýslu, var dæmdur fyrir að hafa haft „holdlegt samræði við og getið barn með dóttur sinni Jónínu Guðmundínu, sem er heyrnar- og málleysingi, rúmlega tvítug að aldri“ (Rjettvísni gegn Jóhanni Pálssyni, 1901) og var hann dæmdur fyrir það í sex ára betrunarhúsvinnu. Fram kom að hann hefði „fleirsinnis“ haft holdlegt samræði við dóttur sína á árunum 1894 og 1895 og líklega einnig fyrr en einnig kemur fram að hún hafi sóst eftir samvistum við föður sinn í einrúmi. Jónína var samkvæmt dómnum algjörlega heyrnarlaus og mállaus og hafði engar uppfærðslu notið. Auk þess hafði hún „þau líkamslýti að hún haltraði“. Jónína átti ekki sameiginlegt mál með öðrum og hafði ekki fengið skilning á réttu og röngu eða gat tjáð sig um það sem henni var á móti skapi. Henni var misboðið – hún var notuð og varð að láta það yfir sig ganga. Jónína vann venjulega innanbæjarvinnu og var talin vera sæmilega greind. Þeir sem þekktu hana gátu átt samskipti við hana með bendingum, væntanlega það sem hér hefur verið kallað heimatáknun.

3.5 Heyrnarlaus fólk bjó dreift um landið

Félagsleg staða heyrnarlauss fólks hefur verið afar bágborin fram yfir aldamótin 1900. Án samfélags með öðrum heyrnarlausum gat það ekki birt mennsku sína og notið þeirra gæða sem lífið hefði getað fært þeim. Án samskipta var það ekki sjálfráða og frjálst, heldur valdalaust, gat ekki haft áhrif á eigið líf eða gert sér grein fyrir eigin verðmæti og öðlaðist ekki eðlilega þátttöku í samfélaginu eins og að stofna heimili. Sumir nemenda Páls lærðu að skrifa og eiga samskipti með fingramáli, auk þess að vinna hagnýta sveitavinnu. Eftir námið bauðst þeim, sem vinnu fengu, að gerast vinnukonur eða vinnumenn á sveitabæjum. Einungis Þórarinn Brandsson skósmiður var sestur að í Reykjavík árið 1890 en engin merki virðast enn vera um táknmálsamfélag þar.

Í *Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1906* kemur fram að heyrnar- og málleysingjar séu byrði fyrir mannfélagið. Árið 1905 hafi 66 einstaklingar verið heyrnar- og mállausir á Íslandi. Til viðbótar nefndi prestur einn að í sinni sókn væru „2 vitfirringar báðir mállausir“ sem ekki væru taldir með. Þeir sem höfðu atvinnu unnu næstum alltaf við sveitabúskap. Flestir voru undir tvítugu og einungis þrír voru eldri en 60 ára. Bent var á að „þetta fólk“ yrði sjaldan langlíf. Það væri einmana.

... ef það kennir þunglyndis eða sorgar, ber það hana eitt síns liðs, öll gleðin, sem málið veitir öðrum, fer fram hjá því. Það er líklegt, að viljann til að lifa vanti fremur hjá því en öðrum, og viljinn lengir lífið. Enginn af þessum 66 manns hefur nokkru sinni gipt sig, enda væri heyrnar- og mállaus móðir sorgarsjón. Borið hefur þó við að eitthvað af þessu fólki hefur átt börn. (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland C-deild; Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1906*, bls. 105)

Á þessum tíma voru þrettán nemendur í skóla á Stóra Hrauni og samtals 30 einstaklingar höfðu áður verið í kennslu á landinu. Ellefu voru ekki orðnir skólaskyldir eða yngri en 10 ára og tólf höfðu ekki notið neinnar kennslu. Þrátt fyrir að í skýrslunni væri talið að heyrnar- og málleysingjar væru byrði fyrir mannfélagið unnu 16 konur og 21 karlmaður fyrir sér með sveitavinnu eða rúmur helmingur og einungis fimm voru á sveit. Fólk bjó dreift um landið þar sem prestar höfðu komið því fyrir. Óalgengt var að fólk eignaðist fjölskyldu og lifði eðlilegu lífi. Ein heyrnarlaus kona, Helga Jónasdóttir, var nemandi á Stóra Hrauni og gerðist seinna vinnuhjú þar. Hún giftist Alexander Arnórssyni, sem var heyrandi vinnumaður á Stóra Hrauni, árið 1911 og eignaðist með honum fjögur börn. Þau bjuggu í Ásakoti hjáleigu frá Votmúla þar til Alexander dó en þá flutti Helga til dóttur sinnar á Selfossi (Þí Hraungerði í Flóa/Selfoss - Sóknarmannatal 1922-1943).

3.6 Samantekt um fyrstu ár kennslu fyrir heyrnarlaus

Hér hefur verið gerð grein fyrir upphafsárum í menntunarsögu heyrnarlausra, fyrst í Danmörku og svo á Íslandi, á því tímabili þegar prestar sáu um kennslu heyrnarlausra.

Prestar höfðu það hlutverk að sjá nemendum fyrir heimili eða vinnu eftir að námi lauk, bæði þeim sem komu frá Danmörku og hinum sem sóttu kennslu til prestanna. Eftir nám var nemendum því ráðstafað víða um landið og mynduðu ekki eigin samfélög.

Í Danmörku hafði danskt táknmál verið kennslumál í skólanum á meðan þar voru íslenskir nemendur. Bæði heyrandi og heyrnarlausir kennarar voru táknmálstalandi og að minnsta kosti karlkyns nemendum bauðst iðnmenntun eftir að námi lauk. Margar stúlkanna unnu fyrir sér við þjónustustörf. Í Danmörku voru döff formgerðir, danskt táknmál og döff-félag sem hélt utan um og studdi hópinn og í borgarsamfélagi var atvinna fyrir döff iðnaðarmenn. Í þeirra hópi voru íslenskir iðnaðarmenn sem sumir áttu fyrirtæki, eigið heimili og fjölskyldu og voru virtir þátttakendur í samfélaginu.

Hugmyndir prestanna, sem sáu um kennslu hér á landi, um nemendur sína virðast hafa verið nokkuð ólíkar. Séra Páll Pálsson taldi sig þekkja vel aðstæður heyrnarlausra og vann að þeirri hugsjón að hér á landi yrði komið á kennslu fyrir heyrnarlausu unglinga. Páll leit svo á að þeir hefðu fulla greind en vantaði getuna til þess að tjá sig í gegnum raddmál. Markmið með kennslu hans var að nemendur gætu tjáð sig í gegnum skrift, fingrastafróf og bendingar (táknmál), að þeir kynnu aðalatriði kristinnar trúar og gætu unnið fyrir sér eftir fermingu og útskrift. Hann réð til sín heyrnarlausan aðstoðarkennara sem hafði fengið menntun í Danmörku og talaði væntanlega danskt táknmál, sem bendir til þess að hann hafi haft skilning á mikilvægi þess að hafa táknmálstalandi kennara eins og tíðkaðist í Danmörku.

Séra Ólafur og síðar séra Gísli virðast ekki hafa haft sama skilning á stöðu nemenda sinna og Páll hafði. Meginmarkmið þeirra var að kenna nemendum íslensku auk kristinfræði og að geta fermt nemendur í lok vistar. Kennsluaðferðir byggðu þeir á fingrastafrófi og ritmáli en áhersla á bendingar eða táknmál voru horfnar. Margir nemenda prestanna höfðu misst heyrn eftir að máltaka þeirra á íslensku var hafin og höfðu því virkjað málstöðvar í heilanum áður en þeir misstu heyrn.

Á því tímabili sem hér hefur verið lýst umluktu heyrandi formgerðir döff fólk á Íslandi og innan þeirra var heyrnarlaust fólk flokkað með afbrigðilegum mönnum. Í daglegu tali var það kallað 'mállaut' eða 'daufdumt', 'málleysingjar' og 'aumingjar'. Innan heyrandi formgerða var það undirsett og því var vantreyst: „heyrnar- og mállaus móðir [væri] sorgarsjón“. „Aumingjar þessir“ bjuggu dreift um landið, oft hjá foreldrum sínum, flestir aðrir voru hjú eða voru á sveit. Við þessar aðstæður var erfitt að skapa sér eigið líf og iðka sjálfræði. Ekki eru merki um döff formgerðir, döff rými eða táknmálssamfélag utan skólans á Íslandi þar sem íslenskt táknmál gat þróast áfram kynslóð fram af kynslóð.

3.7 Ríkisskóli

Skólinn á Stóra Hrauni flutti til Reykjavíkur árið 1908 og var gerður að ríkisskóla. Nú voru heyrnarlaus börn alls staðar að af landinu skólaskyld í Reykjavík, bjuggu þar í

heimavist og áttu piltarnir kost á að læra einhverja iðn í lok námsins og stúlkur lærðu handavinnu og matseld. Í umfjöllun um skólann sem hér fer á eftir verður auk ritaðra heimilda byggt á frásögnum nemenda eða ættingja þeirra. Ekki verður alltaf vísað sérstaklega í hverja frásögn eða viðtal en í Inngangi er gerð grein fyrir þeim sem vitnað er til.

3.7.1 Málleysingjaskólinn 1909 til 1944

Margrét Bjarnadóttir Rasmus var skólastjóri frá 1909 til 1944. Fram til ársins 1922 hélst kennslan nánast óbreytt frá því sem verið hafði hjá prestunum áður, á fingra- og bendingamáli. Markmiðið var nú sem áður að kenna heyrnarlausum börnum íslensku í þeim tilgangi að gera þau 'eðlilegri'. Ragnheiður Guðjónsdóttir, kennari við skólann, skrifaði grein um starfsemi hans í tímaritið *Hlín* árið 1920. Í skólanum fengu börnin föt, fæði, húsnæði og kennslu foreldrum þeirra að kostnaðarlausu. Börnin fóru flest heim í sumarleyfinu en ef þau „áttu ekki að góðu heimili að hverfa“ fann skólinn þeim stað til sumardvalar (Ragnheiður Guðjónsdóttir, 1920, bls. 27). Ragnheiður sagði börnin vera erfiðust fyrsta og annað árið en eftir það yrðu þau „eftirlát, og eru vanalega öll hlýðin og góð við forstöðukonuna og mig, og vilja aldrei stýggja okkur í neinu“ (bls. 27). Hún sagði að langerfiðast væri að kenna þeim að tala rétt mál. Það væri eiginlega alveg ómögulegt. Bóklegir tímar væru frá kl. 9–1 og handavinna tveir tímar eftir hádegið. Kennt væri þrjón og saumaskapur, bursta- og sópagerð en einnig skósmíði og söðlasmíði.

Í nokkrum viðtölum, sem tekin voru af starfsfólki Samskiptamiðstöðvar við heimilisfólk á elliheimilinu Vinahlíð árið 1994, komu fram lýsingar á skóla Margrétar Rasmus eins og hann var áður en áherslan breyttist alveg yfir í tal og varalestur. Sigríður Kristín Kolbeinsdóttir frá Æðey við Ísafjarðardjúp, sem hóf nám við skólann hjá Margréti Rasmus árið 1909, þá 9 ára gömul, sagði nemendur hafa setið í kennslustundunum með bók og fingrastafað orðin í bókinni eða það sem kennari skrifaði á töflu. Börnin lærðu lítið í skólanum, að sögn Sigríðar, aðeins örfá orð í íslensku. Þau voru ólæs og fengu litla almenna menntun en unnu á hinn bóginn mikið. Á fyrsta ári var þeim kennt hvað líkamshlutar hétu (fingrastafað). Þá áttu nemendur að halda skólanum hreinum og búa til mat. Stelpurnar unnu inni og strákarirnir úti. Áhersla var lögð á að kenna handverk, sem Rasmus taldi að myndi koma sér vel að skóla loknum. Stelpurnar lærðu að elda, baka og vinna í höndum. Þær skrúbbuðu líka herbergin, gangana og niður tröppurnar frá 9 ára aldri, þvoðu upp og unnu önnur heimilistörf.

3.7.1.1 Raddmálsstefna í skólanum

Árið 1922 tóku ný lög við af tilskipuninni frá 1872 sem staðfestu nýja ríkisskólann. Það sama ár fór Margrét Bjarnadóttir Rasmus á námskeið hjá Dr. Forchammer, skólastjóra í Fredericia í Danmörku, þar sem hún lærði kennsluferfi hans, sem kallað var munnhandarkerfi (d. *Mund-haand system*) og var notað til þess að styðja tal- og varalestur (Brandur Jónsson, 1967). Þetta var ný þekking, sem hafði enn það að markmiði að gera

nemendur 'eðlilegri', henni fylgdi ný kennsluaðferð og ný markmið í kennslu heyrnarlausra hér á landi sem fólst í því að kenna ætti heyrnarlausum nemendum að lesa af vörum og tala með rödd eins og heyrandi fólk gerir. Nemendum var kennt að tala en um leið að gera merki með handformi fyrir þau hljóð málsins sem erfiðast var að lesa af vörum. Eftir það áttu nemendur að geta byggt 'eðlileg' samskipti á varalestri og einnig hlustað með hendinni til að finna titringinn á hálsi þess sem talað var við.

Í *Morgunblaðinu* 2. október 1929 er viðtal við Margréti Rasmus í tilefni af 30 ára kennaraafmælis hennar. Þar segir hún að öll kennslan beinist að því „að kenna börnunum að tala og skilja málið“ (bls. 5). Augljóst er að 'málið' er íslenska og að íslenskt táknmál eða fingramál var ekki til í hennar huga sem tungumál. Verkefni kennara á tímum raddmálsstefnu, að kenna raddmál án heyrnar, var óviðráðanlegt. Um það segir Margrét:

Erfiðleikinn við þetta er ótrúlegur, m.a. af því, að þau heyra fæst neitt. Það kostar mikla áreynslu að fá þau til að gefa frá sjer rjett hljóð, laga röddina og kenna þeim að mynda orð og setningar, eins og skiljanlegt er, þar sem eyrað hálpar ekki til. (30 ára kennara-afmæli, 1929, bls. 5)

Jafnframt útskýrir hún að börnin skilji ekki hvers vegna þau eigi að læra að tala íslensku þar sem hugmyndin um að tala sé þeim ókunn. Þrátt fyrir að verkefnið hafi verið ófyrstíganlegt var kennsluaðferðinni haldið til streitu.

Á árunum milli 1930 og 1940 voru um 15 nemendur á mismunandi aldri í skólanum sem nú áttu að læra að tala án þess að skilja orðin. Guðmundur Kristinn Björnsson (f. 1925) var í skólanum hjá Margréti Rasmus til 15 ára aldurs. Guðmundur sagði frá því í viðtali að nemendur hefðu átt að hlusta með því að leggja flatan lófa framan á hálsinn á þeim sem talaði (2001). Hann sagði þau ekki hafa skilið neitt og þau hefðu aldrei lesið bækur. Stök orð voru skrifuð á töfluna sem þau skrifuðu í stílabækur. Orðin voru ekki útskýrð og nemendur skildu þau ekki. Svo lærðu nemendur að smíða og sauma. Mamma Guðmundar og pabbi notuðu aldrei táknmál við hann og annað heyrandi fólk talaði ekki við hann. Nokkrir aðrir foreldrar notuðu fingrastafróf og bendingar við börnin, aðrir notuðu aldrei tákn eða bendingar.

Margrét Rasmus lagði megináherslu á að kenna nemendum sínum íslensku í þau 45 ár sem hún kenndi heyrnarlausum nemendum – án þess að ná árangri. Nemendur hennar lærðu hvorki að eiga samskipti á íslensku né fengu þá menntun sem skólinn hefði átt að veita þeim. Á þessum árum beindist lífvaldið að því að gera heyrnarlaus börn 'eðlileg' og var það markmið sett fyrir þau að þau gætu heyrt og talað og var það lagt að jöfnu við menntun og lífsgæði. Að sögn Halldóru Jónsdóttur, dóttur Sigríðar K. Kolbeinsdóttur og Jóns Kristins Sigfússonar, lærðu foreldrar hennar, sem báðir voru í skólanum, ekki mikið og heldur ekki systkini hennar tvö, Stefanía og Grétar, sem einnig voru heyrnarlaus og í skóla hjá Margréti Rasmus. Halldóra sagðist hafa heimsótt Margréti og spurt hana hvers vegna hún hefði ekki kennt nemendum sínum betur að

skilja íslensku. Margrét hefði brugðist ókvæða við, sagt að hún ætti ekki að tala um það sem hún hefði ekki vit á. Hún vissi ekki hvað það væri erfitt að kenna heyrnarlausum orðin. Það er athyglisvert miðað við þessar lýsingar að áherslan í skólanum virðist ekki hafa verið á málið íslensku heldur orðin í málinu.

Á heimili foreldra Halldóru var einungis notað fingramál, mál sem þróast hafði innan litla samfélagsins úr fingrastöfuðum íslenskum orðum og táknum með táknmálskri málfræði. Halldóra sagðist sjálf hafa kennt foreldrum sínum og systkinum hvað orð á íslensku þýddu og þau hefðu getað skrifað einföld skilaboð eða stuttar setningar. Að hennar sögn lagði Margrét megináherslu á að kenna stúlkum að þrjóna og sauma og strákunum að vinna útiverkin og smíða. Hún hefði því í raun ekki haft mikla trú á menntuninni, sem hún átti að veita, þar sem henni fannst mikilvægast að stúlkur og drengir lærðu handverk og hefðu eitthvað fyrir stafni en sætu ekki aðgerðarlaus þegar úr skóla væri komið.

Þessari kennsluaðferð var fylgt þangað til Brandur Jónsson tók við skólastjórn skólans árið 1944 en þá var hætt að nota munn-handarkerfið og fingrastafróf. Reynt var að kenna nemendum að tala án allra bendinga (Brandur Jónsson, 1967).

3.7.2 Táknmálsbannið tekur yfir

Raddmálsstefnan kom af fullum krafti til Íslands þegar Brandur Jónsson tók við Málleysingjaskólanum árið 1944. Forverar hans höfðu allir fengið sína kennsluþjálfun í Danmörku með því að dvelja þar við skóla í nokkra mánuði. Brandur var hins vegar vel menntaður kennari heyrnarlausra og í raun einnig talmeinafræðingur. Hann lærði fyrst í Þýskalandi og Danmörku en kom til Íslands eftir að síðari heimstyrjöldin braust út og stundaði um skeið talkennslu og kennslu við Málleysingjaskólann hjá Margréti Rasmus. Brandur fór síðan til Bandaríkjanna þar sem hann lauk námi og tók við skólastjórn í Málleysingjaskólanum (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1945).

Ferdinand Saussure, sem lagði grunninn að nútímamálvísindum, lýsti því hvernig hljóðmynstur (form) og hugsun (hugtak) (e. *signifier* og *signified*) væru sálræn upplifun en ekki efnisleg og svo nátengd að hvort um sig gæti leyst hitt úr læðingi, jafn óaðskiljanleg og báðar hliðar sama pappírblaðs og hvorugt væri til án hins (Chandler, 2007). Tenging hugsunar við hljóðmynstur og að hugsun væri ekki til án hljóðs var þannig bundin í fræðunum. Í Bandaríkjunum lærði Brandur kennslufræði þess tíma, raddmálsstefnu eða óralisma sem þróaðist innan þessarar hugmyndafræði og kenninga fræðimanna eins og Saussure. Í grein Brands um heyrnardauf börn í *Menntamálum* árið 1967 endurspeglast þessi fræðilega tenging raddmála og hugsunar:

Við getum ekki skilgreint, hvernig við hugsum, en orð og mál eru svo nátengd hugsuninni í vitund okkar, að við getum miklu síður gert okkur grein fyrir, hvernig sá hugsar, sem engin orð þekkir, en þessvegna er okkur ljóst, hver lífsnauðsyn það er heilbrigðum huga að læra orð og mál,

Þótt hin venjulega leið til þess sé lokuð eða mjög ógreiðfær. (Brandur Jónsson, 1967, bls. 125)

Þrátt fyrir að Stokoe (1960) hafi verið búinn að lýsa málfræði ameríksks táknmáls þegar Brandur skrifaði greinina og benda á að táknmál væru mál heyrnarlausra var langt frá því að kennarar hér á Íslandi gerðu sér grein fyrir því að nota mætti táknmál við menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Í þeirra huga varð að leggja alla áherslu á að barnið lærði að skilja tal og að tala. Málið var tal og milli tals og hugsunar var sálræn tenging. Einungis var hægt að tjá hugsanir og tilfinningar með tali og talið greindi mann frá dýri. Brandur skrifar:

Málleysið er mesta bölg hinna heyrnardaufu, og öll kennsla þeirra miðast við að bæta úr því. Málið er eitt aðaleinkennið, sem greinir mann frá dýri. Öll æðri dýr hafa hin sömu skilningarvit og maðurinn, en hann einn er þeim hæfileika gæddur að gefa þeim áhrifum, sem hann verður fyrir, sérstök tákni og leggja þau sér á minni. En skilyrði þess, að þessi hæfileiki mannsins njóti sín, er, að hann hafi næga heyrn til þess að heyra öll hljóð málsins – og að við hann sé talað. Milli tilfinninga og hljóðs er sálrænt samband, og það, ásamt hinni eðlilegu hvöt til þess að nota röddina, eru þær rætur, sem málið vex upp af. Heyrnin er því jafn nauðsynleg fyrir málþroskann og sól og vatn er plöntunni. Hjalið er fyrsti vísir málsins, og hann byrjar að skjóta rótum hjá heyrnardaufa barninu, en visnar svo og deyr eins og fræ, sem engan jarðveg finnur. ... Það [heyrnardaufa barnið] getur illa látið skilja þarfir sínar, getur um ekkert spurt og á næstum ómögulegt með að tjá eigin hugsanir. (Brandur Jónsson, 1967, bls. 126–127)

Allir helstu sérfræðingar á tímum raddmálsstefnunnar höfðu þá trú að það þyrfti fyrir alla muni að kenna börnunum að tala svo þau gætu hugsað og orðið mennsk. Táknmál væru látbragð og teikningar í loftinu, sem lytu engum reglum eða málfræði eins og raunveruleg tungumál (Petito, 2014). Brandur trúði því að heyrnarlaus börn hefðu jafna vitsmuni og heyrandi börn en til þess að þroska þá eðlilega þyrfti barnið að læra talaða íslensku (Brandur Jónsson, 1967). Því fyrr sem hægt væri að byrja að kenna börnunum tal, þeim mun betra og taldi Brandur börnin hæfust til þess að læra það á aldrinum 2–7 ára (Brandur Jónsson, 1944). Raddmálsstefnunni fylgdi áhersla á að börnin kæmu í skólann sem yngst (Brandur Jónsson, 1967). Var skólaskylda þeirra lögfest frá 4 til 16 ára aldurs með nýjum lögum um Heyrnleysingjaskóla nr. 13 sem tóku gildi í mars 1962 (Lög um Heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962).

Þrátt fyrir þá annmarka sem menn héldu að táknmálið hefði áleit Brandur að það væri nauðsynlegt fyrir þá sem ekkert heyrðu. Brandur taldi hins vegar eins og aðrir að táknmál væri hlutbundið í eðli sínu. Bendingar gætu illa tjáð orð sem ekki væru hlutbundin og ekki væri hægt að sýna hvað þýddu. Bendingar gætu því ekki miðlað

flókinni hugsun og því væri táknmál óhæft til þess að nota inni í kennslustofunni. Notkun tákna tefði fyrir námi í íslensku og þroskun vitsmunanna. Að hans mati var æskilegt að samræma bendingamálið innan hvers lands og landa á milli því enn hefði ekkert komið fram, sem leyst gæti bendingamálið af hólmi svo að heyrnarlausir gætu talað sín á milli (Brandur Jónsson, 1976).

Eftir að fyrsta heyrnartækið var fundið upp árið 1930 jókst trú manna á möguleikanum á því að kenna heyrnarlausum börnum að tala og vera 'eðlileg'. Látbragð og bendingar mátti einungis nota við þá sem höfðu minnsta getu. Beitt var sérstökum aðferðum við talkennslu og hugtakanám, sem báru ekki mikinn árangur, en útheimtu mikla þjálfun og þolinmæði. Einnig voru heyrnarleifar barnanna notaðar með hjálp heyrnartækja. Heyrnartækin, sem sífellt urðu betri, gáfu nýja og nýja von um að hægt væri að bæta upp og laga skerðinguna og hjálpa heyrnarskertum að læra talmálið til þess að eiga samskipti við aðra (Brandur Jónsson, 1967, 1976).

3.7.3 Nemendum leið ekki vel

Hervör Guðjónsdóttir var 13 ára nemandi við skólann árið 1944 þegar Brandur tók við sem skólastjóri. Að hennar sögn hafði afstaða Brands til táknmáls (sem á þeim tíma var kallað af heyrandi fólki fingra- eða bendingamál) breyst eftir námið í Ameríku. Nú var nemendum bannað að tala táknmál eins og raddmálsstefnan boðaði og skólar fyrir heyrnarlaus börn um allan heim byggðu á. Hervör sagði að ekki hefði verið hægt að hlýða táknmálsbanninu. Þau voru von að mega tala táknmál og þeim hefði þótt það nauðsynlegt og ekki væri hægt að hætta að tala það. Löngunin til að tala táknmál hefði verið svo sterk að helst mætti líkja því við fíkn. Á þessum tíma hafði málið þróast í Málleysingjaskólanum hjá Margréti Rasmus með fingrastafrófi í nokkra áratugi. Fleiri tákn í stað fingrastaðora orða og flóknari málfræði hafði bæst við það. Þegar ekki gekk að fá eldri nemendur, sem fyrir voru í skólanum, til þess að hætta að nota táknmálið vildi Brandur útskrifa þá sem fyrst, að sögn Hervarar, þannig að hann gæti einbeitt sér að því að kenna þeim yngri að eiga samskipti með raddmáli. Hervör sagði hann ekki hafa haft áhuga á táknmáli á þessum tíma en síðar þegar hann vantaði túlk fyrir heyrnarlausu hefði það komið sér vel að geta kallað á sig til þess að túlka.

Það kemur fram í viðtölum við fólk sem var í skólanum, eftir að raddmálsstefnan tók við, bæði hjá Margréti Rasmus og Brandi Jónssyni, að nemendum leið oft illa í skólanum. Þeim var líffræðilega ómögulegt að ná mállegum markmiðum kennaranna um íslensku og stóðu aldrei undir væntingum þeirra. Það hafði alvarleg áhrif á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra. Fram kemur í skýrslu Vistheimilaneftndar að nemendur skildu ekki hvað kennararnir sögðu og gátu ekki gert sig skiljanlega við þá (Róbert Spanó, 2009). Í þögninni á milli þeirra bjó misnotkun og andlegt og líkamlegt ofbeldi, útilokun frá lögbundinni menntun og þeim tækifærum sem lífið hefði átt að færa þeim. Heyrnarlaus fólk minnst þessa tímabils í sögu sinni sem hræðilegs tíma sem vísað hefur verið til sem einangrunartímans (Widell, 1993). Í kennslustundum sáu nemendur

myndir af dýrum og skrifuðu stafi en tengdu orðin ekki við dýrin. Orð voru skrifuð á töfluna, sem nemendur skrifuðu í bók. Heimavinnan var að lesa orðin upphátt og læra þau utan að. Ekkert barnanna vissi hvað skrifuðu orðin þýddu en þannig áttu þau að læra að tala íslensku. Baldur Snæhólm sagði að þetta hefði verið erfitt og þreytandi. Kennarar hefðu ekki kunnað táknmál en börnin hefðu skrifað og skrifað, ýmsar námsgreinar og aftur og aftur það sama. Kennararnir gátu ekki útskýrt merkingu orða eða veitt nemendunum menntun. Nemendur lásu íslensku án skilnings og áttu að læra málið á þann hátt. Mestur tími fór í að 'kenna' að tala og heyra því álitnið var að þegar það hefði náðst gætu nemendur hugsað og lesið allt sem hugur þeirra stóð til. Katla Þórðardóttir sagðist hafa getað lesið orðin fallega og kennari hefði hrósað sér fyrir það. Hann hefði haldið að hún skildi orðin sem hún gerði ekki. Henni hefði þótt þetta vera þvingandi og þreytandi. Þau hefðu verið með sömu bækurnar ár eftir ár og kennari sagt að ef þau lærðu þær oftær lærðu þau að skilja þær betur. Þannig hefði hún misst áhugann á námi.

Sigurborg Skjaldberg (Sirrý) og Hreinn Guðmundsson, sem byrjuðu í skólanum stuttu eftir að Brandur tók við, lýstu kennslunni á svipaðan hátt og þeirri kennslu sem hafði verið áður hjá Margréti Rasmus. En nú áttu þau til viðbótar að lesa orð af vörum kennarans án stuðnings handforma og að skrifa þau í bók, þau fengu ekkert fingrastafróf eins og verið hafði áður. Mun meiri áhersla var lögð á mállhljóðin og réttan framburð þeirra. Heima áttu þau að æfa sig að lesa orð upphátt. Við framburðarkennsluna var notaður tunguspaði til þess að ýta tungunni í rétta talstillingu eða klipið var í barkann á börnunum – og oft meiddu þau sig. Þau voru líka látin finna titringinn af rödduðum hljóðum eins og M og N með því að leggja fingur á nefið. Brandur kenndi þeim að tala og lesa af vörum og heyrnarleifar voru 'þjálfaðar' með því að kennarinn hélt pappír fyrir munninum og las orð sem nemendur áttu að reyna að heyra. Tal æfðu nemendur eftir varalestri fyrir framan spegil. Þeim þótti þetta erfitt og skildu ekki tilganginn. Þegar ekki mátti nota táknmál og heldur ekki fingrastafróf áttu kennarar og nemendur ekkert sameiginlegt mál.

Sirrý og Hreinn sögðust hafa lært að skilja svona 5–10 orð á vetri. Ef kennarinn var að skrifa á töfluna og sá að þau laumuðust til að tala saman á táknmáli kastaði hann í þau krítinni eða sló á hendurnar á þeim með kennaraprikinu. Það var hreint ekki gott og börnin grétu af sársauka. Þau áttu að sitja með hendur í kjöltu og ekki segja neitt. Sirrý sagði að þau hefðu ekki leitað til fullorðna fólksins ef þau rifust eða slógust eða einhver fór að gráta. Þar hefði engan stuðning verið að fá. Það var bara sagt: „þú ert óþekk, þú ert óþekk“ og þeim var ýtt í burtu. Áherslan var á að gera börnin fær um að tala íslensku sem kennararnir héldu að væri leiðin til þess að þau gætu þroskað huga sinn og öðlast menntun. Kennsluaðferðir héldust svipaðar, skrifað var á töfluna, lesið heima og hlustað/horft á tal. Kennararnir kenndu það sama aftur og aftur. Sumir teiknuðu myndir til að gera merkingu orðanna skiljanlega en náðu ekki að skapa skilning eða veita börnunum menntun. Hreinn Guðmundsson lýsti heimavistinni:

Við vorum í heimavist og vorum send upp að sofa um klukkan átta. Við háttuðum, þvoðum okkur í framan og burstuðum tennurnar og fórum beint upp í rúm. Það var ekki lesið fyrir okkur og ekkert spjallað bara slökkt ljósið og við lágum og byltum okkur til svona níu hálf tíu, þangað til við sofnuðum. Við upplifðum enga hlýju. Það var aldrei tekið utan um okkur eða neitt, við lágum bara og biðum eftir að sofna.

Sú staðreynd að Hervör lýsti því að tala táknmál sem fíkn sem ekki væri hægt að láta af er skiljanleg í ljósi þess að það að banna mál þeirra var það sama og að banna þeim að eiga félagsleg samskipti, að þroskast og menntast. Með því var tekið frá þeim sjálfræði og það að geta haft áhrif. Í stuttu máli var verið að banna þeim að taka þátt í lífinu.

Árið 1964 fæddist stór hópur barna eða yfir 30 börn með heyrnarskerðingu vegna rauðra hunda á meðgöngu. Þau urðu skólaskyld fjögurra ára gömul og bjuggu á heimavist. Reglugerð gerði ráð fyrir að þau gætu verið í skólanum til 18 ára aldurs. Brandur lagði áherslu á að börnin fengju tveggja ára forskot frá fjögurra til sex ára sem undirbúning fyrir skólann. Þau væru þá byrjuð að læra að lesa áður en venjubundinn skóli hæfist. Árin frá 16 ára til 18 ára taldi hann mikilvæg til þess að veita þeim lengri grunnskólagöngu þar sem kennsla þeirra gengi hægar. Kennsla allra námsgreina við skólann hafði það markmið að nemendur lærðu íslensku.

Smám saman gerðu kennarar sér grein fyrir að raddmálsstefnan skilaði ekki árangri og farið var að nota tákni í kennslunni, breytingar urðu á stefnu skólans og nafni hans var breytt í Heyrnleysingaskóli.

3.7.4 Aukin áhersla kennara á tákni

Til Íslands kom árið 1974 ráðgjafi frá Danmörku, Agnete Munkesø, á vegum Félags heyrnarlausra og Foreldrafélags heyrnardaufra barna. Hún hélt námskeið í dönsku táknmáli og útskýrði að táknmál væri ekki hættulegt. Þvert á móti væri það nauðsynlegt fyrir heyrnarlaus börn og fullorðnir þyrftu táknmálstúlka vegna samskipta við heyrandi samfélag (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989). Áherslan á táknmál fór að aukast innan skólans og táknmálsbannið í kennslustundum linaðist. Boðið var upp á byrjendanámskeið í táknmáli fyrir kennara sem fólst fyrst og fremst í að kenna þeim stök tákni, til dæmis fyrir vikudagana, mánuðina, liti og hluti í umhverfinu. Táknmálsnefnd var stofnuð og farið var að safna táknum í táknmálsorðabók. Jafnframt var fenginn til landsins sérfræðingur sem aðstoðaði kennara við að búa til málfræðitákni í táknmálið. Búin voru til tákni fyrir samtengingar, forsetningar, hjálparsagnir, tíðir o.s.frv. í samræmi við málfræði íslensku. Þetta voru málfræðitákni sem féllu alls ekki að málfræði íslenska táknmálsins en mynduðu með þessu óskiljanlega málblöndu tákna og íslensku. Höfundur þessarar ritgerðar hóf störf við skólann árið 1977 eins og fram hefur komið. Í upphafi fékk hún úthlutað einum af 'bestu' bekkjunum (sem heyrðu mest og töluðu best) og var stelpubekkur.

Við skólann var starfrækt framhaldsdeild frá árinu 1978 þar sem hægt var að styðja nemendur í framhaldsnámi (Þingskjal nr 796/1977. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla). Kennarar skólans fylgdu nemendum í kennslustundir í framhaldsskóla og tóku niður glósur. Eftir að þeim skóla lauk fóru kennarar og nemendur í Heyrnleysingjaskólann og fóru saman yfir það aftur sem hafði farið fram í tímunum. Á þessum tíma voru rúmlega 80 nemendur í skólanum og hann hafði sterka stöðu. Þar var einnig starfrækt athugunardeild sem var kölluð Rauða húsið. Þegar barn hafði greinst með heyrnarskerðingu var foreldrum vísað í athugunardeildina þar sem þeir fengu stuðning, lærðu tákni og kynntust öðrum foreldrum. Brandur taldi á þessum tíma að tákni væri nauðsynlegt fyrir börn á fyrstu árunum þegar þau höfðu ekki náð lestrarfærni (Brandur Jónsson, 1982).

Eftir að viðhorf til tákni fór smám saman að breytast var leyft að nota það meira og meira í kennslunni. Við kennarar Heyrnleysingjaskólans gerðum okkur samt sem áður enga hugmynd um að um tungumál væri að ræða heldur frekar hjálpartæki til þess að gefa nemendum betri skilning á merkingu orða. Þar sem kennarar sáu ekki málfræði tákni síns héldu þeir að í málið vantaði málfræði og notuðu tilbúnu málfræðitákni til þess að bæta málið. Þannig var kennslumálið íslenska en kennarar notuð stök tákni með talinu til þess að reyna að gera það skiljanlegra fyrir nemendur.

Alhliða boðskipti (e. *total communication*) urðu yfirlýst stefna í kennslu frá árinu 1980, með Guðlaugu Snorradóttur, skólastjóra til ársins 1985 þegar hún lét af störfum. Við alhliða boðskipti voru notaðar það sem nefnt var allar tiltækar leiðir, varalestur, fingrastafróf, tákni, bendingar, ritað mál, látbragð o.s.frv., til íslenskukennslu (Guðlaug Snorradóttir, e.d.). Börnin máttu nú nota tákni í kennslustofunni þótt kennslan færi fyrst og fremst fram á íslensku og með stökum táknum og viðbættu málfræðitákni sem búin höfðu verið til þóttu koma sér vel. Nemendum var enn skipt í bekkir í skólanum eftir heyrn og getu þeirra til að tala íslensku. Í bestu bekkjunum voru 'heyrnarskert' börn sem samkvæmt skilgreiningu skólans áttu íslensku að móðurmáli og gátu talað. Þeir sem voru 'heyrnleysingjar' gátu ekki talað og áttu tákni að fyrsta máli en það var enn álitnið af kennurunum hlutbundið mál. Reynt var í lengstu lög að segja að móðurmál nemenda væri íslenska enda var helsta markmið skólans enn þá að gera börnin sem 'eðlilegust'. Elsa Guðbjörg Björnsdóttir sagðist eiga slæmar minningar úr skólanum á þessum tíma og samskiptin við kennarana hefðu verið hræðileg. Þeir hefðu ekki kunnað tákni en notað tákni með smáorðum á milli eins og í, á, að, um, er o.s.frv. Það hefði oft verið sagt við þau: „þú getur ekki“ og þau verið niðurlægð. Skemmtilegast fannst henni í frímínútum. Þar losnuðu börnin við niðurlægingu og pyntinguna sem fylgdi því að geta ekki talað sitt eigið tungumál og voru frjáls.

Eftir tímabil alhliða boðskipta tók Gunnar Salvarsson við skólastjórn árið 1985 og stefndi að því að íslenskt tákni yrði notað í kennslunni. Erfitt var að framfylgja stefnunni því tákniáskunnátta kennara var ekki mikil og hvergi var boðið upp á nám í íslensku tákni. Kennarar notuðu því áfram blandmál tákna og íslensku. Gunnar samdi

við Kennaraháskóla Íslands um að bjóða upp á kennslu í táknmáli fyrir kennara skólans frá september til maí veturinn 1989–1990 og voru Berglind Stefánsdóttir, Júlía G. Hreinsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir fengnar til þess að taka að sér þessa kennslu sem var samtals 480 tímar (Valgerður Stefánsdóttir, 1989). Árið 1991 tóku gildi ný grunnskólalög. Með þeim voru sérstök lög fyrir heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962 felld úr gildi og sömu lög giltu um menntun heyrnarlausra táknmálsbarna og um menntun heyrandi barna (lög um grunnskóla nr. 49/1991). Táknmálsstefnan innan skólans þróaðist yfir í tvítýngisstefnu þar sem stefnt var að því að íslenska og íslenskt táknmál yrðu jafnrétt há mál í skólastarfinu (Gunnar Salvarsson, 1991). Þó var ekki auðvelt að fá skilning á mikilvægi táknmáls og málumhverfis fyrir börnin á þessum tíma, hvorki frá foreldrum barnanna né skólafyrirvöldum. Nýju grunnskólalögin voru samin með heyrandi börn í huga en ekki táknmálsbörn. Lögin voru því nýjar formgerðir utan um menntun barnanna sem ekki voru þeirra og stefndu eins og áður að því að gera börnin að 'eðlilegum' börnum. Í bókinni *The Mask of Benevolence* vitnar Harlan Lane (1999) í heyrnarhyggju sem Tom Humphries lýsti og setur fram skilgreiningu á stofnanalægri heyrnarhyggju sem birtist þegar heyrandi fólk mótar umhverfið að sínum þörfum og nær með því að halda yfirráðum sínum yfir samfélagi heyrnarlausara.

Smám saman var skólinn aðlagður 'nútíma' og nýjum lögum. Heimavist skólans var lokað árið 1991 og heima hjá nemendum var raddmál ráðandi. Jafnframt þótti mikilvægt að heyrnarlaus börn væru í leikskóla með heyrandi börnum og nytu sama málumhverfis. Það samrýmdist ekki hugmyndafræði heyrandi skólafólks á þeim tíma að heyrnarlaus börn væru 'einangruð' á skólalóðinni. Án þess að gera sér grein fyrir að það væri þeim líffræðilega ómögulegt áttu þau að fá tækifæri til þess að læra að eiga samskipti við heyrandi börn og verða 'eðlileg'. Gunnar Salvarsson barðist fyrir því að leikskólabörn fengju áfram þjónustu frá skólanum sem nú hét Vesturhlíðarskóli og þroskuðu mál sitt í táknumálsumhverfi en talaði fyrir daufum eyrum innan valdakerfisins. Athugunardeildin var lögð niður og leikskólinn var fluttur í Sólborg, leikskóla fyrir heyrandi börn. Nú þegar áhersla innan skólans var orðin á að nota táknmál sem kennslumál var skólinn orðinn hluti af lögum fyrir heyrandi skólakerfi. Það samrýmdist ekki hugmyndafræðinni sem þar réði ríkjum að börn töluðu táknmál og þyrftu á málumhverfi að halda til að þroska það. Með því að leggja niður leikskóla Vesturhlíðarskóla og athugunardeildina sem studdi foreldra við máluppeldi táknmálsbarna var mikilvægu táknumálsrými eytt, sem hafði fósttrað upphaf og þróun málsins og nært málþroska barnanna. Eins og áður hefur komið fram var það fyrst og fremst í skólanum sem börn tileinka sér táknmál sem móðurmál. Heyrnarhyggjan var innbyggð í skólakerfið og var sterkari en fólkið sem þekkti þarfir nemendanna.

3.7.5 Táknmálsland

Í heimavistarhúsin, sem byggð höfðu verið við skólann þegar hann flutti í Vesturhlíð, kom ný starfsemi sem styrkti táknumálsumhverfið á lóðinni. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem stofnuð var 31. desember 1990, fékk eitt húsið.

Þar var unnið að táknaáhrannsóknun, kennslu táknaáhr og námsfnisgerð, ráðgjafarþjónustu og túlkajónustu miðlað. Annað hús var gert að heimili fyrir aldraðra döff einstaklinga, Dvalarheimilið Vinahlíð, og í þriðja húsinu var félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga. Þar höfðu öll döff börn aðstöðu eftir skóla. Á skólalóðinni varð til nýtt döff-rými með mörgum kynslóðum af táknaáhrstalandi fólki. En það stóð stutt. Hugmyndafræði og skólastefnur sem miðuðust við heyrandi börn stefndu að því að börnin 'blönduðust betur' samfélaginu og væru ekki 'einangruð'. Árið 1996 hætti Gunnar Salvarsson sem skólastjóri Vesturhlíðarskóla og við tók táknaáhrstalandi döff skólastjóri, Berglind Stefánsdóttir. Berglind vildi auka enn áherslu á færni kennara í ÍTM.

3.7.6 Skóli án aðgreiningar

Með nýjum grunnskólalögum árið 1991 var hafin vegferð í þá átt að skólinn yrði fyrir alla nemendur og að sérskólar yrðu óþarfir (lög um grunnskóla nr. 49/1991). Dóra S. Bjarnason (2003) skilgreinir skóla án aðgreiningar (e. *inclusive*) sem ferli sem feli í sér breytt viðhorf og umbreytingu á hefðbundnu skólastarfi til þess að mæta þörfum allra nemenda sinna. Fatlaðir fá kennslu innan almenna skólakerfisins og réttur allra til náms eigi að vera miðlægur í öllum lögum, sem gildi um menntun barna Íslandi. Loka eigi hvers kyns sérskólum og stefna beri að 'skóla án aðgreiningar' (Dóra S. Bjarnason, 2003). Árið 2002 var Vesturhlíðarskóla, sérskóla fyrir heyrnarlaus börn, lokað og heyrnarlausum börnum var blandað inn í stóran skóla, sem byggður var fyrir heyrandi börn, Hlíðaskóla. Í Hlíðaskóla voru þá um 550 heyrandi börn og um 20 döff börn.

Táknaáhrssvið var stofnað við skólann sem taka átti við öllum verkefnum Vesturhlíðarskóla, einnig því sem var mikilvægast, að sjá nemendum fyrir íslensku táknaáhrsamfélagi. Uppi voru áform um að byggja við skólann og teiknuð var viðbygging í því skyni. Um sameininguna sagði Arthur Mortens, forstöðumaður þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, að meginrökin fyrir henni væri samskiptaþörf heyrnarlausu nemendanna:

Það skiptir því miklu máli að heyrnarlaus og mikið heyrnarskert börn geti átt félagsleg samskipti með svipuðum hætti og önnur börn þótt þau noti táknaáhr. Við erum því að tengja saman skólana innan Hlíðaskóla þannig að heyrnarlaus og heyrnarskert börn geti varðveitt táknaáhrsumhverfið innan síns hóps, en jafnframt átt félagsleg samskipti við heyrandi börn í íþróttum og tómstundum, þannig að þau fái betur fullnægt félagslegum þörfum sínum heldur en verið hefur í Vesturhlíðarskóla þar sem börnin eru eins fá og raun ber vitni. (Heyrnarlaus börn og heyrandi saman í skóla, 2001, bls. 14)

Að mati Arthurs Mortens var mikilvægt að heyrnarlaus börn yrðu eðlilegri og gætu átt samskipti eins og heyrandi börn. Í samræmi við heyrandi þekkingarkerfi var látið að því liggja að þau fengju félagslegum þörfum sínum betur fullnægt í gegnum raddmál innan um heyrandi börn. Með því var litið fram hjá því að þau heyra ekki, að þeirra mál er

ÍTM og að þeim er líffræðilega ómögulegt að eiga samskipti á raddmáli. Innan skólasamfélagsins átti að leggja áherslu á að „börn geti varðveitt táknaásumhverfið innan síns hóps“ og íslenska og ÍTM áttu að vera jafnréttá mál með áherslu á tvítýngi barnanna: „Til að geta tekið þátt í þessu verkefni þurfa kennarar Hlíðaskóla að sjálfsögðu að fara á táknaásnámskeið,“ sagði Arthur Mortens (Heyrnarlaus börn og heyrandi saman í skóla, 2001).

Félag heyrnarlausra lagði mjög gegn lokun Vesturhlíðarskóla og afhenti borgarstjóra undirskriftalista frá félagsmönnum. Á mótmælaspjaldi stóð „Ákvörðun um okkur án okkar“. Í frétt um mótmælin kemur fram að undirskriftarlistarnir hafi verið lagðir fyrir borgarráð sem samþykkti engu að síður sameiningu við Hlíðaskóla (Mótmæla lokun skóla, 2002) og tók ekki tillit til vilja döff sjálfra. Hlíðaskóli var samkvæmt heimasíðu skólans árið 2004 skóli með yfirlýsta stefnu tvítýngis íslensks táknaá og íslensku þar sem málin væru jöfn. Í samræmi við yfirlýst markmið skóla án aðgreiningar átti skólinn að mæta þörfum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Þrátt fyrir að táknaásvið Hlíðaskóla ætti að taka við öllum skyldum Vesturhlíðarskóla var upplifun nemenda að skólinn væri ‘heyrandi skóli’ og flestir félagar í Félagi heyrnarlausra upplifðu lokun döffskóla sem táknaána árás á döff menningu og táknaálið (Valgerður Stefánsdóttir, 2005).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er móðurmálskennslu döff barna lýst sem tvítýngi íslensks táknaá og íslensku. Námsgreinin er skipulögð sem heildstæð grein sem miðar að því að málþroski í báðum málum haldist í hendur. Þegar ákveðnu hæfnivíðmiði væri náð í íslensku táknaáli væri jafnframt unnið með sambærilega hæfni í íslensku. Einnig kemur fram í námskrá að litið sé svo á að íslenska táknaálið sé hið daglega samskipta- og kennslumál en einnig íslenska eða að minnsta kosti íslenskt ritmál. Þrátt fyrir að í skólanum hafi verið táknaásvið og í samræmi við námskrá látið að því liggja að skólastefnan væri tvítýngi tveggja jafnra tungumála var nálgun skólans út frá sérkennslu en ekki að um sérstakan málhóp væri að ræða. Allir nemendur voru t.a.m. með einstaklingsnámskrá nema í leikfimi og listum og var stefnt að því að döff nemendur gætu stundað nám með túlk eða aðstoðarkennara í bekkjum með heyrandi nemendum. Árið 2014 var til dæmis boðið upp á mismunandi nálgun fyrir þau 16 börn sem voru skráð á táknaásvið. Hópnum var skipt upp út frá „þörfum þeirra og stöðu“. Níu nemendur voru í tveggja kennara kerfi í almennum bekkjum með heyrandi nemendum. Hinum sjö var líka skipt upp. Þau fengu kennslu á ÍTM í döff hópi, kennslu með ÍTM-túlki í almennum bekk, kennslu með FM tæki í almennum bekk eða einstaklingskennslu, en með FM tæki var rödd kennarans send beint í heyrnartæki nemandans. Sum börnin fengu blandaða nálgun (Valgerður Stefánsdóttir, 2014). Ráðnir voru túlkar til starfa við skólann og fjórir döff kennarar störfuðu þar.

3.7.7 Byrjendalæsi

Eyrún Ólafsdóttir er döff kennari við Hlíðaskóla. Hún skrifaði MA ritgerð um byrjendalæsi sem brú milli íslensks táknmáls og íslensks ritmáls (2019). Þar segir Eyrún að stefna Hlíðaskóla sé blöndun. Nemendum sé blandað inn í bekki heyrandi barna en ekki mætt sem málhópi. Í kennslustund í táknmálsfræði við HÍ þar sem hún kynnti ritgerðina sagðist hún hafa verið send með öðrum kennurum á námskeið í byrjendalæsi þar sem hún átti að læra að kenna lestur með því að tengja stafi við hljóð. Henni fannst það ótæk aðferð fyrir döff börn og þróaði sína aðferð við byrjendalæsi sem brú milli íslensks táknmáls og íslensks ritmáls. Döff kennarar hafi síðan óskað eftir því að fylgja hennar aðferð og kenna táknmálsbörnum byrjendalæsi með því að kenna þeim íslensku í gegnum útskýringar á ÍTM. Táknmálsnemendur í 1.–3. bekk yrðu saman í þessum tímum og gætu þannig lært lestur og ritmál í gegnum félagsleg samskipti á táknmáli. Eyrún sagði að illa hefði verið tekið í hugmyndir kennaranna í upphafi. Þeim var sagt að í skóla án aðgreiningar mætti ekki taka nemendur út úr tíma og hafa þá í sérbekkjum. Að lokum fékkst leyfi til þess að gera tilraun með einn tíma í viku en þar sem árangur var góður þróaðist þessi kennsla í fleiri tíma. Hugmyndafræði skólastjórnenda stóð þarna í vegi fyrir því að kennararnir gætu unnið í anda Aðalnámskrár grunnskóla þar sem er nákvæm lýsing á tvítýngiskennslu í ÍTM og íslensku, sambærileg við hugmyndir kennaranna um kennslu í byrjendalæsi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013) en í skólanámskrá Hlíðaskóla er táknmáli ekki lýst, einungis íslensku. Fram kemur í nýjum viðtölum sem tekin voru í tengslum við rannsóknina að á meðan heyrandi skólastjóri stýrði skólanum hefðu döff kennarar átt erfitt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur og fannst lítið mark vera tekið á sér. Þeir upplifðu að döff kennurum væri vantreyst og að máli þeirra væri vantreyst í skólastarfinu. Einn kennari sem talað var við sagðist einu sinni hafa misst stjórn á sér við skólastjórnann og spurt hvers vegna hún væri með stöðu við skólann, hvort hún væri þar upp á punt til þess að hægt væri að halda því fram að skólastefnan væri tvítýngi.

3.7.8 Döff skólastjóri tekur við

Nýr skólastjóri, Berglind Stefánsdóttir, sem er döff, tók við Hlíðaskóla í ágúst 2020. Berglind var áður skólastjóri Vesturhlíðarskóla frá 1996 til 2002 og síðan aðstoðarskólastjóri við Hlíðaskóla, frá 2002 þegar Vesturhlíðaskóli sameinaðist Hlíðaskóla og þar til í desember 2009. Berglind var í tæp 11 ár rektor við Lýðháskólann í Ál eða frá janúar árið 2010 og þar til hún tók við sem skólastjóri Hlíðaskóla árið 2020. Ráðning hennar í stöðu skólastjóra er einsdæmi, að döff einstaklingur sé ráðinn til þess að gegna stöðu yfirstjórnanda. Döff kennarar við skólann segja að staða þeirra og viðmót gagnvart þeim sé annað eftir að nýr skólastjóri tók við. Nú sé hlustað á skoðanir þeirra og þeim sé treyst til þess að ráða í sínum málum. Nú sé reynt að skapa döff rými innan heyrandi skólans og skólastjórinn hvetji til þess að táknmál sé sýnilegra og segi: „UPP MEÐ HENDUR“.

3.8 Samantekt

Eftir að skóli fyrir heyrnarlaus börn var gerður að ríkisskóla var markmiðið með kennslunni fyrst og fremst að kenna nemendum 'móðurmálið', það er íslensku, og handverk til þess að þeir gætu unnið fyrir sér eftir nám. Frá 1922 fór Margrét Rasmus að styðjast við munn-handarkerfi og áhersla á að kenna nemendum að lesa af vörum og tala jókst. Áhersla á tal og heyrn varð svo enn meiri þegar fingrastafróf og tákn voru bönnuð frá 1944. Í raddmálsstefnunni var íslenskt táknmál ekki til. Vitsmunastarfsemi fólst að mati skólafólks í því að geta talað íslensku. Táknmál var álitnið eyðileggja möguleika barna á að tileinka sér 'málið' og reynt var að taka táknmál frá heyrnarlausum börnum. Eftir að ljóst var orðið að raddmálsstefnan skilaði ekki árangri var þekkingin sem byggt var á alhliða boðskipti eða að blanda táknum og íslensku en á þeim tíma var litið á tákn sem hjálpartæki til þess að læra íslensku. Í stuttan tíma frá 1985 var lögð áhersla á táknmál og síðan tvítýngi tákn máls og íslensku, sem í rauninni var framkvæmt á svipaðan hátt og alhliða boðskiptin áður, þar sem hvergi var hægt að læra táknmál fyrr en eftir að Samskiptamiðstöðin var stofnuð árið 1990. Árið 2002 var skólinn lagður niður og sameinaður Hlíðaskóla. Rökin fyrir lokun skólans voru fyrst og fremst félagsleg samskipti nemenda og að stefna bæri að því að döff börn yrðu eðlilegri.

Í næsta hluta verður skoðað hvernig íslenska táknmálið varð til og þróaðist innan þeirra formgerða sem skólinn og Félag heyrnarlausra sköpuðu.

2. HLUTI: MÁLIÐ OG MENNINGIN

Í öðrum hluta þessa verks mun ég skoða hvernig íslenskt táknmál og döff menning varð til og þróaðist innan döff formgerða. Ég skoða tengsl á milli fólks og fjalla um aðrar formgerðir, orðræður, athafnir og vald sem hafði áhrif á þróun og afdrif málsins og menningarinnar.

4 Þróun ÍTM og döff samfélags

Í grein Arnfinn Muruvik Vonen (2012) sem nefnd var í inngangi er byggt á sögulegum heimildum eða samanburðarmálfræði þegar færð eru rök fyrir því að íslenskt táknmál sé komið úr dönsku táknmáli. Vonen gerir ráð fyrir að táknmál séu skyld ef samstarf hafi verið á milli skóla fyrir heyrnarlaus börn í tveimur löndum snemma í skólasögunni. Tilgátu sína byggir hann á skrifum Karin Hoyer og Kaisa Alanne (2008) og Brittu Bergmann og Elisabeth Engberg-Pedersen (2010). Bergman og Engberg-Pedersen telja að danska táknmálið hafi haft áhrif á táknmálin sem notuð voru í Noregi, Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og að eðlilegt sé að draga þá ályktun að þessi mál eigi uppruna sinn í dönsku táknmáli. Þær benda á að 24 Íslendingar hafi verið sendir til Kaupmannahafnar fram til þess að íslenskur kennari var ráðinn til kennslu á Íslandi árið 1867. Jafnframt vitna þær í Russel Alderson og Lisa J. McEntee-Atalianis (2007), sem fundu út með aðferðum samanburðarmálfræði að hátt hlutfall tákna í ÍTM líkist jafngildi þeirra í dönsku táknmáli (Bergman og Engberg-Pedersen, 2010). Vonen gerir ráð fyrir að eftir 1867 hafi fyrrverandi nemendur danska skólans verið í samskiptum við heyrnarlausu nemendur sem fengu kennslu hjá séra Páli Pálssyni, fyrsta kennara heyrnarlausra á Íslandi. Þegar nýja málið, það er íslenskt táknmál, hafi þróast meðal barna, sem þegar hafi lært annað upprunatáknmál, verði að líta svo á að nýja málið sé skylt upprunamálinu. Þetta geti hafa verið staðan þegar íslenskt táknmál varð til meðal íslenskra barna í samhengi þar sem danskt táknmál var notað. Með þetta í huga megi álykta að íslenskt táknmál og danskt táknmál hafi þróast úr sama upprunamáli og því tilheyri málin sömu málafjölskyldu. Vonen bendir jafnframt á að ef á hinn bóginn rannsóknir sýni að íslensku börnin hafi haft minni kynni af dönsku táknmáli en hann gerir ráð fyrir þurfi að skoða spurninguna um skyldleika danska og íslenska tákn málsins upp á nýtt (Vonen, 2012). Málfræðingarnir Justin M. Power, Guido W. Grimm og Johann-Mattis List, sem hafa fengist við söguleg málvísindi, notuðu dreifingu fingrastafrófa til að kortleggja tákn málsfjölskyldur í Evrópu og ályktuðu út frá því að hér

hefði verið notað danskt fingrastafróf, að íslenskt táknmál væri í dönsku táknmálsfjölskyldunni (Power o.fl., 2020). Skyldi þetta eiga við rök að styðjast?

Timothy Reagan, prófessor í kennslu erlendra tungumála við University of Maine, hefur skrifað fjölda greina um táknmál og þekkingarfræði táknmálssamfélaga, mikilvægi málstefnu, döff menningu, kennslufræði táknmála, menntun döff barna og málréttindi. Hann telur að í tilviki táknmála sé ekki nóg að skoða skólasöguna eða samanburðarrannsóknir og veltir því fyrir sér hvort það sé yfirhöfuð réttmætt að nota hugtakið táknmálsfjölskyldur þegar fjallað er um tengsl milli táknmála. Táknmál lærist af jafnöldrum (e. *intragenerational*) og berist því til hliðanna en ekki að ofan og niður (þ.e.a.s. frá foreldrum til barns) og þróist mun hraðar en raddmál (Reagan, 2021). Reagan vitnar í Lyle Campell, virtan fræðimann innan sögulegra málvísinda, sem hefur sagt að yfirleitt sé frekar um að ræða líkindi vegna áhrifa af málsambýli heldur en sameiginlegan uppruna (Reagan, 2021). Hér á eftir verður skoðað hvenær og hvernig gera má ráð fyrir að mál hafi byrjað að þróast meðal heyrnarlausra á Íslandi. Í því samhengi verður meðal annars athugað hvort íslensk börn sem sóttu skóla í Danmörku frá árinu 1820 hafi getað átt þátt í að mynda málsamfélag á Íslandi þar sem talað var danskt táknmál og jafnframt verður því svarað hvort eðlilegt sé að álykta um að íslenskt táknmál og danskt táknmál hafi þróast úr sama málinu og tilheyri því sömu málafjölskyldu.

4.1 Uppruni íslensks táknmáls

Viðfangsefni mannfraðilegra málvísinda er að skoða hvernig fólk skapar saman merkingu gegnum dagleg hefðbundin málleg og menningarleg samskipti á milli kynslóða (Foley, 1997). Tungumál er ekki hlutlaus samskiptamiðill heldur frekar lifandi hegðun sem er samofin félagslegum samskiptum og verður aldrei aðskilið frá þeim og menningunni sem skapast og skapar það (Ahearn, 2012). Mikhail Bakhtin benti á hvernig líf orða (tákna) væri alltaf hlaðið hinu félagslega. Öll orð bæru keim af starfi, grein, hneigð, hóp, sérstakri vinnu, ákveðinni manneskju, kynslóð, aldurshópi, deginum og klukkustundinni. Sérhvert orð bæri með sér samhengi og aðstæður sem það hefði lifað í alla sína félagslegu tilveru (Bakhtin, 1981). Eins og sagt var í inngangi skapa samskipti menningu með því að ferli þeirra verða venjubundin og stöðug, flytjast á milli kynslóða og verða að *habitusi* (Bourdieu, 1991). Samfélag döff fólks er því nauðsynleg forsenda fyrir samskiptum og að táknmál og döff menning þróist. Í gegnum samskiptin verða til formgerðir eins og tengsl, venjur og reglur. Fræðimenn hafa hingað til ekki skoðað uppruna og þróun ÍTM og döff menningar í þessu ljósi.

Í tilviki þeirra sem eru heyrnarlausir hafa skólar og saga þeirra verið umgjörð um líf og afdrif fólks. Hér verður litið svo á að skólinn hafi skapað kjarnann í vistsvæði íslensks táknmáls. Í skólunum sköpuðust döff rými, döff formgerðir urðu til og táknmál þróuðust. Þar kynntist fólk oft maka sínum og lærði að lifa af í heyrandi heimi. Utan skólans voru aðrar formgerðir og vald eins og það sem bannaði táknmál heimsins. Í gegnum

skólasöguna verður skoðað hvar og hvernig ÍTM varð til, líf málsins undir yferráðum heyrandi fólks og tengingar valds og atbeina í gegnum mismunandi stöðu fólks. Atbeininn, bendir Ortner (1989) á, tengist ójöfnuði og yferráðum og tekur með sér „hið pólitíska“. Til þess að varpa ljósi á stöðu og atbeina fólks þurfi að skoða tengslin á milli fólks, formgerða, athafna og sögunnar (Ortner, 1989). Hér verður skoðað á grunni sögunnar hvaða þættir það eru innan vistsvæðisins eða þess flókna vefs af tengslum á milli umhverfis, tungumála og málhafa sem hafa áhrif á lífvænleika íslensks tákn máls.

4.1.1 Nemendur skólans í Danmörku

Samkvæmt reglugerð frá 17. apríl 1807 hafði prestur í heimasókn nemenda þá skyldu að finna börnum samastað ef foreldra þeirra naut ekki við (Alþingistíðindi, 1871). Eftir heimkomu úr skólanum í Danmörku bjuggu flestir sem þar höfðu verið hjá foreldrum sínum eða nákomnum ættingja. Hildur Magnúsdóttir bjó á Norðurlandi. Páll Þorleifsson og Sigfús Sigurðsson bjuggu fjarri hvor öðrum, annar fyrir vestan og hinn fyrir austan. Kristján Jónsson og Sigfús voru ekki samtímamenn en aðeins þeir, af nemendum skólans, höfðu atvinnu. Aðrir voru settir niður á bæi af prestum og voru ósjálfráða ómagar og ekki í aðstöðu til að mynda tengsl við aðra heyrnarlausa. Í manntali 1860 eru 54 einstaklingar taldir daufdumbir, fjórir heyrnarlitlir og tveir blindir og heyrnarlausir. Í þeim hópi eru einungis tveir sem höfðu fengið einhverja menntun, lært dönsku og danskt táknmál, þeir Sigfús og Páll. Auk þeirra voru Guðmundur Ögmundsson og Benedikt Halldórsson sem ekki var hægt að kenna í skólanum í Kaupmannahöfn og voru sendir heim þess vegna. Heyrnarlaust fólk bjó á þessum tíma dreift um landið og flestir eða 42 bjuggu hjá fjölskyldu sinni, 11 voru ómagar eða niðursetningar, sex vinnumenn eða vinnukonur og einn var hnakkasmiður. Það var Sigfús Sigurðsson í N-Múlasýslu. Vinnandi einstaklingar bjuggu í Gullbringusýslu (2), Borgarfjarðarsýslu (1), Ísafjarðarsýslu (1), Húnavatnssýslu (1), Rangárvallasýslu (1) og N-Múlasýslu (1). Af manntali 1870 er ljóst að fólk sem var heyrnarlaust, 55 manns, bjó áfram víða um landið en ekki saman. Þá voru Hildur og Kristján komin heim frá Kaupmannahöfn og bjuggu hjá fjölskyldum sínum, annað í Þingeyjarsýslu og hitt í Skagafirði. Það lá ekki beint við fyrir heyrnarlausa sem kunnu danskt táknmál að safnast saman og búa nálægt hverjir öðrum. Veruleikinn sem mætti unglíngunum þegar þeir komu heim, félagslegt samhengi og möguleikar voru allt annars eðlis en lífið sem þeir sem urðu eftir í Kaupmannahöfn eignuðust.

„Týnda kynslóðin“, sem gert var ráð fyrir að hefði skapað grunninn að íslensku tákn máli með dönsku málsamfélagi hér á landi, varð eftir í Kaupmannahöfn. Þar aðlöguðust heyrnarlausir Íslendingar, eignuðust líf; samfélag með öðrum, tungumál, betri afkomu með atvinnu, maka og börn. Í skólanum höfðu þeir lært ýmsar iðnir, s.s. eins og glerblástur, klæðaskeraíðn, skósmíði eða vefnað. Þessar atvinnugreinar áttu vel við borgarsamfélög en það var ekki mikið gagn af þeim í sveitum á Íslandi eins og Jón Sigurðsson benti á á þingi árið 1871.

Miðað við þessa stöðu er því útilokað að hér á landi hafi myndast samfélag heyrnarlausra nemenda frá Kaupmannahöfn þar sem danskt táknmál hefði getað þróast eins og fræðimenn hafa gert ráð fyrir.

4.1.2 Nemendur í kennslunni á Íslandi

Í fyrsta skóla heyrnarlausra barna í Nikaragúa horfðu málvísindamenn á mál þróast meðal barnanna (Kegl, 2021). Að þeirra mati þarf að uppfylla fjögur skilyrði til þess að aðstæður fyrir þróun máls skapist meðal heyrnarlausra barna. Í fyrsta lagi þurfi þau að sjá samskipti (á táknmáli), í öðru lagi að fjöldi barna sé nægur sem í þriðja lagi hafi þörf fyrir samskipti og í fjórða lagi skipti aldur þeirra máli eða að þau séu á næmiskeiði fyrir mál, en hæfileiki til þess að tileinka sér mál minnkar með hækkandi aldri. Enn fremur kom í ljós í rannsókn þeirra að með hverjum nýjum nemendahópi sem bættist við þann sem fyrir var og tileinkaði sér málið bættist við ný málhegðun, nýir mállegir eiginleikar og málið varð flóknara (Shengas, 1995, 2003; Goldin-Meadow, 2005b). Mál byrjar að þróast út frá því sem nefnt hefur verið heimatáknun og er mál sem er einungis einnar kynslóðar djúpt og er einfaldara en það sem farið hefur í gegnum margar kynslóðir málnotenda (Rissman o.fl., 2020). Hér verður fjallað um það hvort sambærilegar aðstæður hafi skapast til þróunar táknmáls og í Nikaragúa, eftir að kennsla heyrnarlausra nemenda hófst á Íslandi. Páll Pálsson, fyrsti kennari heyrnarlausra hér á landi, var eins og fyrr er rakið með kennslu fyrir heyrnarlausa nemendur á heimili sínu á árunum 1867–1890.

4.1.2.1 Heimili Páls og málið á heimilinu

Engin málsýni eru til frá 19. öldinni eða lýsingar á samskiptum milli heyrandi og heyrnarlausra eða meðal heyrnarlausra innbyrðis. Lifandi frásagnir innan táknmálssamfélagsins af hópnum sem líklega myndaði fyrsta fingramálið eru að mestu gleymdar og engin gögn eru til um upplifun döff fólks frá þeim tíma. Það er því einungis hægt að velta fyrir sér, á grunni ritaðra gagna sem skráð voru af fólki sem ekki gerði sér grein fyrir að samskipti döff fólks gætu farið fram á tungumáli, rökleiðslu og rannsóknum fræðimanna hvernig mál nemendur Páls hefðu getað tileinkað sér, hvernig samskipti þeirra hefðu verið og hvort mögulega hafi byrjað að þróast (íslenskt) táknmál á meðal þeirra. Til þess að gera sér grein fyrir því hvernig fyrsta stigið í þróun táknmáls hér á landi eða málleg samskipti gætu hafa þróast á heimili Páls þarf að skoða aldur og mállegan grunn nemendanna, félags- og menningarlegt samhengi á heimilinu, kennsluaðferðir og markmið með kennslunni.

Eins og fram hefur komið áttu öll heyrnarlaus börn frá 10 ára aldri, sem talin voru hæf til náms, að fara í kennslu til Páls eða til Kaupmannahafnar. Það var í verkahring presta að meta hæfni barnanna. Miðað við athugasemdir í manntölum og umsagnir í kirkjubókum höfðu margir nemenda misst heyrn og því náð að tileinka sér mál og þroska stöðvar í heila sem fást við tungumál. Ári eftir að Páll hóf kennslu þurfti hann að leggja fram mat óháðra aðila, sem fylgiskjal við bænarskrá, sem hann lagði fram á þingi 1869.

Fylgiskjal 1.

Vitnisburður um heyrnar- og mállaus börn uppfrædd af séra P. Pálssyni.

Við undirskrifaðir höfum eptir tilmælum prestsins herra P. Pálssonar á Prestbakka verið við yfirheyrslu mál- og heyrnarleysingja þeirra, sem hjá honum hafa verið til kennslu næstliðið ár: Sophíu Elínar Friðfinnsdóttur, 21 árs, Þórarins Brandssonar 14, og Eyjólfis Finnbogasonar 13 ára. Reyndust þau þannig:

1. Sophia E. Friðfinnsdóttir, dável skrifandi, lýsir vel hlutum og dýrum og ásigkomulagi þeirra. Þar að auki kemur hún hugmyndum sínum laglega fyrir í skrifmálinu. Getur hún einnig talið og lagt saman.
2. Þórarinn Brandsson kann að nefna marga hluti, lýsir ýmsu í bendingum, telur nokkuð og leggur saman og skrifar mæta-vel.
3. E. Finnbogason kann einnig að nefna marga hluti og lýsa þeim í bendingum, telur sæmilega og skrifar vel.

Við viljum hér geta þess, að við til tókum hvað eina, sem unglingar þessir voru reyndir í, til þess að geta fengið sem bezta vissu um það, hvernig þau væru að sér.

Þegar tímalengd sú er tekin til greina, sem þau hafa verið við nám, má það virðast þeim, sem að eins hafa kynnt úppfræddum mál- og heyrnarleysingjum, að þau hafi tekið aðdánlegum framförum. Unglingar þeir, sem hér um ræðir, líta vel út, eru sómasamlega klæddir og hafa siðlegt látbragð.

p. t. Prestsbakka 26. júní 1869.

J. K. Benidiktsson,
prestur til Langholtssafnaðar.

Árni Gíslason,
sýslumaður.

(Alþingistíðindi, 1869, bls. 112–113)

Ólíklegt er að þessir nemendur, sem til dæmis geta talið og skrifa allir vel, hafi fæðst heyrnarlausir, heldur er líklegra að þeir hafi náð að tileinka sér mál áður en þeir misstu heyrn. Það er freistandi að álykta að mörg þeirra barna sem voru talin hæf til náms hafi því misst heyrn. Aðrir nemendur, sem voru fæddir heyrnarlausir eða misstu heyrn fyrir máltöku, hefðu hugsanlega getað þroskað málstöðvar heilans í gegnum það sem þeir

sá af mállegum samskiptum og látbragði sem fylgdi tali. Rannsókn Goldin-Meadow (2005b) sýndi að börn gátu þróað samskipti með mállega eiginleika og þar með þroskað vitsmuni sína ef þeim var sýndur kærleiki og virðing og gerð var krafa til þeirra um gagnvirkni í samskiptum í málumhverfinu (Goldin-Meadow, 2005b). Gera má ráð fyrir að þau sem væru látin afskiptalaus myndu ekki þróa mállega eiginleika á sama hátt. Að minnsta kosti þrír af nemendunum sem komu til Páls höfðu ekki náð nauðsynlegum þroska og voru sendir heim með þá umsögn að þeir væru 'bjánar' sem ekkert væri hægt að kenna. Líklegt er að þau hafi verið greindarskert en ástæðan gæti líka verið sú að þau hafi ekki fengið mállega örvun og verið orðin of gömul til þess að ná markmiðum sem sett voru í kennslunni. Þetta voru Salómon Björnsson 21 árs, Kristín Sigurðardóttir 14 ára og Jónína Gestsdóttir 10 ára.

Á heimilinu hjá Páli var blandað málsamfélag og heyrandi fólk í meirihluta. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands töldust 12 heyrandi til heimilisfólks og hjúa að Prestbakka árið 1870 og fimm heyrnarlausir nemendur, á aldrinum 13–23 ára. Aðstæður voru ekki sambærilegar þeim sem Washabaugh (1986) eða Kusters (2015) lýsa og sagt var frá í Inngangi þar sem heyrnarlaus börn fæddust inn í blandað málsamfélag og allir notuðu tákni í samskiptum sínum. Fólkið í rannsókn Washabaugh gekk ekki í skóla og lærði ekki fingrastafróf. Að mati hans hafði ekki þróast náttúrulegt tákni í eðlilegum félagstengslum á Providence eyjum vegna menningarlegs forræðis heyrandi fólks. Kusters túlkaði stöðuna í blönduðum rýmum heyrandi og heyrnarlausra þannig að málgerðin yrði fyrir áhrifum af félagstengslunum og einkenndist af mismunandi kunnáttu heyrandi fólks sem notaði málið (Kusters, 2015). Hugsanlegt er að nemendur Páls hafi alist upp við einhvers konar heimatáknun á næmiskeiði sínu fyrir mál en þeir voru yfirleitt unglingar eða ungt fólk, 10–25 ára, þegar þeir komu í kennslu og hittu aðra heyrnarlosa. Margir þeirra voru orðnir fullorðnir á nútímamælikvarða og búnir að glata þeim hæfileika sem börnin höfðu, í rannsóknum Goldin-Meadow á heimatáknun.

Íslenska hefur líklegast verið ráðandi í félags- og menningarlegu samhengi. Páll gæti hafa lært eitthvað í dönsku tákni á meðan hann var á Konunglegu málleysingjastofnuninni í Kaupmannahöfn í fyrra skiptið. Það er þó ekki víst því engar heimildir hafa enn fundist um hve lengi hann dvaldi úti eða í hvaða samhengi. Þá benda skrif hans ekki til þess að hann hafi verið fær í dönsku tákni. Páll gæti þó hafa notað dönsk tákni (bendingar) að einhverju leyti í samskiptum sínum við nemendur í kennslustundum en líklegast er að fingrastafróf íslenska hafi verið ráðandi fyrstu árin. Í upphafi var helsta markmiðið með kennslunni að kenna kristin fræði og ná að ferma nemendur en til þess þurftu þeir að geta skrifað og lesið íslensku. Auk þess lærðu nemendur reikning, tímatal og dýrafræði eins og fram hefur komið. Kristján Jónsson bættist í hópinn sem vinnumaður og aðstoðarkennari í fjarveru Páls frá árinu 1871. Kristján talaði væntanlega danskt tákni, mál sem hafði þróast í margar kynslóðir.

Eftir að Kristján Jónsson var ráðinn sem aðstoðarkennari voru markmið kennslunnar hvað varðar mál að nemendur gætu gert sig nokkurn veginn skiljanlega fyrir öðrum með ritmáli, bendingamáli og fingramáli. Kristján sá um að kenna nemendum málið og kenndi þeim auk þess sveitavinnu utan kennslustundanna. Hann sinnti starfi sínu í sex ár þar til hann drukknaði í lok árs 1877 en Anna Sigríður ekkja Kristjáns var vinnukona á heimilinu til 1879. Páll fluttist til Stafafells 1877 og til Þingmúla árið 1881 og tveir heyrnarlausir nemendur, Þeófilus Þeófilusson og Steinunn Þorgeirsdóttir með honum. Þau urðu síðan vinnuhjú á heimilinu árið 1882. Á afmælisdaginn sinn árið 1890 lést Páll en hann drukknaði í Grímsá á heimleið (Sigurgeir H. Friðþjófsson, 1982). Þá voru Þeófilus og Steinunn enn hjú og Guðbjörg Jóhannesardóttir 12 ára og Pétur Bjarnason 14 ára voru nemendur.

Á grundvelli rannsókna á myndun tákn mála og uppruna máls (Kegl, 2021; Kusters, 2015; Zeshan og de Vos, 2012; Senghas, 1995; Savage-Rumbaugh og Rumbaugh, 1993), markmiðum um kennslu og vangaveltum um félagslegt samhengi mætti reyna að gera sér í hugarlund hvernig málleg samskipti hafi verið á heimili Páls og hvers konar tákn mála hafi getað þróast á heimilinu.

4.1.2.1.1 Hvernig mál hefði getað þróast á heimili Páls?

Líklegt er að mismunandi kunnátta heyrandi fólks í samskiptum með fingrastafrófi og bendingum hafi haft áhrif á málgerðina eins og gerðist í öðrum blönduðum rýmum sem fræðimenn hafa lýst (Kusters, 2015; Zeshan og de Vos, 2012; Goldin-Meadow, 2005a, 2005b). Á milli heyrandi vinnufólksins og heyrnarlausra nemenda mætti því gera ráð fyrir að fingrastöfuð íslensk orð og íslensk setningagerð hafi verið ráðandi en eðlilegt er að einnig hafi verið notaðar aðstæðubundnar bendingar og náttúrulegt látbragð sem fylgir venjulegum samskiptum á rödduðu máli (Goldin-Meadow, 2005b) til að líkja eftir verklagi og athöfnum. Bahan (2014) benti á að öll tákn mála byrji í látbragði og að alls staðar í heiminum fari sama ferlið af stað þegar heyrnarlausir koma saman og hittast. Látbragð verði að byrjandi tákn mála og eftir nokkrar kynslóðir verði það venjubundið tákn. Smám saman gætu því úr látbragðinu hafa þróast náttúruleg tákn (e. *indigenous signs*). Savage-Rumbaugh og Rumbaugh (1993) segja að óhjákvæmilegt sé að til verði setningafræðileg kerfi til þess að leysa samskiptavanda þar sem vitsmunaverur þurfi að eiga flókin samskipti. Þótt heyrnarlaust fólk hafi verið fátt á hverjum tíma og skólaveran stutt mætti gera ráð fyrir því að myndast hafi döff rými (Kusters, 2015) meðal nemendanna og döff vinnufólks þar sem heyrandi áhrif voru minni og einhvers konar döff *habitus* orðið til. Þar gæti merking náttúrulegra tákna hafa fests í sessi og líkleg orðaröð sem í málinu væri frumlag – andlag – sögn (Napoli og Sutton-Spence, 2014).

Með hverjum nýjum nemendahóp mætti einnig gera ráð fyrir því að ný málleg einkenni hafi bæst við málið og það náð meiri dýpt (sbr. Goldin-Meadow, 2005b; Kegl, 2021; Senghas, 1995). Við bættust 6–7 nýir nemendahópar með nýja reynslu og ef til vill nýtt

heimatáknmál. Þótt fáir heyrnarlausir hafi verið á staðnum má gera ráð fyrir því að notkunarvið málsins hafi orðið meira þegar aldursbilið var orðið meira og samhengið þar sem málið var notað var orðið víðara. Ráðning Kristjáns sem táknmálstalandi aðstoðarkennara örvaði án efa þróun máls og líklega hefur gætt áhrifa frá dönsku táknmáli í máli nemenda sem voru í kennslu á þeim tíma.⁵ Ekki er þó líklegt að táknin, sem notuð voru hafi öll átt uppruna í dönsku táknmáli. Merkingin í tungumálinu verður til í félagslegum samskiptum (Geertz, 1976) og málið sprettur úr því samhengi, sem skapast í tengslunum við aðra í þeim veruleika sem fólk býr við (Savage-Rumbaugh og Rumbaugh, 1993). Íslenskur veruleiki á heimili Páls, afskekktum sveitabæ, var afar ólíkur því samhengi sem nemendur bjuggu við í skólanum í Kaupmannahöfn og því hefðu tákn og merking þeirra markast af því en áhrif frá dönsku táknmáli gætu þó hafa hraðað þróun fingramáls, bendingamáls eða táknmáls. Ulrike Zeshan hefur til dæmis bent á að notkun táknmáls frá öðru landi í kennslu gæti hugsanlega leitt til kreólísingar (e. *creolization*) í máli sem fyrir var en erlenda málið gæti aldrei orðið upprunamál þess (vitnað í Reagan, 2021).

Eftir að Kristján dó voru á heimilinu heyrnarlaus vinnuhjú, sem höfðu tengingu við hann og danskt táknmál, því næst samfleytt frá 1871 til 1890. Þau hafa væntanlega verið mikilvægar málfyrirmyndir til þess að ná samfellu í þróun máls á heimilinu. Félagslegar aðstæður hefðu þannig smám saman orðið vinveittari þróunarferli tungumáls með samskiptum nemenda og vinnufólks við sameiginleg verkefni. Miðað við þessar forsendur mætti álykta að fingrastafróf hafi verið ríkjandi með fingrastöfuðum íslenskum orðum. Sum fingrastöfuð íslensk orð hafa ef til vill lesgerst (e. *lexicalized*) smám saman í málinu, aðlagast og orðið tákn. Auk þess hefðu verið notuð tiltölulega fá handform til þess að mynda tákn, táknrymið (svæðið fyrir framan líkamann þar sem táknmálið er myndað) hefði verið stórt, bendingar verið mikið notaðar á raunverulega staðsetningu persóna og staða, sem byggðu á sameiginlegri þekkingu á stöðum (sbr. Kusters, 2014). Látbragð sem notað var í heyrandi samskiptum hefði verið áberandi. Gera mætti ráð fyrir áhrifum frá dönsku táknmáli og einnig einhverjum nýjum táknum um íslenskan veruleika. Táknin hefðu þróast út frá bendingum og eftirlíkingu á athöfnum og notkun áhalda. Sama táknin hefði verið notað með mismunandi merkingu eftir því í hvaða samhengi það var notað, eins og þekkt er í ungum tungumálum (sbr. Washabaugh, 1986; Kusters, 2014; Kulick, 2020). Líklegt er að málfræðin hafi verið líkari raddmálmálfræði en táknmálmálfræði eins og hún er í dag. Victoria Nyst (2012) hefur bent á að táknmál sem eru notuð í blönduðum samfélögum döf og heyrandi aðlagist málsamfélaginu og að ekki þróist samtímistáknun og aðrar flóknar formgerðir í

⁵ Þórarinn Brandsson, sem flutti síðar til Reykjavíkur, Eyjólfur Finnbogason, Guðmundur Jónsson, Jónína H. Kristjánsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Gísli Gíslason sem seinna varð vinnumaður á Stóra Hrauni þegar þar var kennsla, Anna Sigríður Magnúsdóttir, Þeófilus Þeófilusson og Steinunn Þorgeirsdóttir úr Suðuramtinu sem kom 12 ára árið 1878, stuttu eftir dauða Kristjáns.

þeim þar sem þær reynist heyrandi fólki erfiðar. Próformasagnir (e. *classifier verbs*) og samtímistáknun hefðu því ekki komið fyrir eða afar sjaldan og sama gildir um áttbeygingarkerfi sagna (sbr. Zeshan og de Vos, 2012).

Hér er að ofan eru leiddar að því líkur að í samfélaginu á heimili Páls á árabílinu 1867–1890 hafi þróast mál og setningafræðileg kerfi í samskiptum á fingrastafrófi, með náttúrulegum táknum og áhrifum frá dönsku táknmáli. Þar væri þá um að ræða fyrstu gerð táknmáls sem þróaðist á Íslandi. Þrátt fyrir það er ekkert sem bendir til þess að málsamfélag hafi þróast áfram eftir að skóla lauk. Til þess að mál haldi áfram að þróast og lifi þarf að verða til samfélag sem ber það áfram kynslóð eftir kynslóð. Árið 1890 voru samkvæmt manntali 67 daufdumbir á Íslandi (*Sjórnatíðindi fyrir Ísland: C-deild. Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903*).

Aðstæður eins og strjálbýli, fámenni, búsetuhættir og sveitafesti voru ekki hagstæðar þróun ÍTM. Allt bendir til þess að á Stóra Hrauni hafi kennsluáðferðir með fingrastafrófi íslensku og aðstæður fyrir þróun máls verið sambærilegar og hjá Páli. Á Stóra Hraun kom vinnukona, Guðbjörg Jóhannesdóttir, sem verið hafði hjá Páli og einn fyrrum nemandi hans, Pétur Bjarnason sem síðar fóru hvort í sína áttina en enduðu bæði á Akureyri. En eftir að þéttbýlistaðir fóru að stækka eftir aldamótin 1900 tengdust einstaklingar úr hópi nemenda prestanna og aðrir heyrnarlausir og þeir mynduðu lítið samfélag.

4.1.3 Samfélag döff á Íslandi verður til

Á Íslandi var það ekki fyrr en eftir aldamótin 1900, þegar döff fólk gat farið að ráða sér að einhverju leyti sjálft, að það myndaði samfélag og *habitus* eða menningu með sínum líkum og tungumál gat þróast áfram kynslóð eftir kynslóð. Eins og fram hefur komið voru málefni heyrnarlausra aðallega í höndum presta á 19. öldinni. Prestar sáu um kennslu heyrnarlausra og nemendur bjuggu á heimili prestsins í blönduðu samfélagi heyrandi og heyrnarlausra. Eftir námið voru það einnig prestar sem ráðstöfuðu fólki og settu það niður á bæi í heimasveit sinni. Málið og menningin litaðist af því að heyrnarlaust fólk var í blönduðu samfélagi heyrandi og heyrnarlausra (sbr. Washabaugh, 1986; Kusters, 2015). Eftir að skólinn fór úr höndum kirkjunnar, flutti til Reykjavíkur og varð ríkisskóli voru nemendur ekki lengur bundnir við heimasveit sína. Möguleiki á að setjast að í þéttbýli í Reykjavík og á Akureyri opnaðist. Þar mynduðust döff rými og döff samfélag og menning tók að þróast. Í Reykjavík hittist fólk heima hjá Ólafi Guðmundssyni eða Óla sjó, sem seinna var kallaður Óli ríki, eða hjá hjónunum Sigríði Kolbeinsdóttur og Jóni K. Sigfússyni sem nánar verður sagt frá í næsta kafla. Þar hófst leit döff fólks á Íslandi að eðli tilveru sinnar og sköpun döff sjálfsmýndar. Menningin byrjaði að tala. Í menningunni fólst þekkingin um þau sjálf og heiminn umhverfis, að lifa af og bregðast við heyrandi yfirráðum.

Í manntali 1910 er farið að kalla 'afbrigðilega menn' 'vanaða' sem felur í sér að þeir séu skertir og ekki fullkomnir. Í töflu yfir 'vanaða' í hverjum kaupstað og sýslu kemur fram að þeir sem voru 'daufdumbir' bjuggu enn þá flestir í dreifbýli, eða 42, en 25 bjuggu í þéttbýli. Af þeim var ein kona 'tvívönuð'. Orðræðan og viðhorfin til hópsins voru því samt áfram svipuð og fólu opinskátt í sér að fólk með fötlun væri ófullkomið og að döff fólk væri án tungumáls. Samtals voru 67 manns daufdumbir, eða 39 karlar og 28 konur. Í Reykjavík bjuggu árið 1910 21, 12 karlar og níu konur. Þar af voru í Málleysingjaskólanum 16 nemendur. Í Hafnarfirði var einn karl og á Akureyri bjuggu tveir karlar og ein kona. Í Suðurumdæmi bjuggu tíu karlar og átta konur, Vesturumdæmi sex karlar og tvær konur og í Norður- og Austurumdæmi átta karlar og sjö konur, en þar bjó auk þess ein kona 'tvívönuð' (*Hagskýrslur um manntöl - Manntal á Íslandi 1. desember 1910, 1913*). Eftir 1910 var því lítill hópur orðinn til í Reykjavík og með því urðu til aðstæður til þess að mál gæti þróast áfram meðal þeirra eftir að skóla lauk.

4.1.3.1 Fólkið í Reykjavík

Þegar kennslan var flutt frá Stóra Hrauni til Reykjavíkur árið 1908 fluttust 7 nemendur⁶ með og 7 nýir bættust við hópinn.⁷ Á árunum frá 1910–1915 komu í skólann 12 nemendur til viðbótar.⁸ Frá 1910–1916 voru 1016 nemendur í skólanum á hverjum tíma. Þeir bjuggu fyrst hjá ættingjum eða í heimahúsum en síðar saman á heimavist og komu yngri inn í skólann en áður, eða allt frá átta ára aldri. Skilyrði sem Kegl telur nauðsynleg til þess að mál byrji að þróast (Kegl, 2021) voru því betur uppfyllt með því að börnin sem komu inn í skólann voru yngri og fleiri. Önnur mikilvæg breyting var að nemendur voru ekki sendir heim í heimasveit eftir að skóla lauk og komið þar fyrir af presti. Í þéttbýliskjörnum varð til markaður fyrir iðnaðarmenn og Margrét kom því til leiðar að strákarnir gætu lært einhverja iðn. Margir settust að eftir skóla í ört vaxandi Reykjavík en einnig á Akureyri. Þar mynduðust lítil málsamfélög eða döff rými. Sjö fyrrum nemendur prestanna⁹ höfðu einnig sest að í Reykjavík og Hafnarfirði og hafa að

⁶ Guðjón Jónsson frá Bragðavöllum, Rósant Guðmundur Trjámannsson, Margrét Sæmundsdóttir, Árni Guðmundsson, Markús Loftsson (Merkúr Loftsson), Ólafur Guðmundsson og Sigurjón Gíslason.

⁷ Þorsteinn Jónsson (Jónasson) og Anna Kr. Jónsdóttir. Árið eftir komu Elísabet Sigurðardóttir (Beta), Sveinfríður Halldóra Kristín Guðmundsdóttir, Tryggvi Jónsson, Sigríður Kr. Kolbeinsdóttir og Sveinbjörg Lára Guðmundsdóttir.

⁸ Elín G. H. Hallgrímsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Anna Björnsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Kristbjörg Jónsdóttir, Rútur Hansson, Guðmundur Guðbrandsson, Magnús Eiríksson, Kristbjörg Jónsdóttir og Helga Þórðardóttir.

⁹ Þórarinn Brandsson skósmiður, sem áður var á Prestbakka hjá Páli, og fyrrum nemendur á Stóra Hrauni, Ólafur Björnsson skósmiður, Jóhannes Benjamínsson skósmíðanemi, Sigurður Árnason (f. 1885) sem bjó hjá foreldrum sínum og 1920 var Guðni Árnason verkamaður hjá Rafveitu

öllum líkindum tengst hópnum. Reynir Berg Þorvaldsson birtir mynd af sr. Friðriki Friðrikssyni með nemendum sínum úr Málleysingjaskólanum í bókinni *Saga heyrnarlausra á Íslandi* (2010). Þar eru taldir Þórarinn Brandsson og Ólafur Björnsson sem báðir voru skósmíðir í Reykjavík á þessum tíma. Líklegt er að þeir hafi verið kennarar við skólann í skósmíði og gætu því hafa haft áhrif á mál nemenda. Séra Friðrik Friðriksson var prófdómari við skólann og fermdi börnin. Hann var einnig með guðsþjónustur fyrir 'málleysingjana' í Reykjavík annan hvern sunnudag frá árinu 1918. Ragnheiður Guðjónsdóttir sagði að því yrði ekki með orðum lýst hve mikla gleði það færði málleysingjunum að koma saman og fá guðsþjónustu á „sínu máli“ (Ragnheiður Guðjónsdóttir, 1920, bls. 27). Séra Friðrik hefur því væntanlega flutt ræður sínar á fingramáli fyrir hópinn.

Jón Kristinn Sigfússon (fæddur 1891) byrjaði í skólanum á Stóra Hrauni þegar hann var 12 ára að sögn Halldóru dóttur hans. Eftir fermingu fluttist hann til fjölskyldu sinnar í Reykjavík. Jóna Guðrún Skúladóttir barnabarn hans sagði um afa sinn að hann hefði stafað allt og ekki talað táknmál. Öll systkini hans og móðir hafi kunnað fingrastöfun. Eftir að hann kom til Reykjavíkur fór hann að nema bakaraiðn í Alþýðubrauðgerðinni. Kennari hans í bakaraiðn lærði fingrastöfun og í fjögur ár lærði Jón hjá honum í gegnum ritaða og fingrastafaða íslensku. Eftir að Jón Kristinn lauk sveinsprófi fékk hann vinnu í Alþýðubrauðgerðinni og varð fyrsti bakarinn í hópnum. Hann gæti einnig hafa verið ráðinn til að segja nemendum í skólanum til um bakstur en hann er nefndur fyrir miðju á mynd 9. Tryggvi Jónsson¹⁰ var, að sögn Jónu Guðrúnar Skúladóttur, annar af þessari kynslóð til þess að læra iðn og varð hann bólstrari en lærði líka söðlasmíði. Tryggvi var heyrnarskertur og mjög góður í að skrifa íslensku að hennar sögn. Auk þess lærði Tryggvi að lesa og skrifa dönsku og þýsku hjá eiginmanni Margrétar, Jóhanni Hendrik Rasmus. Óskar Ármann Guðmundsson lærði klæðskeraiðn, Guðmundur Trjámannsson ljósmyndun og einnig lærðu drengirnir trésmíði og skósmíði.

Jón hitti gömlu félagu sína frá Stóra Hrauni í skólanum eftir að hann hóf bakaranám og kynntist líka Sigríði Kolbeinsdóttur. Að sögn Jónu hafði Sigríður misst heyrn eftir slys sem hún lenti í við smölun fjögurra ára gömul. Sigríður og önnur lítil stelpa fóru að rífast út af lambi, stelpa hrinti Sigríði svo hún rúllaði niður fjallshlíð, lenti á stórum steini og fékk stóran skurð á höfuðið frá enni og aftur á hnakka og blæddi úr öllum vitum. Riðið var með hana á hesti í þrjá tíma til þess að koma henni undir læknishendur. Það tók meira en ár þar til hún komst á fætur og heyrninni hrakaði eftir þetta. Sjö ára gömul var hún orðin alveg heyrnarlaus. Jóna taldi að einungis ein systir

Reykjavíkur. Auk þeirra var í Hafnarfirði Guðmundur Ísleifsson sjómaður. Jón Kristinn Sigfússon hafði verið nemandi á Stóra Hrauni en fluttist til fjölskyldu sinnar í Reykjavík þegar kennslu þar var hætt.

¹⁰ Nafnatákn hans var gert með því að láta þumal og löngutöng snertast við hægra og svo vinstra munnvik.

Sigríðar hefði kunnað fingramál í fjölskyldu hennar. Eftir að Sigríður fermdist og var útskrifuð fór hún í vist til fóstursystur Margétar Rasmus á Seyðisfirði og vann hjá henni í eitt ár en flutti síðan aftur til Reykjavíkur. Þegar Sigríður var orðin 22 ára giftust þau Jón og stofnuðu heimili í Reykjavík.

Ólafur Guðmundsson byrjaði í skóla á Stóra Hrauni og flutti með honum til Reykjavíkur árið 1908, þá 10 ára gamall. Eftir útskrift fór hann til foreldra sinna í Ölfusi en fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur árið 1924. Heima hjá þeim í Þingholtsstræti 8 skapaðist döff rými fyrir málið til að þróast en þar var í mörg ár samkomustaður heyrnarlausra. Ólafur var sjómaður og var oftast kallaður Óli sjó (Guðmundur Egilsson, 1983). Hann fékk pláss á Reykjaborginni RE 64, 685 tonna veiðiskipi og stærsta skipi flotans árið 1939. Þegar hann var búin að vera á sjó í 2–3 ár fengu þeir fullfermi í túr og ákveðið var að sigla með aflann til Skotlands. Óli var að vinna við að þrifa þilfarið, rann í slorinu, datt og fótbraut sig. Skipstjórinn ákvað því að sigla með hann til Vestmannaeyja og setti hann í land ásamt bróður sínum sem gæti túlkað fyrir hann þar sem hann var heyrnarlaus (Rúðolf Kristinsson, 2018). Reykjaborgin hélt áfram til Skotlands en var skotin niður af Þjóðverjum þann 10. mars 1941. Einungis tveim skipverjum var bjargað af fleka (*Sorglegir atburðir*, 1941). Óli og bróðirinn, sem settur var í land með honum, fengu greiddar tryggingabætur og keyptu fyrir þær fjögurra hæða blokk við Snorrabraut með átta íbúðum. Óli flutti í íbúð á efstu hæðinni en leigði hinar út. Hann lifði af leigupeningunum, seldi íbúðir ef hann vantaði meira fé og gaf síðar Félagi heyrnarlausra andvirði einnar íbúðar. Óli var eftir þetta yfirleitt kallaður Óli ríki og var vinsæll maður sem margir heyrnarlausir litu upp til. Hann naut lífsins, ferðaðist mikið og keypti sér 16 mm kvikmyndatökuvél árið 1955. Til eru nokkrar myndir frá honum (Haukur Vilhjálmsson, 1997).

4.1.3.1 Heimili Sigríðar og Jóns

Halldóra Jónsdóttir hélt erindi á vegum kirkju heyrnarlausra (2009) um barnæsku sína sem ein heyrandi dóttir heyrnarlausra hjóna. Þar sagði hún frá því að foreldrar hennar, Sigríður Kolbeinsdóttir og Jón Kristinn Sigfússon, hefðu gift sig árið 1922 með konungsleyfi. Þau fluttu fyrst á Laugaveg 46 í eitt herbergi og með aðgang að eldhúsi. Í herberginu var sofið, borðað og dvalið á daginn. Sigríður og Jón eignuðust þrjú börn, Halldóru Sigríði Jónsdóttur, Stefaníu Sigríði Jónsdóttur og Grétar Jónsson. Halldóra var heyrandi en Stefanía og Grétar voru heyrnarlaus. Fram kemur í viðtali við Jónu Guðrúnu Skúladóttur, sem var uppeldisdóttir Halldóru, að Stefanía systir Halldóru og móðir Jónu hefðu fæðst með einhverja heyrn en smám saman misst hana. Fjölskyldan var því það sem í dag er kallað döff fjölskylda. Heimilismálið var fingramál/táknmál og menningarlega samhengið var döff. Halldóra sagði í viðtali (2012) að Sigríður hefði glaðst mikið þegar hún komst að því að hún væri heyrandi en hefði haft áhyggjur af því að hún myndi ekki læra að tala. Sigríður og Jón höfðu bæði lært hve mikilvægt það var að kunna íslensku eftir að hafa verið skólaskyld í 6–8 ár með það að markmiði að þau lærðu hana og vildu ekki að Halldóra yrði í hópi 'málleysingja'. Halldóra sagði móður

sína hafa verið svo „sterka“ að hún sendi vinkonu sinni á Seyðisfirði bréf og bað hana að taka Halldóru að sér um tíma og kenna henni að tala. Hún tók erfiða ákvörðun af umhyggju fyrir Halldóru en ákvörðunin endurspeglar einnig agavaldið sem Foucault lýsti, hið ósýnilega vald sem mótar auðsveipa líkama til þess að hegða sér eins og þeir sem valdið hafa vilja að þeir geri (Foucault, 1977). Halldóra var síðan send með skipi til Seyðisfjarðar og lærði að tala íslensku. Að sögn Halldóru voru á Seyðisfirði hjón, íslenskur maður og dönsk kona, sem ætluðu að taka hana að sér og flytja með hana til Reykjavíkur. Þá hafði Halldóra verið fyrir austan í um eitt ár og var á þriðja ári. Betra hefur þótt fyrir barnið að eignast heyrandi foreldra og ekki þótt eðlilegt að heyrnarlaus hjón gætu alið önn fyrir því. Sigríður tók það ekki hins vegar í mál. Hún varð smeyk, brást við, flýtti sér austur og náði í dóttur sína og réð til sín „hálf dags túlku“ á veturna til þess að tala við Halldóru þar til hún fór í skóla.

Heima notaði fjölskyldan eingöngu táknmál eða fingramál í samskiptum sínum. Þegar Halldóra var lítil sagðist hún ekki hafa vitað hvort hún væri heyrandi eða heyrnarlaus eða hvað það þýddi. Hún var ekki nema fjögurra ára gömul þegar hún byrjaði að túlka fyrir foreldra sína. Hún túlkaði fyrir mömmu sína í vefnaðarvöruslunum og matvörubúðum og líka þegar hún keypti jólagjafirnar. Í kringum fimm ára aldur var hún farin að stafa íslensk orð. Þegar Halldóra var átta ára gömul veiktist pabbi hennar og þurfti að leita til læknis. Hann tók Halldóru með sér til læknisins til að túlka fyrir sig. Læknirinn gaf honum lyf og honum batnaði. Eftir þetta sagði Halldóra að það hefði verið eins og opnað hefði verið fyrir veitu. Allir heyrnarlausir komu til hennar og tóku hana með sér í erindi sín í heyrandi samfélagi eins og til lækna og í vinnuviðtöl. Hún túlkaði líka þegar rukkarar komu heim og þeir stoppuðu hana jafnvel úti á götu til þess að spyrja hana hvort foreldrar hennar ættu núna peninga. Að sjálfsgöðu var þetta alltof mikið álag fyrir barn en Halldóra hélt áfram að túlka á milli fingramáls og íslensku langt fram eftir aldri. Fyrst túlkaði hún fyrir foreldra sína og vini þeirra en seinna bættust systkini hennar við og skólafélagar þeirra. Fólkið var vant því að gert væri grín að því og að litið væri á það sem vangefið að sögn Halldóru. Það var tortryggið, vantreysti því sem var sagt og hélt oft að verið væri að skrökva eða tala illa um það. Hún sagðist oft hafa verið gerð ábyrg fyrir því sem hún var að túlka. Stundum þegar fólk fékk ekki það sem það vildi fékk Halldóra sökina og henni var sagt að hún væri rola sem þyrði ekki að krefjast hlutanna. Þegar hún eltist og mikið lá við þurfti hún að taka sér frí frá vinnu til þess að túlka.

4.1.3.1.2 Klúbbhúsið

Á heimili hjónanna, Sigríðar og Jóns, varð helsti samkomustaður heyrnarlauss fólks, fyrst á Laugavegi 27 eftir að þau giftu sig árið 1922 en síðar á Leifsgötu 5. Þangað komu allir og töluðu saman. Eins og fram hefur komið lagði Margrét Rasmus áherslu á að kenna ungum stúlkum húsverk og handavinnu til þess að þær hefðu eitthvað að hverfa til þegar þær væru einar heima uppi á herbergi eftir að skóla lyki. Stúlkurnar sögðust aldrei hafa verið einar heima uppi á herbergi. Þær fóru til Siggú og Jóns til

Þess að hitta aðra og spjalla, sem var að sjálfsgöðu skemmtilegra en að sitja ein heima yfir handavinnu. Heimili fjölskyldunnar og helsti samkomustaður heyrnarlauss fólks varð það félags- og menningarlega samhengi sem málið þurfti til að þróast. Sigríður og Jón voru í fyrstu eina parið í hópnun og fólk leitaði til þeirra. Sigríður kenndi konunum að sauma, matbúa og kaupa inn. Þannig varð heimilið ramminn utan um málið og í gegnum spjallið mótaðist döff menningin og samfélagsböndin styrktust.

Í minningargrein um Sigríði Kolbeinsdóttur þakkaði þáverandi formaður Félags heyrnarlausra, Berglind Stefánsdóttir, þeim hjónum fyrir að hafa ávallt boðið heyrnarlausra velkomna inn á heimili sitt (Berglind Stefánsdóttir, 1997). Þessu hafi fylgt mikið álag á fjölskyldu og heimili gestgjafanna en það hafi verið afar mikilvægt fyrir menningu heyrnarlausra og stofnun Félags heyrnarlausra. Berglind sagðist hafa hitt Svía sem var fyrrverandi formaður Alþjóðasambands heyrnarlausra á ráðstefnu samtakanna. Hann hafði komið til Íslands á leið sinni til Bandaríkjanna í kringum 1950. Þegar hann spurðist fyrir um Félag heyrnarlausra á Íslandi hafði honum verið fylgt heim til Sigríðar. Þar sátu heyrnarlausir og spjölludu saman. Hann benti á að þessi þróun væri sambærileg því sem tíðkaðist í mörgum öðrum Evrópulöndum. Fólk hittist í heimahúsi og skapaði með því nauðsynlegan grunn fyrir stofnun formlegs félags. Þessi fjölskylda átti því ríkan þátt í þróun íslensks tákn máls og döff menningar. Þarna var alltaf standandi kökuboð. Húsmóðirin bakaði og á meðan Jón lifði kom hann heim með afganga úr bakaríinu. Það er ljóst að álagið á heimili þeirra var mikið.

Engin dyrabjalla var á íbúðinni. Fólk gekk bara inn óboðið. Ein af sögunum í lifandi sagnaarfi íslenska tákn máls samfélagsins segir af þýskum vini Óla ríka (Óla sjó) sem kom í heimsókn til Íslands. Honum var fylgt heim til Sigríðar. Óli ríki óð inn án þess að banka eins og hann var vanur. Sá þýski varð hissa og spurði hvort ekki væri dyrabjalla. „Nei þetta er allt í lagi,“ sagði Óli, „við gerum þetta öll“. Þjóðverjinn sagði honum að þetta væri dónaskapur. Hann keypti rofa, rafhlöður, víra og vasaljósaperur, fór heim til Óla og bjó til dyra, „bjöllu“ handa honum og gerði aðra handa Sigríði, þannig að nú var hægt að yta á rofann og láta ljós blikka til að láta vita af sér. Gömlu skólasystkini Jóns og Sigríðar komu á heimilið og seinna skólasystkini barnanna úr Málleysingjaskólanum. Oft var glatt á hjalla og stundum voru margir í heimsókn hjá Sigríði og Jóni. Þá var spilað við öll borð. Halldóra, sem var ein heyrandi á heimilinu, átti að mæta í skóla klukkan átta á morgnana og þurfti því að fara snemma í háttinn. Hún minntist þess að hafa oft hrokkið upp af svefni við að spilamennirnir lömdu spilunum í borðið. Þegar hún kvartaði var sussað á þá en venjulega fleygðu þeir spilunum út af sama afli eftir nokkrar mínútur.

Jón vann í Alþýðubrauðgerðinni til fimmtugs, að sögn Jónu barnabarns hans, þegar hann lenti í slysi í vinnunni og lést af afleiðingum þess. Einhver hafði misst smjör á gólfið og þegar hann var að flytja bretti með brauðum rann hann í feitinni, skall á hnakkann og meiddist líka í baki. Hann lá á sjúkrahúsi í sex mánuði en lést 3. júlí árið 1944 (*Morgunblaðið*, 1944). Jóna sagðist hafa verið sex mánaða gömul þegar afi hennar dó. Hún var skírð um leið og hann var jarðaður og látin heita eftir afa sínum. Alþýðubrauðgerðin gaf Sigríði peninga, sagði Jóna, og greiddi fyrir jarðarförina.

Sigríður hélt áfram að taka á móti gestum eftir lát Jóns. Grétar sonur þeirra vann á togara og fékk góð laun. Að sögn Jónu komu allir til ömmu hennar áður en Félag heyrnarlausra var stofnað, fyrst vinir þeirra, svo vinir barnanna, svo fór Jóna að koma með vini sína og alltaf stóð amma og bakaði og gaf kaffi. Eftir að afi hennar dó borgaði Grétar brúsann.

Litla samfélagið í Reykjavík bjó þó við einangrun og mikla jaðarsetningu á þessum tíma og var almennt í litlum samskiptum við heyrandi fólk nema í gegnum Halldóru sem túlk. Halldóra sagði að það hefði þótt ganga glæpi næst að tvær heyrnarlausar manneskjur giftu sig og eignuðust börn. Litið hefði verið niður á döff fólk og viðbrögðin sem það fékk frá umhverfinu á hverjum degi var að það væri vitlaust. Börnin í hverfinu eltu Halldóru og kölluðu á eftir henni: „mamma þín og pabbi eru aumingjar, mamma þín og pabbi eru brjáluð, og systkini þín eru vitleysingar og ættu að vera á vitleysingaspítala“. Samkvæmt málhugmyndafræði heyrandi fólks voru þau mállaus og heimsk og ekki hægt að eiga vitræn samskipti við þau enda hefði þeim mistekist að læra að tala íslensku. Í sumum tilvikum var það ekki virt viðlits heldur leiddi fólk tilvist þess hjá sér. Hugmyndafræðin og viðhorf heyrandi fólks höfðu áhrif á sjálfsmynd hópsins. Að sögn Halldóru talaði heyrnarlausu fólk þó ekki saman í veislum þar sem voru heyrnarlausir og heyrandi fyrr en búíð var að loka á milli og heyrandi fólk sá ekki hvernig það talaði. Sumir vildu ekki tala fingramál, eins og táknmálið var kallað á þeim tíma, úti á götu fyrir framan fólk. Til dæmis bannaði systir hennar henni að tala við sig fingramál úti á götu.

4.1.3.1.3 Fólkið á Akureyri

Pétur Bjarnason hafði verið í kennslu hjá Páli þegar hann lést og var sendur til séra Ólafs í Gaulverjabæ eftir að hann tók við kennslu heyrnarlausra. Pétur hafði verið samtíða Þeóvílusi og Steinunni sem voru vinnuhjú á heimili Páls en þau höfu verið í skólanum á meðan Anna Sigríður, barnsmóðir Páls og kona Kristjáns Jónssonar, var þar enn. Þeóvílus og Steinunn gætu því hafa kynnst táknmáli með dönskum táknum og Pétur gæti hafa lært dönsk tákni af þeim. Pétur hafði fengið máltöku á íslensku áður en hann missti heyrn og var vel læs og skrifandi. Í manntali 1901 er hann skráður 24 ára gamall, bjó þá að Aðalstræti 41 á Akureyri og vann á „verkst. J.Gíslansonar“ [svo]. Í manntali 1910 er hann 35 ára skráður hjú hjá Guðmundi Vigfússyni skósmið og Helgu Guðrúnu Guðmundsdóttur á Spítalavegi 1, Akureyri. Pétur kvæntist ekki og átti ekki börn en var vel metinn og vinsæll af samstarfsmönnum sínum (Héðan og þaðan, 1945). Í *Íslendingabók* kemur fram að hann hafi lært skósmíði og unnið sem skósmiður á Akureyri. Hann var síðast búsettur á Akureyri og lést 5. maí 1971 (*Íslendingabók*). Á Akureyri bjó einnig Guðmundur Rósant Trjámannsson (1892–1980)¹¹. Hann hafði sömuleiðis misst heyrn eftir máltöku. Guðmundur byrjaði í skóla á Stóra Hrauni, flutti með skólanum til Reykjavíkur og útskrifaðist þaðan árið 1910. Hann lærði ljósmyndun

¹¹ Að sögn Róberts Arnar Axelssonar frænda Guðmundar var nafnatákn hans gert með því að slá með V-handformi hægra megin á hvirfilinn fyrir ofan ennið.

og tók meistaraþróf í iðninni. Guðmundur rak eigið fyrirtæki á Akureyri og var velmetinn ljósmyndari. Hann kvæntist, eignaðist fjögur börn og ól upp dótturson sinn, Guðmund Ólafsson (Inga Lára Baldvinsdóttir, 2001). Á sama hátt og Sigfús Sigurðsson skar út fingrastafrófið, sem síðan var gefið út á bók til þess að hægt væri að eiga samskipti við hann, útbjó Guðmundur ljósmyndir af fingrastafrófinu. Í viðtali við Guðmund Ólafsson sagði hann um afa sinn að hann hefði deilt myndunum út til þeirra sem hann umgekkst. Fólk hefði síðan lært fingrastafrófið til þess að eiga við hann samskipti. Guðmundur Ólafsson taldi að Pétur Bjarnason hefði verið besti vinur afa síns og sagðist hafa farið með honum í heimsóknir til Péturs. Þeir hefðu spjallað mikið á fingramáli en Guðmundur Ólafsson taldi þá ekki hafa talað táknmál. Guðmundur Ólafsson sagði fingramálið, sem fyrst var notað, fyrst og fremst hafa verið fingrastöfuð íslensk orð. Táknmálið hefði komið seinna og afi hans hefði skilið það. Margir heyrnarlausir vinir hefðu komið í heimsókn til Guðmundar Trjámannssonar, fjórir til fimm verið reglulegir gestir en fleiri hittust sjaldnar, til dæmis þegar farnar voru ferðir. Skólafélagarnir úr skóla Margrétar Rasmus héldu hópinn eftir að námi lauk og fólkíð (sem var kallað mállesingjarnir) fór reglulega saman í ferðir. Guðmundur Trjámannsson tók myndir af hópnum á ferðum þeirra sjá mynd 7.



Mynd 7 Frá ferðalagi að Skógarfossi 1949. Efsta röð frá vinstri: Ólafur, Guðfinna, Björgvin, Grétar, Rútur, Arne. Næstefsta röð: Sumarlína, Óskar, Inga, Magnús, Baldvin (?), Markús, Pála, María. Næstneðsta röð: Ragnar, Ásta, Ester, Ingibjörg, Rósa dóttir Guðmundar Trjámannssonar, Guðmundur Trjámannsson, Tryggvi. Neðsta röð: óþekktur maður, Deddi, Hervör og Óli gamli. Ljósmynd í eigu Guðmundar Ólafssonar.

Guðmundur skildi vini sem komu til afa hans þegar einungis var stafað en eftir að táknmálið bættist við skildi hann ekki samskiptin. Guðmundur Trjámannsson og vinir hans, eins og til dæmis Pétur skósmiður, höfðu misst heyrn eftir máltöku og voru góðir í íslensku. Það að Guðmundur Ólafsson skildi ekki táknmálið bendir til þess að þegar hann vísar til fingramáls hafi það verið fingrastöfuð íslenska og fylgt orðaröð og málfræði íslensku, en jafnframt að einnig hafi verið farið að þróast táknmálsskari útgáfa af fingrastöfun, þ.e. það sem kallað var fingramálið.



Mynd 8 Guðmundur Trjámannsson. Ljósmynd birt með leyfi Ljósmyndasafns Íslands.

Friðrik Jónsson var í námi hjá séra Gísla á Stóra Hrauni. Eftir fermingu flutti hann til Ólafsfjarðar, kvæntist og eignaðist fjögur börn. Hann var sjómaður frá Ólafsfirði en fluttist til Akureyrar og bjó þar síðustu árin ásamt eiginkonu sinni (*Íslendingabók*) hjá syni sínum Sigursveini og fjölskyldu hans. Unnur Sigursveinsdóttir, barnabarn Friðriks, segir að börn hans og eiginkona, systkini og systkinabörn hafi talað fingramál. Þeir sem ekki kunnu fingramál (að fingrastafa íslensku) gátu skrifast á við hann og notuðu stundum til þess eldhúsvegginn. Ekki mundi hún eftir því að reynt hefði verið að nota varalestur. Unnur tiltók að Friðrik hefði talað afar fallett fingramál og haft fínlegar hreyfingar.

Guðbjörg Jóhannesdóttir var nemandi í skóla hjá Páli og varð vinnukona á Stóra Hrauni eftir að skólinn flutti þangað. Í manntali 1920 er hún skráð heyrnar- og mállaus vinnukona á Strandgötu 43, Akureyri. Með henni skapast því tenging frá skóla Páls og við Pétur skósmið sem var í kennslu á sama tíma og hún. Lítil hópur var því orðinn til á Akureyri sem gat þróað mál áfram. Gamlir vinir heimsóttu Guðmund ljósmyndara á ferð til Akureyrar og sömuleiðis börn sem fæddust heyrnarlaus á Akureyri. Margir heyrandi kunnu fingrastafróf og notuðu það í samskiptum við heyrnarlausa fjölskyldumeðlimi og vini. Allir í fjölskyldu Jóns Kr. Sigfússonar kunnu fingrastafróf, fjölskylda Friðriks Jónssonar á Ólafsfirði kunni fingrastafróf og notaði það til samskipta við hann. Guðmundur Trjámannsson ljósmyndari á Akureyri átti marga viðskiptavini sem notuðu fingrastafróf í samskiptum við hann. Þeir sem höfðu misst heyrn og voru góðir í íslensku áttu líklega auðveldara með að njóta virðingar í samfélagi heyrandi fólks og taka þátt í samfélagi þeirra.

Árið 1930 voru 17 heyrnarlausir karlar og fjórar konur búsett í Reykjavík eða 21, tveir voru í Hafnarfirði og þrír karlar og þrjár konur á Akureyri. Málið sem var notað var kallað fingramál og virðist fyrst og fremst hafa verið fingrastöfuð íslenska en átti eftir að þróast áfram með nýjum kynslóðum sem bættust síðar í hópinn.

4.2 Annað málið – Fingramálið

Fingramálið, sem byrjaði að þróast í Málleysingjaskólanum eftir að hann fluttist til Reykjavíkur árið 1908, sést í viðtölum sem voru tekin við heimilisfólk á elliheimili fyrir heyrnarlausa í Vesturhlíð árið 1994. Fólkið, Sigríður Kolbeinsdóttir, Paula Michelsen og Ragnar Erlendsson, hafði allt verið í skóla hjá Margræti Rasmus. Þau voru þegar viðtölin voru tekin á aldrinum 80–90 ára. Í kennslustundum var notað fingrastafróf og ef þau stöfuðu vitlaust var slegið á puttana með kennaraprikinu. Á milli barnanna þróaðist táknmal þótt sjálf táknin hafi verið fá. Grunneiningar í málinu sem þarna varð til voru fyrst og fremst fingrastöfuð íslensk orð eins og áður hafði verið en einnig voru notaðar aðstæðubundnar bendingar og náttúrulegt látbragð sem þróuðust í tákn. Magnús Guðberg Jónsson var fæddur árið 1929 og byrjaði í skólanum árið 1935. Hann sagði að þá hefði bara verið notað fingrastafróf inni í kennslustundum. Magnús gerði greinarmun á því og hvernig börnin hefðu talað úti í frímínútum. Þá hefðu börnin talað táknmal. Arne Guðbjörn Ellingsen Magnússon sem fæddur var árið 1932 sagðist í viðtali hafa byrjað í skóla sex til sjö ára og hafa lært táknmal af krökkunum í skólanum. Hann hefði hitt Óla og fleiri döff sem lærðu á Stóra Hrauni og þau hefðu talað öðruvísi fingramál heldur en Rasmus kenndi. Í Málleysingjaskólanum hjá Margræti Rasmus var því að verða til annars konar fingramál eða mállýska af því. Mörg fingrastöfuð orðin lesgerðust með tímanum innan málsamfélagsins sem nú var orðið til og náðu að verða að táknum í fingramálinu. Þegar talað er um fingramál í heimildum er erfitt að gera greinarmun á því hvort fólk var að tala um fingrastafaða íslensku eða málið fingramál því fólk gerði sér ekki grein fyrir að munur væri á þessu. Líklegast hefur heyrandi fólk sem notaði orðið vísað til þeirrar hugmyndar að um fingrastafaða íslensku væri að

ræða en þegar döff viðmælendur töluðu um fingramál hafi þeir vísað til táknmálskari útgáfu þar sem byggingarefnið er fingrastöfuð orð eða orðhlutar, bendingar og speglandi tákn með táknmálmálfræði. Hér er talað um fingrastöfun þegar íslenskt orð er stafað með fingrastafrófi, fingramál þegar vísað er til tungumáls sem þróaðist í fáar



Mynd 9 MAMMA af signwiki.is

kynslóðir en dó út með kynslóðinni sem var í skólanum eftir að hann fluttist til Reykjavíkur en ÍTM er mál döff fólks í dag.

Dæmi um lesgerð tákna í fingramálinu er táknið fyrir *mamma*, sem í upphafi var fingrastaftað M-A-M-M-A, stundum með íslenskum munnhreyfingum en stundum ekki. Oft var einungis stafaður hluti orðsins eins og MM. Í máli yngri kynslóða þróaðist stöfunin í táknið MM, sjá mynd 9. *Fósturmamma* var táknað M-A-M-M-A-F-Ó-S. B-Y-R-J-A varð BY og S-L-Y-S varð SLS, sjá mynd 10.



Mynd 10 SLYS af sigwiki.is

Þrátt fyrir að oftast væri stafað voru mörg þeirra sem töluðu fingramál ekki vel læs. Dæmi um stöfun í fingramáli úr viðtali í gagnasafni rannsóknarinnar sýna hvernig fingrastöfuðu táknið í fingramálinu gátu litið út. *Sauðárkrókur* er á einum stað stafað S-A-U-L-S-A-U-K-R en S-A-U-Ð annars staðar og einnig látið nægja að tákna S. *Olía* er stafað O-L Í-A með munnhreyfingunni olía. *Pabbi* er táknað með stöfuninni B-B-I og munnhreyfingunni 'pabbi'. *Ágúst* er Á-G með munnhreyfingunni 'ágúst'. Stöku sinnum voru notuð tákn. *Vinna*

sem *úrsmiður* er táknað VINNA og svo stafað Ú-R. Látbragðið lýsti og líkti eftir verknaði eða

því sem gerðist eða var og svipbrigði eða munnhreyfingar hvernig það gerðist (d. mikil vinna, erfitt að skrúbba, leiðinlegt að skrifa). Segja má að látbragðið hafi verið í hlutverki sagnorða í íslensku og svipbrigðin eða munnhreyfingarnar lýsingarorða. Dæmi um þetta sést í viðtali sem tekið var við Sigríði Kolbeinsdóttur þegar hún var níræð. Þar segir hún að erfitt hafi verið að skrúbba gólfið í skólanum. Hún líkir eftir því að halda um burstu, hreyfa hann fram og til baka og sýnir munnhreyfingu með andvarpi eða stunu, sem ber þá merkingu að erfitt hafi verið að skrúbba gólf sjá mynd 11.



Mynd 11 Sigríður Kolbeinsdóttir ERFITT AÐ SKRÚBBA GÓLFID

Sumir notuðu íslenskar munnhreyfingar en aðrir lítið. Augnhreyfingar voru einnig notaðar málfræðilega til að sýna staðsetningar á sama hátt og í nútímatáknmáli. Þá voru svipbrigði notuð málfræðilega, oft var gerður munur með opnum munn eða lokuðum munn. Spurning var táknuð með spyrjandi svip eins og með kipraðar augabrúnir og opinn munn og neitun var gerð með því að hrista höfuðið á sama tíma og tákn var myndað. Sigríður Kolbeinsdóttir segir til dæmis frá því að þegar hún kom í skóla í Reykjavík 9 ára gömul hafi ekki verið neinir bílar á götunum, bara hestar og hestvagnar. Hún gerir táknið, hristir höfuðið um leið og hún bætir við táknið ENGINN með opinn munn, síðan gerir hún táknið HESTUR og HESTVAGN. ENGINN og HESTUR eru eins og í ÍTM. AF HVERJU var táknað með því að bíta mörgum sinnum í tunguna, með spurnarsvip og snúa lófunum upp. Sigríður segir: „RASMUS (Margrét skólastjóri) F-R-Æ-N-K-A KOM KENNA, SAUMA, PRJÓNA. ANNAR PRJÓNA R-A-G-N-H-E-I-Ð-U-R KENNARI (táknað eins og skóli í dag) KENNA-MÉR.“ Sigríður áttbeygir sögnina að KENNA með því að beina fingurgómunum að sjálfri sér í táknið KENNA-MÉR sjá mynd 12. Þarna sést líka að orðaröðin er ekki eins og í íslensku. Þótt mikið sé fingrastafað í fingramálinu þá raðast táknið í setningu á táknmálskan hátt.



Mynd 12 Sigríður Kolbeinsdóttir KENNA. Á mynd til vinstri sést táknið KENNA í nafnhætti en þá beinast fingurgómarnir fram. Á myndinni til hægri beinast fingurgómarnir að henni sjálfri sem er áttbeyging á sögninni; KENNA-MÉR.

Halldóra Jónsdóttir safnaði táknum úr fingramálinu sem tekin voru upp á myndband af Samskiptamiðstöð. SAUMAVÉL var eftirlíking af því að sauma á handsnúna vél, sjá mynd 13. RÍKUR var táknað með því að teikna mynt í lófann og hreyfa vísifingur í hringi frá lófanum eins og til að sýna að svo mikið sé af peningum að myntin hrynji niður úr lófanum, sjá mynd 14.



Mynd 13 SAUMAVÉL



Mynd 14 RÍKUR

Halldóra sagði að yfirheiti hefðu ekki verið algeng í málinu eins og til dæmis tákn fyrir *litur* og mörg tákn hefðu náð yfir víðara merkingarsvið en í dag. Dæmi um það voru *skóli* sem var sama tákn og *læra* og er eitt þeirra tákna sem líklega hafa komið frá Danmörku, en hún sagði nokkur fleiri tákn hafa átt uppruna sinn í dönsku táknmáli og gætu því hafa borist áfram með nemendum sem voru í kennslu hjá Páli. *Hvað* og *hvernig* var táknað eins. *Brúnn*, *kaffi* og *kakó* var sama táknið, líklega myndað út frá því að mala kaffi. *Kalt* var sama tákn og *vetur* og *heitt* var sama tákn og *sumar*. *Snjór* var myndað með HVÍT RIGNING og *rigning* var myndað með VATN RIGNING.

Táknið HAFNARFJÖRÐUR átti uppruna sinn í nafnatákninu ÓSKAR. Það var myndað með Ó-handformi og myndunarstaðurinn var á miðju enninu því Óskar Ármann Guðmundsson klæðskeri var með ör á enninu. Þegar Óskar flutti til Reykjavíkur og fólk fór að fara í bíó til Hafnarfjarðar vantaði tákn fyrir bæinn og þá var táknið hans Óskars notað en myndunarstaðurinn var færður út á gagnaugað. Fá tákn voru í málinu og oft þurfti að útskýra merkingu með mörgum táknum. Súpa var táknað með GRAUTUR-PUNNUR, NUNNA var SVARTUR-KUFL-HVÍTT-BRJÓST-BIÐJA. Notkunarsvið málsins takmarkaðist við daglegt líf.

Karin Hoyer (2007) lýsir fingramáli sem þróaðist í Albaníu á meðan þar var kommúnistastjórn eftir seinni heimstyrjöldina og landið var einangrað frá öðrum löndum. Albanska fingramálið líkist fingramálinu sem hér þróaðist og notkunarsvið þess einangraðist við daglegt líf eins og hér en ekki við opinbera þátttöku eða stjórnsmál. Málið var ekki fullþróað mál, að mati Hoyers, frekar en íslenska fingramálið. Hún bendir á að svipbrigði hafi verið notuð málfræðilega, s.s. eins og í spurningu og neitun og að með því að breyta afstöðu handarinnar á lesgerðri fingrastöfun hafi tákn beygst eftir því hvort um frumlag eða andlag var að ræða eins og sést í tákni KENNA-MÉR hjá Sigríði Kolbeinsdóttur. Þegar landið opnaðist síðar hafi verið tekin upp tákn úr öðrum táknmálum til þess að fylla upp í táknsforðann yfir ný notkunarsvið og ný þekkingarsvið. Fólki hafi fundist mun auðveldara að nota táknsmál heldur en fingrastöfun. Táknsmálið væri fljótlegra og nákvæmara (Hoyer, 2007).



Mynd 15 Fingrastafrófið er prentað á póstkort úr eigu Friðriks Jónssonar (f. 1883 d. 1974), sem var nemandi í skólanum á Stóra Hrauni hjá séra Gísla Skúlasyni. Nú í eigu höfundar.

4.3 Nemendur á tímum raddmálsstefnunnar 1944–1980

Raddmálsstefnan hafði komið til Íslands í hægum skrefum. Hún var komin til Danmerkur þegar Páll Pálsson kynnti sér kennslufræði heyrnarlausra í Kaupmannahöfn og einnig Ólafur Helgason og Gísli Skúlason en þeir töldu aðstæður hér á landi ekki bjóða upp á að framfylgja henni – hér vantaði kennslutæki og pláss (Gísli Skúlason, 1907). Margrét Rasmus nam raddmálsstefnu hjá Forchammer árið 1922 og lagði sig fram um að kenna nemendum að lesa af vörum og tala en raddmálsstefnunni í sinni hreinustu mynd og táknmálsbanni var ekki framfylgt fyrr en 1944 þegar Brandur Jónsson tók við Málleysingjaskólanum. Fram til þessa hafði fingrastafróf verið byggingarefni í málið en eftir að Brandur Jónsson tók við var það bannað. Markmið skólans var að börnin yrðu 'eðlileg' og lærðu að skilja íslensku og tala. Í því skyni urðu börnin skólaskyld og voru í heimavist frá fjögurra ára aldri.

Margar sögur eru til í samfélögum heyrnarlausra, út um allan heim, um fyrsta skóladaginn í heimavistarskólanum og aðdraganda hans. Sögurnar, sem koma fram í viðtölum í gagnasafni þessarar rannsóknar, eru allar mjög svipaðar. Börnin horfðu á móður sína pakka fötum niður í ferðatösku. Þau voru leidd út og sett upp á hest, fóru um borð í skip eða bíl. Þau ferðuðust á nýjan stað með foreldrum sínum eða öðru skyldmenni. Á nýja staðnum voru þau háttuð ofan í rúm og svæfð. Þegar þau voru sofnuð læddust mamma eða pabbi út. Börnin vöknudðu ein næsta dag, hrædd og örvingluð. Þau lýstu því hvernig þau grétu í nokkra daga. Margir lýstu líka hvernig einhver af eldri nemendum tók þau að sér, huggaði og studdi, gleðinni og spennunni við að uppgötva málið sem hin börnin töluðu og hamingjunni sem fylgdi því að vera í hópi þar sem maður átti heima og lærði táknmál.

Baldur Snæhólm fékk heilahimnubólgu þegar hann var eins árs og missti heyrn. Hann varð mikið veikur og byrjaði ekki að ganga fyrir en tveimur árum síðar. Þegar hann var fjögurra ára fóru mamma hans og pabbi með hann til Reykjavíkur í skólann. Þar voru í herbergi mörg rúm hlið við hlið. Honum var sagt að fara að sofa og þau sátu hjá honum og struku honum. Hann sagði í viðtali við Svövu Jóhannesdóttur (2009) að honum hefði brugðið þegar hann vaknaði við að sjá öll rúmin í kringum sig og sagðist hafa hugsað: Hvar eru mamma og pabbi? Þau voru horfin. Allir voru ókunnugir. Hann horfði hræddur í kringum sig og þagði. Einhverjir voru að borða niðri. Hann horfði út um glugga og sá ókunnug hús sem hann hafði aldrei séð áður. Hann stóð með bakið upp við vegg og beið grafkyrr og þegjandi. Brandur kom þá til hans og klappaði honum á öxlina. Hann leit upp og sá að Brandur var góður í andlitinu og létti. Brandur kenndi honum seinna að skrifa stafi og orð. Svo kenndi hann honum að tala fyrir framan spegil og segja Aaaa, Bbbb og að láta pappírsblað hreyfast af fráblæstrinum. Svo voru börnin látin finna röddun með því að ýta fingri á nefið. Alls konar tilfæringar voru notaðar til þess að nema hljóðin. „Ef mér mistókst þurfti ég að laga talstillinguna þangað til ég náði hljóðinu rétt. Þannig kenndi hann mér að tala og ég var fljótur að læra,“ sagði Baldur. Það liðu um þrjú mánuðir þar til hann hafði jafnað sig á því að vera skilinn eftir. Dag einn kom mamma hans í heimsókn með bróður hans: „Ég vissi ekki að ég ætti bróður. Svo fór hún bara í burtu aftur og ég fór að hágráta. Bróðir minn fór með henni en ég var skilinn eftir hér. Mamma var góð við bróður minn en ekki mig.“ Svo leið tíminn og Baldur fékk að fara heim í frí: „Þar var bróðir minn í sama húsinu og hún. Um haustið var ég svo sendur aftur til baka í skólann og bróðir minn fékk að vera heima. Ég gat ekki skilið þetta.“ Svo endurtók þetta sig. Þau komu í heimsókn og Baldur fór heim og alltaf var bróðir hans þar. Öll börn voru í heimavist, líka þau sem bjuggu í Reykjavík en þau fengu að fara heim í fríum um jól og sumar.

Þótt fingrastafróf og táknmál væri bannað inni í kennslustofunni máttu börnin nota það í frímínútum. Táknmálsbannið stöðvaði því ekki þróun máls: „Það var enginn sem kenndi okkur táknmálið, við bjuggum það til sjálf,“ sagði Sigurborg Skjaldberg. Viðmælendurnir, sem voru í skólanum eftir að fingrastafróf og táknmál var bannað, sögðust hafa lært mest í frímínútunum. Þeir lærðu lítið í kennslustundum þegar þeir áttu að lesa af vörum án þess að kunna íslensku. Í frímínútum notuðu börnin mál sem byrjað var að þróast á meðal þeirra og lærðu einnig af eldri nemendum. Þar lærðu þau það sem mestu máli skipti í lífinu – tungumál. Þau notuðu ekki orð heldur mikið látbragð, bendingar og svipbrigði og engir heyrandi kennarar höfðu nein afskipti af því sem var að gerast á meðal barnanna. Baldur Snæhólm sagðist hafa lært málið smám saman af eldri skólafélögum sínum sem voru 10–13 ára. Þegar frá leið var mesta tilhlökkunin að komast í skólann aftur eftir frí og geta talað táknmál við skólafélagana. Það var gaman. Heima kunni enginn táknmál. Aðeins nokkur heimatákn voru notuð eins og VATN sem var gert með því að leggja höndina á ennið, VONDUR sem var gert með því að ulla og svo nokkur í viðbót. Yngri bróðir Baldurs kunni mest í táknmáli en yfirleitt horfði hann á fjölskylduna tala saman án þess að geta tekið þátt.

Baldur sagði að skólatíminn hefði verið fín en þau hefðu lært mjög lítið og litlar kröfur verið gerðar til þeirra í námi. Þau lærðu alltaf það sama aftur og aftur í námsgreinunum og komust ekkert áfram. Mest var skrifað á töfluna og börnin sátu og skrifuðu orðin af töflunni í bók:

Svo vorum við tekin upp og áttum að lesa orðin upphátt og Brandur leiðrétti og leiðrétti. Ég æfði eitt orð í langan tíma og vissi ekki hvað það þýddi. Þarna á töflunni stóð 'vatn' og svo mörg orð sem ég hafði ekki hugmynd um hvað þýddu. Ef við spurðum reyndi Brandur að útskýra með orðum sem við skildum ekki. Á kvöldin áttum við að læra heima með því að lesa upphátt orðin sem við höfðum skrifað um daginn og skildum ekki. Brandur gat ekki útskýrt hvað orðin þýddu en eldri krakkarnir gátu stundum sagt okkur það eins og 'vatn' og 'fjall'. Svo stálumst við í Morgunblaðið og spurðum stóru krakkana hvað orð þýddu. (Baldur Snæhólm)

Baldur sagði að nemendurnir hefðu aldrei leitað til heyrandi fólksins í skólanum. Það kunni ekki tákna og gat ekki svarað spurningum barnanna en hann sagði þau öll hafa verið góð við börnin og huggað þau ef þeim leið illa. Aðeins þeir sem gátu talað og skilið raddmál gátu talað við kennara.

Sögur hinna krakkanna voru svipaðar og saga Baldurs. Börnin lærðu að það þýddi ekki að spyrja kennarana um merkingu orða eða vera gagnrýnin á kennsluaðferðir. Þau sátu stillt og skrifuðu orð af töflunni. Héldu að sér höndum í eiginlegri og óeiginlegri merkingu og voru þjálfuð til þess að vera óvirk. Seinna bættist heyrnarþjálfun við, kennararnir töluðu í hljóðnema og þau fengu heyrnartól til þess að hlusta. Hljóðgjafinn var stilltur á hæsta hljóðstyrk en sum barnanna heyrðu þrátt fyrir það ekki neitt. Einn viðmælandinn sagðist oft hafa óhlýðnast og hent af sér heyrnartólunum sem virkuðu ekkert. Þau hefðu átt að skrifa hverja bókina af annarri og læra orðin utan að án þess að vita hvað orðin þýddu og án þess að það skilaði neinu. Stundum skulfu þau af hræðslu, þegar þau voru tekin upp, við að reyna að muna það sem var ekki hægt að læra. Honum hefði verið kennt um allt slæmt sem gerðist og hann hefði verið lokaður ítrekað inni í dimmum klefa. Það var þjáning í svip hans og sorg þegar hann lýsti þessu. Það var hræðilegt fannst honum að hugsa til baka til tímans þeirra í skólanum sem hefði bara verið hent. Hann sagðist vilja gleyma og skilja þessa reynslu eftir. Nútíðin og framtíðin væru það sem hann vildi hugsa um.

Hreinn og Sirrý rifjuðu upp bíóferðir krakkanna. Þau sögðust hafa stillt sér upp fyrir framan dyravörðinn og bent á eyrun á sér. Hann hefði þá hleypt þeim inn án þess að þau þyrftu að borga. Þegar þau komu heim af bíóinu endursögðu þau myndina fyrir hina krakkana með látbragði, bendingum og svipbrigðum. Þar sögðu þau að mörg ták hefðu byrjað að þróast. Í táknaðum er búið til svið í táknaðinu fyrir framan táknaðann þar sem hlutum og persónum er raðað og persónurnar látar hreyfast og eiga samskipti

á sviðinu. Frásagnamáti, sviðsetning, sjónarhorn og myndmál kvikmynda og táknmála eru þannig að mörgu leyti hliðstæð. Í bíómyndunum sáu börnin kúreka og indíána, slagsmál og stríð en einnig rómantískt efni. Þau sögðust hafa lært mikið af kvikmyndum um hvernig lífið væri og fengu þar greinilega góðan efnivið til þess að örva þróun málsins.

Sirry sagðist oft hafa séð fingramál en hún hefði ekki skilið fingrastafrófið. Það hefði ekki verið fyrr en Hervör Guðjónsdóttir fékk vinnu í skólanum og hún kenndi nemendunum fingrastafróf að hún fór að skilja það betur. Hervör Guðjónsdóttir, sem var nemandi hjá Margréti Rasmus frá 1938 til 1944 og síðar hjá Brandi, var ráðin í vinnu á heimavistinni við að passa börnin. Það breytti miklu fyrir þau. Þótt hún mætti ekki nota táknmál í samskiptum við þau lærðu börnin af henni táknmál og fingrastafróf. Hún gat stillt til friðar, huggað, útskýrt og kennt og hún veitti þeim hlýju og væntumþykju.

Sirry taldi sig hafa verið heppna að ganga í skóla á þessum tíma. Þau hefðu lært að tala íslensku því táknmál hefði verið bannað. Þau hefðu sjálf búið til táknmál til þess að nota sín á milli og þau hefðu kynnst gamla fólkinu:

Mín kynslóð fékk mikið gott að fá allt þetta þrennt. Við lærðum fingramál og gátum í staðinn gefið gamla fólkinu táknmál. Áður, þegar ég lærði hjá Brandi, var táknmál bannað og líka fingramál – við áttum bara að tala bababa. Það hefði verið mikill munur að fá að sjá fingramál til þess að vita hvað var verið að segja. Við máttum nota táknmál úti að leika en ekki inni í bekk. Guðmundur [kennari] notaði að vísu tákn og tákn. Brandur kastaði stundum í okkur krítinni ef hann sá okkur tala táknmál í tímum.
(Sigurborg Skjaldberg)

Kennarar lögðu sig fram af fremsta megni og án árangurs við að vinna að því óyffirstíganlega verkefni að kenna heyrnarlausum börnum raddmál og að koma þeim til þroska í gegnum það. Brandur hafði líkt hjali heyrnarlausu barnsins við fræ sem engan jarðveg finnur. Kennararnir horfðu nú örvætingafullir á fræ íslenskunnar sem engan jarðveg fann en voru á sama tíma blindir á uppsprettu máls og þroska vitsmuna barnanna – öll tákn málsfræin sem uxu og döfnuðu fyrir framan þá og félagslega og menningarlega samhengið sem börnin voru að skapa. Þau voru að nota heilann, búa til tungumál, félagsleg samskipti og menningu, samskiptareglur, þekkinguna um að komast af, list og sögur.

Sirry fékk heilahimnubólgu þegar hún var 5 mánaða gömul og missti heyrn. Heyrnin á vinstra eyra fór að koma aftur smátt og smátt við 7–8 ára aldur og hélst áfram. Sirry byrjaði í Málleysingjaskólanum fimm ára árið 1946 en eftir að hún fór að fá einhverja heyrn aftur fannst Brandi að hún ætti ekki að vera í Málleysingjakólanum. Hún gæti talað og ætti að vera í almennum skóla. Sirry var sett í Lækjarskóla í Hafnarfirði þegar hún var 7 ára gömul. Hún var með heyrnartæki og sat fremst en heyrði ekkert af því

sem kennarinn sagði. Sírý var þarna í einn vetur og sagði að allir hefðu verið góðir við sig og vorkennt sér en hún hefði ekki lært neitt. Foreldrar hennar fengu hana því flutta aftur í Málleysingjaskólann. Þegar mamma Sírýar kom aftur með hana í skólann hélt hún, að sögn Sírýar, að krakkarnir þar væru geðveikir. Einn strákur hékk á vírgirðingunni sem var utan um skólalóðina og önnur börn hreyfðu hendurnar hvert framan í annað. Hún spurði Brand hvort skólinn væri fyrir geðveik börn. Hann svaraði að skólinn væri bara fyrir heyrnarlaus börn. Þau notuðu hendurnar til þess að tala saman á táknmáli. Strákurinn sem hékk á girðingunni væri heyrnarskertur, alls ekki geðveikur. Hann væri spastískur en allt í lagi með hann. Foreldrar Sírýar voru ánægðir með að hún kæmist aftur í Málleysingjaskólann sem var í Stakkholti. Þrátt fyrir að fjölskyldan byggji í Hafnarfirði svaf Sírý á heimavistinni og það var ekki fyrir en hún var 12 ára að hún fékk að fara heim frá laugardegi til sunnudags, í einn dag. Hún var í skólanum til 15 ára aldurs.

Börn sem náðu því markmiði að skilja íslensku og tala voru flutt í almennan skóla fyrir heyrandi börn. Hin voru lokuð innan skólans og máttu ekki sækja skóla að heiman þótt þau byggju í Reykjavík eða nágrannabyggðum eins og Hafnarfirði. Á meðan börnin voru í heimavist voru þau í táknmálssamfélagi, sem þau sjálf mynduðu, utan kennslustundanna. Þau, sem bjuggu úti á landi, fóru ekki heim um helgar og mörg ekki heldur um jól en voru stærstan hluta í döff rými, þar sem íslenskt táknmál gat þróast. Málið var ekki bara hlutlaus miðill til samskipta. Það var félagslegur gjörningur, sem bundinn var aðstæðum sínum og átti við um þann veruleika sem börnin lifðu í. Það spratt upp úr athöfnum barnanna utan kennslustundanna á heimavistinni, á leikvöllinum og þróaðist framan af, án vitundar og viðurkenningar heyrandi fólks. Að taka þátt í samtali er sameiginleg upplifun þar sem merkingin í tungumálinu verður til á öllum stigum samskiptanna (sbr. Bakhtin, 1981). Líf táknaða var því hlaðið félagslega samhenginu sem táknið höfðu lifað í og endurspegladi valdastöðuna sem ríkti á milli samfélaganna. Táknin HEYRANDI fékk dýpri merkingu en það að heyra. Í táknið fólst líka tilvísun í samhengið (e. *indexicality*) sem það var notað í meðal barnanna, merkingin 'þeir sem ráða', 'þeir sem vita', 'þeir sem skilja ekki'. Framlag skólans til þróunar íslensks tákn máls og þar með talið menntunar barnanna var lítið á tímum raddmálsstefnunnar annað en að vera rammi utan um málsamfélag meðal þeirra og sköpun döff formgerða, kerfi félagslega innlimaðra venja í döff-rými.

Brandur gerði sér grein fyrir því að börnin væru að tala saman þegar þau hreyfðu hendurnar en afstaðan til málsins, sem byggði á hugmyndafræði þess tíma, var að það væri hlutbundið mál sem ekki gæti borið flókna hugsun. Málið ætti því ekki heima í kennslustofum, fékk því ekki að þróast á sviði menntunar og var ekki notað til þess að gefa börnunum aðgang að íslensku. Ef börnin töluðu táknmál í kennslustund var slegið á fingur þeirra með kennaraprikinu eða krítinni hent í þau. Það dugði til þess að þau héldu að sér höndum.

4.4 Talæfingar við spegil á tímum raddmálsstefnu

Tuttugu árum eftir að raddmálsstefnan var tekin upp í Málleysingjaskólanum, eða árið 1964, fæddust að minnsta kosti 37 heyrnarlaus börn vegna faraldurs rauðra hunda sem gekk á Íslandi 1963–64 (Gylfi Baldursson o.fl., 1972). Svava Jóhannesdóttir var ein þeirra sem byrjaði í Heyrnleysingjaskólanum í Stakkholti fjögurra ára gömul. Kennsluaðferðin var sú sama og áður. Hún sagði að þau hefðu setið og skrifað stafi af töflunni sem þau vissu ekki hvað stóðu fyrir og seinna breyttust stafir í orð. Þau þurftu líka að læra að tala og öðru hverju kom einhver og náði í þau inn í tíma, tók í höndina á þeim og leiddi inn í lítið herbergi þar sem var spegill, heyrnartól og tæki sem mældi réttan tónstyrk þegar hún talaði. Þau Brandur sátu hlið við hlið með spegil fyrir framan sig. Brandur var með miða sem stóð á L. Svava átti að hlusta og horfa á hvernig hann myndaði hljóðið og síðan æfa sig þar til hún hefði náð rétttri hljóðmyndun og raddstyrk. Til þess að greina muninn á til dæmis hljóðum B og P voru þau með servíettu fyrir framan munninn og áttu að sjá hvort servíettan hreyfðist mikið eða lítið. Þegar rétt hreyfing náðist á servíettuna fékk Svava hrós. Við að læra M og N var hún látin styðja fingrinum á nefið á honum og nefið á sér til skiptis til þess að finna titringinn og ná réttum framburði. Þannig var hver bókstafur æður aftur og aftur þar til hann var réttur. Það var mikil þjálfun að læra að gera greinarmun á B og P, D og T, I og Í. Enn þann dag í dag segist Svava eiga erfitt með G og K og segja til dæmis ‘gaga’ í staðinn fyrir ‘kaka’. Til þess að kenna henni rétta talstillingu var líka haldið um hökuna á henni, togað í tunguna eða tungan var hreyfð í rétta stöðu með tunguspaða. Henni fannst verst þegar verið var að koma við tunguna. Hún var líka látin fylgjast með mælitæki og þegar ör á því staðnæmdist á réttum stað var hún að gera rétt. Svona var æft í mörg ár. Alltaf það sama. Hún skildi aldrei hvers vegna verið var að æfa hljóðin og vissi ekki hvað þau þýddu. Krakkarnir æfðu einn bókstaf í einu þangað til þeir kunnu alla bókstafina. Eftir það tóku orðin við, til dæmis ‘mamma’. Þau æfðu að segja orðin upphátt þangað til þau fengu hrósið án þess að skilja hvað orðin þýddu. Þau lærðu að gera greinarmun á orðum eins og *bíll*, *bolti*, *bolli* o.s.frv. Seinna þegar þau voru sex til sjö ára lærðu þau að tengja orðin við myndir.

Þegar Svava var farin að gera sér grein fyrir því hvenær verið var að sækja hana í talkennslu reyndi hún að segja: „Nei“ og streitast á móti: „Ég vildi ekki fara inn í herbergið og læra tal og vissi ekki til hvers ég var að því.“ Seinna fóru börnin að fela sig þegar þau vissu að þau ættu að fara í talkennslu: „þau fundu okkur alltaf og toguðu okkur inn í herbergið“. Hún sagðist vera viss um að þau hefðu haft meiri áhuga ef útskýrt hefði verið fyrir þeim af hverju þau væru að læra að tala íslensku og þeim hefði verið sagt hvað orðin þýddu. Árið 1971 flutti skólinn í nýja Heyrnleysingjaskólann í Vesturhlíð og þar var talkennsluherbergi með hverri kennslustofu þar sem allir nemendur lærðu að tala einu sinni í viku. María Kjeld kenndi þeim þá að tala rétt. Þegar börnin voru orðin 10–12 ára dró úr talæfingum og Svava sagði þeim öllum hafa létt mikið að losna við þær: „Við vorum orðin svo þreytt á að læra alltaf það sama og fannst það alveg tilgangslaut.“ Það hefði verið allt annað mál fannst henni að æfa ýmis

orð í mismunandi tilgangi, til dæmis í tengslum við lestur bóka og með skilningi á því sem þau áttu að segja. Hún sagði að árið 1979, þegar hún hefði verið 15 ára, hefði verið gefin út bókin *Orðaskyggjur* af Bjöllunni. Hún hefði verið notuð til þess að auka orðaforðann hjá þeim. Myndir og orð voru tengd saman og það var útskýrt fyrir hvað orðin stóðu: „Mér fannst orðaforðinn aukast mikið hjá okkur öllum. Ef við hefðum fengið skýringu á táknmáli strax frá byrjun og mynd til að tengja við orðin hefðum við lært miklu meira og hraðar. Annars kemur skilningurinn seint.“

4.4.1 Raddmálsstefnan lak

Stefanía Sigríður Jónsdóttir eða Stebba, dóttir Sigríðar Kolbeinsdóttur og Jóns Kristins Sigfússonar, eignaðist heyrnarlausu stúlku, Jónu, sama ár og Brandur tók við Málleysingjaskólanum eða árið 1944. Stefanía var einstæð móðir og úr varð að Halldóra systir hennar ættleiddi Jónu. Þegar Jóna var fjögurra ára gömul árið 1948 fór hún í Heyrnleysingjaskólann. Sigríður Borg Harðardóttir (Sísí) lýsti fyrstu kynnum sínum af Jónu í minningargrein um hana:

Brandur opnaði dyrnar á skólastofunni og með honum voru Dóra mamma og Jóna. Þetta er ný stúlka sem heitir Jóna, sagði hann og við fundum strax táknið hennar. Jóna brosti breitt, með feitar kinnar, brúnt liðað hár og slaufu, alveg ófeimin og hún talaði táknmál. Við krakkarnir í bekknum vorum steinhissa á að hún kynni táknmál en ætt Jónu var heyrnarlaus og hún ólst upp við táknmál frá fæðingu. Við hin áttum öll heyrandi foreldra sem ekki töluðu táknmál. (Sigríður Borg Harðardóttir, 2010, bls. 27)


Börnin voru hissa á því að einhver gæti átt fjölskyldu sem var eins og þau og talaði táknmál. Halldóra mamma Jónu gat útskýrt fyrir henni merkingu orðanna, sem hún hafði skrifað í skólanum, þegar hún kom heim. Daginn eftir sagði Jóna krökkunum hvað orðin þýddu og kenndi þeim táknið. Börnin langaði til þess að læra en raddmálsstefnan stóð í vegi fyrir því. Jóna hafði jafnframt aðgang að heimili ömmu sinnar og þegar hún og vinkonur hennar voru farnar að fara í bæinn byrjuðu þær að venja komur sínar þangað. Þar var alltaf fullt af fólki. Þær fengu mjólk og köku og drukku í sig samtöl gamla fólksins. Ein stúlkan, Katla vinkona Jónu, fór til sumardvalar á Akureyri hjá systur sinni sem var gift heyrnarlausum manni, Magnúsi. Þar lærði hún fingrastafróf. Hún sagði að það hefði ekki tekið sig nema 10 mínútur að ná tökum á því og svo æfði hún sig í að stafa orð þegar hún var komin upp í rúm á kvöldin. Um haustið þegar Katla kom í skólann kenndi hún börnunum fingrastafróf. Þegar skólastjórinn komst að því sagði hann þeim að fingrastafróf væri bannað í skólanum. Þau urðu að sætta sig við það og hættu að nota það. Brandur skólastjóri reyndi einnig að stöðva táknaáhrif frá heimilum heyrnarlausu hjónanna og dóttur þeirra. Hann hringdi í Halldóru Jónsdóttur fósturmóður Jónu og sagði henni að dóttir hennar kæmi að heiman með táknaáhrif og kenndi börnunum í skólanum. Hann vildi að þær hættu að tala táknaáhrif svo talkennslan gengi betur. Halldóra sagði þær ekki hafa gert það. Hreinn Guðmundsson sagði að

‘gamla fólkid’ hefði ekki skilið af hverju ekki mætti nota fingrastafróf í skólanum og það hefði spurt börnin hvernig væri þá hægt að skilja hvað kennarinn væri að segja.

Augljóst er af viðtölum sem notuð voru við þessa rannsókn að Brandi þótti vænt um börnin og fólkid, þrátt fyrir að með augum nútímans þyki raddmálsstefnan sem fylgt var í kennslunni ómannúðleg. Hann bjó lengi í Stakkholti á sama stað og skólinn og segja má að hann hafi helgað heyrnarlausum líf sitt. Hann bar ábyrgð á nemendum sínum allan sólarhringinn og börnin hans léku við þá. Hann tók börn með sér í heimsókn til foreldra sinna fyrir vestan og í sumarbústað í Borgarfirðinum. Hann túlkaði fyrir þá sem komust í kast við lögin eða lentu í slysi og studdi félagid og starfsemi þess. Til dæmis barðist Brandur með hópnum fyrir auknum réttindum heyrnarlausra eins og að þeir mættu aka bíl. Það var samþykkt með nýjum umferðarlögum árið 1965 og var Hervör Guðjónsdóttir þáverandi formaður Félags heyrnarlausra fyrst til þess að fá bílpróf (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989).

4.4.2 Upphaf ÍTM í Málleysingjaskólanum

Þrátt fyrir að fingramál og bendingar hafi verið bannaðar í Málleysingjaskólanum frá árinu 1944 minnkuðu áhrif íslensku á mál nemenda. Börnin skildu einfaldlega ekki mál kennara sinna en áttu samskipti hvert við annað. Málinu, sem nú þróaðist í nemendahópnum, lýsti Sigurborg Skjaldberg sem „grófu“ og tók dæmi af því þegar sagt var HOPPA, þá var hoppað. STÍGVÉL voru táknuð eins og eftirherma af því að klæða sig í stígvél og MJÓLK var táknuð með því að herma eftir því að mjólka kú. Táknin voru speglandi tákn (e. *iconic symbols*) og hreyfingarnar og táknrymið var stærra. Þá var merkingarsvið tákna víðara en í dag. Táknid MAMMA var fyrst gert með því að setja vísifingur saman eins og táknid EINS er gert í dag. Þá var MAMMA, SYSTIR og BRÓÐIR sama táknid. Síðar breyttist táknid MAMMA og átti uppruna sinn í talþjálfuninni hjá Brandi en það var gert með því að ýta tvisvar með vísifingri á nefid eða á sama staðinn og þau áttu að nema röddun bókstafanna. PABBI var gert með því að strjúka flötum lófa yfir hvirfilinn. MAMMA var líka táknuð með MM og PABBI með því að hrista A-hönd um úlnidinn, sjá mynd 16.



Mynd 16 A-hönd af signwiki.is

SYSTIR og BRÓÐIR eru eins í málinu í dag. Amma og afi áttu engin tákn í máli barnanna. Sigurborg sagði að það hefði ekki verið „næmni“ í táknum hjá þeim. Með næmni má gera ráð fyrir að hún eigi við að málfræðin hafi ekki verið komin langt í þróun og eins að sama táknid hafi haft víða merkingu. Merkingin skildist þá út frá samhenginu eins og til dæmis táknid SKÓLI og LÆRA sem var eins og í fingramálinu en er bara notað sem SKÓLI í dag. STELPA og KONA var sama táknid og það sem notað er fyrir STELPA í dag,

DAGUR, NÚNA OG ÁÐAN var sama táknid en breyttist síðar þegar tekin voru upp önnur tákn frá Norðurlöndum að sögn Sírýrar. Hún tók dæmi af nokkrum táknum sem urðu til í barnahópnum og áttu öll rætur í látbragði og aðstæðubundnum bendingum. HRÆDDUR var gert með því að slá með fingurgómum hratt í hjartastað og táknaði hraðan hjartslátt, SJÓMAÐUR var táknað

með því að veifa með hendinni í stefnu á sjóinn, SLÁTUR með því að ýta á magann með öllum fingrum og að SLÁTRA var að líkja eftir því að skjóta á hálsæðina eða á ennið. Táknið SLÁTRA hefur þróast og einfaldast í málinu í dag. Nú er bent með J-hönd og þumalfingur snýr að líkama, sjá myndir 17 og 18.



Mynd 17 SLÁTUR af signwiki.is



Mynd 18 J-hönd af signwiki.is

Jól voru táknuð með munnhreyfingunni 'lalala' en upphaflega var verið að líkja eftir smíðuðu tré þar sem greinum var stungið í stofninn, sjá mynd 19. Gamla fólkkið stafaði oftast J-Ó-L.



Mynd 19 Sigurborg Skjaldberg JÓL

NEI var gert með A-hönd, hrista höfuð og slá með hendinni til hliðar, sjá mynd 20. 'Ég trúi því ekki' var táknað með því að blása í hnefann og hreyfa líkamann neitandi til hliðar, sjá mynd 21. LÖGGA var táknað með því að byrja á enninu og snerta því næst bringubein og færa snertinguna neðar tvisvar í viðbót til að tákna hnappana á löggubúningnum, sjá mynd 22.



Mynd 20 Sigurborg Skjaldberg NEI



Mynd 21 Sigurborg Skjaldberg ÉG TRÚI ÞVÍ EKKI



Mynd 22 Baldur Snæhólm LÖGGA

Í upphafi var mál barnanna í Málleysisgaskólanum einfalt, svipbrigði voru mikið notuð, eitt ták gat haft mismunandi merkingu eftir samhenginu og bendingar á raunverulega hluti eða staði komu í staðinn fyrir ták sem ekki voru til en málið varð flóknara með hverri kynslóð. Samkvæmt Schermer og Pfau (2016) þróast ták venjulega úr speglandi tákni (e. *iconic symbols*) yfir í slembitákni (e. *arbitrary symbols*). Í fyrstu er hermt eftir verknaði eða hegðun (speglun) með því að hreyfa líkamann (látbragð) en þegar táknið þróast verður eingöngu um að ræða hreyfingar handa (Schermer og Pfau, 2016). Tákni eins og HOPPA hefur þróast frá því að hoppa eins og börnin gerðu og í að sýna táknið eingöngu með hreyfingum handa, sjá mynd 23.



Mynd 23 HOPPA af signwiki.is

4.4.3 Áhrif frá Danmörku: Daníel Jensen kom til Íslands árið 1956

Daníel Jacob Jensen fæddist í Færeyjum en sjö ára gamall flutti hann til Danmerkur þar sem hann gekk í skóla á Kastellsvej. Táknið hans, DANÍEL, var endurspeglun (e. *iconic*) á húfunni sem tilheyrir færeyska þjóðbúningnum. Eftir að Daníel fermdist fór hann í fjögurra ára iðnnám og útskrifaðist sem smiður. Oftast fór hann heim til Færeyja í fríum en þegar stríðið skall á festist hann í Danmörku í fimm ár. Mikið atvinnuleysi var á þessum tíma í Danmörku og var Daníel einn þeirra sem var atvinnulaus. Á skrifstofu félags heyrnarlausra frétti Daníel að á Íslandi væri nóga vinnu að fá og ákvað að sigla til Íslands í þeim tilgangi að leita sér að vinnu:

Við komuna til landsins fór ég á Hjálpræðisherinn og spurði þar hvar félag heyrnarlausra væri eða skóli fyrir heyrnarlaus börn. Þeir leituðu að því fyrir mig og fundu heimilisfang skólans. Þetta var 12. júní 1956 og skólinn var lokaður. Ég gekk um allt og prófaði allar dyr. Að endingu hitti ég Önnu dóttur Brands en hún sagði mér að Brandur og Rósa [eiginkona Brands] væru í sumarbústað. Matráðskonan, sem var á staðnum, benti mér á að reyna að hafa samband við Guðmund Björnsson sem kallaður var Deddi og varð seinna fyrsti formaður Félags heyrnarlausra. Hann hafði búið í Danmörku en vann nú á skrifstofu flugfélagsins. Ég spurði Dedda um félag heyrnarlausra. Hann sagði mér að það væri ekkert félag en fór með mig til Óla ríka og kynnti mig fyrir döff fólki.

Í viðtali í eigu Samskiptamiðstöðvar lýsti Daníel Íslandi sem einangraðri eyju úti í hafi og sagði að lítið hefði verið um um flug og skipakomur. Hópur heyrnarlausra í Reykjavík hefði verið um 35 manns en fleiri búið dreift um landið og mikil kyrrstaða hefði ríkt. Fólkið var einangrað frá öðrum í samfélaginu. Það vann sína vinnu af samviskusemi, var vel klætt og átti falleg heimili en vissi ekki mikið og átti ekki í miklum samskiptum. Í hópnum var orðið til mál, fingramálið, en notkunarsvið þess var lítið og það þróaðist ekki mikið. Málið átti við um fábreytt líf fólksins sem bauð ekki upp á mörg tækifæri. Fá tákni voru í málinu að mati Daníels og þau voru ólík þeim dönsku. Hann taldi að einungis um 25 tákni hefðu verið í máli eldra fólksins þegar hann kom til landsins og taldi upp nokkur: PRESTUR sem var gert með því að lyfta báðum höndum upp eins og þegar prestur blessar söfnuðinn og tuldra hljóðlaust með munninum, NUNNA var gert með því að teikna útlínur á HVÍTU brjóststykki á bringuna og á SVÖRTUM kufli á líkamann. Í tákningu var HVÍTT táknað öðruvísi en í dag en SVART var eins. Bæði tákni fyrir prest og nunnu voru látbragð eða stutt lýsing á því sem þau stóðu fyrir. SYKURMOLI var táknaður með því að bíta í vísifingur. VINNA var táknað með því að fingurgómar snertu axlir tvisvar sinnum. Táknið AMMA var til í fingramálinu og á þessum tíma var það gert með því að leggja flata hönd á bringubein¹². PABBI var gert í fingramálinu með því að snúa endann á yfirskeggi.¹³ Öll tákni nema SVART eru

¹² Munnhreyfing Daníels með tákningu var 'bedstemor'.

¹³ Líkt og táknið UNGVERJALAND er gert í dag.

gerð á annan hátt í ÍTM sem gæti þýtt að táknið fyrir svart hafi borist frá Danmörku. Að sögn Daníels var táknaforðinn að mestu úr fingrastafrófi. Þótt fingrastafrófið, sem hér var notað, hafi verið það sama og í Danmörku sagðist Daníel hafa átt erfitt með að skilja fingramálið. Algengt hefði verið að einungis væri stöfuð byrjun á orði eða nokkrir stafir úr íslenska orðinu. Fólk, sem var hér á landi, eins og Hervör Guðjónsdóttir og Halldóra Jónsdóttir, voru ekki sammála álitni Daníels um að í málinu hefðu verið svo fá tákni og sögðu að fleiri tákni hefðu verið í máli fólksins sem talaði fingramál en hann hefði talið. Að þeirra mati hefði hann bara ekki skilið þau. Daníel sagðist á hinn bóginn hafa átt mun auðveldara með að skilja mál krakkanna í skólanum en meðal þeirra var farið að þróast nýtt tákni þar sem tákni voru enn þá speglandi tákni og þau hermdu eftir verknaði eða hegðun með því að hreyfa líkamann og nota látbragð. Látbragðið eða speglandi tákni sem urðu til í þeirra veruleika var ekki endilega eins og var gert var í fingramálinu.

Sirry sagði að Daníel hefði oft komið að heimsækja þau í skólann og hann hefði kennt þeim mörg ný tákni úr danska tákni málinu. Með því opnaði hann fyrir þeim og líka fullorðna fólkinu sem talaði fingramál ný notkunarvið fyrir málið. Hann opnaði út í heim með því að ræða um önnur lönd og ræddi um stjórnsýslu og félagsstörf. Börnin höfðu, að sögn Sirryrar, táknað AMERÍKA, með því að snúa vísifingri við gagnaugað, sjá mynd 24 en Daníel hefði sagt að það væri ekki rétt tákni. Rétt táknið, sem notað væri í Danmörku, væri AMERÍKA og er það tákni notað enn í dag í íslensku tákni máli, sjá mynd 25.



Mynd 24 Eldra tákni fyrir AMERÍKA. Vísifingri snúið við gagnauga. Af signwiki.is.



Mynd 25 Nýrra tákni fyrir AMERÍKA. Hendur fléttaðar saman og snúið í hring fyrir framan tákna. Táknið er talið eiga uppruna sinn í byggingarstíl bjálkahúsa. Af signwiki.is.

Sirry sagði Daníel hafa gefið börnunum mörg dönsk tákni fyrir fleiri lönd og mörg önnur tákni yfir hugtök og svið sem þau höfðu aldrei rætt eins og ALÞINGI, FORSETI, RITARI og SKRIFSTOFA. Með því gaf hann þeim nýtt félagslegt samhengi, stærra notkunarvið

fyrir málið og stærri heim. Daníel kenndi þeim einnig nýtt táknið fyrir SKÓLI. Gamla táknið stóð þá bara fyrir LÆRA og gerir enn. Málið varð með þessu nákvæmara, eða með meiri *næmni* svo notuð sé túlkun Sirrýar. Með hverri kynslóð varð notkunarsvið málsins víðara, félagslegur veruleiki stærri og málfræðin flóknari. Sirrý tiltók að á þeim tíma sem viðtalið var tekið, árið 2009, hefðu mörg ný táknið bæst við málið sem hún hefði ekki séð áður en unga fólkið notaði, eins og HÓTA, HEFNA, VINSÆLL, TILDÆMIS, TÖLVA, GSM-SÍMI, FILMA og svo væru miklu fleiri táknið sem tengdust aukinni menntun þeirra yngri. Halldóra Jónsdóttir sagði að Daníel hefði líka haft mikil áhrif á mál 'gamla fólksins'. Allan sinn uppvöxt myndi hún ekki eftir að neitt hefði bæst við fingramálið en Daníel hefði fyrst og fremst notað táknið. Það hefði „kveikt á perunni hjá fólkinu“ og það bæði tekið upp dönsk táknið og farið að búa meira til táknið eftir að hann kom.

Þar sem fingrastafróf hafði ekki verið notað innan skólans tileinkuðu börnin sér það ekki og það var ekki hluti af táknið þeirra. Þau skildu heldur ekki fingramál gamla fólksins, það stafaði svo hratt og þau kunnu ekki táknið sem það notaði. Stelpurnar, sem heimsóttu 'ömmu' með Jónu, lærðu fingramálið og gátu átt samskipti við gamla fólkið.

4.4.4 Upplifun af skyldleika

Í viðtali við Sigríði Borg Harðardóttur (Sísí) sagði hún að árið 1951 þegar Jóna var sjö ára gömul og hún var níu ára hefðu þær farið í fyrsta sinn saman í heimsókn til ömmu Sigríðar á Leifsgötu 5. Sísí sagði Jónu hafa opnað dyrnar og gengið inn. Þarna var amma í eldhúsinu. „Hún var með skuplu, í svuntu og flókainniskóm og með stóran brúnan vindil í munninum. Ég gapti af undrun þegar ég sá hana. Ég var orðlaus. Amma með stóran brúnan vindil í munninum!“ Jóna sagði við Sísí: „Þetta er AMMA (nafnatáknið Sigríðar með 5 fingur á nef). Hún er mállaus“. Sísí spurði hvar mamma hennar væri. Hún var að vinna:

Ég horfði í kringum mig í litla eldhúsinu. Það rauk úr kolaeldavélinni og ilmur af nýbakaðri köku lá í loftinu. Eldhúsinnréttingin var í horn á tveim veggjum og lítið matarborð. Allt var skínandi hreint. Amma spurði mig á táknið að nafni. Ég gerði táknið mitt, sem var eins og táknið STELPA og sagði Sísí. Amma kom þá með blað og blýant og bað mig að skrifa nafnið. Ég gerði það og amma stafaði S-Í-S-Í með fingrastafrófi. Ég hafði aldrei séð fingrastafróf áður en síðan hefur nafnið mitt verið S-Í-S-Í stafað með fingrastafrófi. Amma bauð okkur síðan að setjast og gaf okkur mjólk og brauð. Ég starði dolfallin á hana vinna í eldhúsinu, að hella upp á kaffi með skuplu og svuntu og sleikja nýjan vindil sem hún stakk svo upp í sig.

Næst þegar Sísí kom með Jónu til ömmu voru tvær konur í heimsókn hjá henni:

Þær sátu við eldhúsbordið að spjalla en amma var að hella á könnuna. Ég horfði til skiptis á konurnar og sá hendur þeirra hreyfast en ég skildi ekki

hvað þær sögðu. Önnur þeirra, Rannveig, leit á mig og sagði: Þú heitir SÍSÍ? Ég sagði JÁ. Við horfðum á þær með lotningu. Það var svo spennandi að sjá fullorðið fólk, sem var heyrnarlaust eins og við, að tala saman. Við fengum svo að leika okkur í herberginu með hælaskóna hennar Rannveigar. Hún sagði að við yrðum að fara varlega og mættum ekki brjóta hælinn undan skónum.

Sigríður var alltaf kölluð amma. Nafnatáknið hennar var gert með því að styðja fingurgómunum á nefið en munnhreyfingin sem börnin notuðu var að hreyfa varirnar eins og í orðinu *amma*. Halldóra dóttir Sigríðar sagði að nafnatáknið hennar ætti uppruna sinn í því hve freknótt hún var. Munnhreyfingin sýnir hins vegar hversu mikilvægu hlutverki Sigríður gegndi í samfélaginu og hve mikils virði hún var þeirri döff „fjölskyldu“ sem nú hafði myndast í Reykjavík. Amma Sigríður var smávaxin og mjúk og alltaf góð við heyrnarlausu stelpurnar sem komu í heimsókn til hennar með Jónu. Stelpurnar fundu menningarlega samsvörun með ömmu og því lífi sem var heima hjá henni. Anna Jóna Lárusdóttir sagði að allar stelpurnar hefðu viljað að Sigríður væri amma þeirra. Hún talaði táknmál og var alltaf svo hress og skemmtileg. Það skipti skólasystkinin miklu máli að sjá að þau voru ekki eina heyrnarlausu fólk á Íslandi. Krakkarnir litu upp til eldra fólksins og fylgdust með af lotningu þegar það talaði en þau áttu erfitt með að fylgja málinu eftir og skildu lítið. Fólk táknaði hratt og fingrastafaði mikið. Þeim fannst merkilegt að sjá táknmál, sem samt var svo ólíkt því sem þau töluðu, og veltu fyrir sér hvernig farið væri að þessu. Þau langaði líka til þess að fá að vita hvernig hefði verið hjá þeim eldri þegar þau voru að alast upp.

Eftir að Brandur Jónsson tók við sem skólastjóri var gamla fólkinu boðið að koma einu sinni á ári á jólaskemmtun í skólann. Sirrý sagði gamla fólkið hafa talað lítið innan um aðra en döff:

Við hittum gamla fólkið á jólaballinu í janúar. Þau sátu og töluðu lítið en annars bara fingramál. Við skildum það ekki og ég sá lítið af málinu þeirra. Þau sátu bara. Ég fór svo að hitta þau oftast þegar döff félag var stofnað og þá fóru þau að koma í félagið. Við höfðum líka farið heim til ömmu Jónu. Ég heimsótti ÖMMU þegar ég var 6, 7 og 8 ára gömul og þar var alltaf fullt af fólki.

Börnin horfðu í þögulli aðdáun á málið sem gamla fólkið talaði. Þótt þau skildu ekki hvað var sagt fundu þau greinilega meiri samkennd og samsömun með gamla fólkinu en heyrandi fólki. Menningin var byrjuð að tala (sbr. Humphries, 2008) og félagsleg sjálfsmynd þeirra að þróast. Þau fundu að þetta var þeirra samfélag.

4.5 Undirbúningur að stofnun Félags heyrnarlausra

Daníel Jensen talaði fyrir því að fólk tóknaði félag. Hann sagði að Guðmundur Kristinn Björnsson (Deddi), Hervör Guðjónsdóttir og Jón Leifur Ólafsson hefðu verið

búin að ræða þessa hugmynd fram og til baka og hefðu reynt við stofnun félags árið 1952. Brandi hefði hins vegar ekki litist á hugmyndina þá og það hefði ekki tekist. Daníel þekkti Brand frá því að hann hafði kennt honum í Danmörku þegar Brandur var þar við nám í kringum árið 1937. Hann sagðist hafa rætt aftur við Brand um að þau vildu stofna félag. Brandur var sama sinnis og áður og leist ekki á hugmyndina. Það kom fólkinu hins vegar verulega á óvart að verða vitni að því að Brandur og Daníel höfðu samskipti í gegnum táknmál. Daníel sagði að upplifun þess hefði verið eins og Brandi fyndist allt í lagi að þau notuðu táknmál sín á milli. Þau mættu bara ekki hafa táknmál fyrir börnunum.

Daníel fékk sendar filmur frá félaginu í Danmörku til þess að nota til að útskýra fyrir fólkinu á Íslandi hvernig starfsemi félaga væri – og til þess að það sæi táknmálið sem þar væri talað. Fjórum árum eftir komu Daníels til landsins, árið 1960, var Félag heyrnarlausra stofnað. Þótt Brandi hafi í upphafi þótt stofnun félags tóm vitleysa studdi hann fólkið og veitti því í byrjun aðstöðu í skólanum í Stakkholti. Sirrý sagði að þegar Daníel kom að tala við Brand hefði Deddi verið með honum og bað hann Daníel að spyrja Brand um salinn sem var lítið notaður. Salurinn væri tilvalinn fyrir félagsmenn til að hittast, spjalla, spila og drekka kaffi. Skólinn gæti ef til vill leigt þeim salinn. Það varð úr og Deddi varð fyrsti formaður félagsins. Að sögn Daníels hittust félagsmenn í Stakkholtinu á fimmtudögum og þar þróaðist táknmálið hratt. Hann sagði jafnframt að Brandur hefði kennt sér um þá þróun þar sem hann talaði danskt táknmál en Brandur hefði viljað að fólkið talaði með rödd í félagsstarfinu. Þegar skólinn flutti í Vesturhlíð breyttist nafn hans í Heyrnleysingjaskólinn og félagið fékk aðstöðu í kjallara hússins. Að sögn Daníels hlaut að koma að því að foreldrafélag heyrnardaufra barna og kennararnir í skólanum mótmæltu fundum þeirra í skólanum þar sem markmið skólans var að börnin sæju ekki táknmál. Brandur var á móti því að börnin lærðu af fullorðna fólkinu. Honum þótti þau ekki vera góðar málfyrirmyndir fyrir börnin. Hann talaði því við hópinn og bað þau um að fara með starfsemina annað. Félagsmenn voru ekki óhressir með það að færa starfsemina. Skólinn var lokaður á sumrin, sem var ekki jákvætt fyrir félagsstarfið og þeim þótti líka léttir að losna undan heyrandi yfirráðum. Að sögn Dedda höfðu þau eldri verið óánægð með að félagið væri í skólanum og höfðu þau því haldið áfram að venja komur sínar til Sigríðar. Þar voru þau sjálfráða og frjáls.

Í upphafi var félagið í hlutverki klúbbhúss. Fólk hittist, spilaði og spjallaði. Þetta var mikilvægt fyrir þróun málsins, þjappaði hópnum saman og bjó fólk undir hagsmunabaráttu síðar. Mál gamla fólksins og hinna yngri sem gengu í skólann eftir 1944 blandaðist að einhverju leyti eftir að Félag heyrnarlausra var stofnað en hélt þó áfram að vera tvö mál, fingramál og táknmál. Með nýjum kynslóðum þróaðist nýja íslenska táknmálið hratt og yngri kynslóðir skildu fingramálið ekki eins vel. Sumt af gamla fólkinu lærði táknmál hinna yngri og lærði að búa til ný tákni eins og börnin höfðu gert. Eftir að unga fólkið fór að nota fingrastafróf sem eðlilegan þátt í sínu máli breyttust nokkrir bókstafir eins og til dæmis bókstafurinn V. Gamla fólkið var ósátt við þá breytingu. Við stofnun félagsins komu nýir straumar, ný umdæmi, ný umræðuefni

og ný táknn inn í málsamfélagið. Nokkrir heyrnarlausir einstaklingar fluttu til útlanda þar sem þeir dvöldu í einhvern tíma og komu til baka með nýja þekkingu. Með tengingu við önnur lönd fylgdu ný táknn og ný umræða sem blés lífi í sköpunarkraftinn í málinu.

4.5.1 Norðurlandasamvinna og áhrif á ÍTM

Árið 1974 gerðist Félag heyrnarlausra aðili að Norðurlandaráði heyrnarlausra (Dövas nordiska råd, DNR). Í norrænu samvinnunni kynntist fólk nýrri orðræðu og nýjum hugtökum. Stjórnarmenn og konur í Félagi heyrnarlausra sóttu fundi í DNR og kynntust notkunarsviði í máli sem tengdist hagsmunum döff. Í þessu samhengi má benda á að döff fólk er alþjóðlegt bæði hvað varðar sambærilega menningu og að eiga mun auðveldara með samskipti við fólk frá öðrum þjóðum sem talar annað táknmál. Því fylgir líka að málin eru opin fyrir nýyrðum úr öðrum málum og leiðum til þess að tjá hugsun. Fjöldi nýrra tákna frá Norðurlöndum bættist við í því samhengi um til dæmis stjórnarsýslu, túlkabjónustu, táknmálskenndu og tækni. Ný tengsl, nýjar hugmyndir, ný sýn, aukin þátttaka og áhrif með opnun samfélagsins stækkaði notkunarsvið málsins og jók þrýsting til samskipta og gaf næringu sem samfélag heyrnarlausra og íslenska táknmálið þurfti. Samskipti við Norðurlandþjóðir héldu smám saman áfram að aukast og fólk lærði margt nýtt. Íslenskir verðandi táknmálskenndar fengu til dæmis tilboð um að sækja táknmálskenndarámskeið til Norðurlanda. Þrír félagar í Félagi heyrnarlausra, Hervör og Sírý, sem áður hafa verið nefndar, auk Vilhjálms Vilhjálmssonar, fóru til Danmerkur á námskeið í kenndu táknmáls með það að markmiði að kenna táknmál hér á landi. Hervör, sem var eldri en Sírý, og Vilhjálmur höfðu lært fingrastöfun í skólanum og töluðu bæði fingramál og táknmál. Á þessum tíma voru bæði málin notuð innan samfélagsins og í félaginu og sumir gátu notað þau bæði¹⁴. Í Danmörku tileinkuðu þau sér ýmis ný táknn sem ekki voru til í íslenska táknmálinu sem hafði byrjað að þróast í skólanum eftir 1944. Sírý tók dæmi af táknninu MARGLITUR sem var til í fingramálinu og var táknað með því að veifa fingrunum við hægra munnvik og blása út um munnvikið. Þetta táknn fannst henni barnalegt og ómögulegt. Í Danmörku væri það táknað MARGIR-LITUR. Það ætti að segja þetta með því að nota táknið MARGIR og táknið LITUR sem var á þeim tíma ekki til í íslenska fingramálinu. Táknn eins og JÓL, MAÐUR og KONA breyttust og urðu eins og fólknið kynntist á Norðurlöndum. Þar var líka notað sérstakt táknn fyrir SNJÓR sem var tekið upp en ekki táknað HVÍT RIGNING.

Hervör og Sírý héldu í fyrsta sinn námskeið í táknmáli árið 1976 fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans og síðar fyrir hjúkrunarkonur, þroskabjálfanema, fóstrur og foreldra heyrnarlausra barna. Þær studdust við danska kenndubók í byrjun en þróuðu einnig eigin æfingar. Ekki er hægt að segja að þarna hafi verið kennd íslenskt táknmál

¹⁴ Á þessum tíma voru bæði fingramál og táknmál lifandi en svo deyr fingramálið með fólkinnu sem talaði það. Þarna var ekki farið að tala um ÍTM heldur var sagt bendingamál, táknmál eða jafnvel táknmál heyrnleysingja. Það var í rauninni ekki fyrr en með lögunum 2011 sem markvisst var farið að tala um ÍTM til þess að merkja að um tungumál væri að ræða.

heldur blendingsmál íslenskra tákna og líka danskra og íslensku. Kenndir voru táknaistar sem heyrandi táknaásmendur tengdu saman með íslenskri málfraeði og íslenskri orðaröð. Á þessum tíma var ekki vitneskja hérlendis um að í táknaáli væri sérstök málfraeði. Í rauninni vissi fólk ekki að táknaál væri raunverulegt tungumál. Það var í samræmi við hugmyndafræði skólans um að táknaál gæti ekki miðlað óhlutbundinni hugsun.

Fram kom í bréfi, sem Brandur skrifaði Sirrý í tilefni af táknaálskennslu fyrir fóstrur, að táknaálskennslan væri fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem sinntu börnum á leikskólaaldri. Hann leit svo á að börn á leikskólaaldri, sem ekki hefðu lært nóg í íslensku, þyrftu á táknaáli að halda. Það gæti stutt þau við íslenskunámið. Jafnframt hélt hann því fram að táknaál væri nauðsynlegt til þess að nota í samskiptum við þá sem ekkert heyrðu og ómögulegt væri að eiga samskipti við á íslensku (Brandur Jónsson, 1982).

Verkefni félagsins á þessum árum breyttust í samræmi við starfsemina á Norðurlöndum og beindust nú meðal annars að því að afla fjár til samskipta við Norðurlönd, námskeiðahalds, útgáfu táknaálsorðabókar og fleiri verkefna. Fyrsta táknaálsorðabókin kom út hjá Félagi heyrnarlausra árið 1976 með 1388 táknum. Fram kemur í formála bókarinnar að þegar táknum var safnað hafi höfundar einungis fundið um 700 íslensk tákna. Fengin voru „að láni“ 688 sænsk og dönsk tákna þannig að um helmingur tákna í bókinni eru lánstákna úr dönsku og sænsku táknaáli (Samstarfsnefndin, 1976). Mörg af norrænu táknaunum sem voru í fyrstu táknaálsorðabókinni hafa þróast áfram innan íslenska táknaálsins og aðlagast málinu.

Á fyrri hluta áttunda áratugar varð til samvinna á Norðurlöndum um styrkingu táknaála landanna. Haldnir voru árlegir táknaálsfundir í nokkur ár frá árinu 1972 um samræmingu norrænu táknaálanna og var verkefni fundanna að koma sér saman um norræn tákna. Fram kemur í hefti, *Tegnspråk for viderekomne*, sem gefið var út í kjölfarið, að miklar umræður hafi orðið á fyrsta fundinum um sameiginleg tölutákna og sameiginlegt fingrastafróf en ekki hafi náðst samkomulag. Frá upphafi var andstaða sumra fundarmanna, sérstaklega Dana og Svía, skýr við að breyta staðfestum táknum í málum landanna. Fundinum lauk þó með samkomulagi um samnorræn tákna fyrir vikudagana, mánuðina og litina. Verkefnið þróaðist smám saman í að finna tákna fyrir „erfið“ orð, eða orð sem ekki áttu tákna í málunum. Vorið 1975 var heftið *Táknaál fyrir lengra komna* svo gefið út með 288 táknum sem samþykkt höfðu verið á fundum 1973 og 1974 (Tegnspråk for viderekomne, 1975). Aftur var gefið út hefti árið 1975, af félagi heyrnarlausra í Noregi, með 155 táknum sem voru tekin fyrir á norrænum fundi táknaálsnefnda í Málmei. Fram kemur í formála þess að tákna hafi ekki verið samþykkt af öllum þjóðunum en að Norðmenn hafi samþykkt þau öll og sum löndin hafi samþykkt sum tákna. Greinilegt var orðið að ekki var vilji meðal fulltrúa frá Norðurlöndum til að gera norrænt táknaál en samþykkt var að halda samvinnu ýmissa sérfræðinga áfram, til dæmis um rannsóknir á táknaálum landanna (Nordisk tegnspråk, 1975). Á heimsvísu

var fyrir nokkru hafin samvinna um að gera eitt staðlað táknmál, sem kallað var Gestuno, og nota mætti um allan heim (World Federation of the Deaf, 1975). Tilraunir til að samhæfa norrænu táknmálin eða til að skapa eitt heimsmál mistókust hins vegar því táknmálin þróuðust í hverju landi, í sínu samhengi og á sínu menningarsvæði.

Mörg norrænu táknanna voru tekin upp í íslenska táknmálið og voru í upphafi notuð samhliða gömlum táknum. Nú eru gömlu íslensku litatáknin ekki notuð lengur heldur norræn, flest mánaðartáknin eru norræn og táknið fyrir vikudagana sömuleiðis. Kennarar í Heyrnleysingjaskólanum studdust við norrænu táknnaheftin sem gefin höfðu verið út í kennslunni, til dæmis fyrir ný tákni í raungreinum og tækni. Sama málhugmyndafræðin sem umlukti minnihlutamálið og lítil virðing fyrir íslenska táknmálinu endurspegladist einnig í viðbrögðum táknmálskennaranna sem fóru til Danmerkur til þess að læra að kenna táknmál. Þeir komu heim með ný tákni úr dönsku táknmáli, sem þóttu miklu fallegri en þau íslensku og innleiddu þau í íslenskt táknmál.

Í ávarpsorðum Brands Jónssonar að fyrstu táknmálsorðabókinni kemur fram að eftir að hafa verið skólastjóri Heyrnleysingjaskólans í rúm 30 ár væru viðhorf hans orðin nokkuð breytt. Hann bendir þar á að táknmál sé nauðsynlegt fyrir þá sem ekkert heyri og að því sé oft haldið fram, og það með réttu, að bendingamálið sé í raun og veru móðurmál heyrnarlausra (Brandur Jónsson, 1976). Málhugmyndafræði fólks á þessum tíma fól þrátt fyrir þetta orðalag ekki í sér það viðhorf að um raunverulegt tungumál væri að ræða. Tilgang táknmálsorðabókarinnar taldi hann vera að samræma 'bendingamálið' svo að heyrnarlausir gætu talað sín á milli. Undir áhrifum frá þeim straumum sem komu frá Norðurlöndum var hann talsmaður þess að samræming bendingamálsins næði til sem allra flestra landa, því enn sem komið væri hefði ekkert nýtt komið fram sem leyst gæti bendingamálið fullkomlega af hólmi. Þriðja og síðasta útgáfa Táknmálsorðabókar kom út 1987. Inn í þá útgáfu var jafnframt bætt mörgum táknum úr dönsku orðabókinni og samnorrænum táknum sem valin höfðu verið á fundum landanna (Hervör Guðmundsdóttir, 1987). Táknmálskennsla þróaðist hins vegar ekki mikið á þessum árum. Engar rannsóknir voru stundaðar á málinu og námsefni var ekki til nema það sem táknmálskennararnir bjuggu til fyrir tímana í formi orðalista og setninga á íslensku. Öll námskeið voru byrjendanámskeið þannig að fjölskyldur döff fólks og kennarar höfðu ekki aðgang að fullnægjandi kennslu í málinu. Þrátt fyrir að hér hafi verið gert mikið úr norrænum áhrifum á ÍTM er málið að sjálfsögðu íslenskt táknmál. Um 700 norræn tákni voru tekin inn í fyrstu táknmálsorðabókina og aðeins lítill hluti þeirra aðlagðist málinu og þróaðist með því. Vefurinn signwiki.is sem heldur utan um orðaforða ÍTM er núna með 12574 tákni, stöðugt bætist við hann og langt er frá því að komin sé endanleg skráning á íslensku táknmáli.

4.6 Uppreisnin í skólanum

Uppreisnin í Heyrnleysingjaskólanum er dæmi úr sögunni sem birtir brögð og atbeina nemenda og má ef til vill túlka sem fyrsta skrefið í baráttunni fyrir viðurkenningu á ÍTM

og döff lífsmáta. Flestir kennaranna í Heyrnleysingjaskólanum veturinn 1978–79 skildu ekki mál nemenda sinna og gerðu sér ekki grein fyrir því hvaða ógn gegn raddmálsstefnunni var í aðsigi. Á þessum tíma var orðið leyft að nota tákni í kennslunni í þeim tilgangi að gera íslenskuna aðgengilegri og notuðu kennarar ‘heyrandi táknmál’ með viðbættri málfræði úr íslensku. Málformið var blendingsmál tákna og íslensku. Það gat verið frá því að setja tákni ofan á handahófskenndan hljóðastuðning úr íslensku að talaðri íslensku með handahófskenndum táknastuðningi og mörg mismunandi blandmálsafrbrigði þarna á milli.

Saga Bretlands var á dagskrá hjá stóra nemendahópnum sem fæðst hafði 1964 eftir faraldur rauðra hunda. Nýtt upptökutæki hafði verið keypt í skólann og kennarar vildu taka upp fyrirlestra nemenda um Bretland. Ójöfnuður ríkti á milli kennara og nemenda. Kennararnir beittu því sem Bourdieu kallaði táknrænt ofbeldi og sögðu nemendum sínum að þeir yrðu að tala og tákna á sama tíma inn á upptökuna ‘heyrandi táknmál’ til þess að hægt væri að meta verkefnið. Nemendum fannst þetta niðurlægjandi og þeim leið illa. Þeir skildu ekki bjagaða tjáninguna og upplifðu kúgun og yfirráð. Þeir sem höfðu skerta heyrn, og voru í betri bekkjunum, fylgdu skipunum kennara þótt þeim fundist það ekki rétt. Einn nemandi sem ekkert heyrði og vissi að tal sitt væri óskiljanlegt neitaði að tala og tók upp sinn fyrirlestur á táknmáli. Þegar hann sagði samnemendum sínum hvað hann hefði gert braust út reiði og nemendur gerðu uppreisn. Nemendur tóku stóla fram á gang, stilltu þeim upp í röð eftir öllum ganginum, settust, krosslögðu hendur á brjósti og neituðu að fara inn í stofur nema þeir fengju að tala þar táknmál. Þeir brutu reglur samfélagsins og veittu viðnám þegar hann sýndi þeim að aðrir kostir væru til með því að neita að niðurlægja sig. Fólk, í þessu tilviki nemendur, verður að mati Ortner (1989) ekki algerlega fastmótuð félagsleg afurð, hér þá af kennurunum, heldur að einhverju leyti frjálst. Hún stingur upp á að sumir séu lauslega mótaðir (e. *loosly structured*) (bls. 198). Slíkum einstaklingum geti tekist að breyta kerfi. Breytingar verði með viðnámi innan samfélags vegna þess að aðrir kostir verða sýnilegir og með því að brjóta reglur samfélagsins (Ortner, 1989).

Við kennarar héldum langan kennarafund sem endaði með því að kröfur nemenda voru samþykktar. Nokkur ágreiningur var á fundinum á milli eldri kennara og þeirra yngri sem voru farnir að reyna að nota táknmál í sinni kennslu. Ungu kennararnir höfðu að lokum betur. Með þessu höfðu nemendur unnið sigur. Eldri kennararnir misstu vald þar sem þeir skildu ekki nemendur sína þegar enginn notaði rödd. Nemendur neituðu að misþyrma málinu sínu eins og kennararnir gerðu kröfu um og tókst með athöfnum sínum að breyta kerfinu sem bjó þá til. Ortner skýrir, með því að vitna í *doxa* Bourdieus, hvernig hegðun fólks endurgerir eða breytir heimi sem snýst um ójöfnuð og valdamun. *Doxa* móti atbeinann og á sama tíma endurskapi atbeininn *doxað* (Ortner, 1989). Áhersla á táknmálskennslu fyrir kennara jókst í skólanum eftir þetta og árið 1981 var Sírrý ráðin til þess að kenna minnstu börnunum táknmál. Með athöfnum og atbeina sínum, sem spratt úr formgerðunum, endursköpuðu nemendur formgerðirnar og breyttu með því að láta ekki lengur kúga sig til þess að nota óskiljanlegan málblending.

4.7 Tímamót fyrir íslenskt táknmál

Tímamót urðu þegar norræn menningarhátíð var haldin á Íslandi í fyrsta sinn árið 1986. Norðurlandaráð heyrnarlausra, sem hafði að markmiði að auka samvinnu Norðurlanda og vinna að jafnrétti heyrnarlauss fólks, ákvað að halda norræna menningarhátíð á Íslandi til þess að efla stöðu heyrnarlausra hér. Félag heyrnarlausra fékk, með árs fyrirvara, það verkefni frá ráðinu að mennta sjö táknmálstúlka fyrir hátíðina en engir túlkar voru til á þessum tíma. Þrír félagsmenn sem enn voru nemendur við Heyrnleysingjaskólann sáu um námið og völdu 10 einstaklinga til þátttöku. Túlkanámið stóð frá september 1985 til júní 1986. Kennt var tvisvar í viku, eitt kvöld og á laugardögum, samtals 250–300 tímar. Kenndir voru orðalistar eins og gert hafði verið áður og unnar beinar þýðingar á textum þar sem byggt var á íslenski málfræði en hvorki nemendur né táknmálskennarar gerðu sér grein fyrir því að málfræði íslenska táknmálsins væri allt önnur en íslenskunnar. Það var erfitt að skilja af hverju túlkaðar setningar urðu óskiljanlegar þótt öll táknin væru rétt. En þarna byrjaði þó þrátt fyrir allt smám saman að vakna vitundin um að í táknmáli væri málfræði og hve ólík bygging málanna væri. Til þess að kenna túlkunarfræði fékk Vilhjálmur Vilhjálmsson, faðir Vilhjálmss þáverandi formanns félagsins, danskan túlk, Gerdu Tvilum. Hún hélt fyrirlestra um hlutleysi túlksins, klæðnað, túlkastarfið og fleira. Fjórir táknmálstúlkar voru útskrifaðir úr náminu til að túlka á menningarhátíðinni, meðal þeirra var höfundur þessarar ritgerðar. Nýju túlkarnir þreyttu frumraun sína sem túlkar á sviði Þjóðleikhússins við opnun menningarhátíðarinnar þann 4. júlí 1986. Ekki er víst að túlkun á ávörpum hafi verið skiljanleg en döff Íslendingar voru stoltir af fyrstu íslensku táknmálstúlkunum sem stóðu meðal þeirra skandinavísku. Það var Félag heyrnarlausra og heyrnarlausir sjálfir sem áttu heiðurinn af menntun þeirra. Eftir menningarhátíðina varð til vísir að túlkabjónustu og sprungur fóru að myndast í múrana á milli samfélaganna.

Döff fólk hafði hingað til búið við kúgun. Heyrandi hugmyndafræði dró mátt úr fólki, stóð í vegi fyrir menntun þess og gaf því ranga mynd af sjálfu sér. Að mati Vilhjálmss Vilhjálmssonar, fyrrverandi formanns FH, markaði Norræna menningarhátíðin og túlkanám Félags heyrnarlausra tímamót í sögu íslenska táknmálsins. Átti það við um þróun og eflingu málsins. Einnig sótti fólk sjálfsmýnd sína til Norðurlanda, lærði að bera virðingu fyrir málinu sínu, að ræða um réttindi sín og fékk kraft til þess að berjast fyrir þeim. Þá skapaðist með þessum áfanga nauðsynleg forsenda þess að félagið gæti með bjónustu táknmálstúlka barist fyrir réttindum döff fólks og virkri þátttöku þess í samfélaginu (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019).

4.7.1 Kennsla í táknmáli byrjar að þróast

Júlía Guðný Hreinsdóttir, ein úr hópi táknmálskennaranna, var nemandi í Þroskabjálffaskólanum á árunum 1986–1989. Á þeim tíma, eftir menningarhátíðina, bjónaði framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans nemendum í framhaldskólanámi með því að kennarar deildarinnar unnu sem túlkar. Einn af túlkum Júlíu í þroskabjálffanáminu var

höfundur þessarar ritgerðar. Mikið var rætt á kennarastofu Þroskaþjálfaskólans um stöðu heyrnarlausra og íslenska táknmálsins og nauðsyn þess að koma á námi í táknmáli og túlkun. Skólastjóri skólans, Bryndís Víglundsdóttir, ákvað að samnemendur Júlíu gætu tekið táknmálstúlkun sem valfag við skólann. Hún fékk Júlíu og túlkinn hennar til þess að taka að sér kennslu í íslensku táknmáli og túlkun, samtals 776 tíma (Bryndís Víglundsdóttir o.fl., 1988). Jafnframt leitaði hún eftir aðstoð frá þeim Britu Hansen og Asger Bergman sem störfuðu á Samskiptamiðstöð, KC (Døves center for total kommunikation) í Danmörku. Brita kom til Íslands í stutta heimsókn haustið 1988 til að aðstoða nýju táknmálskennarana við skipulag og veita ráð um kennslu táknmáls. Asger kom síðan um vorið 1989 og leiðbeindi kennurunum um námsmat. Á meðan Júlía var í skólanum varð til og þróaðist sú hugmynd að hér á landi þyrfti að stofna sams konar samskiptamiðstöð og KC var í Danmörku.

Veturinn 1987 fengu nokkrir kennarar Heyrnleysingjaskólans þjálfun í túlkun á vegum Vesturhlíðarskóla (áður Heyrnleysingjaskólinn) frá táknmálskennurunum Júlíu G. Hreinsdóttur og Eyrúnu Ólafsdóttur og tveimur kennurum/túlkum í framhaldsdeild skólans, undirritaðri og Þóreyju Torfadóttur. Í gegnum það starf og innan Þroskaþjálfaskólans þróaðist kennslan í ÍTM áfram og fyrstu skrefin voru tekin í þá átt að rannsaka málið.

Árið 1988 kom út skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um heyrnarlausu (Skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um málefni heyrnarlausra og niðurstöður könnunar á félagslegri stöðu heyrnarlausra, 1988). Fyrirsögn fréttar *Alþýðublaðsins* þriðjudaginn 7. júní 1988 um skýrsluna var: „Staða heyrnarlausra: VINNUSAMIR, EINANGRAÐIR OG LÁGLAUNAÐIR“. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru að túlkabjónustu vantaði fyrir heyrnarlaust fólk, bæði til þess að „sinna erindum daglegs lífs og til þess að geta aflað sér menntunar“. Einnig þyrfti að bæta menntunarmöguleika fólks. Fólk hefði mjög lágar tekjur, byggi afar þröngt og gæti að takmörkuðu leyti tekið þátt í þjóðfélaginu. Það ætti í erfiðleikum með að sinna einföldustu erindum daglegs lífs (Ingólfur Margeirsson, 1988).

Ljóst varð að til þess að táknmálskennsla mætti þróast og mennta mætti táknmálstúlka varð að sinna raunverulegum rannsóknum á íslensku táknmáli, vinna að gerð námsefnis og þróa kennslu í málinu áfram. Í Þroskaþjálfaskólanum hófst því baráttan fyrir samskiptamiðstöð með stuðningi skólastjórans. Bryndís Víglundsdóttir ásamt táknmálskennurunum kynnti í framhaldi af þessu, innan ráðuneyta mennta-, félags- og heilbrigðismála og víðar í skólakerfinu, nauðsyn þess að stofna slíka miðstöð. Baráttan, sem síðan var leidd af Félagi heyrnarlausra og studd af Öryrkjabandalagi Íslands, stóð í um tvö ár frá 1989–1990 og lauk með stofnun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra þann 31. desember 1990. Það var menntamálaráðherra Svavar Gestsson sem lagði fram frumvarp til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH). Í lok ræðu hans sagði hann:

Það má segja að með flutningi þessa frv. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sé í raun og veru stigið fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna táknmálið sem tjáningarmál hér á landi við hliðina á íslensku, móðurmálinu. Það er auðvitað mjög mikilvægt skref, jafnréttisskref í þágu heyrnarlausra hér á landi. (Svavar Gestsson, 1990)

Þannig var lítið á lög um Samskiptamiðstöð frá 31. desember 1990 sem fyrsta skrefið í átt að viðurkenningu á íslensku táknmáli. Menntamálaráðherra skipaði fyrsta stjórnarformann stofnunarinnar úr röðum döff fólks, Berglindi Stefánsdóttur, núverandi skólustjóra Hlíðaskóla, sem gegndi því hlutverki til ársins 1996. Sú skipun hafði áhrif á áframhaldandi þróun og ferlið í átt til viðurkenningar á ÍTM. Berglind hafði lært táknmálmálvísindi við Háskólann í Stokkhólmi, hún var einnig táknmálskennari við miðstöðina og síðar formaður Félags heyrnarlausra og tók beinan þátt í baráttunni fyrir viðurkenningu á ÍTM.

Á Samskiptamiðstöðinni hófust síðan rannsóknir á íslensku táknmáli, vinna við námsefnisgerð og kennslu ÍTM, þar með talið til foreldra barna sem fæðast heyrnarlaus, ásamt miðlun ráðgjafar- og túlkabjónustu. Þörf fyrir túlka í framhaldsnámi var krefjandi og menntun þeirra var mikilvægasta verkefni stofnunarinnar í upphafi. Samvinna við Háskóla Íslands hófst árið 1992 um þróun námsbrautar í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við skólann. Fyrsta skrefið var tilraunanám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun sem stóð frá 1994–1998. Samskiptamiðstöðin sá fyrir kennurum og námsefni og fékk fjárframlag frá menntamálaráðuneytinu til þess að standa straum af kostnaði við námið. Menntaðir voru tveir hópar táknmálstúlka sem brautskráðust með BA próf. Árið 2002 var Rannveig Sverrisdóttir ráðin lektor í táknmálsfræði og háskólinn tók við námsbrautinni. Samstarf Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar um kennsluna hefur haldist síðan. Formlegt rannsóknarsamstarf er á milli stofnananna innan rannsóknarstofu í táknmálsfræðum og sjá starfsmenn SHH enn þá um mikinn hluta af kennslu í táknmáli og túlkun. Gerð námsefnis til táknmálskennslu fyrir heyrandi fólk er í stöðugri þróun og kennslufræðin sömuleiðis.

Eftir stofnun Samskiptamiðstöðvar varð til vettvangur þar sem unnið var markvisst að eflingu íslensks táknmáls og réttindum táknmálsfólks til þess að nota málið sitt alls staðar í samfélaginu með túlkabjónustu og í gegnum kennslu táknmáls. Túlkun í skólakerfinu varð fljótlega sjálfsgöð og með lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga varð heilbrigðisþjónusta einnig túlkuð. Rétt til túlkunar í daglegu lífi hefur enn ekki tekist að tryggja og hindrar það fulla atvinnuþátttöku döff fólks. Eftir að SHH var stofnuð hefur notkunarsvið málsins aukist verulega, táknaförðinn samhliða og málfræðin heldur áfram að þróast. Íslenskt táknmál er ungt mál, hefur þróast hratt og er enn í stöðugri þróun. Málið er opið fyrir áhrifum, daglega verða til ný tákni í samskiptum fólks og með nýjum döff Íslendingum frá öðrum löndum hafa bæst mörg tákni í málið.

4.8 Að menningin tali og að tala um menningu

Innan mannfræðinnar hefur verið bent á að hugtakið menning sé óljóst og að aldrei hafi verið samkomulag um skilgreiningu á því. Franz Boas lagði áherslu á að fólk fæðist inn í menningu, verði fyrir áhrifum af henni og móti hana áfram. Um sé að ræða hring og lokaða einingu (Boas, 1982 [1940]). Þetta á ekki að öllu leyti við um döff fólk. Heyrnarlaus börn fæðast yfirleitt inn í heyrandi menningu en ná ekki menningarlegum rótum í henni. Innan hennar er litið á döff fólk sem fatlað fólk sem þarf að hjálpa til þess að njóta þess sem heyrandi menning hefur að bjóða. Döff einstaklingar samsama sig ekki þessari mynd. Þeirra reynsla og upplifanir er að börn sem fæðast heyrnarlaus inn í heyrandi menningu þurfa að komast út úr þeim hring sem þau fæðast inn í, fá aðgang að döff menningu og læra hana af öðrum döff einstaklingum til þess að verða sterk og geta tekist á við það líf sem bíður þeirra.

Eins og greint var frá í inngangi hélt döff fólk um allan heim uppi orðræðu um sjálft sig innan menningarinnar, líf sitt, skoðanir, túlkun á heiminum, þarfir og drauma löngu áður en farið var að nota hugtakið menning í þessu samhengi og lýsa döff menningu. Humphries (2008) kallaði þetta samtal fólks að 'menningin tali'. Þetta innra ferli, samtal fólks um tilveru sína í samræmi við innri samsömun eða ímynd af sjálfu sér, var að mati Humphries sterkasta ferlið í að skapa það sem í dag er kallað döff menning og var forsenda þess að hægt var síðar að lýsa menningunni og að tala um menningu (Humphries, 2008).

Ladd (2003), sem gerði rannsókn á döff menningu og skrifaði um hana tók í svipaðan streng. Hann byggði greiningu sína á döff menningu og döfferni á því að menningin væri vefur merkinga, sem spunninn væri úr táknum sem tjá viðhorf fólks og lýsti stöðugu samtali döff fólks við að skilgreina tilveru sína hvert fyrir öðru eins og því að menningin talaði. Í gegnum það að menningin talaði urðu böndin til á milli fólks og styrktust og mynduðu einnig grunninn að því að hægt væri að lýsa menningunni. Í döff menningu hafa þróast brögð og hefðir sem þjóna döff fólki og heyrnarskertu, styðja það til þess að verða sterkt, njóta lífsgæða og taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum og tengir það sterkum böndum. Humphries bendir á að döff fólk um allan heim hafi með táknmálum heimsins talað menningu.

Stofnun Félags heyrnarlausra hér á landi var mikilvæg fyrir þróun íslensks tákn máls og döff menningar. Þar hittist fólk eftir að það hafði náð sextán ára aldri, lærði og þróaði mál hvert með öðru og þar talaði líka menningin með því að fólk átti í stöðugu samtali um hvað og hvernig það væri að vera döff. Eins og til dæmis hvernig döff túlkun á heiminum væri, hvað döff fólk þarf, hvað döff fólk vill og vill ekki og hvernig döff fólk sér heyrandi fólk? Börnin sem voru í skólanum og í heimavist höfðu þróað sitt mál og talað sína menningu meðal jafningjanna en höfðu ekki náð sterkri menningarlegri ímynd áður en þau komu inn í félagið. Júlía G. Hreinsdóttir sagði að þau hefðu vitað að þau væru ólík heyrandi fólki en þau hefðu líka haldið að þeirra samræður væru ekki jafn mikilvægar og samræður heyrandi fólks. Upplifun, sem hún sagðist aldrei gleyma,

var þegar hún var á unglingsaldri og sá tvo af yngri kennurunum í skólanum tala saman á táknmáli fyrir framan hana. Þarna sagðist hún hafa gert sér grein fyrir að samtöl heyrandi fólks væru ekkert merkilegri en samtöl á milli tveggja döff. Júlía kom í félagið í fyrsta sinn þegar hún hafði náð 16 ára aldri. Þar var talað bæði fingramál og táknmál. Hún fann strax að þarna átti hún heima og upplifði öryggi og traust. Hún sagðist hafa verið fljót að ná valdi á táknmálinu og menningartalinu þótt hún skildi fingramálið ekki strax. Enginn talaði um 'menningu' á þessum tíma en allir tóku þátt í orðræðu um sjálfa sig, líf sitt, skoðanir sínar, túlkun á heiminum, þarfir sínar og drauma. Þetta innra ferli var eins á Íslandi og umræðan sem Humphries lýsti í Ameríku. Án þessarar umræðu væri ekki hægt að lýsa 'döff menningu' á Íslandi í dag og deila merkingu og þekkingu um döff heim. Með því að túlka umfjöllun um döff menningu sem *aðra og öðruvísi mannfræði* (sbr. Restrepo og Escobar, 2005) skapast grundvöllur til þess að tala um döff menningu og gefa henni rými í heiminum sem eru samtengd rýmum sem geyma aðra menningu. Döff menning verður ekki til á sérstöku landsvæði heldur í döff rými og er lituð af valdatengslum við ráðandi menningu á svæðinu.

4.8.1 Talað um döff menningu

Í Félagi heyrnarlausra er tekið vel á móti fólki. Þar hittist döff fólk sem hefur mismunandi stöðu og er á mismunandi aldri. Fólk spjallar saman, ræðir fréttir og segir sögur. Það er eðlilegur þáttur í menningu heyrnarlausra að vera annt um og annast um annað fólk í samfélaginu. Í félagið koma líka aldraðir, aðrir sem eiga erfitt með að takast á við ýmis verkefni, fólk með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu og fólk með greindarskerðingu. Alltaf er einhver tilbúinn að aðstoða ef þörf skapast. Allir fá að vera á eigin forsendum og eru viðurkenndir eins og þeir eru. Þegar fólk á samskipti á göngu gerist það alveg sjálfkrafa að sá sem hlustar með augunum og hefur athyglina á táknmálinu heldur um olnboga hins. Viðmælendur skiptast á að horfa á umhverfið og samtalið til að fylgjast með hvort einhverjar hindranir eða hættur séu í veginum og stýra fram hjá þeim. Þannig er einkennandi þáttur í döff menningu, sem er sambærileg um allan heim, sterk samkennd og umhyggja hvert fyrir öðru eins og innan fjölskyldu. Svo vitnað sé í 'gjöf' Mauss má segja að gjafirnar á milli fólks séu fleiri og tíðari innan döff menningar en í venjulegu heyrandi samhengi og tengi döff fólk því þéttari böndum.

Í viðtali höfundar um döff menningu (2014) við Heiðdís Dögg Eiríksdóttur, núverandi formann Félags heyrnarlausra, Hjördís Önnu Haraldsdóttur varaformann og Svövu Jóhannesdóttur, sem aðstoðar við táknmálsrannsóknir á SHH, sagði Heiðdís að döff fólk talaði oft um döff samfélag á Íslandi sem fjölskyldu sína en döff fólk í heiminum sem sína þjóð og taldi Heiðdís það bestu leiðina til þess að lýsa tilveru þeirra og líka til þess að skilja söguna. Það gildir einnig um döff landa hennar annars staðar í heiminum að tala um fjölskyldutengsl í heimasamfélaginu (sbr. McKee o.fl., 1999) og döff í heiminum sem þjóð (sbr. Batterbury o.fl., 2007; Humphries 2008; Ladd, 2022; Wallvik, 1997). Heiðdís talar um að döff fólk eigi þannig tvær fjölskyldur, döff fjölskylduna og fjölskylduna sem það fæddist inn í. Hjördís Anna Haraldsdóttir útskýrði jafnframt að

tengslin við heyrandi fjölskylduna væru yfirborðslegri og aldrei eins djúp og þau tengsl sem mynduðust í samfélagi döff. Innan þess skapaðist vinátta og sterk tengsl og þangað væri sóttur stuðningur og styrkur. Döff fólk væri oftast síðast til að heyra um það sem kæmi fyrir í blóðfjölskyldunni, til dæmis að einhver ætti von á barni eða væri veikur, en fréttir af döff vinum væru fljótar að berast. Það fengi sjaldan heimsóknir frá heyrandi fjölskyldu en heimsækti hvert annað oft. Það væri í döff samfélagi þar sem svara væri leitað en ekki á sama hátt í heyrandi fjölskyldunni. Allir döff væru sammála um að það væri alltaf ákveðinn léttir að komast inn í döff samfélagið aftur eftir að hafa verið með heyrandi.

Velferð barna sem eru heyrnarlaus eða heyrnarskert skiptir döff fólk miklu máli. Það veit að heyrandi foreldrar heyrnarlausra barna þekkja ekki íslenskt táknmál og lífshætti heyrnarlausra og átta sig ekki á því hverjir hagsmunir barnanna séu. Hjördís Anna Haraldsdóttir kennari benti á að venjulega héldu foreldrar að mikilvægast væri fyrir barnið að heyra. Þeir vissu ekki að lífsgæði döff manneskju væru ekki háð því að hafa heyrn, heldur að fá að vera döff, að hafa fullan aðgang að málsamfélagi, að vera virt eins og hún er, vera mikilvæg og vera jöfn. Barn yrði aldrei fullkomlega heyrandi með heyrnartæki eða kuðungsígræðslu, heldur yrði það heyrnarskert eða jafnvel heyrnarlaust og ef það væri án íslensks táknmáls yrði það fatlað og stæði oft utan við heyrandi málsamfélag. Í sama streng tók Júlía G. Hreinsdóttir sem útskýrði að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi hefði enga merkingu í daglegu lífi döff fólks nema að því leyti að hún væri ógn við döff lífsmáta og ÍTM. Foreldrar fögnuðu því ef þeir eignuðust barn sem væri heyrnarlaust. Teresa Blankmeyer Burke, döff heimspekingur og lífssiðfræðingur við Gallaudet University, hefur lýst afleiðingum þess að hafa aðeins að hluta til aðgengi að tungumáli eins og Hjördís lýsir. Skert heyrn án táknmáls en með einhvers konar hjálpartæki feli í sér að þurfa að leggja mikið á sig við að giska á orð í samtali en ná ekki endilega merkingunni. Fólk leggi að jöfnu að hafa tæki og 100% heyrn. Það þýði að heyrandi verði pirruð á þeim sem eru heyrnarskertir þegar misskilningur komi upp og heyrnarskertir þurfi því að axla ábyrgðina á að samskiptin gangi upp. Hins vegar upplifði hún jafna ábyrgð á samskiptum þegar heyrandi og döff ættu samskipti annað hvort í gegnum túlk eða með því að skrifast á (Burke, 2014).

Döff fólk notar mál sem byggir á hreyfingum og sjón í daglegum samskiptum sínum, þótt margir geti einnig átt samskipti með raddmáli. Menning döff fólks þróast upp úr sameiginlegri reynslu þess og er alls staðar í heiminum lík. Sama má segja um hreyfi- og sjónskynjun þess á heiminum. Samskiptin sem þróast í döff samfélögum eru því áþekkt á milli landa. Í samskiptum á táknumálum er fjarlægðin á milli þeirra sem tala saman oftast meiri en í raddmálssamskiptum. Fólk þarf að geta séð allt táknrýmið og svipbrigðin í rétttri fjarlægð. Að halda rétttri fjarlægð á milli fólks í samskiptum er hluti af menningararfinum og er döff einstaklingum eðlislægt. Heyrandi fólk, sem ekki kann döff menningu, stendur oft óþægilega nálægt og útskýra þarf fyrir því döff rýmið og að táknumálssamskipti þurfi meira rými til þess að þeir sem eigi samskipti nái því sem sagt

er. Snerting er algengari en meðal heyrandi fólks, til dæmis þegar verið er að heilsast og kveðjast og líka til þess að ná athygli. Algengt er að ná athygli með því að veifa hendinni í sjónsviðinu eða snerta öxl þess sem er ávarpaður. Ákveðnar reglur gilda þó um hvar og hvernig má snerta fólk. Það er í lagi að snerta öxl og handlegg en ekki brjóst eða aðra persónulegri staði. Júlía G. Hreinsdóttir sagðist hafa upplifað að sumt heyrandi fólk gæti brugðist illa við snertingu sem væri eðlileg innan döff menningar. Hún sagðist ómeðvitað hafa snert handlegg á starfsmanni í matvöruverslun. Hann hafi reiðst og þurrkað á sér handlegginn þar sem hún snerti hann og talað eitthvað sem hún skildi ekki. Einnig tiltók hún að augnsamband væri eðlilegur hluti af samskiptum á táknmáli og að heyrandi fólk myndi óþægilegt að halda augnsambandi jafn lengi og varalestur og táknmálssamskipti krefðust.

Í kaflanum um danska skólann var lýst nafngiftahefðum í döff menningu sem alls staðar eru sambærilegar. Að sögn Júlíu er á íslensku táknmáli algengast að nafnatákn sé myndað á þrennan hátt. Oft er fingrastöfufun notuð, til dæmis fyrsti bókstafur í nafninu; J fyrir Júlía eða fyrir L fyrir Lilja. Einnig eru notuð lýsandi tákn út frá útliti, t.d. FREKNUR (Tommi), SVEIPUR-Í-HÁRI (Eyrún), RAUTT-HÁR (Haraldur), eða lýsandi endurspeglun á persónueinkennum, svo sem eiginleikum, kækjum og hegðun, eins og TRÚÐUR (Addi; fyndinn og stríðinn maður). Oft býr líka í nafninu þekking eða upplýsingar. Dæmi um það eru nafnatákn eins og tákn Óskars sem varð aðlagð í táknið HAFNARFJÖRÐUR (Óskar kom frá Hafnarfirði) með því að færa myndunarstaðinn frá enni að gagnauga. Seinna fékk SIRRÝ, sem var frá Hafnarfirði, sitt nafnatákn sem varð þá eins og HAFNARFJÖRÐUR. Nafnatáknið AGNES var gert eins og AKRANES, en hún var frá Akranesi. Þannig er líklegt að einhver af Íslendingunum sem kom í skólann í Kaupmannahöfn hafi fengið nafnatáknið ÍSLAND.

Allt döff fólk hefur tekið þátt í að tala menningu í heimalandi sínu og á heimsvísu. Döff fólk á mikið samstarf á alþjóðlegum vettvangi í gegnum Heimssamband heyrnarlausra (World Federation of the Deaf, WFD), í Evrópu í gegnum Evrópuráð heyrnarlausra (European Union of the Deaf, EUD) og þétt samstarf er á milli heyrnarlausra á Norðurlöndunum í gegnum Norðurlandaráð heyrnarlausra (Dövas nordiska ráð, DNR). Döff pólitískt samstarf er mjög virkt á þessum vettvangi, fræðilegt samstarf blómstrar með rannsóknarverkefnum á milli landa, í vinnuhópum eins og til dæmis um evrópskan tungumálaramma (Common European Framework of Reference for Languages, CEFR) fyrir táknmálsskennslu og á ráðstefnum eins og Deaf Academics sem haldnar eru annað hvert ár til þess að kynna rannsóknir döff fræðimanna. Ráðstefnan Deaf Academics er haldin með alþjóðlegri tákun (e. *International Sign*, IS) og án túlka (sjá <https://dac2021.com/en/>). Menningarlegt samstarf er blómlegt, til dæmis með reglulegum menningarhátíðum, sumarhátíðum fyrir mismunandi aldurshópa og íþrótta- og ólympíuleikum.

Humphries benti á að eftir að hafa talað menningu í 40 ár hefði þurft að sýna og sanna menninguna með því að framleiða sjálfsmyndir og búa til muni sem sýndu menningu

(Humphries, 2008). Þá væri hægt að benda heiminum á afurðir menningarinnar til þess að aðrir skildu upplifun döff af tilveru sinni. Fyrst var bent á að amerískt táknmál (ASL) væri sérstakt mál, að öðru máli fylgdi önnur menning en það nægði ekki til þess að fá viðurkenningu á sjálfskilningi döff (Humphries, 2008). Eftir menningartal tuttugustu aldar byrjuðu döff Íslendingar einnig á að benda á málið sitt og berjast fyrir viðurkenningu í lögum á íslensku táknmáli. Baráttan tók 20 ár og henni lauk eins og fram hefur komið með nýjum tungumálalögum nr. 61/2011. Nánar verður fjallað um viðurkenningu á íslensku táknmáli í þriðja hluta þessa verks en lögin dugðu ekki til. Þrátt fyrir að málið sé viðurkennt upplifir döff fólk ekki að litið sé á það sem mál- og menningarhóp. Það upplifir útilokun vegna tungumálsins, að málréttindi barna séu ekki virt og að það sem sagt sé á ÍTM sé ekki talið jafn mikilvægt og það sem sagt sé á íslensku eða að það sem sagt er um ÍTM sé ekki jafn mikilvægt og það sem sagt er um íslensku. Þá var hér á landi eins og í öðrum löndum bent á döff listir og döff bókmenntir til þess að sýna fram á að döff menning væri til.

4.8.2 Döff listir

Listform og listræn sköpun innan döff samfélaga er alþjóðleg og annars konar en innan heyrandi menningar. Listræn sköpun döff fólks sækir í döff reynslu, annað samhengi og annan sannleika en birtist í listrænni sköpun í heyrandi menningu. Döff fólk alls staðar úr heiminum skilur túlkun döff listamanns frá öðru landi á sköpun sinni því döff fólk alls staðar í heiminum á sams konar reynslu og menningarupplifun. Dæmi um myndlist döff listamanns er verk Arnþórs Hreinssonar sem hann málaði fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Verkið tjáir reynslu og upplifun listamannsins af einangrun á tímum táknmálsbannsins og breytingunni eftir að málið fékk meiri viðurkenningu. Myndin sýnir hendur negldar upp á vegg á lokaða bók (Arnþór Hreinsson, 2009). Táknmálið var bannað og ekki mátti tjá sig með höndunum. Að bókin sé lokuð táknar ólæsi sem skapaðist af táknmálsbanni. Fyrir neðan bókina fljóta óskýr augu og fingur í tjörn sem tákna að þau eru óvirk og raddmál sem döff áttu að skilja var þeim óskiljanlegt. Blái ramminn er opin bók, sem segir okkur að þegar hendur eru komnar á loft og virka stækkar stofn trésins og krónan þroskast en hún tákna heila barna, sem þroskast og stækkar. Opnar bækur fljúga allt um kring og eru aðgengilegar. Fyrir neðan eru augun skýr og sjá það sem skiptir máli. Hendur tjá málið og augu nema það. Neðst er borði sem segir sögu frá hvorum tímanum um sig. Á fyrra tímabilinu má lesa stafina H E N D A úr myndunum. Stúlkan misskilur það sem henni er sagt að gera. Hún heldur að henni sé sagt að henda rósunum og gerir mistök en á því seinna getum við lesið stafina H E L L A. Stúlkan skilur að hún á að HELLA vatni á rósirnar og er glöð, sjá mynd 26.



Mynd 26 Málverk eftir Arnþór Hreinsson í eigu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra

Oft fjalla kvikmyndir döff kvikmyndagerðarmanna um annan sannleika en birtist í myndum heyrandi fólks. Elsa G. Björnsdóttir er döff kvikmyndagerðarkona sem hefur gert nokkrar stuttmyndir um reynslu döff barna. Hún fékk verðlaun fyrir bestu myndina á evrópskri kvikmyndahátíð fyrir stuttmyndina *Sagan endalusa*. Sagan segir frá döff börnum í skóla í raddmálsstefnunni og fjallar um endalusa kúgun döff á meðan táknmál var bannað og reynt var að gera börnin að heyrandi börnum. Á Clin d’Oeil hátíðinni, sem er alþjóðleg menningar- og listahátíð á táknmálum, fékk Elsa líka verðlaun fyrir stuttmyndina *Kári*. Hún fékk bæði verðlaun sem besti leikstjórinn og fyrir bestu mynd. Í *Kára* er fjallað um heyrnarlausan dreng sem lifir í heyrandi heimi, án tákn máls og án skilnings á því sem fer fram í umhverfi hans. Myndin sýnir hvernig erfið reynsla hefur haft áhrif á hann, skapað vanlíðan og sektarkennd sem fylgir honum í lífinu.

Til bókmennta og einstaks frásagnarmáta tákn mála telst leikrænt og ljóðrænt listform sem kallað er sjónrænar sögur (e. *visual vernacular*). Þar er skapandi eðli tákn mála nýtt til hins ýtrasta. Það var leikarinn Bernard Bragg, sem er döff, sem sýndi fyrstur slíkan flutning. Við flutninginn er líkaminn notaður eins og í látbragðsleik og sköpunarmáttur tákn málsins með hlutverkaskiptum, svipbrigðum og látbragði og eins konar dansi er notaður til þess að sýna veruleikann og heiminn í öllum sínum margbreytileika. Áhersla er lögð á að nota staðlaðan táknforða sem minnst. Listformið hefur alþjóðlega skírskotun innan döff heims en fólk sem ekki kann táknmál á erfitt með að skilja tjáninguna (Sutton-Spence, 2014). Bauman og Murrey (2014) telja að einstakir

sjónrænar og rýmislegir eiginleikar táknmála geri þau sérlega ríkan miðil til þess að tjá ljóðrænar myndir og myndlíkingar. Myndmál kvikmynda og málfræði táknmála eiga sér hliðstæður sem birtast í sjónrænum sögum á ljóðrænan hátt. Með einni hreyfingu getur sögumaður horfið úr hlutverki einnar persónu, dýrs eða hlutar og inn í annað hlutverk. Hann getur verið maður, köttur eða tré eins og í sögunni *Tree* (Scott, 2015) sem fjallar um líf trésins og er myndlíking fyrir viðnám döff samfélags. *Mirror* (Carter, 2015) er um reynslu spegla og segir frá þremur speglum sem reyna að ná athygli manneskjunnar. Sjónarhornið getur verið vítt í byrjun en í sviphendingu er þysjað inn í þrönga mynd og upplifun eins og í sögunni *Caterpillar* (Sanborn, 2014). Þar er sagt frá lirfu sem skríður upp í tré, spinnur þráð, fer um tréd og ummyndast að lokum í fiðrildi sem flýgur um heiminn. Sagan *Mörgæsir* er skapandi tjáning Uldis Ozols á ÍTM á teiknimyndinni *Penguins vs shark* (Uldis Ozols, 2018) og sýnir lífsbaráttu mörgæsa á kómískan hátt. Í sögunni eða ljóðinu *Too busy to hug No time to see* (Scott, 2015) er fjallað um ummyndanir í náttúrunni sem ástarsamband fjalls og sjávar. Sjórinn fellur að fjallinu og upp eftir hlíðum þess, gufar upp og umlykur það síðan með rigningu. Elsa Guðbjörg Björnsdóttir hélt vinnustofu í VV sögum¹⁵ fyrir döff fólk þar sem þátttakendur unnu sínar sjónrænu sögur. Í sögunni *Eyjafjallaástin* eftir Eyrúnu Ólafsdóttur er sögumaður til dæmis fjall, kona eða fugl, notað er ýmist vítt sjónarhorn eða þysjað inn í þrönga mynd og upplifun. Í sögunni *Hungurverkir* skiptir Stefán Henriksen úr hlutverki manns í leit að bráð, í ýmis dýr eins og kött, fugl eða hreindýr. Söguna *Í spreng* eftir Önnu Jónu Lárusdóttur flytur Sunna Davíðsdóttir og segir frá hættulegu ævintýri á heimleið eftir skemmtun.

4.9 Samantekt

Í táknmálssamfélögum felst mikil sköpun og íslenskt táknmál hefur breyst mikið á rúmum hundrað árum frá fingrastafrófi og dönskum táknum í sveitinni í skóla Páls, fingramálinu sem varð til í Málleysingjaskólanum og litla samfélaginu í Reykjavík og táknmálinu sem varð til í skólanum á tímum raddmálsstefnunnar, í að vera orðið flókið mál sem nú er notað á öllum sviðum samfélagsins. Erfðafræðingurinn Cavalli-Sforza (2001) segir að tungumál breytist hraðar en gen því þau erfist ekki bara heldur ferðist einnig lárétt. Íslenskt táknmál miðlast ekki frá foreldrum til barna heldur fyrst og fremst lárétt, í jafningjahópnum þar sem til verða aldursbundnar mállyskur og breytist því væntanlega hraðar en raddmálið í kring. Margar fleiri ástæður geta haft áhrif. Þróunarsaga málsins, málið sjálft og miðlun þess felur í sér mikla nýsköpun í tjáningu. Valdið í umhverfinu, ríkjandi málhugmyndafræði með yfirráðum íslensku, alhliða boðskiptum, málsambýli við sterkari tungumál, bæði raddmáls og táknmála hafa í gegnum söguna haft áhrif á þróun málsins. Til dæmis leiddi málhugmyndafræði og táknmálsbann til þess að

¹⁵ VV-verkefnið er samstarfsverkefni ÓS Pressunnar, Borgarbókasafnsins og Bókmenntaborgarinnar og er styrkt af Bókasafnssjóði. Heimasíða verkefnisins er <https://borgarbokasafn.is/vv-sogur>.

fingramálið dó út og annað mál þróaðist. Með táknmålsorðabókum og kennslu voru norræn tákn tekin upp í ÍTM og í gegnum alhliða boðskipti jukust íslensk áhrif á málið. Málið er ungt og á ekkert ritmál sem heldur í við breytingarnar. Það er opið fyrir áhrifum og daglega verða til ný tákn í samskiptum fólks. Döff fólk er alþjóðlegt og lítur á döff um allan heim sem sína þjóð. Það á auðvelt með að eiga samskipti við fólk frá öðrum löndum sem talar ólík táknmál og er opið fyrir nýjum leiðum til að tjá hugsanir sínar, til dæmis með nýjum táknum úr öðrum málum. Ef fólk kynnist nýju erlendu tákni sem nær betur utan um hugsunina en málið sem fyrir er samlagast táknið málinu.

Íslenska táknmálið er íslenskt og varð til og þróaðist meðal döff fólks á Íslandi, í gegnum samskipti fólks og út frá þeim áhrifum sem fólk varð fyrir. Upplifanir og reynsla fólks í daglegu lífi mótaði kerfi hugsunarinnar (sbr. Jakobson og Boas, 1944) og fólk skapaði merkinguna í gegnum dagleg hefðbundin málleg og menningarleg samskipti (sbr. Foley, 1997). Málið verður aldrei aðskilið frá félagstengslunum sem það þróast í og menningunni sem skapast og skapar það. Svarið við tilgátunni sem rædd var í upphafi 5. kafla, um hvort álykta megi að ÍTM hafi þróast út frá dönsku táknmáli sem heyrnarlausir nemendur fluttu með sér frá Danmörku, er einfaldlega nei. Einnig er ljóst að þótt séra Páll hefði kunnað eitthvað í dönsku táknmáli og þótt Kristján Jónsson hefði talað danskt táknmál í skólanum hefði það ekki breytt málinu, sem spratt úr félagstengslunum á Íslandi, í danskt táknmál. Íslenskt táknmál hefur þróast á Íslandi og er íslenskt en ekki afsprenge dansks táknmáls. Málhafar þess eru fáir og stuðningur við málið er lítill þannig að líta má á íslenskt táknmál sem veikt mál með fáar stoðir. Þrátt fyrir það sýnir lífskrafturinn og seiglan í málinu hvernig það hefur lifnað aftur og aftur, hve mikilvægt það er fyrir döff málhafa og menningu þeirra.

Táknmålsbannið hafði tvær hliðar. Því fylgdi alvarleg kúgun og valdbeiting. Börnum leið illa í skólanum, urðu sum fyrir ofbeldi og misnotkun. Þau leituðu ekki til fullorðinna heldur annarra döff. Hin hliðin á skólanum og táknmålsbanninu var myndun döff samfélags. Þar eignuðust börn móðurmál, nafnatákn og lífið sjálft. Þar upplifðu þau samkennd út frá sameiginlegri sögu og reynslu, mótuðu sjálfsmýnd sína í félagslegum samskiptum og sköpuðu saman viðhorf og gildi og þekkingu sína um heiminn – þau töluðu menningu. Málið hefur þróast á öllum sviðum samfélagsins og tekur stöðugum breytingum. Menningin blómstrar og geymir nú sjónrænar listir eins og bókmenntir, kvikmyndir og myndlist.

3. HLUTI: UMRÆÐA UM VISTKERFI ÍSLENSK TÁKNMÁLS

Í fyrsta hluta niðurstaðna þessarar rannsóknar var gerð grein fyrir sögu íslensks tákn máls þar sem skólar fyrir heyrnarlaus börn voru ramminn utan um tilurð málsins. Þá var lýst döff samfélagi sem tók við þróun málsins og menningarinnar eftir að skóla lauk. Íslenska tákn málið og umhverfið sem það lifir í er þó mun flóknara en svo að það einskorðist við döff samfélag. Tove Skutnabb-Kangas og David Harmon (2017) lýsa vistfræðilegri nálgun á tungumál sem felur í sér að greina flókinn vef af tengslum á milli umhverfis, tungumála og málhafanna. Þau benda á að frumbyggjamál deyi hratt í heiminum í dag. Frumbyggjamálin hafi fáa málhafa, fátæka, valdalitla, með veika pólitíska stöðu og lýsing á lífsháttum fólks sem talar þessi mál, menningu þess, þekkingu og tungumáli endurspegli fordóma. Þau benda á að staða tákn mála heimsins sé svipuð (Skutnabb-Kangas og Harmon, 2017). Greina má marga sameiginlega drætti með íslensku tákn máli, máli frumbyggja og vistkerfi tungumálanna. Málhafar íslensks tákn máls eru vissulega fáir, valdalitlir og með veika pólitíska stöðu.

Í þessum þriðja hluta verksins mun ég greina það sem kalla má vistkerfi íslensks tákn máls eða vef tengsla á milli umhverfis, tungumála (íslensks tákn máls og íslensku) og döff fólks. Í kaflanum leita ég að og skýri vald og pólitíska stöðu sem birtist í tengslunum sem hér um ræðir og skoða þau kerfi sem sérstaklega eru talin völd að útrýmingu íslensks tákn máls.

5 Vald í vistkerfi íslensks tákn máls

Eins og fram kom í inngangi hef ég valið að skoða hvernig vald birtist í tengslum við íslenskt tákn mál í gegnum kenningar Foucaults og Bourdieus. Til þess að skilja valdið skiptir samspil þess við atbeina döff fólks máli. Í því skyni nota ég kenningar Sherry Ortner (1989). Önnur hugtök sem talin hafa verið fram sem lykilhugtök málvísindalegrar mannfræði og tengjast valdi og mikilvægi máls eru fjölvirkni, tilvísun í samhengi og málhugmyndafræði (Van Dijk, 2012; Ahearn, 2012). Í gegnum hugtökin má afhjúpa hvernig eðli tungumálsins er innbyggt í allt okkar félagslega líf og einmitt í framsetningu í máli er hægt að greina valdið og hvernig hagsmuna er gætt með sköpun og endursköpun á ráðandi hugmyndafræði (Machin og Mayr, 2012). Í gegnum þessa greiningu sést líka hvers vegna döff fólki finnst íslenskt tákn mál vera mikilvægt.

5.1 Tungumál, atbeini og vald

Skoðun á tengslum táknmáls, atbeina og valds sýnir okkur hversu öfluga og allt umlykjandi kúgun döff fólk og mál þess hefur mátt þola í gegnum söguna. Þar á vel við að skoða umræðu Ortner um hvernig atbeini ber með sér 'hið pólitíska', tengist alltaf ójöfnuði og yfirráðum og formgerðunum sem eru afurðir af orðum og athöfnum í gegnum söguna. Í formgerðunum felst að hennar mati *habitus* Bourdieus, orðræða Foucaults og *menningarlegt forræði* Williams (Ortner 1989).

Lífvaldið, sem Foucault skilgreindi og beindist að döff fólki með opinberu eftirliti, situr í formgerðunum utan um döff fólk og leggur grunninn að valdinu gegn því. Allt sem vék frá normi var hættulegt og stöðugt var leitað leiða í gegnum söguna til þess að breyta döff fólki í manneskjur sem gátu talað og skilið raddmál. Lífvaldið hafði ekki náð sínum fulla styrk í konunglega daufdumbraskólanum í Danmörku þegar hann var stofnaður. Þar byggði kennsla barnanna á máli þeirra, dönsku táknmáli. Þar voru margir döff kennarar og þaðan útskrifuðust nemendur með menntun og tóku fullan þátt í dönsku samfélagi eftir fermingu og brautskráningu. Bourdieu (1991) leit á tungumál sem verkfæri athafna og valds. Þeir sem kynnu að tala rétt í réttu samhengi ættu táknrænan auð og hefðu pólitískt vald. Í Danmörku þess tíma hafði döff fólk stofnað félag sem studdi félagsmenn, málið þeirra var gjaldgengt, samfélag döff var sterkt og innan þess varð til þekking sem var pólitísk. Í henni fólst táknrænt vald. Bourdieu lagði áherslu á að öll tungumál eða mállýskur væru jafn góð. Það væri misskilningur að álíta annað og af slíkum misskilningi leiddi táknrænt ofbeldi (Bourdieu, 1991). Íslendingarnir sem komu frá Danmörku til Íslands höfðu lært danskt táknmál og dönsku sem fáir kunnu og auk þess iðnir sem ekki var gagn af á Íslandi. Þeir áttu ekki sömu bjargir eins og hinir sem urðu eftir. Þeim, sem komu til baka, var ráðstafað vítt um landið án málsamfélags við aðra, án döff þekkingarkerfis og þess styrks sem það veitti og bjuggu við jöðrun og fordóma. Aðeins Sigfús Sigurðsson og Kristján Jónsson unnu fyrir sér.

Í upphafi þegar fingrastöfuð íslenska var notuð í kennslu heyrnarlausra á Íslandi lærðu margir heyrandi að fingrastafa og gátu átt samskipti við döff fólk. Á þeim tíma áttu sumir því verkfæri til athafna og valds. Sigfús Sigurðsson bjó sér sjálfur til sín verkfæri með því að skera út fingrastafróf og prentað var lítið kver með fingrastöfunum hans. Guðmundur Trjámannson dreifði ljósmyndum af fingrastafrófi til viðskiptavina sinna og vina. Á 19. öldinni var kennslan í höndum presta sem höfðu lögbundið vald til að ráðstafa nemendum í vinnu eða búsetu dreift um landið. Með þeirri ráðstöfun var það tekið frá döff fólki að vera með öðrum sem áttu sama tungumál og þar með möguleikinn til þess að skapa sér sinn veruleika. Á tímum táknbannsins þegar þekkingarfræði heyrandi fólks bannaði fingrastöfun og táknmál til þess að hægt væri að gefa börnum raddmál í staðinn hafði það öfug áhrif. Með því var tekið frá fólki menntun og mál, verkfæri athafna og valds, atbeini þess og geta til þess að hafa áhrif út fyrir táknbannssamfélagið. Þeir sem töluðu íslenskt táknmál áttu hvorki táknrænan auð né höfðu pólitískt vald innan heyrandi samfélags en urðu fyrir kúgun af hálfu þeirra sem

töluðu rétt og höfðu valdið. Þekkingarvaldinu var beitt af skólanum sem átti að koma nemendum til þroska. Kennarar máttu ekki nota táknmál og ekki fjölskyldur heldur. Margir döff hafa lýst upplifun sinni á þessum tíma sem andlegu og líkamlegu ofbeldi, sem skapaðist af skilningsleysi á milli fullorðinna og barna og vangetu þeirra til samskipta, vanlíðan, rofi á fjölskyldutengslum og slæmri reynslu.

Döff börn og síðar fullorðnir þekktu ekki fólkið í fjölskyldu sinni. Ein kona lýsti því að mamma hennar hefði örugglega verið mjög skemmtileg kona en hún vissi ekki hvernig. Það hefði mikið verið hlegið og sungið í kringum hana. Önnur sagðist ekki hafa vitað hvaða kona kom oft heim til hennar en komst svo að því síðar að þetta var móðursystir hennar. Þegar höfundur var kennari í Heyrnleysingjaskólanum og kenndi börnum sem áttu að fara að fermast það einn pabbinn um að syni sínum yrði sagt að hann ætlaði með hann í bæinn að kaupa á hann fermingarföt. Það var átakanlegt að sjá að faðir og sonur gátu ekki átt nein málleg samskipti. Á raddmálstímanum voru það ekki bara fjölskyldur barnanna sem kunnu ekki táknmál. Þegar þessi börn urðu fullorðin og eignuðust sín eigin börn töluðu sum ekki táknmál við börnin sín. Agavaldið var sterkt og ól enn af sér auðsveipa líkama sem höfðu eftirlit með sjálfum sér. Tekið var frá fólki að geta tekið þátt í stóra samfélaginu, að geta haft áhrif, völd, möguleika og svo margt af því sem lífið hafði að bjóða.

Hin hliðin á táknmálsbanninu sýnir lífskraft döff. Viðnámið sem börn og fullorðnir veittu valdinu og sem sést hvað eftir annað í sögu íslenska táknmálsins. Þau notuðu formgerðir skólans en ekki endilega á þann hátt sem ráðgert var. Þau sköpuðu nýjar formgerðir með því að búa til sinn veruleika sem mál, menning, döff *habitus* og samfélag þróaðist úr. Eftir að skólinn flutti til Reykjavíkur og döff samfélag tók að myndast gat döff fólk sýnt hvert öðru með samskiptum á táknmáli innbyrðis í litla samfélaginu, hver þau voru, speglað sig í viðbrögðum annarra, fengið skilning á sjálfu sér og gert sér grein fyrir eigin verðmæti. Samkennd og sjálfsmýnd gat þróað í hópnum kynslóð fram af kynslóð.

Hvorki Anna Sigríður, nemandi og barnsmóðir séra Páls, né Jónína, sem misnotuð var af föður sínum, voru sjálfráða en þurftu að þola það að vera misboðið á heimili sínu af karlmönnum sem áttu að vernda þær. Sigríður Kristín Kolbeinsdóttir lét hins vegar ekki misbjóða sér og taka af sér barnið sitt. Með atbeina sínum, sem hún fékk úr döff formgerðum, var hún virt sem móðir og sem jafnoki annarra. Samskiptin í gegnum íslenskt táknmál (sem þá var kallað fingramál) og samfélag döff var nauðsynleg forsenda þess að döff þekking yrði til, sjálfsvirðing þroskaðist, að fólk gæti iðkað sjálfræði og eignaðist verkfæri til athafna. Innan skólans og í Félagi heyrnarlausra urðu til döff formgerðir; íslenskt táknmál og döff menning. Börnin í sögunni sem hér hefur verið sögð beittu vopni hins valdalausar og sköpuðu mun og margbreytileika. Með ótrúlegum sköpunarkrafti og samheldni beittu þau brögðum sínum gegn ráðagerðum þeirra sem höfðu valdið (sbr. de Certeau, 1984). Sköpun táknmáls úr því sem þeim var gefið var vitsmunalegt afrek og sýndi vissulega brögð og atbeina fólks. Fingrastöfuð íslenska var

endursköpuð í fingramál en aðlagaði fólk ekki að íslensku eins og ráðgert var. Með raddmálsstefnunni í skólanum var gert ráð fyrir að nemendur töluðu íslensku og læsu af vörum. Börnin gerðu í stað þess gott úr því sem þeim lagðist til. Þau notuðu skólann og heimavistina þar sem þau voru saman og bjuggu til annað mál, sitt eigið mál og menningu án vitundar þeirra sem áttu staðina og bjuggu til ráðagerðirnar. Ráðagerðir valdakerfisins um aðlögun að raddmálssamfélagi brugðust aftur og aftur og táknmálsbannið gerði hið andstæða. Það aðlagaði ekki heldur útilokaði döff börn frá heyrandi samfélagi, heyrandi menningu, frá fræðslu og upplýsingum en einnig frá áhrifavaldi kennarans. Börnin í Málleysingjaskólanum urðu ekki félagslega mótuð afurð kennaranna nema í því að vera óvirk innan kennslustundanna. Raddmálsstefnan þjappaði börnunum saman, þau áttu sömu reynslu og samkennd og lærðu að bregðast við meðferðinni og valdinu. Þau leituðu ekki til kennaranna með vandamál sín en fundu fyrirmyndir í gamla fólkinu og drógust að því. Þau voru sjálfráða í samskiptum sínum utan kennslustofunnar, mótuðu sig sjálf og beittu brögðum sínum. Viðbrögð þeirra voru að búa til sínar formgerðir, sitt þekkingarkerfi og styrkja með því atbeina sinn. Raddmálsstefnan átti þannig þátt í myndun döff *habitusar* eða menningar og þróun íslensks táknmáls. Börnum tókst að breyta tilverunni með athöfnum sínum.

Til þess að skilja betur áhrif tungumálsins út frá félagslegu samhengi og varpa frekara ljósi á tengsl tungumáls og félagslegrar þátttöku með tilliti til valds og atbeina fólks getur hjálpað að skoða hugtakið tilvísun í samhengi (e. *indexicality*) sem næst verður fjallað um.

5.1.1 Tilvísun í samhengi og tvö ólík þekkingarkerfi

Íslenska táknmálið kom úr félagslegum veruleika döff fólks og hvílir í honum. Hugtakið *indexicality* eða *tilvísun í samhengi* getur hjálpað til við að sýna skurðpunkta málsins við félags- og menningarlegt samhengi og skilja betur stöðu döff fólks og íslensks táknmáls. Daniel Chandler heimspekingur og merkingarfræðingur bendir á að það sem er sagt sé ekki nákvæmlega það sama og vísað er til í raunheimi (Chandler, 2007). Eins og orðið vísar í hlutinn en er ekki hluturinn og kortið er ekki landsvæðið. Raunsæjar lýsingar á atburðum séu alltaf út frá einhverju sjónarhorni sem beini athygli okkar að því hverra veruleiki fær forgang í tiltekinni lýsingu og beini sjónum okkar að misskiptingu valds í félagslegum heimi. Eftir mörkunum á milli samfélaga heyrandi og döff og málanna íslensku og ÍTM skapast mismunur og ójöfnuður. Innan samfélaganna eru mismunandi hugmyndir og samhengi. Þau eru misvaldamikil og málin líka. Úr heyrandi samhengi hefur verið vísað til táknmálsfólks í sögunni með mismunandi orðum eins og heyrnarlaus, mállaus eða dumbur sem á hverjum tíma endurspeglar skilning fólks á stöðu þess og líka hvernig samhengið sem vísað er í breytist í gegnum söguna.

Hlutverk valdakerfisins á hverjum tíma var að viðhalda því sjálfsagða og það var gert með útilokun eins og birtist í táknmálsbanninu. Mikilvægi íslensku í menntun barna í gegnum söguna er *doxa* (Bourdieu, 1977) og einnig 'hættan' sem stafar af táknmáli.

Hvort tveggja er eitthvað sem ekki er talin þörf á að ræða. Atbeini döff barna var lamaður, þátttaka í samfélaginu tekin frá þeim og félagstengslin á milli barna og kennara voru rofin. Innan formgerðanna sem börnin sköpuðu varð til annað samhengi, ólík orðræða og líffsýn eða sannleikur sem er ólíkur ráðandi sannleika og annars konar atbeini með þeirra döff *habitus* og *doxa*. Tákn málið varð til í samhengi barnanna, innan stærra samhengis kúgunar og illrar meðferðar og samhengið hafði áhrif á málið. Táknin, eins og táknið HEYRANDI, gátu vísað til félagstengsla eða gilda sem bjuggu í samhenginu og voru umfram lýsingu eða merkingu hugtaksins í íslensku ('þeir sem ráða', 'þeir sem vita', 'þeir sem skilja ekki'). Þannig mótaðist málið af samhenginu en mótaði líka samhengið. Tungumál er stöðugt í þróun. Duranti benti á hvernig það sé tæki sem lýsi, meti og endurskapi stöðugt félags- og menningarlegt umhverfi okkar (Duranti, 1997). Tekist hefur til dæmis að breyta orðinu 'heyrnarlaus' sem hefur tilvísun í samhengi hörgulkenningarinnar með orðinu 'döff'. Talað er um döff samfélag á Íslandi og með því vildi döff fólk breyta tilvísun í samhengi. Eins og táknið HEYRANDI hafði tilvísun í annað samhengi og aðra hugmyndafræði hafði táknið DÖFF það einnig. Með því að nota markvisst annað tákn og orðið 'döff' í íslensku, sem vísar til samhengisins, málsamfélags og menningarheildar en ekki til skerðingar, hefur döff fólk tekist að einhverju marki að skapa nýjan skilning á tilveru sinni. Samhengið mótar málhugmyndafræði fólks eða mismunandi kerfi hugmynda um tungumál. Hún er ólík á milli hópa og þjónar ólíkum hagsmunum þeirra.

5.1.2 Vald sem felst í málhugmyndafræði tengdri íslensku tákn máli

Málhugmyndafræði er kerfi hugmynda um tungumál sem er gegnsýrt af pólitík og siðferði í félagslegu samhengi. Hún er ólík eftir hópum og þjónar sérstökum hagsmunum og félagslegri stöðu þeirra. Málhugmyndafræði birtist í hegðun fólks og orðræðu og endurspeglar ósagðar ályktanir um eðli tungumáls en beinist einnig að fólkinu sem talar málið. Fræðimenn hafa sýnt fram á að málhugmyndafræði getur haft afdrifaríkar og alvarlegar afleiðingar fyrir líf fólks (sjá t.d. Billings, 2009; Irvine og Gal, 2000). Afstaða (e. *stance*) fólks til tungumála markast af hugmyndafræði þess (Jaffe, 2009). Með afstöðu til ÍTM sem birtist innan heilbrigðiskerfis og skólakerfis í gegnum tíðina hefur það ráðist hvort börn fái að læra ÍTM. Tákn málsbannið sem fræðimenn hafa líkt við málútrýmingu og glæp gegn mannkyni (Skutnabb-Kangas 2015; Lane, 1984, 2002; Ladd, 2003), byggði til dæmis á málhugmyndafræði.

Eins og sagt var frá í Inngangi greindu Irvine og Gal (2000) þrenns konar ferli sem geta skapast við langvarandi og nán málleg samskipti í sambýli tungumála, sem þær kalla endurspeglun (e. *iconization*), útþurrkun (e. *erasure*) og endurtekið uppbrót (e. *fractal recursivity*). Ferlin verða til í málinu við notkun hugtaka og túlkun á þeim. Þau eru mikilvæg til þess að skilja hvaða áhrif sambýli við ráðandi mál hefur á þróun og viðgang tungumáls eins og ÍTM og á döff Íslendinga í gegnum söguna. Eitt af markmiðunum með kennslu Páls Pálssonar var að nemendur gætu gert sig nokkurn veginn skiljanlega fyrir öðrum með skrift, bendingum og fingramáli. Í lýsingum annarra

skólastjóra sem á eftir honum komu allt til ársins 1985 var táknað sem tungumál þurrkað út úr orðræðu um kennslu eins og það væri ekki til. Umræðan snerist um kennslu í 'móðurmálinu'.

Heyrandi fólk *endurspeglar* hugmyndir sínar um táknað á Guðmund Björnsson (Dedda) sem var í skólanum hjá Margréti Rasmus og seinna fyrsti formaður Félags heyrnarlausra. Í huga fólksins var táknað ekki til. Endurspeglun hugmynda þess fólst í því að það horfði fram hjá honum og talaði ekki við hann eins og hann væri ekki til. Án raddmáls var hann ekki álitinn menskur. Málið var þurrkað út og hugmyndafræðin endurspeglar ímyndaða eiginleika, málleysi, á Guðmund. Slík málhugmyndafræði veldur jaðarsetningu. Með því að endurspeglar hugmyndir um málleysi á fólk var litið fram hjá atbeina þess. Það var álitnið treggáfað og ófært um að taka ábyrgð. Það var þurrkað út, veran sem ekki er til og hefur ekkert að gefa (Maldonado-Torres, 2007). Í samræmi við málhugmyndafræði á tímum táknaðsbanns voru bendingar og táknað ekki bundin í málfræðilegt kerfi, málfræði var þurrkuð út og talið var að táknaðsfólk gæti einungis tjáð hlutbundin fyrirbæri með málinu en ekki hugmyndir. Þannig hafði málhugmyndafræðin áhrif á hvernig málfræðinni var lýst og síðar á breytingar sem urðu á málinu (Irvine og Gal, 2000) með því að reynt var að laga 'málfræðiskortinn'. Búið var til það, sem döfð kölluðu 'heyrandi táknað' málafbrigði þar sem málfræði ÍTM var þurrkuð út og málið var látið lúta reglum íslenskrar málfræði.

Endurtekið uppbrot, þegar fólk býr til í huga sér mun á tungumálum og yfirfærir muninn á málunum á fólk innan hóps, jaðarsetur fólk sömuleiðis (Irvine og Gal, 2000). Gerður var munur á börnum í skólanum í Danmörku, eftir að raddmálsstefnan fór að hafa áhrif, og þeim var skipt í hina 'eiginlegu', 'óeiginlegu' og 'vangefnu' heyrnarlausu eftir getu þeirra til þess að tala dönsku. Einungis þeir sem minnsta getu höfðu máttu tala táknað. Endurtekið uppbrot getur bæði búið til sjálfsmynd fyrir hóp en líka skipt henni upp með uppskiptingu hópsins og valdið því að hópur skiptir um tungumál. Innan sérhvers hóps eða undirhóps getur svo endurtekið verið búið til mismunur sem leyfir uppskiptingu hans enn frekar. Á tímum raddmálsstefnu var nemendum Málleysingjaskólans bannað að hitta gamla fólk. Hópnum var skipt upp sem leiddi til þess að tvö mál voru að þróast á sama tíma og að lokum til þess að fingramálið dó út. Í Heyrnleysingjaskólanum var stefnt að því að öll börn sem hefðu heyrnarleifar og réðu við það væru í heyrandi skóla. Hópurinn var brotinn upp í von um að börnin gætu öðlast íslensku að móðurmáli. Sirrý var til dæmis sett í skóla í Hafnarfirði. Búin var til deild í Hlíðaskóla á áttunda áratug síðustu aldar fyrir heyrnarskerta nemendur þar sem þeir fengu kennslu á íslensku. Þessir nemendur komu síðan til baka í Heyrnleysingjaskólann, ef til vill með brotna sjálfsmynd eftir að hafa „mistekist“ að verða heyrandi. Eftir að lögð var áhersla á táknað í Vesturhlíðarskóla á níunda áratugnum var nemendahópurinn brotinn upp í heyrnarlausu og heyrnarskerta. Heyrnarlausir voru skilgreindir með ÍTM sem fyrsta mál en heyrnarskertir áttu íslensku að móðurmáli og töluðu 'heyrandi táknað'. Þeim var skipt í bekkir eftir þessum mun og þau öðluðust sjálfsmynd í samræmi við það. Í viðtali sem höfundur tók, fyrir

meistararitgerð sína, við heyrnarskertan ungling, sem talaði 'heyrandi táknmál' í Vesturhlíðarskóla, kom fram að ÍTM væri ekkert fyrir hann. Það væri fyrir „heyrnleysingjana“.

5.1.2.1 Áhrif málhugmyndafræði á málbreytingar

Málbreytingar sem urðu á ÍTM eftir að Ísland tengdist Norðurlöndum eiga tilvísun í samhengið sem málið var í. Afstaða til ÍTM byggði á hugmyndafræði fólks og vísaði til félagstengsla, sjáfsmynda eða verðmæta. Í afstöðunni fólst að meta form og innihald og að standa með eða að standa gegn íslenska táknmálinu. Afstaða fyrstu táknmálskenningaranna sem fóru til Danmerkur að læra að kenna ÍTM endurspegladi hugmyndafræði þeirra um íslenskt táknmál, félagslega sjálfmynd og valdastöðu gagnvart öðrum málum þegar Sirrý lýsir íslenska táknmálinu sem barnalegu og ekki eins fallegu og danska táknmálinu. Þessi hugmyndafræði leiddi til þess að mörgum íslenskum táknum var skipt út fyrir norræn. Brandur Jónsson mælti með samræmingu tákna heimsins og aðstandendur táknaorsöbókar höfðu það að markmiði að samræma íslenska táknaorsöbóku norrænum táknaorsöbókum. Þá var án formlegra rannsókna ákveðið að í málinu væru einungis um 700 tákna.

Þrátt fyrir að leyft hafi verið að nota tákna í kennslunni á áttunda og níunda áratugnum gerðu kennarar Heyrnleysingjaskólans sér samt sem áður enga grein fyrir að um tungumál væri að ræða. Afstaða kennaranna til málsins, sem nemendur notuðu, var að það endurspegladi barnalegan hugsunarhátt þeirra og að endurbæta þyrfti málið til þess að hægt væri að nota það í kennslu. Útþurrkun málfræði ÍTM skapaði ferli sem hafði áhrif á þróun málsins þegar erlendu heyrandi „sérfræðingur“ á áttunda áratugnum hjálpaði kennurum við að búa til hjálpar- og tengisagnir, tíðir, forsetningar og samtengingar (eins og eru í íslensku) í ÍTM þannig að það yrði 'fullkomnara'. Eins og sagt hefur verið áttu viðbæturnar engan veginn heima í málinu. Uppbygging setninga var ólík og sömuleiðis málfræðin. Í raddmálum koma orðin hvert á eftir öðru í ákveðinni röð í setningum (í íslensku er orðaröðin frumlag – sögn – andlag algengust) en í ÍTM eins og öðrum táknaorsöbókum er stundum önnur orðaröð og hægt er að tákna margt samtímis í táknaorsöbókum eins og með próformasögnum og staðsetningum. Stutt er síðan nemendur horfðu á kennarana nota tákna úr ÍTM á óskipulegan hátt með íslenskri orðaröð og heimatilbúnum viðbótarmálfræðitákna. Þeim fannst þreytandi að horfa á það og leið illa. 'Heyrandi táknmál' var táknað með munnhreyfingunni SJAVASJAVA og vísar í að þeir skildu ekki málformið heldur opnuðu og lokuðu munninum og líktu eftir að verið væri að tala. Það var bull. Nemendur voru þvingaðir til þess að nota þennan samskiptamáta sem var þeim óskiljanlegur og einnig órókréttur. Þegar ÍTM var vanvirt á þennan hátt átti það þátt í sköpun sjálfmynda og sjálfsvirðingar og kveikti ríkar félagslegar tengingar. Nemendur ólust upp í þeirri hugmyndafræði að íslenskt táknmál væri ekki raunverulegt mál eins og íslenska og að þeir töluðu ekki rétt. Kennarar sem notuðu málið á þennan hátt voru ómeðvitaðir um neikvæð áhrif þess á nemendur sína og á þróun málsins en héldu að um framfarir væri að ræða. Málblendingin kölluðu

heyrandi kennarar 'táknaða íslensku' því tilgangurinn með því að nota hann var að kenna nemendum almennilega íslensku. Táknunð íslenska fékk meiri virðingu en ÍTM og þótti formlegra mál. Sérstaklega var þetta málform sterkt í kennslunni á tímum alhliða boðskipta á níunda áratugnum þegar nemendur gerðu uppreisn. Málformið styrkti fyrst og fremst stöðu kennara, sem kunnu ekki ÍTM, í samskiptum við nemendur, valdefldu þá og íslenskuna í kennslunni. Á þeim tíma sem alhliða boðskipti og heyrandi táknmál var notað reyndi heyrnarlaust fólk jafnvel að tala blendingsmálið við heyrandi fólk til þess að njóta meiri virðingar og skiljast betur. Málið hafði hærri stöðu í samskiptum en með heyrandi táknmáli varð döfð fólk enn valdaminna og enn áhrifslausara. Táknnotkun með íslensku endurskapaði og stýrði þróun ÍTM á neikvæðan hátt með breytingum á orðaforða og málfræði. Jane Hill hefur lýst því hvernig sambærileg notkun Bandaríkjamanna á vafasamri spænsku (e. *mock Spanish*) jaðarsetur (e. *marginalize*) og lítillækkar og á þátt í að búa til einsleita mynd af spænskumælandi fólki (e. *stereotyping*) (Hill, 2008).

Málhugmyndafræði getur þannig valdið breytingum á tungumáli og haft áhrif á sjálfmynd, á hvort mál deyja út, á lýsingu á máli og hvernig landamæri eru dregin eða búnir til flokkar fyrir fólkið sem notar málið. Það getur haft pólitískar afleiðingar þegar hugmyndafræði fólks leyfir aðgerðir á grundvelli máltengsla eða mismunar sem hugmyndafræðin býr til. Viðhorf pólitíkusa, skólayfirvalda og almennings til tungumáls sem talið er í útrýmingarhættu, eins og íslensks tákn máls, hafa til dæmis áhrif á hvort málið lifir eða deyr. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að félagslegir þættir og neikvæð málhugmyndafræði, sem Grillo (1989, vitnað í Ahearn, 2012) kallar hugmyndafræði fyrirlitningar (e. *ideology of contempt*), geta komið í veg fyrir að börn verði hæfir málnotendur tungumáls þrátt fyrir að það sé haft fyrir þeim (Ahearn, 2012). Það er ljóst af þessu að málhugmyndafræði snýst um miklu meira en bara um málið sjálft – hún snýst um ríkjandi viðhorf í menningu, félagstengsl og pólitíska hagsmuni. Það að skoða fjölvirkni tungumálsins og fjölbætt hlutverk þess í lífi fólks getur hjálpað til þess að skilja af hverju íslenskt tákn máli er mikilvægt.

5.1.3 Fjölvirkni málsins

Fjölbætt hlutverk tungumálsins í lífi okkar endurspeglar félagslegt eðli málsins. „Án tákn máls er ekkert líf,“ sagði Júlía G. Hreinsdóttir. Án tákn máls væri engin félagsleg þátttaka, engar menningarlegar rætur, engin áhrif á eigið líf eða annarra, ekkert vald, án máls vissi hún ekki hver hún væri og aðrir vissu ekki hver hún væri. Án tungumáls færi manneskja á mis við tækifæri í lífinu, hjónaband, fjölskyldulíf og barneignir nema í gegnum misnotkun og valbeitingu. Þannig skapar þátttaka í gegnum mál hið félagslega líf fólks en er einnig samofin sjálfmynd þess og félagslegu valdi. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir (munnleg heimild, ágúst 2002) lýsti því hve mikilvægt tákn málið væri henni og hvernig það væri forsenda fyrir sjálfræði og sjálfsvirðingu: „Ef ég ætti ekki tákn málið væri ég gagnslaus hlutur sem aðrir ráðskast með og það væri sóun á mannauði.“ Tengsl tungumáls og félagslegrar þátttöku með tilliti til valds og atbeina eru

alveg skýr í máli Þórhalls Arnarsonar þegar hann segir: „Án tákn máls væri lífið ómögulegt og vonlaust. Ég gæti ekki átt samskipti og allar leiðir væru lokaðar.“ Sá sem er innilokaður getur ekki átt samskipti og getur ekki haft áhrif. Sindri Jóhannsson tók í sama streng þegar hann sagði: „Af hverju nota ég tákn má. Jú, með tákn máli er ég frjálst“ (Sindri Jóhannsson, 2021). Döff Íslendingar eru meðvitaðir um að staða íslensks tákn máls sé viðkvæm og einnig hversu verðmætt það er. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir orðar mikilvægi þess fyrir sig með því að ÍTM hafi bjargað lífi sínu og ef hún ætti ekki tákn má væri hún ekkert (Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, 2021). Íslenskt tákn má er því svo miklu meira en að geta komið skilaboðum á milli fólks.

5.2 Döfferni – Framsetning á sjálfi og að vera maður sjálfur

Van Dijk (2012) hefur bent á að fólk myndi ekki eingöngu persónulegt sjálf heldur líka félagslegt sjálf sem hluti af hóp þar sem meðlimirnir upplifa sig með sameiginlegt sjálf (e. *shared identities*). Félagsleg sjálfsmynd er að mati Van Dijk stöðugt í mótun eða gerjun og ekki gefin fyrir fram. Hún verður til í samskiptum í sérstöku samhengi og háð öðrum þáttum í samhenginu (Van Dijk, 2012). Ladd lýsir sjálfi og félagslegu sjálfi döff verunnar sem mótunarferli – baráttu sérhvers döff barns, döff fjölskyldna og fullorðinna döff til að skýra fyrir sjálfum sér með daglegri umræðu tilveru sína í heiminum (Ladd, 2003). Með því að lifa saman í samfélagi og lifa eða leika útskýringar sínar frekar en að skrifa bækur um þær skapi döff tilveru sína. Í umræðunni kemur fram að það að vera döff manneskja sé raunverulega að fara í gegnum ferlið að verða döff og viðhalda því. Í umræðunni endurspeglast líka mismunandi túlkanir á döfferni eða því hvað það gæti þýtt að vera döff manneskja í döff samfélagi (Ladd, 2003). Ladd skilgreinir döff manneskjuna eða veruna í gegnum „tengsl, reynslu, sögu og nákvæmlega sömu hugsanir“ (bls. 322). Hann vitnar í móður döff barns sem lýsir döff samskiptum þannig að þau séu frábrugðin samskiptum í heyrandi heiminum: „Það er eins og þú sért innra með viðkomandi, upplifir sársaukann og sársauki þeirra er í raun líka innra með þér“ (bls. 323). Sambærileg reynsla heyrnarlausra um allan heim styrkti tengsl heyrnarlausra á heimsvísu, samkennd þeirra og samstöðu gegn utanaðkomandi öflum.

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir útskýrir þetta samband með því að heyrnarlausir á Íslandi séu hennar fjölskylda og heyrnarlausir í heiminum hennar þjóð. Elsa G. Björnsdóttir lýsir tengingunni við döff á Íslandi líka eins og fjölskylduböndum, að hún sé hluti af samfélaginu hvort sem hún vilji það eða ekki. Í meistararitgerð höfundar lýsir Sigurbjörg, heyrnarskert kona, á skýran hátt hvernig það er að fá ekki að vera maður sjálfur og einnig hvernig tungumál og félagsleg þáttaka tengjast samhenginu með tilliti til valds og atbeina (Valgerður Stefánsdóttir, 2005). Vegna þess að Sigurbjörg heyrði það sem var sagt við hana í beinum samskiptum og gat talað var hún látin vera hluta af skólagöngu sinni í heyrandi skóla. Hún var líka nokkur ár í döff skóla en þar var hún skilgreind heyrnarskert og með íslensku sem kennslumál. Um sjálfa sig sagði hún að þegar hún var í heyrandi skóla vissi hún ekki hver hún var. Hún talaði og táknaði til skiptis, hún var ráðvillt, margskipt og klofin. Það tók hana langan tíma að skilja hver hún

var. Heyrandi heimur var ekki hennar samhengi. Endurspeglunin af því samhengi var ekki í samræmi við hennar innra sjálf og hún kunni ekki að takast á við það. Hún benti á að til þess að ráða við það að vera heyrnarskert í heyrandi samfélagi þyrfti hún að vera sterk. „Til þess að verða sterk þarf ég að hafa þroskast í gegnum rík og fjölbreytt samskipti við allt fólkið í kringum mig, fá tækifæri til að læra reglurnar í samskiptum og hlutverkin í daglegu lífi.“ (bls. 103). Að hennar mati var það einungis hægt í táknmálssamfélaginu þar sem hún hafði aðgang að öllu samhenginu og gat komist að því hver hún væri. Það náðist ekki þar sem töluð var íslenska og fólk hugsaði öðruvísi. Þar færi öll heilastarfsemi hennar í að reyna að ná skilningi.

5.3 Samhengi – þekkingarfræði og hugmyndafræði

Innan mismunandi samhengis þeirra sem ráða og hinna undirsettu verður til önnur málhugmyndafræði en líka ólík þekkingarfræði. Innan táknmálssamfélagsins er heyrnarleysi álitid eðlilegur mannlegur breytileiki. Heyrnarleysi er ekki vandamál. Það er metið sem grunnur að dýrmætu tungumáli og menningu sem döff fólk hefur búið til. Þegar heyrnarlaus hjón fagna því að eignast heyrnarlaust barn vísar það í samhengið ‘barnið okkar er döff og eins og við í menningarlegu tilliti’ (sjá kafla 3.5.1 og Mills, 2002). Það skapar hins vegar vandamál í augum döff að vera skilgreind út frá samhengi þekkingarfræði læknisfræði. Að fæðing þeirra sé harmleikur. Þau séu frávik og sjúk og að vanhæfni þeirra verði að laga (sbr. Lane, 1999, 2002 og sjá umfjöllun í kafla 5.3.2). Að mati döff fólks misskilji læknar hvað sé eðlilegt. Þeir þurrki út að ÍTM samfélag og menning döff sé eðlileg. Í besta falli sé litið á ÍTM sem hjálppartæki til þess að læra íslensku þar til barn geti talað. Fyrir döff fólk eru afleiðingar þess að vera skilgreind út frá annarra samhengi sams konar og annarra undirsettra hópa. Ong (2007) lýsir afleiðingunum úr samhengi þriðja heimsins þar sem töfralæknar hafa sinnt sjúklingum. Hann segir að þegar lífeynsla sjúklinga og trú sé þurrkuð út og eingöngu beitt hugtökum og lyfjum vestrænnar læknisfræði hafi það í mörgum tilvikum deyfingarhrif en ná ekki markmiðum sínum. Aðferðirnar leiði til þess að líkamsheild manneskjunnar sé brotin upp, sömuleiðis sé félagslegum skyldum hennar sundrað og hún skilin frá eigin menningu. Ong tekur dæmi frá Malasíu þar verkafólk fann fyrir illum öndum í alþjóðlegum verksmiðjum. Það fékk lyf til þess að deyfa upplifun sína eða það sem kallað var „geðræn veikindi sem leggjast á hópa“ eða „faraldurshystería“. Eftir „batann“ þögðu fórnarlömbin um reynslu sína. Enginn gat togað upp úr þeim hvað hafði breyst. Skilningur og lausnir frumbyggja á félagslegum aðstæðum var í þessu tilviki látinn víkja fyrir alþjóðlegum hugtökum sem talin voru gilda alls staðar í heiminum. Í ákveðnu menningarlegu samhengi fólu vísindaleg orðræða og aðferðir í sér fordóma gegn fólkinu sem átti að fá bata og vellíðan. Læknisfræði varð hluti af hegemonískri orðræðu sem smíðaði „nú tíma“ framtíðarsýn með því að hreinsa burt illa anda. Malasískar verkakonur losnuðu við sína anda og menningu sína um leið en leið verulega illa (e. *profoundly dis-eased*) á nýja vinnustaðnum (Ong, 2007).

Innan læknisfræði er einblínt á að breyta eyranu/heilanum og málinu með skurðaðgerðum eins og kuðungsígræðslu (KÍ). Með því er lífvaldið notað til að sundra döff líkamanum, hunsu félagstengsl á ÍTM og aðskilja börn frá döff menningartengslum. Þannig má spegla orðræðu læknisfræðinnar í nýlenduvaldatengslum gagnvart döff fólki. Innan læknisfræði eru líka bundnar vonir við genalækningar sem eru ætlaðar til þess að móta líkamann svo að hann verði eðlilegur og einnig líkamar allra afkomenda (Amariutei o.fl., 2023).

5.3.1 Viðurkenning á íslensku táknmáli

Eins og fram hefur komið öðlaðist döff fólk ekki þau réttindi sem búist var við að fylgdu í kjölfar lagalegrar viðurkenningar á ÍTM í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011). Enn þá upplifir döff fólk útilokun vegna tungumálsins. Sérstaklega var bent á aðgengi barna að málinu og málréttindi sem löggin hefðu átt að veita þeim. Í þriðju grein laga nr. 61/2011 segir að íslenskt táknmál sé „fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra.“ Jafnframt að sá sem hafi „þörf fyrir“ táknmál skuli eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál „jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst.“ Þá er í 13. greininni kveðið á um að ríki og sveitarfélög skuli tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli og að þau beri ábyrgð á að „varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Lögð verði áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku táknmáli nái að þróast og séu notuð.“ Í lögnum er málið afmarkað við þau sem „þurfa að reiða sig á það“. Jafnframt er sagt að íslenskt táknmál sé „jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.“ Íslenskt táknmál er tengt mati á skerðingu og þörf fyrir greiningu. Það er því háð mati greiningaraðila hvort barn eigi óheftan aðgang að því. Með þessu styrkja tungumálalöggin lífvald heilbrigðiskerfis sem fær hliðvörslu að málinu og býr til sjálfsmyndir (Wodak, 2015). Tengingin við fötlun er endursköpuð og með því hugmyndin um að ÍTM sé hjálpartæki. Þetta dregur úr viðurkenningu á ÍTM sem móðurmáli heyrandi barna döff foreldra og því að málið sé jafnréttihátt mál til samskipta í daglegu lífi.

Þegar löggin voru sett var ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til þess að koma þeim í framkvæmd. Berglind Stefánsdóttir benti á að án aðgerðaáætlunar og fjárframlaga sem fylgdu lögnum væri ekki hægt að framfylgja þeim og því yrði ekki til samfélag þar sem döff fólk nyti málréttinda, jafnréttis og þátttöku á öllum sviðum og virðingar sem döff samfélag. De Meulder og Murray (2017) hafa sömuleiðis bent á að þegar fjárhagslegar skuldbindingar fylgja ekki lagalegri viðurkenningu, þegar opinberar aðgerðir breytist ekki og þegar táknmál séu ekki sýnileg á opinberum vettvangi, verði þátttaka táknmálsfólks hindruð (De Meulder og Murrey, 2017).

Að engin fjárveiting fylgi lögum sem tryggja áttu málréttindi döff fólks endurspeglar hugmyndafræði þingmanna og samhengið sem þeir lifa í. ÍTM er í þeirra huga lítilvægt. Í þeirra samhengi sjá þeir ekki þörf fyrir fé til rannsókna á málinu, orðabókagerðar, menntunar móðurmálskennara (sem eru ekki til), námsefni í ÍTM sem móðurmáli eða námsefni fyrir döff í íslensku sem öðru máli (sem er ekki til), námsefni í öðrum námsgreinum eða til menningarmála eins og döff leikhúss, sjónvarpsþáttagerðar á ÍTM eða döff bókmennta (sbr. sjónrænar sögur) eða annars sem ætlað er til þess að styrkja og vernda tungumál.

Það kostaði 20 ára baráttu fyrir döff fólk að ná áfanganum: „Íslenskt táknmál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.“ Ekki er gert ráð fyrir túlkabjónustu í daglegu lífi í lögnum eða öðrum lögum. Í túlkun í daglegu lífi felast til dæmis samskipti við fasteignasala og lögfræðinga og túlkun í atvinnulífi. Þetta takmarkar mjög möguleika döff fólks á fullri atvinnuþátttöku og frama í vinnu og nær ekki að tryggja þátttöku döff fólks til jafns á við heyrandi. Endurspeglunin er að ÍTM sé ekki raunverulegt tungumál og þurfi þess vegna ekki fjármagn. Lögin eru því fyrst og fremst táknræn. Döff fólk er veitt leyfi til þess að nota málið sín á milli. Sambærileg niðurstaða virðist hafa fengist á Nýja-Sjálandi og hér en þar fylgdu viðurkenningunni heldur ekki beinar stuðningsaðgerðir. Einnig kom fram að þar hefði dregið úr notkun á nýsjálensku táknmáli eftir að það fékk viðurkenningu í lögum (McKee og Manning, 2015).

Döff fólk vænti þess að með lögnum fengi ÍTM raunverulega viðurkenningu og aðgerðir fylgdu í kjölfarið. Við, sem sátum á þingpöllum, horfðum á þingmenn fella tár við samþykkt laganna yfir góðmennsku sinni og skilningi sínum á stöðu döff fólks. Skilningur hópanna í þingsal og á pöllum á því hvað viðurkenning á ÍTM þýddi var ólíkur, átti tilvísun í mismunandi samhengi og ljóst er hverra veruleiki hafði forgang. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, benti á að fólk hefði almennt ekki skilning á því hvað táknmál er, hvers virði það er döff fólk, hvert hlutverk íslensks táknmáls er í lífi fólks, í sjálfsmynd og menntun, eða hvernig málið lærist. Hún segist alltaf mæta sömu forgangsröðuninni. Þrátt fyrir öll sín rök sé döff fólk ævinlega aftast í röðinni og þegar skipt sé um valdhafa þurfi alltaf að byrja aftur að útskýra samhengi döff fólks og hvað þurfi að breytast. Þótt málið sé nú viðurkennt í lögum nr. 61/2011 talar fólk um valdamun á milli íslensku og ÍTM og sér raunverulega ógn steðja að málinu. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir lýsti því að Félag heyrnarlausra hefði með ýmsum leiðum reynt að fá rétt til túlkabjónustu í daglegu lífi. Svör stjórnvalda hefðu ævinlega verið þau sömu: „Starfandi er nefnd sem hefur til skoðunar með hvaða hætti tryggja má þessa þjónustu“ (Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, 2013). Þrátt fyrir lagasetningu og fjölmargar nefndir og starfshópa sem hafa átt að gera tillögur um þjónustu við ÍTM samfélagið er staðan á Íslandi eins og hefur verið lýst. Nefndir og hópar hafa starfað og skilað skýrslum með tillögum um íslenskt táknmál og um þjónustu við ÍTM fólk. Heiðdís (2013) taldi að að minnsta kosti 8 nefndir hefðu starfað á 25 ára tímabili fram

til 2013 og allar hefðu skilað svipuðum tillögum án þess að þær hefðu komið til framkvæmda.

Allar nefndirnar voru skipaðar að meirihluta heyrandi fólki og í öllum tilvikum var framkvæmd á tillögum háð heyrandi fólki. Sú sem tók við var níunda nefndin og starfaði lengst, Framkvæmdanefnd um þjónustu við heyrnarlausla, heyrnarskerta og dauflinda einstaklinga. Framkvæmdanefndin var skipuð árið 2010 í kjölfar *Skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1 Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947–1992*. Skýrslan lýsti illri meðferð eða ofbeldi og var í henni sérstaklega talað um áhrif raddmálsstefunnar sem hefði átt verulegan þátt í að skerða lífsgæði ÍTM fólks í íslensku samfélagi. Þá var þar bent á aðrar framkomnar skýrslur um úrbætur í málefnum hópsins. Nefndin lagði það til við stjórnvöld að tekin yrði eins fljótt og kostur er skýr, efnisleg afstaða til framkominna tillagna um úrbætur í málefnum heyrnarlausra með góðu samráði við Félag heyrnarlausra (Róbert Spanó, 2009). Í kjölfarið var framkvæmdanefndin skipuð í byrjun árs 2010 og hafði það verkefni að gera tillögur að heildstæðri þjónustu við hópinn. Í upphafi starfsins var lögð fram tillaga frá táknaálssamfélaginu um nauðsynlegar aðgerðir í þágu málsins og samfélagsins sem talar ÍTM. Tillögurnar voru lagðar til hliðar. Nefndin, sem átti í erfiðleikum með að ná sameiginlegri niðurstöðu, vann í fjögur ár að öðrum tillögum og kostnaðargreiningu og skilaði skýrslu árið 2014. Engin afstaða hefur verið tekin til tillagna Framkvæmdanefndarinnar önnur en sú að leggja þær til hliðar eins og gert hefur verið við tillögur allra þeirra nefnda sem starfað hafa frá árinu 1988.

Hjördís Anna Haraldsdóttir, kennari við Hlíðaskóla, segir að hún upplifi það sem ógn þegar starfshópar og nefndir eru skipaðar til þess að vinna að málefnum sem tengjast ÍTM og aðgangi að því. Til þess að gæta 'jafnræðis' þykir nauðsynlegt að fulltrúar allra hagaðila sitji í nefndunum sem geri það að verkum að þær séu að meirihluta skipaðar heyrandi fólki. Hjördís segist efast um að þessi leið geti nokkurn tíma skilað góðum árangri. Hún tekur dæmi af Framkvæmdanefndinni, því hvernig starfið afvegaleiðist ævinlega í meðförum heyrandi fólks. Upphafleg hugmynd hafi verið að móta þjónustu við táknaálssamfélagið en áhersla nefndarinnar hafi breyst með meirihluta heyrandi fólks sem einblíndi á skerðingu og fötlun en ekki mál. Inn í starf nefndarinnar voru teknir aðrir hópar og málaflokkar sem ekki tengdust íslensku táknaáli. Við það hafi starfið dáíð og fókusinn tapast. Það gerðist alltaf, segir hún, þegar meirihlutinn var heyrandi. Upplifun Hjördísar er skiljanleg út frá tilvísun í mismunandi samhengi döff fólks og heyrandi. Í döff samhengi er álitíð skynsamlegt og mikilvægt að styrkja íslenskt táknaál og döff menningu á sem breiðustum grundvelli en í heyrandi samhengi tengist döff fólk fötlun og skerðingu. Skilningur þess er að bæta þurfi skerðinguna og veita þjónustu og hjálpartæki. Þegar heyrandi fólk er í meirihluta kristallast valdið og valdamunurinn á mörkum málsamfélaganna. Skilningur þess og forgangsröðun fær yfirhöndina og niðurstaðan verður allt önnur en döff fólk hafði og hefði lagt til. Forgangsröðun innan stjórnaálsanna, hugmyndafræði og afstaða til íslensks táknaáls í stjórnaáslunni er í samræmi við lýsingu Heiðdísar, formanns Félags heyrnarlausra.

Málið er í rauninni ekki álitíð jafn mikilvægt eða jafnréttihátt til samskipta manna í milli og íslenska. Íslenska er *doxa* og málefni ÍTM þykja ekki brýn. Hugtakið íslenskt táknmál hefur ekki haft tilvísun í sama samhengi innan heyrandi valdakerfisins eins og innan táknmálssamfélagsins og málstefna í tilviki íslensks táknmáls hefur ekki haft sama vægi og málstefna fyrir íslensku. De Meulder og Murrey (2017) benda á að 'tungumál sem vandamál' sýn á táknmál hafi áhrif á sjónarhorn almennings og stjórnvalda og tengi táknaástand og mál þess við skerðingu en ekki líffræðilegan eða menningarlegan breytileika (De Meulder og Murrey, 2017). Stjórnun þekkingarinnar er ekki hjá döfð fólki heldur hjá sérfræðingum sem dreifa þekkingu um döfð til almennings. Almennitur fær því undirliggjandi raddmálshátt og heyrnarhyggju styrkta í gegnum hugmyndafræði þeirra sem 'vita best' og standa í þeirri meiningu að framför í vísindum sé framför mannkynsins. Með því öndum við að okkur raddmálshættinum eins og heyrnarhyggjunni sem Humphries lýsti. Þegar döfð fólk vinnur að hagsmunamálum sínum innan stjórnsýslunnar og útskýrir stöðu sína hefur skilningur fólks, sem talar íslensku, mótast út frá heyrnarhyggjunni. Það tekur ákvarðanir út frá eigin sjónarhorni og þeirra veruleiki fær forgang. Það nær ekki sama skilning á því sem sagt er og því sem döfð var að vísa til. Orð eins og til dæmis 'lífshamingja', 'aðgengi að menntun', 'móðurmál' vísa í ólíkt samhengi í tilviki döfð fólks en annarra og valdamunur skapast á mörkum samfélaganna.

Í kjölfar baráttu Félags heyrnarlausra fyrir aðgerðaáætlun sem gæti uppfyllt lög nr. 61/2011 var skipaður nýr hópur árið 2020 um málstefnu fyrir ÍTM. Spolsky (2019) leggur áherslu á að til þess að ná fram málstýringu sem er réttlát sé sjálfstjórn (e. *self-management*) málnotenda mikilvæg og lögð var áhersla á það við skipan hópsins. Hópurinn var skipaður döfð fólki og heyrandi málfræðingum sem starfa að málefnum ÍTM. Hann skilaði tillögum að málstefnu árið 2021 sem tók til fimm meginstoða:

- A. Jákvætt viðhorf er kjarni málstefnu ÍTM og grundvöllur jafnra tækifæra
 - B. ÍTM í málstöku táknaástandsbarna er lykillinn að framtíðinni
 - C. Rannsóknir á ÍTM skipta sköpum fyrir varðveislu menningarverðmæta
 - D. Jöfn þátttaka í íslensku þjóðlífi fæst með fjölgun umdæma ÍTM
 - E. Lagaumhverfi á að tryggja stöðu ÍTM
- (Mál nr. 90/2022. Tillaga til þingsályktunar)

Málstefna sú sem rituð hefur verið fyrir ÍTM getur að mati höfunda hennar unnið gegn útrýmingu ÍTM og stuðlað að bættu málumhverfi táknaástandsbarna. Tveir höfunda málstefnunnar, Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknaástandfræði við Háskóla Íslands, og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (2022), skrifuðu grein um málstefnuna í *Ritið*. Þær vitna þar í Julia Sallabank um að ef ætlunin sé að fjölga málhöfum þurfi að tryggja að fólk vilji tala málið sem um ræðir. Þannig séu viðhorf og hugmyndafræði lykilþættir þegar komi að lífvænleika tungumála. Til þess að stuðla að því benda þær á að jákvætt viðhorf auki

líkur á að málið verði notað, þar með muni notkunarvið þess aukast eða umdæmum þess fjölga. Fleiri umdæmi skapi betra málumhverfi fyrir börn og fullorðna. Með betra málumhverfi fjölgi málhöfum og með fleiri málhöfum minnki hættan á útrýmingu ÍTM. Það hafi síðan aftur jákvæð áhrif á viðhorf þegar málið verði sýnilegra (Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2022). Tillögur hópsins hafa ekki komið til framkvæmda. Að sögn Heiðdísar, formanns Félags heyrnarlausra, er mál nr 90/2022 nú komið á þingmálaskrá á vorþingi 2024 og í fjármálaáætlun stjórnvalda til ársins 2028 standi að íslenska og ÍTM skuli vera í öndvegi. Það verður áhugavert að fylgjast með brautargengi málstefnu um íslenskt táknmál í framhaldinu.

Sú orðræða og ótti um málútrýmingu íslensks táknmáls sem undanfarin ár hefur verið áberandi innan döff samfélags hefur helst beinst að skipulagi menntunar barna og að kuðungsígræðslum. Hér á eftir verður skoðuð staða og viðurkenning íslensk táknmáls innan skólakerfis og heilbrigðiskerfis.

5.4 Kennsla táknmálsbarna flutt frá ríki til Reykjavíkurborgar

5.4.1 Aðdragandinn

Óalgengt er að heyrnarlaus börn fái máltöku á eðlilegan hátt frá foreldrum sínum og í flestum tilvikum kann enginn í fjölskyldu barnanna íslenskt táknmál. Þess vegna hafa flest heyrnarlaus börn tileinkað sér táknmál af jafningjum eða kennurum þegar þau byrja í leik- eða grunnskóla. Undantekning frá þessu eru börn döff foreldra eða systkini. Skutnabb-Kangas bendir á að menntun hafi enn meiri áhrif í lífi táknmálsbarna en annarra málminnihlutahópa þar sem það sé fyrst og fremst í skólanum sem börnin tileinki sér móðurmál sitt (Skutnabb-Kangas, 1994). Íslenskt táknmál varð til í heimavistarskóla Heyrnleysingjaskólans, síðar Vesturhlíðarskóla. Málið barst lárétt á milli nemendanna í skólanum og á heimavistinni en kom ekki frá foreldrum þeirra. Heimavist skólans, því döff rými sem nært hafði máltöku barnanna, var lokað árið 1991. Árið 1996 ákvað menntamálaráðuneytið að gefa Öskjuhlíðarskóla kost á að nýta fyrrum heimavistarhús á lóð skólans án samráðs við Gunnar Salvarsson, þáverandi skólastjóra Vesturhlíðarskóla, sem lagði áherslu á tvítyngi nemenda á ÍTM og íslensku. Morgunblaðið birti frétt um málið 14. júní 1996 þar sem fram kemur að Gunnar hafi sent frá sér greinargerð vegna ákvörðunar ráðherra, þar sem hann lagði áherslu á að eitt af lykilatriðum skólastefnunnar væri að nýta fyrrum heimavistarhús skólans til þess að viðhalda og styrkja málumhverfi nemenda (Skólastjóri Vesturhlíðarskóla segir upp, 1996). Það væri skylda samfélagsins að skapa táknmálsumhverfi á leikskóla- og grunnskólastigi svo nemendur byggju við sambærileg uppeldisskilyrði og heyrandi nemendur. Gunnar áleit að með því að ráðstafa húsinu í annað hefði ráðuneytið hafnað skólastefnu Vesturhlíðarskóla og það hefði ekki skilning á mikilvægi táknmálsumhverfis. Hann mótmælti áhrifaleysi sem hann taldi sig búa við með því að segja starfi sínu lausu. Menntamálaráðherra vísaði á bug ásökunum hans um að ráðuneytið hefði ekki skilning á málefnum heyrnarlausra. Á þessum tíma var hugmyndafræði stjórnvalda enn þá að

ÍTM væri ekki tungumál og ekki var vilji til þess að gera ÍTM að lögmætu skólamáli eins og skólastjórinn stefndi að.

Sérskóla fyrir heyrnarlaus börn var lokað árið 2002 og með því hvarf síðasta vistsvæði íslensks táknmáls sem ætlað var döff börnum. Hjördís Anna Haraldsdóttir, sem er döff og eins og áður er sagt kennari við Hlíðaskóla, lýsir í skýrslu Málnefndar um íslenskt táknmál árunum 1990–1994 sem stuttu blómasteiði táknmáls í menntun döff barna og síðan eyðingu táknaásumhverfisins (Valgerður Stefánsdóttir ofl., 2015).

Á skólalóðinni var íslenska táknaálið sjálfsagt mál og þar hitti maður fólk á öllum aldri. Upp úr 1996 fór allt að breytast. Við sjálf stóðum á hliðarlínunni. Við vorum ekki höfð með í ráðum en horfðum á hvernig málsamfélagið okkar var smám saman saxað niður. Nemendum fór fækkandi, Samskiptamiðstöðin fluttist af skólalóðinni í annað húsnæði, framhaldsdeildin var lögð niður og dvalarheimilið var lagt niður vegna rekstrarörðugleika. Aldraðir döff voru teknir úr táknaálsamfélaginu og fluttir inn á Hrafnistu í raddmálsamfélag sem þeir höfðu ekki aðgang að. Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg fóru að skipa málum Vesturhlíðarskóla. Rauða húsið var lagt niður og sú starfsemi flutt inn á nýjan leikskóla, Sólborg, sem var byggður norðan við skólalóðina. Á þessum tíma var kennsluskýldunni breytt úr 4–18 ára í 6–16 ára. Minn hópur var síðasti hópurinn sem útskrifaðist á 18. aldursári. Á minni skólagöngu var skólalóðin í mínum huga Táknaálsland. Allri þekkingu var safnað saman á þennan stað og íslenska táknaásumhverfið blómstraði. Ég fékk að kynnast eldri kynslóðum nógu vel til að þekkja þær seinna og ólst upp með yngri kynslóðum. Foreldra og styrktarfélag heyrnardaupra barna var jafnframt öflugt á þessu tímabili. Kjarnanum var síðan tvístrað í allar áttir. Börnin áttu ekkert málsamfélag til þess að næra máltöku sína og foreldrar misstu sinn stuðning. Mamma mín sagði að á sínum tíma hefði Vesturhlíðarskóli verið „dýrasti skólinn“. Skólakerfið sem við búum börnunum núna er miklu dýrara. Því það er börnunum dýrt að fara á mis við góða máltöku og þann persónustyrk sem fæst við að eiga sér fyrirmyndir í umhverfi sínu. Ákvarðanir á þessum tíma byggðust á því að við værum fatlaðir einstaklingar en ekki á því að við mynduðum málsamfélag en það er grundvöllur undir menntun okkar og þroska. Í mínum huga er vegferðin eins og að ganga yfir hrynjandi brú. Það var búið að byggja upp táknaálsland þar sem málið blómstraði og við studdum hvert annað. Mín kynslóð gengur yfir brúna og hver fjölin af annarri hrynur að baki okkur. Ekkert er skilið eftir fyrir komandi kynslóðir af arfleifðinni eða sögunni sem er þeirra eða því öryggi og þeim stuðningi sem þarna var að fá.

Þegar rætt er um táknálmsumhverfi fyllist ég söknuði. Ég man hvað við áttum og höfum séð hverfa. Ég veit af eigin raun hve mikilvægt táknálmsumhverfið var fyrir þroska minn, félagsfærni og rökhugsun. Við nutum þess að horfa á eldri döff segja okkur sögur og með því öðluðumst við blæbrigðaríkt mál sem ekki er hægt að kenna í kennslustofunni. Við lentum í árekstrum við aðra og lærðum að leysa ágreining á íslensku táknmáli. Þarna var málumhverfi. Það er ekki til í dag.

Í dag er bísað við að finna upp leiðir og aðferðir til að geta boðið upp á táknálmsumhverfi fyrir börn og unglínga. Ég upplífi örvæntíngu við að finna lausn á því. Það tekur mikla orku og skílar litlu. Það er sárt að þurfa að horfa á börnin eitt til þrjú bundin við sinn árgang með 20 börnum talandi mál sem þau hafa ekki fullan aðgang að. Þetta eru gjörólíkar aðstæður. (Hjörðís Anna Haraldsdóttir, 2015)

Þarna var að verki það sem Lane kallaði stofnanalæga heyrnarhyggju en má líka kalla kerfislæga. Hann skilgreinir hana með því að heyrandi fólk móti umhverfið að sínum þörfum til þess að ráða yfir döff samfélagi. Kerfið var sterkara en döff fólk og aðrir sem þekktu þarfir táknálmsbarna. Heyrnarhyggja er þannig félagslega sköpuð og útilokar frá þeim björgum sem til eru, skapar mismunun og fordóma þannig að forréttíndi viðhaldist stöðugt og styrkist.

5.4.2 Lokun Vesturhlíðarskóla

Við lokun Vesturhlíðarskóla árið 2002 breyttist vistkerfi íslensks táknmáls eða vefurinn af tengslum á milli umhverfis, íslensks táknmáls, íslensku og döff barna. Rúmlega tuttugu nemendur Vesturhlíðaskóla voru fluttir úr táknálmssamfélagi í skóla með yfir 500 nemendum þar sem íslenska var ráðandi mál. Áform heyrandi sérfræðínga borgarinnar voru að táknálmssvið við skólann tæki við öllum verkefnum Vesturhlíðarskóla. Einnig því sem að þeirra sögn var mikilvægast, að sjá nemendum fyrir íslensku táknálmssamfélagi. Vesturhlíðarskóli yrði gerður að táknálmssviði Hlíðaskóla. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þáverandi borgarstjóri sagði að hugmyndin væri að skólarnir yrðu svokallaðir systurskólar. (Anna G. Ólafsdóttir, 2002). Áherslur borgarinnar birtu þó undirliggjandi heyrnarhyggju og væntingar um að börnin yrðu 'eðlilegri' og gætu vanist því að tala og heyra (Heyrnarlaus börn og heyrandi saman í skóla, 2001). Í samræmi við *doxað* var látið að því liggja að þau fengju félagslegum þörfum sínum betur fullnægt í gegnum raddmál innan um heyrandi börn og litið var fram hjá því að þau heyrðu ekki og að þeirra samskiptamál væri ÍTM. Þótt Félag heyrnarlausra hafi mótmælt lokun skólans og bent á að ákvörðunin hafi verið tekin án þeirra, samþykkti borgarráð sameininguna.

Í Aðalnámskrá grunnskóla árið 1999 var ÍTM í fyrsta sinn nefnt sem fyrsta mál heyrnarlausra barna og lýst var tvítýngi íslensku og íslensks táknmáls (Aðalnámskrá grunnskóla; íslenska, 1999). Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um tvítýngi í kennslu döff barna frá þeim tíma felst stofnanalæg heyrnarhyggja í skólakerfinu og íslenska er ráðandi mál.

Þetta endurspeglast til dæmis í því að ekki er til lýsing á móðurmálskennslu í ÍTM í skólanámskrá Hlíðaskóla, námsefni í ÍTM til móðurmálskennslu eða íslensku sem öðru máli og ekki er boðið upp á háskólamenntun fyrir grunnskólakennara sem móðurmálskennara í ÍTM eða íslensku fyrir táknaðsbörn. Í grein um málstefnu íslensks táknaðs kemur fram að aðeins níu námsbækur á ÍTM hefðu verið búnar til af Menntamálastofnun fyrir allar námsgreinar og öll skólastig (Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2022). Í samræmi við málhugmyndafræði, sem gerir ráð fyrir að íslenska sé betri en ÍTM, hefur áhersla á íslensku í umhverfi barnanna aukist stöðugt frá sameiningunni sem og endurtekið uppbrót hópsins farið fram (Irvine og Gal, 2000). Berglind Stefánsdóttir (munnleg heimild, 8. nóvember 2022) sagði í kynningu á Táknaðssviði Hlíðaskóla fyrir nemendur í Háskóla Íslands að við flutninginn hefðu allir nemendur fengið einstaklingsnámskrá nema í leikfimi og listum. Ekki var byggt sérstakt táknaðssvið við skólann eins og til stóð þar sem væri lifandi ÍTM-umhverfi og ekki var þróað skólatilboð fyrir ÍTM börn heldur voru börnin aðlöguð skólalærfinu með heyrandi formgerðum og íslensku sem kennslumáli. Í núgildandi skólanámskrá Hlíðaskóla kemur fram að starfrækt sé Táknaðssvið sem „þjónustar heyrnarskerta nemendur“ (Hlíðaskóli, e.d., bls. 5). Það að öll börn sem skráð eru á táknaðssvið séu með einstaklingsnámskrá og fái sérstaka þjónustu endurspeglar að innan skólakerfisins er lítið á kennslu ÍTM barna sem sérkennslu en ekki kennslu barna með annað móðurmál og að þjónusta hefur verið veitt með ÍTM sem ‘hjálpartæki’ til íslenskunáms. Að tala tungumál er félagshegðun. Til þess að málið þróist og lifi verður að vera málsamfélag. Með fyrirkomulagi skóla án aðgreiningar eru félags- og menningartengsl þurrkuð út eins og þau séu ekki mikilvæg og skipti ekki máli.

Afstaða fólks til tungumála er ferli sem vísar til samhengis og tengir á milli þess sem einstaklingur gerir og félagslegrar merkingar (Jaffe, 2009). Afstaða skólakerfis, kennara og fjölskyldna heyrnarlausra barna til ÍTM í gegnum tíðina hefur haft mikil áhrif á það hvort börn læri ÍTM. Það nægir að máli sé sýnd lítilsvirðing í hegðun og orðræðu í félagslegu umhverfi barna (hugmyndafræði fyrirleitningar) til þess að þau samsami sig ekki málinu eða verði ekki hæfir málnotendur þrátt fyrir að málið sé haft fyrir þeim (Ahearn, 2012). Að taka stöðu (e. *stancetaking*) til máls er að taka afstöðu og meta form og innihald þess sem sagt er og er stöðutaka þess sem talar innbyggð í samskiptin sem eiga sér stað. Það að meta felur alltaf í sér að standa með eða að standa gegn einhverju (Du Bois, 2007). Döff fólk lýsir oft þeirri upplifun að heyrandi fólk taki í raun ekki mark á rökum þess og ábendingum. Döff kennari við Hlíðaskóla, sem áður er sagt frá og sagðist hafa upplifað sig sem „punt“, sagðist ítrekað hafa komið með tillögur og ábendingar til fyrrverandi skólustjóra um hvernig styrkja mætti táknaðsumhverfi táknaðsnemenda. Þær hafi að mestu verið hunsaðar. Ábendingar kennarans beindust meðal annars að mikilvægi þess að döff börnum væri kennt á ÍTM og ættu samskipti á málinu. Eitt verkefni náði þó fram að ganga en það var eins og áður sagði að kennsla í byrjendalæsi döff nemenda í yngstu bekkjunum færi fram á ÍTM. Baráttan fyrir því tók nokkur ár. Í máli kennara kom fram að íslenskt táknað væri ekki daglegt samskipta- og

kennslumál þeirra barna sem skráð væru á táknmálssvið. Jafnframt hefði nemendum ekki verið hrósað af foreldrum eða heyrandi kennurum fyrir frammistöðu í ÍTM, fallega tjáningu eða vel valið tákni heldur eingöngu notkun íslensku. Eftir að nýr skólastjóri tók til starfa hafi kennarar verið beðnir að hrósa líka táknmálsbörnum fyrir þeirra málnotkun.

Jaffe bendir á að kennarar séu í valdastöðu (Jaffe, 2009). Í skóla þar sem tvö tungumál eru notuð birtist afstaða kennara varðandi mikilvægi máls í vali hans á tungumáli. Þegar hann velji eitt mál fram yfir annað þýði það 'þetta er gott og gilt mál'. Afstaða kennarans yfirfærir á málið og markar stöðu málanna innbyrðis. Afstaða hans hefur bæði áhrif á stöðu málanna og gildi og einnig á sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu nemenda. Coupland og Coupland benda á að með afstöðu, sem komi fram í tali eða rituðu máli, varpi höfundur eigin mati, viðhorfum og væntingum á annað fólk. Með því gefist honum tækifæri á að yfirfæra hugmyndafræði sína á það (Coupland og Coupland, 2009). Það er ekki líklegt að börn samsami sig ÍTM, fái döff sjálfsmýnd eða verði fær í íslensku táknmáli ef þau eru í bekk þar sem allir nemendur tala íslensku og kennarar velja að tala íslensku umfram ÍTM eða sýna málinu á annan hátt lítilsvirðingu í hegðun og orðræðu í félagslegu umhverfi barna. Þegar framkvæmd skóla án aðgreiningar er skoðuð nánar er ljóst að merking hugtakanna 'tvítýngi' og 'jafnréttá' eiga tilvísun í mismunandi samhengi eftir því hvort það er heyrandi samhengi eða döff samhengi. Málin eru talin vera jafnréttá innan skólans í skólanámskrá en einungis er lýst kennslu í íslensku. Táknmálið er þurrkað út og sjónarhorn og veruleiki þeirra sem framfylgja skólanámskránni virðast fá forgang. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir að döff nemendur geti átt samskipti við alla kennara sína á ÍTM. Þá er engin námsgrein kennd á ÍTM og túlkuð yfir á íslensku. Nemendur fá fyrst og fremst félagsmótun og öðlast sjálfsmýnd innan málsamfélags íslensku, tileinka sér ekki endilega íslenskt táknmál sem annað af tveimur móðurmálum og ná ekki þeim döff ágóða sem þau fengju innan táknmálssamfélags ef það væri til staðar. Í dæminu sem rakið er hér að framan var málsamfélag barnanna þurrkað út. Það sem var frábrugðið var þurrkað út og er því samkvæmt hugmyndafræði fólks ómerkilegt, skiptir engu máli, því er sleppt og algerlega er litið fram hjá því (Irvine og Gal, 2000).

Breytingar af þessu tagi sem orðið hafa innan skólakerfisins hafa áhrif á hvort nýir málhafar bætist við málsamfélag íslenska táknmálsins. Málhugmyndafræði og kerfislæg heyrnarhyggja hafa alvarlegar afleiðingar og áhrif á hvort málið lifir eða deyr. Skutnabb-Kangas og Phillipson (1994) lýsa því hvernig málréttindi barna víða í heiminum séu ekki virt. Í fyrsta lagi benda þau á málbann eða útrýmingu máls þegar markmiðið er að þvinga börn til að taka upp mál meirihlutans og eyða minnihlutamálinu eins og raddmálsstefnan boðaði og líkja henni við glæp á borð við þjóðarmorð. Slíkar aðstæður séu raunveruleiki í málpolitík og í tengslum á milli tungumála og líkja þau þeim við tungumálastríð. Í öðru lagi nefna þau að tungumál séu víða óbeint bönnuð í gegnum hugmyndafræðilegar og kerfislægar aðferðir. Í rauninni sé minnihlutamál bannað sem samskiptamál í skóla þegar kennarinn er ekki tvítýngdur og er ekki með réttindi til þess að nota minnihlutamálið sem kennslumál. Þau segja að samkvæmt

skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna sé einnig um að ræða málútrýmingu. Börnin séu látin læra meirihlutamálið á frádreginn (e. *subtractive*) hátt, það er á kostnað minnihlutamálsins í stað þess að læra meirihlutamálið til viðbótar við minnihlutamálið. Þau vitna í Krauss (1992) sem spáir því að allt að 90% af raddmálum heimsins og flest táknmál heimsins verði útdauð árið 2100 (Skutnabb-Kangas og Phillipson, 1994). Framkomu gagnvart íslensku táknmáli í skólakerfinu eins og lýst var hér fyrir ofan má því túlka sem óbeint málbann (sbr. Skutnabb-Kangas og Phillipson, 1994). Íslenska er kennd á kostnað íslensks táknmáls en ekki til viðbótar við það eins og ef stefnt væri að virku tvítyngi (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir, e.d.; Cummings, 1996; Skutnabb-Kangas, 2016). Undanfarin ár hafa nokkrir foreldrar flutt frá Íslandi vegna þess sem þeir kalla þjónustuleysi og óánægju með skólakerfi sem döff börnum er boðið upp á. Meðal þeirra eru Sigríður Vala Jóhannsdóttir og Sindri Jóhannsson sem fluttu til Svíþjóðar, þar segja þau að táknmál sé viðurkennt sem tungumál en ekki litið á það sem „töl“ til að nota. Sigríður Vala segir í viðtali í Vísi:

Við Sindri viljum að synir okkar geti sótt sér menntun og þá á ég við að þeir geti gengið í skóla þar sem heyrnarlaus börn mæta ekki útskúfun. Skóla þar sem þeir sitja ekki fremst í skólastofunni og þurfa að treysta á túlk klukkutímum saman. Skóla þar sem þeim er ekki strítt vegna táknmálsins ...

Skóla þar sem kennararnir tala beint við þá og þar sem þeir eru þátttakendur í öllu skólastarfi. Þar sem skólinn er settur upp og hannaður fyrir börn eins og þá. Skóla þar sem þeir geta eignast vini sem fylgja þeim út fullorðinsárin. (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2023)

Stöðu eins og þeirri sem íslenska hefur gagnvart íslensku táknmáli lýsti Anne Pakir (1991) fyrst út frá stöðu ensku gagnvart öðrum málum sem „Killer language“, sú staða valdi gjarnan aldauða minnihlutamála. Þá benda Skutnabb-Kangas og Phillipson (1994) í þriðja lagi á stöðu þar sem bannað er að mismuna fólki á grundvelli máls. Þetta gerist annað hvort beinlínis með því að mismunun sé bönnuð með lögum og ekki sé álitamál um hvort um mismunun á grundvelli máls sé að ræða eða óbeint með því að upp geti komið álitamál í túlkun laga, t.d. vegna þess að lögin fjalli of almennt um að ekki eigi að mismuna fólki. Lög um stöðu íslensku og ÍTM kveða beinlínis á um að bannað sé að mismuna fólki á grundvelli máls. Þrátt fyrir það upplifa döff Íslendingar verulega mismunun í íslensku samfélagi á grundvelli máls. Enn er því haldið fram að skólakerfið bjóði upp á tvítyngi ÍTM og íslensku og að málin séu jafnrétt há en á meðan skólakerfið sundrar málhópnum, sér honum ekki fyrir námsefni á og í málinu og heyrandi kennarar velja að kenna á íslensku er um að ræða óbeint táknmálbann. Eftir að Berglind Stefánsdóttir tók við sem skólustjóri Hlíðaskóla árið 2020 hafa döff kennarar við skólann átt auðveldara með að skýra sjónarmið sín. ÍTM hefur fengið meira vægi og kennarar lýsa því að reynt sé að búa til „and-audískar“ lausnir innan kerfisins sem styðja íslenskt táknmál en þeir segja jafnframt að kerfið sé búið til fyrir heyrandi börn.

Jane H. Hill sagði að hugmyndir fólks sem skapa kynþáttahyggju væru alþýðuskýringar um kynþætti (Hill, 2008). Hugmyndirnar snerust um svo margt sem skipti ekki máli, þurrkuðu út mikið af því sem væri mikilvægt og byggju til svo margar gildir og pytti að það væri líklega ómögulegt að búa til andrasísk verkefni innan ramma þeirra. Nálgun hugmyndafræðinga um skóla án aðgreiningar fyrir tákn málsbörn hefur á sama hátt verið byggð á alþýðuskýringum og innan slíkra formgerða hefur verið erfitt að skapa and-audísk verkefni. Það virðist vera ljóst að framkvæmd stefnu skóla án aðgreiningar, lýsir stofnanalægri heyrnarhyggju (Lane, 1999) þar sem umhverfi nemenda er fyrst og fremst sniðið að heyrandi börnum, sem fá því umfram ágóða, en að takmörkuðu leyti sniðið að sjónrænum þörfum tákn málsbarna. Berglind Stefánsdóttir skólastjóri telur að til þess að gera nemendur sem eiga rétt á að verða tvítyngdir á ÍTM og íslensku að hæfum málnotendum sé nauðsynlegt að mynda tákn málsstaði í samfélaginu og skólanum þar sem börn fá að eiga áhugaverð og mikilvæg samskipti á íslensku tákn máli. Það sé ekki fyrst og fremst hin eiginlega kennsla sem geri þau að hæfum málnotendum.

5.5 Hið normaða samfélag og ágreiningur um kuðungsígræðslur

Á Íslandi sem annars staðar í heiminum hefur verið ágreiningur á milli döff samfélags og heilbrigðisstétta um mikilvægi þess að gera aðgerð á heyrnarlausum börnum og veita þeim heyrn með kuðungsígræðslu. Eins og áður hefur komið fram hefur mjög mismunandi þekking þróast í kringum læknisfræðilegt heyrnarleysi annars vegar og menningarlega samsemd eða döfferni hins vegar. Þekkingin í heyrandi samfélagi er um nauðsyn þess að 'lækna' heyrnarleysi með til dæmis kuðungsígræðslu. Döff fólk lítur hins vegar á sig sem 'þjóð' með annars konar félags- og menningarhegðun, sem á frjótt tungumál – ÍTM, nýtur döff ágóða og óskar ekki eftir 'lækningu'.

Með kuðungsígræðslu er gerð aðgerð á börnum allt niður í hálf til eins árs til að setja í þau kuðung og er markmiðið að gera þeim kleift að heyra og læra raddmál eftir að kuðungurinn er kominn í samband. Döff fólk hefur mótmælt aðgerðinni, ef ígræðslan þýði að börnin hafi ekki aðgang að ÍTM og döff menningu (Júlía G. Hreinsdóttir, 2014). Að þeirra mati eiga öll börn sem greinast með heyrnarskerðingu strax að fá aðgang að íslensku tákn máli eins og lög segja til um og til þess að koma í veg fyrir að hindranir verði á alhlíða þroska þeirra. Fáí börn ígræðslu eigi að tryggja að þau öðlist tvítyngda sjálfsmynd og verði menningarlega döff líka. Döff lífssiðfræðingurinn Teresa Blankmeyer Burke segir að það sé misskilningur að blöndun með heyrandi gefi meiri möguleika og betra aðgengi þegar aðgengi að máli sé að einhverju leyti takmarkað. Jafnvel þótt kuðungsígræðsla virki eins og best verður á kosið sé notandi hennar heyrnarskertur, til dæmis þar sem er bakgrunnshávaði og fáí neikvæða upplifun bæði varðandi aðgengi að upplýsingum og varðandi andlega líðan (Burke, 2015). Í svipaðan streng tekur Sigurlín Margrét Sigurðardóttir þegar hún leggur áherslu á að öll börn með heyrnarskerðingu eigi að fá aðgang að ÍTM til þess að samskiptin séu alltaf skýr. Það eigi ekki að vera valmöguleiki heldur sé það nauðsyn. Döff fólk, sem veit um hvað

Það er að tala, sé sagt að það verði að nálgast foreldra af varúð og „tipla á tánnum“ í kringum þá. Sigurlín Margrét segist upplifa að það sé eins og hagsmunir og tilfinningar foreldra skipti meira máli en framtíð barnsins (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 2023). Mordekaí Elí Esrason skrifaði einnig um velferð döff barna og ákvarðanir foreldra sem hafi leitt til þess að börn hafi ekki náð að blómstra. Mordekaí Elí nefnir þrjú dæmi af börnum, sem hán hefur mætt í starfi sínu hjá Félagi heyrnarlausra, þar sem höfuðáhersla var lögð á íslensku í uppeldi barnanna en ekki ÍTM og bendir á að börnin hafi skort ílag og málörvun sem hafi haft áhrif á þroska og líðan þeirra (Mordekaí Elí Esrason, 2023).

Júlía G. Hreinsdóttir er virtur og reyndur döff táknaáskennari við Háskóla Íslands og hefur í áratugi kennt foreldrum heyrnarlausra barna táknaál en einnig unnið að málörvun barna. Hún sagði í viðtali (2023) fyrir þessa rannsókn að heyrnarskert börn og heyrnarlaus börn sem fá kuðungsgræðslu og fá ekki aðgang að táknaáli verði í mörgum tilvikum á eftir í málþroska jafnvel mállaus. Í þeirri stöðu verði þau fötluð. Hún sjái einnig börn, sem talin eru heyrn vel, sem verði óörugg innan heyrandi menningar vegna þess að þau nái ekki fullum aðgangi að henni. Það hafi bein áhrif á sjálfsmynd þeirra. Börn sem fái að alast upp við íslenskt táknaál, sem sé þeim að fullu aðgengilegt frá fæðingu, þroskast hins vegar eðlilega. Fólk í heyrandi samfélagi eigi erfitt með að skilja þennan sannleika döff fólks og döff fólk á erfitt með að skilja hvers vegna heyrandi samfélag skilur ekki málflutning þess, rök og sjálfsskilning. Teresa Burke tekur sömu afstöðu og Júlía þegar hún bendir á að jöfnuður sé mun meiri í samskiptum á milli döff einstaklinga og heyrandi en á milli þeirra sem eru heyrnarskertir og heyrandi (Burke, 2014). Aðlögunarsjónarmið (eins og birtast í framkvæmd stefnu skóla án aðgreiningar) gildi ekki þegar um sé að ræða takmarkaðan aðgang að máli. Mæld heyrnarstaða er að hennar mati ekki það sem er marktækt heldur félagslegt álag. Horfa verði til þess að manneskjan blómstri (e. *human flourishing*) (Burke, 2015). Aðgengi að tungumáli sé nauðsynlegt til þess að blómstra og fyrir döff samfélag sé það aðgengi að fullkomlega aðgengilegu táknaáli. Takmarkað aðgengi að raddmáli ef heyrnin er skert krefst þess að fyllt sé í eyður í samskiptum sem veldur umtalsverðu vitsmunalegu álagi. Það að kasta frá sér möguleikanum á að börn fái blómstra, í heimi þar sem tryggt er fullt aðgengi að máli en ekki takmarkað, sé ómetanlegur skaði.

Árið 2014 fór fram umræða opinberlega í fjölmiðlum í nokkrar vikur á Íslandi um kuðungsgræðslur. Það sem kom umræðunni af stað var formleg fyrirspurn frá þremur læknum (yfirlæknum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, háls- nef- og eyrnadeildar Landspítala og Barnaspítala Landspítala) til umboðsmanns barna um hvernig heilbrigðisstarfsfólk ætti að bregðast við þegar foreldrar ákvæðu að börn þeirra sem væru heyrnarlaus eða verulega heyrnarskert skyldu ekki fá kuðungsgræðslu. Ástæða bréfs lækna til umboðsmanns var sú að fjögur pör döff foreldra vildu ekki láta græða kuðung í heyrnarlaus börn sín. Umboðsmaður barna gaf álit þar sem hún veitti læknum ráðgjöf, vitnaði í íslensk lög, sáttmálann um réttindi fatlaðs fólks um virðingu fyrir eðlislægri reisn fólks og einstaklingsbundnu sjálfræði, þar með talið frelsi til að

taka eigin ákvarðanir og í barnasáttmála (Marta María Sigurðardóttir, 2014). Hún lagði áherslu á að samkvæmt íslenskum lögum þyrftu foreldrar að samþykkja læknismeðferð barna sinna. Ef foreldrar segðu nei við kuðungsígræðslu fyrir börnin væri hlutverk heilbrigðisstarfsmanns fyrst og fremst að veita foreldrum upplýsingar. Enn fremur, ef heilbrigðisstarfsfólk teldi ákvörðun foreldra ekki vera í samræmi við hagsmuni barnsins væri hægt að leita til Barnaverndarstofu. Umboðsmaður barna vitnaði ekki í tungumálalögin um stöðu íslensks táknmáls til jafns á við íslensku í samskiptum manna í milli.

Í *Morgunblaðinu* birtist frétt með fyrirsögninni „Foreldrar neita að samþykkja aðgerð“ (Foreldrar neita að samþykkja aðgerð, 2014). Vitnað er í umboðsmann barna og voru tilvitnanir einhliða. Samkvæmt fréttinni og túlkun blaðamanns virtist umboðsmaður telja að það væri barninu fyrir bestu að fá ígræðslu. Döff fólk á Íslandi var hneykslað og móðgað yfir frétt *Morgunblaðsins* og anda hennar um að döff foreldrar yrðu sakaðir um vanrækslu í garð barna sinna. Þeir brugðust við með athugasemdum á samfélagsmiðlum og grein í *Morgunblaðinu* frá þeirra sjónarhóli þar sem þeir leituðu lögmætis fyrir samfélagslegri viðurkenningu á sér sem sjónrænu döff fólk með sína eigin döff menningu (Júlía G. Hreinsdóttir, 2014). Menningarleg afstaða foreldranna var útskýrð sem og hugmyndin um að almennt segðust heyrnarlausir ekki vilja láta „lækna sig“, þeir væru ekki veikir eða fatlaðir. Réttur foreldra til að velja fyrir börn sín var ítrekaður, þar á meðal réttur þeirra til að velja innan hvaða menningarsamfélags börnin ælust upp. Höfundur greinarinnar var Júlía G. Hreinsdóttir. Í kjölfar greinar hennar fylgdi auk þess viðnám frá döff foreldrum, eins og sást meðal annars á kaldhæðnislegu bloggi á vefnum: „Þakka þér HTÍ fyrir að eyðileggja fyrir fjölskyldu okkar“. Í kjölfarið fylgdi grein sem framkvæmdastjóri HTÍ skrifaði um afstöðu heilbrigðisstarfsfólks og enn önnur frá sjónarhóli heyrnarlausra (birt á vef Táknsmiðjunnar sem ekki er aðgengilegur nú). Síðan birtust tvö viðtöl við önnur hjónanna í tveimur dagblöðum. Ein fyrirsögnin var: „Ég er ekki slæm móðir“. Með viðtölunum tveimur leituðu döff foreldrar eftir viðurkenningu á sjálfræði sínu til að koma fram fyrir hönd barna sinna og fá viðurkenningu frá samfélaginu á þeim sem góðum foreldrum. Í kjölfar viðtalanna urðu heitar umræður á samfélagsmiðlum og athugasemdasíðum þar sem fólk felldi harða dóma á báða bóga.

Eftir deilurnar bað höfundur þessarar ritgerðar þörin fjögur um viðtöl um afstöðuna sem þau tóku og orðræðugreindi greinina sem skrifuð var frá hlið heilbrigðiskerfisins.

5.5.1 Nýlenduháttur og raddmálsháttur

Ladd stingur upp á að nota hugtakið „tungumálanýlendustefna“ (e. *linguistic colonialism*) (Ladd, 2003, bls. 17) og tengja með því á milli orðræðu um táknmálssamfélög og nýlendusamfélög. Hann sér samsörun á milli þess að vilja eyða frumbyggjamenningu og skipta út fyrir vestræna menningu og þess að eyða táknmálum og döff menningu í skiptum fyrir raddmál og heyrandi menningu. Hér verður gengið út

frá þessari samsvörun og notuð þemu um nýlendustefnu og kynþætti til þess að skoða þekkingarkerfi döff samfélags og varpa ljósi á núverandi stöðu döff fólks. Maldonado-Torres (2007) segir nýlenduátt eiga við um birtingarmynd langvarandi valdamynsturs sem sé afleiðing af nýlendustefnu. Nýlenduáttinum sé haldið á lífi í mörgum þáttum upplifunar okkar í nútímanum. Að því leyti öndum við nýlenduáttinum að okkur á hverjum degi. Í stöðu döff er raddmálshætti haldið lifandi á sama hátt. Í bókum, viðmiðum um námsárangur, í menningarmynstrum, lögum, heilbrigðri skynsemi og sjálfsmynd döff fólks.

Í gegnum söguna hefur stjórnun þekkingar ekki verið hjá döff fólki heldur hjá 'sérfræðingum' sem dreifa þekkingu um döff til almennings (sérfræðingar til dæmis á sviði læknisfræði og menntunar). Þessi heyrandi þekking, sérstaklega þekkingarfræðileg vídd raddmálsstefunnar, hefur verið grunnurinn að valdatengslum heyrandi og döff eða yfirráðum yfir döff fólki og hefur réttlætt tilraunir, andlegar og líkamlegar pyntingar í garð þess. Döff hafa verið talin ófær um að búa til gilda þekkingu, döff þekkingarfræði er þurrkuð út og hunsuð. Í nútímanum er þekkingarfræði læknisfræði hin náttúrulega þekking. Horft er á döff manneskju sem heyrnarlausu manneskju eða heyrnarskerta manneskju, sem þarf að laga, en allt sem er döff er þurrkað út. Döff veran (e. *being*) er þurrkuð út. Raddmálsháttur þekkingar (að meta þekkingu út frá raddmáli) helst í hendur við raddmálshátt verunnar (að meta hana út frá raddmáli) og valdatengsl sem myndast út frá raddmálsstefnu og er enn viðhaldið á margvíslegan hátt. Maldonado-Torres (2007) vitnar í Mignolo (2003) þegar hann útskýrir að ekki sé hægt að aðskilja þekkingu og visku frá tungumáli; tungumálið sé ekki einungis menningarlegt fyrirbrigði þar sem fólk finnur sjálfsmynd sína, þekkingin sé einnig skráð í tungumálunum. Þar sem tungumál séu ekki eitthvað sem manneskjur eiga eða hafa heldur frekar eitthvað sem manneskjur eru, valdi nýlenduáttur valdsins og þekkingarinnar nýlenduátti verunnar. Almennur fær undirliggjandi raddmálshátt og heyrnarhyggju styrkta í gegnum hugmyndafræði sumra lækna og sumra kennara sem 'vita best' og standa í þeirri meiningu að framför í vísindum sé framför mannkynsins. Við öndum þannig að okkur raddmálshættinum eins og heyrnarhyggjunni sem Humphries lýsti.

5.5.1.1 Um raddmálshátt döff verunnar

Tungumál eru ekki eitthvað sem manneskjur hafa heldur „eitthvað sem mannverur eru“ (Maldonado-Torres, 2007, bls. 242). Heiðís Dögg Eiríksdóttir lýsir slíkri upplifun af því, að íslenskt táknmál sé ekki bara eitthvað sem hún á heldur eitthvað sem hún er, þegar hún segir að táknmál hafi bjargað lífi sínu. Ef hún ætti það ekki væri hún ekkert. Þegar Júlía Hreinsdóttir túlkaði veru sína í heiminum með íslensku táknmáli og þeim orðum að án þess væri ekkert líf er það sömu merkingar og að tungumál séu eitthvað sem mannverur eru. Þetta veit Júlía eftir að hafa lifað raddmálsstefnuna í Heyrnleysingjaskólanum þegar málið var álituð eitt aðaleinkennið sem greindi mann frá dýri. Maldonado-Torres (2007) lýsir birtingarmynd nýlenduáttar verunnar (e. *coloniality*

of being) fyrst og fremst sem ósýnileika og afmennskun. Þegar einungis er horft til málleysis manneskju ef hún talar ekki raddmál eða íslensku er ÍTM þurrkað út og horft er framhjá því sem Heiðdís og Júlía líkja við líf sitt. Sá hluti tilvistarinnar sem við köllum döff veruna er ekki til. Döff veran er ósýnileg eins og ÍTM sem Heiðdís og Júlía líta á sem allt – án þess væri ekkert líf. Í gegnum söguna hefur verið komið fram við döff fólk eins og það væri ósýnilegt og ómennskt án raddmáls. Í raddmálsstefnunni voru tákn máls bönnuð. Döff voru bannaðir, þeir voru hinir fordæmdu jarðarbúar. Veran sem er „ekki til“ (Maldonado-Torres, 2007, bls. 242). Döff fólk hugsaði ekki og var ekki – það vantaði veruna. Raddmálsháttur verunnar birtist enn þá þannig í gegnum útpurrkun tungumáls og afmennskun. Döffið er í sumum tilvikum enn þá ósýnilegt, eins og döffernið – döff veran. Málhugmyndafræði sem er ráðandi í dag skapast og endurskapast út frá raddmálshætti verunnar í lögum og stefnum og framkvæmd þeirra, til dæmis í skólakerfi og í fjárframlögum til ÍTM.

5.5.2 Lífvaldið og andóf hinna valdalaus eða fordæmdu

Af viðtölum við þörin var ljóst að þau höfðu öll íhugað vandlega möguleikann á að eignast heyrnarlaust barn. Þau höfðu kynnt sér kuðungsígræðslu frá öllum hliðum og höfðu tekið upplýsta ákvörðun gegn því að fá aðgerð fyrir börnin sín. Að þeirra mati myndi ígræðsla brjóta upp samhljóminn í einsleitri döff fjölskyldu með auðveldum samskiptum og lífi saman innan sömu menningar. Þau gætu gefið barninu menningar- og málauð sem þau ættu en ekki þann sem fylgdi raddmáli. Ígræðslan myndi þýða að máltaka barnsins þyrfti að fara fram annars staðar en heima. Þau þyrftu að keyra barnið í talkennslu og heyrnarþjálfun sem það fengi í takmarkaðan tíma á viku.

Þegar Davíð og Sigrún voru spurð hvort þau litu á heyrnarleysi sem sjúkdóm svöruðu þau: „Auðvitað ekki, döff er eðlilegt. Það er lífið sjálft.“ Börnin voru fullkomlega heilbrigð í þeirra augum og ábyrgð foreldranna var að vernda barnið sitt og halda því áfram heilbrigðu. Ígræðsla myndi rjúfa heilbrigði barnanna og þau yrðu viðföng læknisfræði alla ævi. Að auki myndi ígræðsla hafa í för með sér hættur sem tengdust aðgerð, breytingar á lífsstíl og hafa áhrif á lífsgæði. Foreldrarnir vildu að börnin lærðu bæði ÍTM og íslensku, án þess að hætta heilsu sinni, frekar vildu þau fá utánaliggjandi heyrnartæki og talþjálfun. En þau gátu ekki fengið talkennslu. María sagði: „Þeir segjast aðeins þjálfva börn með kuðungsígræðslu“.

Eftir að börnin höfðu verið greind heyrnarlaus sögðu allir foreldrar „nei takk“ við kuðungsígræðslu. Engu að síður voru þau kölluð ítrekað til frekari mælinga og eftirlits og spurð hvort þau hefðu hugsað sig betur um varðandi ígræðsluna. Læknirinn reyndi að sannfæra þau með því að útskýra út frá þekkingarkerfi sínu að barnið þeirra gæti átt við vandamál að stríða í framtíðinni, til dæmis að missa sjónina eða fá vandamál með hjartað. Albert sagði: „Ég svaraði henni ekki en það er ekki gott að segja þetta. Ef við segjum nei við ígræðslu ættu þau að hjálpa okkur að finna aðra leið fyrir okkur og börnin okkar.“ Þau upplifðu neikvæð viðhorf til ÍTM. „Ekki gleyma að þau sögðu okkur

að það væri mikilvægt að græða kuðung í barnið því það verði ekkert táknmál í framtíðinni!“ sagði María. Umræðan um ákvörðun þeirra var neikvæð og um það að vera heyrnarlaus. Elísabet lýsti því að heyrnarsérfræðingur hefði sagt henni að líf dóttur hennar yrði erfitt. Hún gæti ekki menntað sig og farið í háskóla. Albert bætti við að hún hefði útskýrt að það yrði erfitt fyrir dóttur þeirra að tileinka sér tungumál og þroski heilans yrði hægur vegna þess að mjög fáir myndu tala táknmál. „Ég þagði bara,“ sagði Albert. „Ég er þreyttur á kúguninni, skipandi mér aftur og aftur það sem þeir halda að sé rétt fyrir barnið okkar og þeir niðurlægja táknmál og segja að það verði útdautt í framtíðinni. Ég sagði ekki neitt.“ María varð æstari þegar hún útskýrði nánar:

Þau segja að við höfum ekki nægar upplýsingar um ígræðsluna – að mig vanti upplýsingar? Og spyrja aftur og aftur – ég er ekki sátt við að horfa á þennan lækni – lækninn sjálfan vantar upplýsingar – það er ekki okkur sem vantar upplýsingar. Þeir útskýrðu fyrir okkur hvað það þýðir að vera heyrnarlaus. Við vitum það betur en heyrandi fólk.

Foreldrarnir vissu allir um fordómana í garð döff; þann skilning að heyrnarleysi þýddi fötlun, glötuð tækifæri og að vera á eftir. Þau vissu að döfferni þeirra væri ekki viðurkennt og að döffið væri ósýnilegt í augum læknanna. Þau tengdu ákveðna eiginleika við HTÍ; þau niðurlægja, áreita og skipa. Þar eru börnin greind og gerður greinarmunur á „við“ og „þau“. ÍTM er hunsað eins og þess sé ekki þörf. Albert sagði: „Mín upplifun er að það þýði að táknmál séu eitthvað neikvætt eða hvað þýðir það? Markmið þeirra er að eyða okkur. Sams konar upplifun döff viðmælenda var lýst í rannsókn Kristins Arnar Diego og Stefan C. Hardonk (2023) á sjálfsmynd ungra döff einstaklinga á Íslandi eða að áhersla heyrandi fólks á KÍ fæli í sér að það væri skammarlegt að vera döff og að ÍTM væri neikvætt.

Raddmálsháttur HTÍ vísar til langvarandi valdamynsturs sem varð til sem afleiðing af raddmálsstefnu og býr til tengsl milli ráðandi aðila á HTÍ og undirsettra foreldra sem upplifa sig í hlutverki hinna fordæmdu. Eins og þekking nýlendna er þurrkuð út og eytt í orðræðunni og þekking norðursins er gerð náttúruleg (Åkeson, 2021) er þekking ÍTM samfélagsins og ÍTM þurrkuð út og henni eytt úr orðræðunni. Heyrnarleysi er það sem sést en döffið er ósýnilegt, eins og döffernið – döff veran. Valdið hefur enn sterkari tök vegna valdamunar á tungumálunum sem notuð eru. Van Dijk segir peninga, pólitík og hugmyndafræði hafa áhrif á tungumál og valda vanmætti þeirra sem búi við nýlendukúgun (Van Dijk, 2009). Döff fólk hefur í gegnum söguna fundið fyrir hegðun eins og þeirri sem HTÍ sýndi og segist finna sterkast fyrir valdamun í notkun tungumálsins, að oft þori það ekki að segja sína skoðun (Valgerður Stefánsdóttir, 2005). Þá hefur sú upplifun viðmælenda komið fram að það sem sagt sé á ÍTM hafi ekki jafnmikið vægi og hitt sem sagt er á íslensku. Orðræða útrýmingar í samtölum við foreldrana var notuð til þess að veikja tungumálið og ýta frá því og endurspeglar þá hugmyndafræði að ÍTM sé viðkvæmt og veikt mál. Valdatengslin voru því mjög skýr.

Foreldrarnir útskýrðu hvernig þeir þögðu bara, svöruðu ekki eða þögðu og sögðu takk fyrir.

5.5.3 Afstaða hefðbundinnar læknisfræði

Heyrnar- og talmeinnastöð Íslands hefur frá árinu 1978 haft bæði skaut lífvaldsins með höndum, eftirlitið og lífþólitík líkamans (e. *anatomo-politics of the body*). Forstjóri HTÍ skrifaði grein í *Morgunblaðið* sem svar við sjónarhorni döff. Með því að taka þátt í umræðunni kom forstjórinn fram sem fulltrúi ríkjandi kerfis opinberrar stjórnsýslu og stjórnkerfis, frá staðnum þar sem ráðagerðirnar eru samdar með fulltingi valds (sbr. de Certeau, 1984). Því má túlka svar hans út frá valdatengslum (Van Dijk, 2009). Með hliðsjón af Jaworsky og Thurlow (2009) fela allir ritaðir og talaðir textar í sér hugmyndafræði að því leyti að þeir a) birta sjálfsmyndir og tengsl, b) endurskapa skoðana- og valdakerfi og c) viðhalda formgerðum ójöfnuðar og forréttinda (Jaworski og Thurlow, 2009, bls. 197). Ég vildi skoða hugmyndafræði textans í þessu ljósi og kanna hvort hugmyndafræðin sem foreldrarnir lýstu í viðtölunum birtist í texta greinarinnar. Orðræðugreining gerir ráð fyrir að valdi sé miðlað í gegnum orðræðu með því að höfundar varpi viðhorfum, mati og væntingum sínum á lesendur, og valdi sé þannig viðhaldið, það sé skapað og endurskapað (Machin og Mayr, 2012; Jaffe, 2009; Wodak, 2015; Reisigl og Wodak, 2017).

Forstöðumaður réttlætir í greininni þá aðgerð læknanna að leita til umboðsmanns barna vegna ákvörðunar foreldranna, með því að þeir séu að standa vörð um réttindi og sinna fullkomlega eðlilegum skyldum: „Fyrirspurn heilbrigðisstarfsmannanna (yfirlækna Heyrnar- og talmeinnastöðvar Íslands, Barnaeildar LSP og Háls-, nef- og eyrnadeildar LSP) varðar réttindi heyrnarlausra barna og foreldra þeirra sem og skyldur heilbrigðiskerfisins gagnvart börnum sem fæðast heyrnarlaus“ (Kristján Sverrisson, 2014, bls. 34). Augljóslega eru heyrnarlausir foreldrar vandamál fyrir ríkjandi kerfi með því að fylgja ekki reglum hins menningarlega forræðis. Samkvæmt hugmyndafræði hans og heyrnarhyggju, sem felur í sér að það að geta heyrt og talað íslensku sé grunnur að lífshamingju barnanna, eru foreldrar að gera rangt og svipta börn sín aðgangi að lífsgæðum sem felast í heyrn. Með því vísar hann í sitt heyrandi samhengi en samhengi foreldranna – það er ekki gilt. Læknar gera ráð fyrir að þeir eigi ekki annað úrræði en að leita ráða hjá umboðsmanni þar sem foreldrarnir virðast að hans mati hvorki hæfir til að taka eigin ákvarðanir né hafa lögmæti til þess að taka upplýsta ákvörðun. Það er bæði ábyrgð og forréttindi lækna að „siða frumbyggjana“ (Ákeson, 2021, bls. 926) og gæta þess að „réttindi heyrnarlausra barna og foreldra þeirra“ séu virt.

Forstjórinn notar í málflutningi sínum „skyldur heilbrigðiskerfisins“ gagnvart börnum sem eru í augum foreldra sinna heilbrigð og fullkomlega eðlileg. Að mati þeirra verða börnin með ígræðslu sjúklingar í heilbrigðiskerfinu. Hann þurrkar út með afstöðu sinni sjónarhorn döff foreldra og þá staðreynd að börnin tilheyra döff fjölskyldum og

menningarsamfélagi. Með því að segja að heilbrigðiskerfið hafi skyldur gagnvart börnunum og foreldrum þeirra hefur hann þegar gert ráð fyrir því að við það að barn fæðist heyrnarlaust sé það orðið viðfang læknisfræðinnar. Hann tekur yfirburðastöðu og setur foreldrana í lægri stöðu. Hann virðir ekki lögmætan rétt þeirra til að ákveða fyrir börn sín heldur réttlætir þá athöfn lækna að leita ráða gegn foreldrunum. Frá hans sjónarhóli vantar foreldrana upplýsingar og þau eru vandamál. Hann segir að læknar hafi „metið svo að börn geti fengið heyrn sem dugi þeim til að ná fullum málþroska“. Jaworski og Thurlow benda á að slík afstaða merki að það að fá heyrn 'sé best'. Hún dulbýr sig sem dómgreind og felur mat sitt undir því sem telst 'náttúrulegt' og 'eðlilegt' (Jaworski og Thurlow, 2009, bls. 218). Þegar hann talar um 'fullan málþroska' er það sett fram eins og eðlilegt sé að hann náist einungis í gegnum heyrn. Hann sleppir því að nefna að máltaka barna sem fá kuðungsígræðslu (án ÍTM) er seinkuð því hún hefst ekki fyrr en kuðungurinn hefur verið settur í samband. Jafnframt sleppir hann því að ræða að málþroski fái einnig í gegnum íslenskt táknmál og að mál sé ekki 'tal'. Hann þurrkar út íslenskt táknmál og máluppeldi foreldranna sem og að þeir hafi bent á að þeir geti ekki veitt barninu sínu málörvun í gegnum íslensku. Í afstöðu forstjórans er kuðungsígræðsla metin sem 'rétt lausnin' og lýst er hugmyndafræðilegri stefnumörkun HTÍ sem gefur öðrum línur til að fylgja. Markmiðið, að gera börnin 'eðlileg', er gert hlutlaust með því að afstaða HTÍ byggir á þekkingarvaldinu eða valdi yfir lífi og endurspeglar notkun þekkingar sem valdauðlindar (Foucault, 1980). Með því tekur hann aftur á táknrænan hátt frá foreldrum lagalegan rétt þeirra til að ákveða fyrir börn sín. Útþurrkun íslensks táknmáls og afmennskun verður birtingarmynd raddmálsháttar verunnar. Döfnið er gert ósýnilegt, eins og döfnið – döf veran eða barnið sem er döf. Læknar eru virtir og hafa stöðu og lögmæti til að hafa yfirráðavald. Þessi staða hefur alltaf gert þeim kleift að segja fólki hvað er eðlilegt að gera og þeir eru vanir því að fólk fylgi ráðum þeirra. Læknar hafa lögmæti til að stjórna orðræðunni, ráða yfir þekkingarviði sannleikans (e. *epistemic regime of truth*), þeir eru vanir að ráða, stýra þeim sem eru undirsettir og þjálfá í samræmi við reglur valdsins (Foucault, 1980, 1991).

Forstjórinn tekur elítíska afstöðu sem einkennist af eiginleikum sem hann tengir við döf fólki; Döf fólki þarf að upplýsa: „Júlía virðist misskilja að nokkru leyti tilgang og markmið erindisins...“ (Kristján, 2014). Afstaða, sem áður kom fram í tengslum við foreldrana og talað er um í nútímanum sem gaslýsingu, birtingarmynd andlegs ofbeldis með það að markmiði að einstaklingar efist um vitsmuni sína, tilfinningu og það hver þau eru?

Í textum og framsetningu má greina valdamun í gegnum hvers veruleiki fær forgang í skrifum (Chandler, 2007), veruleiki sem er réttari og betri en fólks sem er stimplað úrræðalaust, fáfrótt og frumstætt. Forstjórinn sakar foreldrana um að koma í veg fyrir að HTÍ geri það sem er rétt, með óhlýðni sinni, og gefur til kynna að þeir séu ekki fróðir um nútímalæknisfræði. Hann bendir enn fremur á að val foreldranna stofni heilbrigðisstarfsfólki í hættu einhvern tímann í framtíðinni ef börnin muni síðar saka heilbrigðiskerfið um að hafa ekki grætt í þau kuðung: „Eiga heilbrigðisstarfsmenn á

hættu að börnin komi síðar og stefni heilbrigðiskerfinu fyrir að hafa ekki veitt þeim þá heyrn sem nútímalæknisfræði er fær um að veita þeim? Við þessum spurningum er í raun verið að leita svara.” (Kristján, 2014) Ákvörðun foreldra hafi því ekki bara áhrif á börn þeirra heldur einnig starfsfólk HTÍ og Landspítalans. Með þessu líta foreldrarnir enn verr út vegna þess að þeir taka ekki tillit til „öryggis“ og „velferðar“ allra þessara annarra þegar þeir taka ákvörðun.

Að lokum gefur hann til kynna að það sé óttinn við að börn þeirra tileinki sér raddmál og heyrn sem stýri ákvörðun þeirra. Þessi ótti setji þá í sömu stöðu og hinna fordæmdu raddmálssinna, sem bönnuðu táknmál rétt eins og foreldrarnir banni nú tal: „Eru foreldrar sem hafna kuðungsígræðslu að svipta barn sitt rétti til heyrandi talmáls, rétt eins og heyrnarlausir voru áður sviptir rétti til táknmáls?“ (Kristján, 2014, bls. 34). Hann líkir foreldrunum við raddmálssinna, sem sviptu heyrnarlaus börn hvaða tungumáli sem er – móðurmáli og reyndu að mennta þau með kennsluáðferðum fyrir heyrandi börn. Áðferðir heyrandi fólks, sem foreldrarnir þekkja svo vel, og vita af eigin raun að leiddu til ólæsis, einangrunar, útilokunar frá menntun og þeirra tækifæra sem lífið hefði getað boðið upp á. Hann ber lögvarða og velígrundaða ákvörðun foreldranna um velferð og heilbrigði barna sinna saman við hið hræðilega táknmálmálbann og gefur lesendum, hugsanlega án þess að hann viti af því, þá skoðun að foreldrarnir séu fáfróðir, fylgi ekki nútímatækninýjungum, séu vondir, sjálfhverfir og stjórnsamir og virðist alls ekki gera sér grein fyrir því að tækninýjungar séu bót fyrir mannkynið. Með því að líkja ákvörðun foreldranna við þá ákvörðun óralista að banna öll táknmál heimsins heldur hann áfram að þurrka út íslenskt táknmál, önnur táknmál og döff menningu. Hann lítur jafnframt fram hjá því að foreldrunum var neitað um talkennslu á HTÍ fyrir börnin sín þar sem aðeins börn með kuðungsígræðslu fá talkennslu og að heyrnarlaus börn heyrnarlausra foreldra segja sitt fyrsta tákn um heyrnarlaus börn heyrnarlausra foreldra segja sitt fyrsta tákn um 6–8 mánaða og eiga í samskiptum við foreldra sína á máli á sama tíma og börn sem fá ígræðslu eru, ef allt gengur upp, að hefja máltöku. Orðræða sem felur í sér að börn sem tali ÍTM verði á eftir í þroska og fötluð er allt önnur innan ÍTM samfélagsins. Þar veur það hryggð að vita af börnum sem ekki fá aðgang að ÍTM á fyrsta ári verða á eftir í málþroska og glata þeim ávinningi sem fæst af því að fá að vera döff. Valdæknir lífvaldsins framkallar þannig og endurskarpar hugmyndafræðina um hið ‘eðlilega’ og heyrnarhyggjuna sem er innifalín í henni. Á sama tíma er eftirspurn foreldra sem eignast heyrandi börn sérstaklega í Bandaríkjunum mikil eftir því að fá táknmálkennslu fyrir sig og börnin sín til þess að geta átt samskipti við þau í gegnum táknmál áður en þau hafa náð valdi á raddmáli (Snoddon, 2014). Slíkar fyrirspurnir hafa einnig komið á borð SHH sem bent hefur á barnasíðu á SignWiki.is (<https://is.signwiki.org/index.php/Flokkur:B%C3%B6rn>).

Enn þá hélt HTÍ að ákvörðun foreldranna væri tekin út frá skorti á upplýsingum þegar stofnunin boðaði til fræðslufundar með samfélagi heyrnarlausra. Rök Maldonado-Torres um hvernig nýlenduháttur verunnar birtist eiga enn við: „Ég hugsa (aðrir hugsa ekki, eða hugsa ekki rétt), þess vegna er ég (aðrir eru ekki, vantar veru, ættu ekki að vera

eða mega missa sín)” (Maldonado-Torres, 2007, bls. 252). Á fundinum var aðgerð stofnunarinnar réttlætt enn frekar og táknmál var áfram þurrkað út sem móðurmál, döff menning sömuleiðis og upplýsingarnar sem döff foreldrar höfðu gefið. Sousa Santos kallaði slíka athöfn í ljósi evrópskrar nýlendustefnu „epistemicide“ (Santos, 2018) í merkingunni að þagga, eyða eða verðfella þekkingarkerfi. Döff fólk fékk á fundinum upplýsingar um ‘sannleikann’ um þau sjálf, þá hugmynd að tilvera þeirra væri óæskileg og hvað væri börnunum þeirra fyrir bestu. Á fundinum mótmæltu döff og reyndu að rökræða í fyrstu en þögðu síðan að mestu við upplýsingar frá HTÍ.

Þekkingarvald sérfræðinga er öflugt. Það fylgir ekki lögum heldur byggir á alþýðuskýringum en ekki þekkingu til dæmis á máltöku, vitsmunabroska, félagslegri þýðingu máls eða menningu. Nánast öll börn sem fæðast heyrnarlaus í dag fara í kuðungsígræðslu með það að markmiði að þau læri íslensku en ekki að þau læri íslenskt táknmál og verði tvítýngd. Í grein í *Morgunblaðinu* skrifar Eva Albrechtsen, sérfræðilæknir á HTÍ, um heyrnarskimun nýbura: „Forsenda málþroska og málskilnings barns er góð heyrn og heyrnarminni heilans. Heyrnin er eitt þeirra skynfæra sem móta barnið, atferli þess og persónuleika. Með heyrninni læra börn málið og notkun þess en einnig að skynja blæbrigði máls.“ (Eva Albrechtsen, 2021). Eva bendir á að kuðungsígræðsla fyrir eins árs aldur lækni heyrnarleysið þannig að málþroski barns, námsgeta og félagslegur þroski bíði ekki skaða. Orðið ‘málþroski’ hefur ómerkta (e. *unmarked*) stöðu sem eingöngu raddmál geta veitt. Van Dijk segir valdahópa halda stöðu sinni og tungumáli ómerktu (Van Dijk, 2012). Það er *doxa*. Ekkert annað kemur til greina en raddmál og endurspeglar sömu málhugmyndafræði og raddmálsstefnan um að hugsunin búi í talinu. Á fyrirlestri sem Eva hélt á vorráðstefnu Ráðgjafar- og greiningarstöðvar í maí 2021 um kuðungsígræðslu sagði hún að HTÍ legði enga áherslu á að heyrnarlaus börn fengju máltöku á ÍTM áður en þau færu í KÍ. Að hennar mati var eðlilegt og óumdeilanlegt að málþroski fengist eingöngu í gegnum raddmál. Íslenskt táknmál, döff fólk, döff menning og reynsla, vilji döff fólks og málþroski sem fæst í gegnum íslenskt táknmál er þurrkaður út (sbr. Irvine og Gal) úr umræðunni eins og einkennandi er fyrir valdið sem vinnur gegn málinu í gegnum málhugmyndafræði. Með þekkingarvaldi sínu varpar hún hugmyndafræði sinni á lesendur og birtir raddmálshátt verunnar og afmennskun; döff er ósýnilegt, eins og döffernið – döff veran. Sama á við um mikilvægi ÍTM og þörf og lagaleg réttindi barna, sem fæðast heyrnarlaus, til þess að fá tækifæri til þess að þroska mál á fyrsta árinu.

Sama hugmyndafræði gildir einnig í öðrum löndum þar sem foreldrum er ráðið frá því að börnin læri táknmál á grundvelli þess misskilnings að það hindri þau í að læra raddmál. Campbell o.fl. (2014) hafa bent á að það sé misskilningur að halda að táknmál valdi röskun á málþroska heyrnarlausra barna sem eigi heyrandi foreldra og fá kuðungsígræðslu. Á næmisskeiði fyrir mál verði þau hins vegar í hættu á að tauganet sem styður málúrvinnslu þroskist ekki eðlilega ef þau fá ekki aðgang að máli fyrir ígræðslu. Það skerði málhæfni þeirra síðar. Táknmál sem heyrnarlaust barn tileinkar sér sem fyrsta mál í táknmálsumhverfi örvi og sérhæfi taugaþroska í heila á sama stað og

raddmál í heyrandi barni (Campbell o.fl., 2014). Fleiri rannsóknir á börnum sem fengið hafa kuðungsígræðslu en nota ekki táknaál benda til þess að málþroski þeirra sé mjög misjafn og yfirleitt verri en heyrandi barna (Murray o.fl., 2019). Hins vegar nái börn sem séu tvítyngd á táknaál og raddmál jafngóðum málþroska og heyrandi börn og betri en börn með kuðungsígræðslu án táknaáls. Táknaálin hafi alveg sams konar áhrif á málþróun í heila eins og raddmál og séu að fullu aðgengileg börnunum. Þau benda á að málsveldi (e. *language deprivation*) á næmiskeiði fyrir mál hafi alvarlegar afleiðingar fyrir börnin menntunarlega, andlega og líkamlega.

Í fréttabréfi Rhode Island skóla fyrir heyrnarlaus börn í Bandaríkjunum, þar sem tekið hefur verið á móti börnum sem fengið hafa kuðungsígræðslu en ekki náð eðlilegum málþroska, kemur fram að ekki sé hægt að fylla í þau gót sem verða til á máltökuskeiði (WSBE Rhode Island PBS, 2023). Það sé því höfuðatriði að öll börn sem fæðist heyrnarlaus fái strax aðgang að táknaáli og fylgst verði með máltöku þeirra áfram. Nú hafi 21 ríki í Bandaríkjunum sett lög um að fylgjast verði með máltöku heyrnarlausra barna. Jafnframt þurfi að styrkja foreldra til að læra táknaál og að styðja máltöku barnanna bæði á raddmáli og táknaáli.

Raddmálsháttur þekkingarinnar birtist með því að enn þá er döff fólk dæmt óhæft til þess að búa til lögmæta þekkingu, döff þekking er þurrkuð út og þekkingarfræði hefðbundinnar læknisfræði er hin náttúrulega þekking. Lane bendir á að erfitt sé að greina stofnanalæga heyrnarhyggju því hún sé dulin undir viðurkenndum skynsamlegum aðgerðum og venjum. Heyrnarhyggjan byggir á að það að heyra sé hið eðlilega ástand og að tala sé það sem geri okkur mannleg (Lane, 1999). Brenda Jo Bruggerman, prófessor í ensku og heyrnarskert kona, réðst gegn oflæti sem birtist í heyrnarhyggju og þeirri takmörkuðu sköpun á döff fólk að það væri fatlað og útskýrði hvernig heyrnarhyggjan byggði á þversagnakenndri rökhendu (e. *sylllogism*) sem leiddi til rangrar niðurstöðu: „Tungumál er mennskt; tal er tungumál; þess vegna er heyrnarlaust fólk ómennskt og heyrnarleysi vandamál“ (Brueggerman, 1999, bls. 105).

5.5.4 Raddmálsstefna – nýlendustefna

Munur er á heyrandi menningu og döff menningu og á milli eru valdatengsl sem minna á nýlenduvald og muninn á milli suður- og norðurhælmings jarðar. Ladd (2003) og Lane (1999) líktu tilraunum til þess að breyta heyrnarlausum börnum í ‘heyrandi’ börn sem eiga samskipti á raddmálum við nýlendustefnu. Stefna heimavistarskólans hér á landi hefur ýmsar samsvaranir við heimavistarskóla fyrir frumbyggjabörn í Bandaríkjunum og Kanada sem verið hafa til umfjöllunar á síðastliðnum árum. Markmið skólanna var að ‘hjálpa’ frumbyggjum að aðlagast betra lífi, þ.e. lífi eins og hvíta fólksins og menningarheimi þess. Aðferðin var að skilja þau frá fjölskyldum sínum, beita þvingaðri aðlögun og eyða frumbyggjameningum. Fyrsti heimavistarskólinn fyrir frumbyggja af um 500 skólum var stofnaður í Bandaríkjunum árið 1879 og fljótlega voru sams konar skólar stofnaðir í Kanada. Skóladaðurinn var hálfur dagur bóklegt nám

og hálfur dagur einhvers konar iðn. Strákar lærðu trésmíðar, járnsmíði eða vélvirkjun en stúlkur að sauma, elda og önnur heimilisstörf. Duncan Cappell, sem fór með málefni frumbyggja, sagði árið 1920 að hann vildi losna við „Indíánavandamálið“ (MacDonald og Hudson, 2012). Markmið hans var að halda áfram þar til allir frumbyggjar Ameríku væru aðlagaðir og ekki væri lengur til það sem hann kallaði Indíánavandamál eða Indíánaráðuneyti. Um sams konar aðlögun að ‘eðlilegu’ lífi er að ræða og heyrnarlausir hafa orðið fyrir í gegnum söguna og beinist að því að eyða því sem litið er á sem frávik frá hinum sterka stofni. Eftir nám voru frumbyggjabörnin fyrst og fremst í störfum verkamanna og þjónustufólks. Þau upplifðu vandamál vegna tengslarofs við fjölskyldu sína. Þau lærðu ekki hvernig átti að vera foreldrar, tungumál þeirra og menning voru tekin frá þeim sem leiddi til fjölmarga félagslegra vandamála. Endurtekin hringrás tilfinningalegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis auk fíknisjúkdóma, sjálfsmorða og fleiri dæma um áföll vegna þess eru álitin vera afleiðing af þeirri reynslu sem þau urðu fyrir innan heimavistarskólanna (MacDonald og Hudson, 2012). Nú er fjallað um þessa skóla í fjölmiðlum í ljósi hugmynda um þjóðarmorð (e. *genocide*). Sambærilegar niðurstöður og lýst er hér fyrir ofan komu út úr athugun félagsmálaráðuneytis á stöðu döfð fólks árið 1988 og rannsókn Róberts Spanó (2009) á heimavistarskóla Heyrnleysingjaskólans á tíma raddmálsstefnunnar. Munurinn á dæmunum er þó að innan heimavistarskólans eignuðust heyrnarlausu börnin táknmál og gátu þróað það sín á milli. En málið var bannað. Markmið skólans var aðlögun að ‘eðlilegu’ lífi heyrandi fólks og til þess voru tengsl barnanna við fjölskyldur sínar rofin með sambærilegum afleiðingum.

Í skýrslu nefndar um vist- og meðferðarheimili (Róbert Spanó, 2009) varðandi málefni Heyrnleysingjaskólans voru settar fram tillögur um nauðsynlegar aðgerðir í málefnum táknmálsfólks. Í kjölfar skýrslu vistheimilaneftar eða þann 8. september 2009 baðst Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra afsökunar á mistökum Heyrnleysingjaskólans á meðan mál barnanna var bannað og skólinn veitti þeim ekki grunnmenntun. Taldi hún fulla ástæðu til þess að biðja þá sem voru á þessum heimilum afsökunar og aðstandendur þeirra fyrir meðferð sem væri óásættanleg og ill í mörgum tilvikum og ítrekaði að þetta væri svartur blettur á samfélaginu (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 2009).

Comaroff og Comaroff (2012) hafa skrifað frá Afríku um sambærilegar afleiðingar nýlendustefnunnar á suðurhellingi jarðar í Afríku, Suður-Ameríku og Asíu. Þau benda á að nútíminn sé upptekinn af skyldu sinni til að muna og fá fram fyrirgefningu. Meira en þrjátíu sannleiksnefndir á nýlendukúgun í suðri hafi starfað á undanförunum þremur áratugum. Nú séu líka komnar fram sannleiksnefndir varðandi meðferð frumbyggja á norðurhellingi jarðar og nefna þau nýlegt dæmi um frumbyggjabörn í heimavistarskólum í Kanada. Að þeirra mati er slík opinber upprifjun á gömlum sárum látin líta út fyrir að bæta fyrir ofbeldi fortíðarinnar og koma á réttlæti og mannúð. Þau benda hins vegar á að slíkar játningarnar og afsakanir, án þess að takast á við afleiðingar kúgunarinnar og án þess að skoða dýpri ástæður hennar, séu ekki rétt leið og eigi ekki við. Játningarnar og afsakanirnar viðhaldi ójöfnuði með því að fela fyrir

augum okkar afleiðingar, takast ekki á við þær, lagfæra þær ekki eða bæta fyrir þær (Comaroff og Comaroff, 2012). Engar aðgerðir fylgdu í kjölfar skýrslu Framkvæmdanefndarinnar eða athugun á því hvort í samtímanum væru stofnanir eða heimili heyrnarlauss fólks, sem beittu sams konar ofbeldi með beinu eða óbeinu táknbannum eða formgerðir sem leiddu til þess að íslenskt táknbann væri ekki sjálfsgt mál í lífi döfð einstaklinga. Þrátt fyrir afsökunarbeiðni forsætisráðherra árið 2009 býr fólk sem gekk í Heyrnleysingjaskólann á tímum táknbannsinnis enn þá við andlega erfiðleika vegna þeirrar valdbeitingar og misnotkunar sem táknbannið hafði í för með sér og á enn ekki greiðan aðgang að viðeigandi þjónustu. Þá hefur afsökun forsætisráðherra á Íslandi vegna illrar meðferðar á heyrnarlausu fólki ekki enn leitt til þeirra aðgerða sem lagðar hafa verið til. Hins vegar hafa nokkrar fjölskyldur flutt úr landi vegna þjónustuleysis fyrir börn sín á undanförunum árum.

6 Umræða

Þrjár rannsóknarspurningar leiddu rannsóknina. Í fyrsta lagi var spurt hvernig ÍTM og samfélag döff varð til og þróaðist áfram. Í öðru lagi var spurt hvaða þættir hafa styrkt lífvænleika íslensks táknmáls og í þriðja lagi hvaða þættir skapa hættu á útrýmingu íslensks táknmáls og döff menningar. Af rannsókninni má draga þrjár ályktanir sem svara rannsóknarspurningunum og verða settar hér fram í stuttu máli.

Í fyrsta lagi varð íslenskt táknmál til í íslenskum veruleika en kom ekki úr dönsku táknmáli eins og fræðimenn hafa hingað til gert ráð fyrir. Mál byrjaði að þróast innan skólanna sem voru starfræktir hér á landi frá árinu 1867. Á 19. öldinni er ekki hægt að sjá að hér hafi orðið til málsamfélag utan þess sem skólinn skapaði. Tungumál þarf nokkrar kynslóðir málhafa til þess að verða að máli og fyrstu málgerðirnar sem urðu til dóu út. Einhver tengsl voru þó á milli fólks af ólíkum kynslóðum og einhver tákni virðast hafa lifað sem líklega hafa komið úr dönsku táknmáli eins og táknið LÆRA og SVART. Uppruna íslensks táknmáls sem talað er í dag má rekja til Málleysingjaskólans eins og hann var starfræktur frá árinu 1944. Frá þeim tíma hefur málið þróast mikið innan döff samfélags, sérstaklega eftir stofnun Félags heyrnarlausra árið 1960. Niðurstöður Alderson og McEntee-Atalianis (2007) um að mörg tákni í ÍTM líkist táknum í DTS má skýra út frá áhrifum frá norrænum táknmálum eftir að Félag heyrnarlausra gekk í Norðurlandaráð heyrnarlausra árið 1974 en mörg norræn tákni voru tekin upp í íslenska táknmálið á áttunda áratugnum. Þegar Samskiptamiðstöð heyrnarlausra var stofnuð árið 1990 hófust rannsóknir á ÍTM, kennsla ÍTM og samfélagið opnaðist fyrir döff fólki með túlkabjónustu. Með stöðugt aukinni þátttöku og menntun döff fólks í íslensku samfélagi hefur orðaforði málsins aukist jafnt og þétt og samhliða hefur málfræðin orðið flóknari með hverri kynslóð.

Í öðru lagi benda niðurstöður til þess að það sem styrki íslenskt táknmál séu samskipti á málinu og til þess að tryggja lífvænleika þess áfram þurfi fyrst og fremst að styrkja eðlileg samskipti barna á ÍTM innan döff formgerða. Íslenskt táknmál þarf nýja málhafa til þess að lifa áfram. Það byrjaði að þróast í samskiptum barna um það sem skipti þau máli og þróaðist áfram og styrktist innan döff samfélags og menningar. Það er innan menningarinnar sem máltaka fer fram og menningin lærist og því er döff menning óaðskiljanleg frá ÍTM. Aðrir þættir sem hafa styrkt íslenskt táknmál eru aukin menntun og þátttaka döff fólks í íslensku samfélagi í gegnum túlkabjónustu. Túlkabjónusta er nú veitt á mörgum sviðum og er tryggð í lögum, svo sem í tengslum við menntun og í heilbrigðisþjónustu. Túlkabjónustan hefur eftt málið mikið og aukið notkunarvið þess út um allt samfélagið. Má þar sérstaklega nefna aðgengi döff fólks að menntun í gegnum táknmálstúlka. Lögbundinn réttur til túlkabjónustu í daglegu lífi, til dæmis í atvinnulífi, er

ekki fyrir hendi og takmarkar því þátttöku döff fólks í daglegu lífi. Kennsla ÍTM fyrir heyrandi fólk hefur einnig eftt málið sem og rannsóknir sem gerðar hafa verið á málinu, til dæmis vegna námsefnisgerðar og kennslu. Lög nr. 61/2011 veittu ÍTM formlega stöðu sem tungumál en tenging málsins við skerðingu og heilbrigðiskerfið virðist enn þá standa í vegi fyrir því að lítið sé á það sem tungumál. Því má enn segja að lagaleg viðurkenning á íslensku táknmáli sé fyrst og fremst táknræn. Niðurstaða rannsóknarinnar um hvaða þættir styrkja mál er í samræmi við það sem almennt er talið en það er lagaleg viðurkenning, að veitt sé þjónusta tengd tungumálinu (svo sem túlkabjónusta), menntun og í fjórða lagi skráning á málinu eða rannsóknir (Bickford og McKay-Cody, 2018).

Í þriðja lagi varðandi hættu á útrýmingu er valdið sem felst í vistkerfi málsins og hugmyndafræðinni sem umlykur það alvarleg ógn við tilvist þess. Það er til dæmis á grundvelli hugmyndafræði þeirra sem ráða og gera áætlanir að vistsvæðum íslensks tákn máls, þar sem börn gátu átt fjölbreytileg samskipti, hefur verið eytt markvisst á undanförunum áratugum. Það er einnig á grundvelli málhugmyndafræði sem talið er nauðsynlegt fyrir börn að tala og heyra íslensku til þess að öðlast lífsgæði og menntun og að ÍTM standi á einhvern hátt í vegi fyrir því. Hin viðtekna hugmyndafræði innan hefðbundinnar læknisfræði felur í sér að heyrnarleysi sé frávik sem þurfi að laga og að ÍTM sé í besta falli hjálpartæki til þess að læra íslensku sem er talin hið eðlilega mál. Ákvarðanir stjórnvalda um málið og fólkið sem talar það byggja á hugmyndafræði sem oft samrýmist ekki þeim veruleika sem döff fólk upplifir og þannig geta ákvarðanir sem teknar eru gengið þvert á það sem myndi styrkja lífvænleika málsins eða það sem döff fólk lítur á sem lífsgæði. Vantraust á íslensku táknmáli sem endurspeglast í vantrausti á döff fólki gengur eins og rauður þráður í gegnum söguna. Hugmyndafræði og viðhorf til íslensks tákn máls hafa því slæm áhrif á lífvænleika þess.

6.1 Orðræða og hugmyndafræði málútrýmingar eða lífvænleika ÍTM

Ólafur, Gísli, Margrét og Brandur stóðu fyrir kennslu heyrnarlausra á árunum frá 1890–1986 á þeim tíma sem táknmál var ekki til í hugum fólks. Þau skrifuðu um málið og málþroskann og áttu þar við íslensku. Það var *doxa* og þurfti ekki að útskýra neitt frekar. Enn þá birtist texti frá sérfræðingum sem móta hugmyndir almennings og foreldra sem eignast heyrnarlaust barn, þar sem talað er um málið og málþroskann eins og íslenskt táknmál sé ekki til. Þetta gerist þrátt fyrir að íslenskt táknmál sé viðurkennt í lögum sem jafnréttihátt mál íslensku í samskiptum manna í milli. Börn eigi lagalegan rétt á að fá aðgang að ÍTM um leið og heyrnarleysi sé greint og að í námskrá standi að skólaganga þeirra miðist við að þau verði tvítyngd á ÍTM og íslensku. Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir (2022) tengja lífvænleika ÍTM og hvort það fái að njóta lögbundinnar stöðu sinnar við hina duldu málstefnu, málstefnu samfélagsins og hvort málsamfélagið fari að lögum (Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2022).

Í orðræðu um útrýmingu íslensks tákn máls, sem felst í hinni duldu málstefnu, felast bæði þættir sem toga að íslensku og ýta frá ÍTM. Meðal þess sem ýtir frá ÍTM er að fáir tali ÍTM og þess vegna sé ekki skynsamlegt fyrir börn að læra málið. ÍTM verði ekki til í framtíðinni og erfitt gæti reynst fyrir barn að mennta sig ef það lærði ÍTM. Smæð samfélagsins sem talar ÍTM geri það að verkum að erfitt sé að eignast vini. Þættirnir í orðræðunni sem ýta frá ÍTM virðast þannig gera ráð fyrir að það að tileinka sér ÍTM feli í sér að útiloka, að barn læri íslensku og það þrátt fyrir að málréttindi barnanna stefni að tvítyngi þeirra. Slík orðræða veikir tungumálið með því að fólk fær þá ímynd af því að það sé viðkvæmt og veikt mál. Döff fólk býr ekki saman heldur innan um heyrandi fólk, er ekki í valdastöðum og hefur því lítil áhrif gegn slíkri orðræðu. Nú hefur vistsvæðum málsins, sem börn höfðu aðgang að, verið eytt og þau geta ekki lengur notið máltöku í ríku ÍTM umhverfi. Yfir 90% af börnunum fær kuðungsígræðslu sem hefur það að markmiði að börnin heyri og tali íslensku og eru foreldrar ekki hvattir til þess að láta börnin tileinka sér ÍTM áður en þau fara í kuðungsígræðslu. Þættirnir sem toga að íslensku byggjast á margs konar mýtum. ÍTM fólk hefur í gegnum söguna verið skapað sem bjargarlaust, ómenntað og frumstætt. Lífsmáti þess, menning, þekking og tungumál hefur verið stimplað. Það að tala íslensku er álitnið betra og í orðræðunni felst að málþroski fái st í gegnum íslensku en nauðsyn þess að barn njóti máltöku í gegnum ÍTM á fyrsta ári er þurrkuð út úr orðræðunni. Íslenska gefur að mati flestra meira frelsi, menningu, þekkingu, vinnu, venjur og allt sem þeir sem tala íslensku geta og gera er talið betra, menntaðra og meira virði. Draumur um betra líf fyrir barn verður því að það verði heyrandi, tali íslensku og fái menntun. Mýtan sem fylgir þessu er að það verði að velja bara annað málið fyrir barnið. Ef barnið eigi að læra íslensku verði það að sleppa því að læra ÍTM.

Lögbundinn réttur barna á að verða tvítyngd á íslensku og ÍTM er ekki áberandi í orðræðu og hinni duldu málstefnu samfélagsins. Heilbrigðiskerfi og skólakerfi hafa aðrar áherslur en að vinna að lífvænleika íslensks tákn máls. Heilbrigðiskerfið stefnir að því að lækna heyrnarleysi með það að markmiði að tákn mál verði ónauðsynlegt og skólakerfið beinist að því að veita sérþjónustu. Máltaka og málþróun barna er veikur hlekkur í áframhaldandi þróun ÍTM. Málumhverfi barna hefur veikst innan skólakerfisins og ekkert hefur komið í staðinn. Foreldrar njóta ekki nægilegs stuðnings faglega eða fjárhagslega til þess að leiða tvítyngda máltöku barna sinna eða til þess að læra íslenskt tákn mál. Sú staða að máltökuráðgjöf til foreldra kemur fyrst frá heilbrigðiskerfi en ekki frá fagfólki á sviði máltöku og tvítyngis er alvarleg fyrir málþróun barna sem fæðast heyrnarlaus og lífvænleika íslensks tákn máls. Í skólakerfinu er íslenska ráðandi mál og íslensk menning umlykur nemendur. Í Hlíðaskóla er tákn málssvið. Þar starfar döff skólustjóri og kennarar sem vinna að því á skapandi hátt að búa til döff formgerðir utan um tákn málsnemendur en dulin málstefna varð þar til fyrir þeirra tíð. Vantraust á tákn máli er innbyggt í kerfið sem gerir það að verkum að ekki er auðvelt að skapa sams konar mál- og menningarumhverfi eða tákn málsstaði eins og í skóla sem hugsaður væri fyrir börn sem ætlað er að öðlast virkt tvítyngi íslensks tákn máls og íslensku.

Framkvæmd laga og reglugerða gerir yfirleitt ráð fyrir að íslenskt táknmál sé þjónusta við fatlaða en ekki tungumál fyrir okkur öll. Sú framkvæmd leiðir til taps fyrir alla bæði döff og heyrandi. Börn og fullorðnir döff fá ekki að þroska hæfileika sína og njóta möguleika sinna til fullnustu og samfélag *heyrandi* tapar þeim ágóða sem felst í döffi. Bauman og Murrey (2014) kölluðu það „hearing-loss“. Orðið sem venjulega á tilvísun í heyrnarskerðingu er þarna með tilvísun í þá hugmynd að heyrandi fólk tapi þegar það er ekki opið fyrir þeim hagnaði, því framlagi og þeim kostum sem verða til við að vera döff. Jafnframt benda Baumann og Murrey á að það sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum af þessu heyrandi tapi með hugmyndafræðilegri endurhæfingu fólks

Þegar málréttindi ÍTM fólks eru ekki virt við framkvæmd laga og þegar nefndir og starfshópar sem eiga að vinna að málefnum ÍTM einblína á fötlun eða skerðingu er það oftast vegna hugmyndafræði. Reagan (2010) vísar í Pennycook sem talaði um hugmyndafræði mál-heimsvaldastefnu (e. *ideologies of linguistic imperialism*) og vísar þar til stöðu enskunnar í heiminum. Reagan bendir á að þessi lýsing eigi við mörg önnur tilvik þar sem eitt tungumál yfirgnæfir annað mál til að styrkja forræði sitt (e. *linguistic hegemony*). Forræðið er styrkt með valdakerfinu (e. *the establishment*) og í gegnum það eru formgerðir og menningarlegur ójöfnuður á milli ráðandi máls og annarra mála stöðugt endurskapaðaður (Reagan, 2010). Þessi lýsing á vel við um samband íslensku og ÍTM og nefndir um málefni þess þar sem meirihluti er heyrandi eða kerfi eins og til dæmis skólakerfi eða heilbrigðiskerfi sem stöðugt styrkir stöðu íslensku á kostnað íslensks tákn máls. Reagan nefnir annað hugtak, tengt þessari hugmyndafræði sem eru tungumálafordómar (e. *linguicism*) sambærilegir kynþáttafordómum, kynjafordómum, aldursfordómum og svo framvegis. Það var Skutnabb-Kangas sem fyrst skilgreindi hugtakið árið 1986 sem hugmyndafræði, formgerðir og framkvæmd sem er notuð til þess að lögmaeta, framkvæma, stýra og endurskapa ójafna skiptingu valds og auðlinda (bæði efnislega og ekki efnislega) milli hópa sem eru skilgreindir út frá tungumáli (Skutnabb-Kangas, 2015). Menntun eins og í skóla án aðgreiningar þar sem annað málið hefur yfirburðastöðu er að mati Skutnabb-Kangas og Dunbar (2010) talin hafa í för með sér frádregið tvítýngi og leiða til málútrýmingar. Það er því að þeirra mati nauðsyn á að taka ítarlega og vandaða umræðu um slíka menntun – lagalega, menntunarlega, félagsfræðilega, félagsmálfræðilega og efnahagslega – og hvort hún stefni að málútrýmingu og sé því glæpur gegn mannkyni (Skutnabb-Kangas og Dunbar, 2010).

Það eru tungumálafordómar byggðir á hugmyndafræði þegar efast er um réttmæti þess að ÍTM sé tungumál, efast er um að það sé nothæft sem kennslumál í skólum eða að það sé mikilvægt fyrir máltöku ungra barna. Eins eru það tungumálafordómar þegar innan skólakerfisins er ekki til námsefni í ÍTM sem móðurmáli, ekki er boðið upp á menntun fyrir fagkennara í ÍTM og ekki er námsefnisútgáfa á ÍTM, svo örfá dæmi séu nefnd. Það er líka birtingarmynd tungumálafordóma þegar fólk sem tilheyrir einum málhópi hefur minna vald og fær minni stuðning en aðrir málhópar. Þá er það afleiðing tungumálafordóma að ÍTM fólki sé ekki gert mögulegt að komast í

ábyrgðarstöður innan atvinnulífsins nema þar sem túlkþjónusta er óþörf, aðrar valdastöður í samfélaginu eða að hafa pólitísk áhrif þar sem réttur til túlkþjónustu í atvinnulífi er ekki fyrir hendi. Einungis einn fulltrúi táknmálssamfélagsins er í stöðu yfirstjórnanda á Íslandi árið 2023. Það er skólastjóri Hlíðaskóla.

6.2 Tungumálastríð – vandi íslensks táknmáls og íslensku?

Sögulega er það sem heyrandi samfélag hefur gert við íslenskt táknmál ljót saga. Málið var bannað, vanvirt, reynt að breyta því í átt að íslensku, stöðva þróun þess með því að einangra samskipti hópsins við daglegt mál og einangra fólk, án menntunar og tækifæra. Til þess að fá aðgengi að samfélaginu var gerð krafa um samskipti á raddmáli. Enn þann dag í dag býr ÍTM við sams konar aðgerðir og lagaframkvæmd.

Skutnabb-Kangas og Philipson líktu aðstæðum og málpólitík í tengslum ójafnra tungumála við tungumálastríð (Skutnabb-Kangas og Phillipson, 1994). Baráttu döff fólks fyrir döff samfélagi og íslensku táknmáli má líkja við tungumálastríð á óvinveittu svæði, innan formgerða annarra, við reyndan, virtan og trúverðugan andstæðing. Hann getur látið döff fólk líta út fyrir að hafa ekki vit á því sem það segir á íslensku táknmáli, að það sé í raun óreynt og óupplýst. Ekki sé eðlilegt að treysta málinu til máltöku fyrir börn og að málflutningur döff fólks sé í raun ótrúverðugur. Andstæðingurinn hefur yfir að ráða miklum fjármunum til síns samfélags til dæmis í menntun, heilbrigðiskerfi og rannsóknir. Hann getur boðið skyndilausnir og að hægt sé að gera heyrnarlaust barn „heilbriggt“. Menningarmunur veldur því að hann hefur væntingar um að döff fólk hegði sér á ákveðinn hátt. Þegar það gerist ekki er auðvelt að rökstyðja að það sé ekki mennskt og þess vegna verður auðvelt að afsaka inngrip út af því hvernig það hegðar sér.

Tungumálastríðinu fylgir áhætta fyrir döff fólk og gerir því erfitt að komast af. Menning skólanna, læknanna og kerfisins býr til margar ógnir við einstaklinga, hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og vinnur markvisst gegn því að hópurinn komist af. Döff fólk þarf því að sigrast á röð vandamála til þess að lifa af óskemmt. Það að vera í stöðugri baráttu dag eftir dag er nógu erfitt. En þegar ekki sést árangur gæti tilgangur með baráttunni virst vera lítill, enginn endir virst á henni og eina sýnin fram á við vera að íslenskt táknmál deyi út. Við þær aðstæður er hætta á að önnur vandamál skapist. Að viðkomandi brenni út, að andlegir sjúkdómar taki sig upp eða – sem væri mannlegt og eðlilegt – að upp spretti löngun til að hefna. Döff fólk hefur í þessum aðstæðum í gegnum söguna brugðist við með því að sýna ótrúlega þrautseigu, sköpunarkraft, útsjónarsemi og vit. Það hefur með lífi sínu öðlast marga dýrmæta eiginleika og reynslu, tileinkað sér brögð til þess að lifa af í stríðsaðstæðum, samkennd, að finna til ábyrgðar gagnvart ungum börnum sem fæðast heyrnarlaus, alþjóðleika, og lært að miðla þekkingu en margir eru framúrskarandi kennarar á öllum skólastigum og að sumu leyti með annað sjónarhorn á lífið en við heyrandi fólk. Það skapaði döff menningu og listir og íslenskt táknmál sem líklega hefur aldrei verið frjórri og meira lifandi en einmitt

í dag. Seiglan í málinu og þrautseigjan í fólkinu við að berjast fyrir lífi þess stendur upp úr í sögunni. UPP MEÐ HENDUR!

6.3 Tungumál og fólk er verðmætt og það kostar að eiga það

Í kafla 6.1.4 um fjölvirkni málsins kom fram að Heiðdís Dögg Eiríksdóttir sagði að íslenskt táknmál hefði bjargað lífi sínu og ef hún ætti það ekki væri hún ekkert. Sindri Jóhannsson sagði að með táknmáli væri hann frjál. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir orðaði mikilvægi íslensk tákn máls með því að segja að án tákn máls væri hún gagnslaus hlutur sem aðrir ráðskuðust með og það væri sóun á mannauði. Þórhallur Arnarson benti á að án tákn máls væri lífið ómögulegt og vonlaust, án þess væru allar leiðir lokaðar og Júlía G. Hreinsdóttir sagði að án íslensks tákn máls væri ekkert líf. Án þess væri engin félagsleg þátttaka, engar menningarlegar rætur, engin áhrif á eigið líf eða annarra, ekkert vald. Án máls vissi hún ekki hver hún væri og aðrir vissu það ekki heldur. Án máls missti fólk af tækifærum í lífinu, hjónabandi, fjölskyldulífi og barneignum nema í gegnum misnotkun og valdbeitingu. Þátttaka í gegnum mál skapar þannig hið félagslega líf fólks og er samofin sjálfsmynd þess og félagslegu valdi. Döff fólk á ekki enn þá óheftan aðgang að íslensku samfélagi og börn fá ekki enn þá að njóta möguleika sinna til fulls. Á Íslandi hefur lagaleg viðurkenning á íslensku tákn máli ekki skilað sér. Það vantar aðgerðir í kjölfar laganna og fjármagn. Einnig þarf traust á málinu og döff fólk að aukast. Sjónarhorn á íslenskt tákn mál og döff fólk þarf að breytast frá alþýðuskýringum og hörgulkenningu hinnar 'réttmætu þekkingarfræði' í að horft sé til lífvænleika íslensks tákn máls og döff samfélags og til þess ágóða sem döffið skapar.

Margir þættir toga að ÍTM og þurfa að vera með í umræðunni. Það er frjótt og fallett tungumál, því fylgir samkennd, jákvæð sjálfsmynd, döff menning, döff listir, döff ágóði, tvítýngiságóði, víðara sjónarhorn og alþjóðleiki. Í því felast einstök verðmæti sem hvergi eru til annars staðar. Það verður alltaf til fólk sem þarf á ÍTM að halda og í dag eru til börn sem ekki hafa aðgang að því en fengju ágóða af að eiga það. Sömuleiðis er heyrandi börnum heyrnarlausra foreldra ekki veitt kennsla í móðurmáli sínu innan skólakerfisins.

Nú er kominn tími til þess að það sem Bourdieu kallaði *doxa* breytist. Þeirri þekkingu sem er svo viðurkennd að annað er talið óhugsandi. Það þarf að breyta um stefnu með hugmyndafræðilegri endurhæfingu og endurskoða hverra veruleiki fær forgang. Setja þarf í forgang að hægt sé að eiga eðlileg samskipti á íslensku tákn máli við allar aðstæður lífsins. Erfiðustu hindranir í kringum ÍTM og döff fólk liggja í kerfunum í samfélaginu sem fólk hefur búið til. Þau virðast þurfa að breytast til þess að framfylgja megi lögum og námskrám en ekki elta alþýðuskýringar hinnar duldu málstefnu samfélagsins. Það sem þarf er:

- Að fyrsta máltökuráðgjöf til foreldra barna sem fæðast heyrnarlaus færast frá heilbrigðiskerfi til sérfræðinga á sviði máltöku og tvítýngis.

- Að kerfið sem á að veita stuðning til foreldra taki til náms í íslensku táknmáli og til þess að leiða tvítyngda máltöku barnanna.
- Að skapa táknmálsstaði í samfélaginu þar sem börn geta frá fæðingu tileinkað sér ÍTM, rætt saman um það sem skiptir þau máli, verið jöfn og metin að verðleikum, þar sem þau eiga möguleika á að öðlast ágóðann af því að vera döff, kynnst döff menningu og listum og læra að skapa í gegnum ÍTM.
- Að skólakerfið verði endurskoðað frá leikskólastigi til loka grunnskóla og látið mæta þörfum allra barna, sem fæðast heyrnarlaus og heyrnarskert og börnum heyrnarlausra foreldra, um tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku. Þar með yrðu málin raunverulega jafnréttá og kenna mætti á hvoru málinu um sig hvaða námsgrein sem er.
- Að börn geti lært á eigin forsendum með því að skólinn mæti þörfum þeirra eins og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar boðar. Þau gætu átt óhindruð samskipti og stundað nám án túlka, skapað leikrit og listir, leikið sér í frímínútum og átt málfyrirmyndir sem styddu bæði málin þeirra og gæfu þeim tvítyngda sjálfsmynd.
- Að námsefni sé til jafnt á báðum málunum og miðað sé að tvítyngi barna.
- Að kennarar döff barna séu allir tvítyngdir og þeim standi til boða menntun sem móðurmálskennarar í tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku.
- Að kennsla í íslensku táknmáli sé veitt öllum að kostnaðarlausu.
- Að samfélag íslensku 'gefi' samfélagi íslensks táknmáls túlkun í daglegu lífi. Með því gæti döff fólk tekið eðlilegan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar og 'gefið' til baka döff ágóða. Það gæti í sínu daglega lífi átt opin samskipti við heyrandi fólk og kynnst því á eðlilegan hátt. Gagnkvæmar gjafir samfélaganna og samskipti mættu þannig tengja döff og heyrandi, skapa skilning og eitt samfélag með döff fólk sem hluta af eðlilegum margbreytileika innan þess.
- Að samþykkt verði *Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls*¹⁶ sem birt var 12. maí 2022 í samráðsgátt stjórnvalda. Drög að málstefnu voru unnin af starfshópi skipuðum fulltrúum Málnefndar um íslenskt táknmál, Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra með víðtæku samstarfi við sérfræðinga í málaflokknum. Henni fylgdi aðgerðaráætlun og lögð var áhersla á að allir legðust á eitt við framkvæmd málstefnunnar.

¹⁶ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3203](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3203)

6.4 Kostir og takmarkanir rannsóknarinnar

Rannsóknin sem hér hefur verið til umfjöllunar beindist að því að skilja flókin veruleika og merkingu athafna og aðgerða sem tengjast íslensku táknmáli í ýmsu samhengi og á ólíkum tíma. Rannsóknin fjallar um sögu og þróun ÍTM. Einnig er í henni fjallað um viðhorf og lífshlaup fólksins sem bjó það til og hugmyndafræði þeirra sem stóðu utan táknmálssamfélagsins og höfðu áhrif á þróun og viðgang málsins. Yfirgripsmikil rannsókn af þessu tagi hefur ekki verið gerð áður en þrátt fyrir að rannsóknin sé yfirgripsmikil er hér fyrst og fremst horft á þá hlið sem sjaldnast hefur verið fjallað um: veruleikann út frá sjónarhóli döff fólks, bæði úr viðtölum og með rannsóknnum döff fræðimanna. Rannsóknin er grunnrannsókn á þessu sviði og birtir nýja þekkingu sem skapar vonandi grunn að öðrum rannsóknnum sem varpa ljósi á afmarkaðri þætti viðfangsefnisins. Íslenskt táknmál er ungt og fjarlægist hratt speglandi uppruna sinn. Vegna þess hve ungt það er gætu málfræðingar enn þá fundið upplýsingar um málbreytingar í hljóðkerfisfræði málsins, beygingum, setningagerð, merkingarbreytingar og afleiðslu, sem gætu fyllt í eyður í þekkingu á þróun ÍTM eða breytt þeirri sögu sem hér hefur verið sögð.

Rannsóknin er gerð innan mannfræðilegra málvísinda. Þótt hún snerti svið sögulegra málvísinda um sögu máls og þróun takmarkast hún við að skoða málið í gegnum menninguna og upplifun fólks og hvernig menningarlega forræðið orkar á táknmálsfólk og íslenskt táknmál og vanda íslensks táknmáls í því vistkerfi sem það lifir í.

Í fyrsta lagi var viðgangsefni þessarar rannsóknar að setja fram grundaða kenningu um hvenær og hvernig íslenskt táknmál varð til. Tilgangurinn með því að segja þá sögu var að sýna stórkostlegt vitsmunaafrek, baráttuþol, þrautseigju og lífskraft en einnig á hinn bóginn skilningsleysi, vantraust, valdníðslu og eyðingaröfl sem umlukið hafa íslenskt táknmál. Sagan var sögð í þeirri von að lesendur skynji auðinn sem liggur í íslensku táknmáli og táknmálsfólki og geri sér grein fyrir hve alvarleg ógn blasir við okkur með eyðingu íslensks táknmáls. Jafnframt að fólk læri að þekkja vald, skilja hvernig það vinnur, eignist rök til þess að bregðast við valdinu og þessi skilningur bæti stöðu fólks sem rannsóknin fjallar um.

Þannig er rannsókninni ætlað að vera innlegg í umræðu sem oftast hefur túlkað afstöðu þeirra sem ekki þekkja samfélag táknmálsfólks en telja sig vita betur. Þrjú hugtök tengdust greiningu á slíkri afstöðu – gagnrýni, hugmyndafræði og vald. Gagnrýnin fólst í að skýra félagslegt samhengi og pólitíska stöðu. Lýst var hugmyndafræði þeirra sem standa utan táknmálssamfélagsins en hafa menningarlegt forræði og hvernig hugmyndafræði er endursköpuð í gegnum orðræðu til þess að viðhalda valdi. Þá var greint hvernig valdið vinnur í gegnum tungumálið. Með þeirri framsetningu vill höfundur hvetja til umræðu, vekja upp spurningar og leita lausna.

Þegar viðfangsefni rannsóknarinnar var fylgt í gegnum söguna á ólíka staði, á ólíkum tímum, mætti rannsakandinn aldrei öllum alls staðar heldur úrtaki þeirra. Þá takmarkar

Það möguleika rannsakanda að gögn um táknmál og hópinn sem talar íslenskt táknmál eru fátækleg framan af en sjaldan er vikið að fólkinu sem á þessa sögu í rituðum heimildum. Umfjöllun um táknmálið á mismunandi tímum og um málbreytingar og þróun þess eru takmarkaðar í ritgerðinni og er tilgangurinn fyrst og fremst að sýna stöðu málsins og baráttuna fyrir því á hverjum tíma. Hins vegar bjóða gögn rannsóknarinnar upp á mjög spennandi verkefni við að skoða og rekja þróun málsins á mun ítarlegri hátt.

Ritgerðin er lögð fram með þeirri von að döff fólk megi hagnýta sér niðurstöður rannsóknarinnar til þess að bæta stöðu sína og íslensks táknmáls. Með efni hennar að vopni fái það rök til að beita í umræðunni við að styðja sannfæringu sína og auka skilning.

Heimildaskrá

- 30 ára kennara-afmæli. (1929, 2. október). *Morgunblaðið*, bls. 5.
<https://timarit.is/page/1218331?iabr=on#page/n3/mode/2up>
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf
- Aðalnámskrá grunnskóla: íslenska 1999. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/AGislenska.pdf>
- Aðstandendur. (1936, 14. febrúar). Þórarinn Brandsson [andlátsfregn]. *Morgunblaðið*, bls. 1. <https://timarit.is/page/1230325>
- Ahearn, L. M. (2012). *Living language*. Wiley-Blackwell.
- Ahlgren, I. (1976). *Tidig språklig kognitiv utveckling hos döva och gravt hörselskadade*. Stockholms universitet Institutionen för teckenspråk.
- Ahlström, M. og Svartholm, K. (1998). *Barndomshörselskadades erfarenheter och upplevelser av tvåspråkighet. (Rannsóknarskýrsla um táknmál XXI) [Forskning om Teckenspråk (FoT) XXI. En pilotstudie]*. Stockholms universitet, Institutionen för lingvistik.
- Aldersson, Russell R. og McEntee-Atalianis, L. (2007). A lexical comparison of Icelandic Sign Language and Danish Sign Language. *BISAL*, 2, 123–158.
- Alþingismannatal*. (2016, 8. mars). <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=466>
- Alþingistíðindi. (1869). https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/R1869/012_thing_1869_s.pdf bls
- Alþingistíðindi. (1871). https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/R1871/013_thing_1871_r.pdf bls
- Alþingistíðindi. (1873). https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/R1873/014_thing_1873_a.pdf fbls
- Amariutei, A. E., Jeng, J., Safieddine, S. og Marcotti, W. (2023). Recent advances and future challenges in gene therapy for hearing loss. *Royal Society Open Science*, 10(6). <https://doi.org/10.1098/rsos.230644>

- Andersen, Kenneth. [kennik89]. (2012, 15. mars). *Gammel taltegn fra 1934* [myndband]. YouTube. <https://youtu.be/50Y5sVF5ktQ>
- Anh Dao Tran, Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir og Kristjana M. Sigurðardóttir (1993). Rannsókn á lesskilningi heyrnarlausra barna og unglinga á Íslandi. *Ný menntamál*, 11(2), 32–35.
- Anna G. Ólafsdóttir. (2002, 9. maí). Ekki um sparnaðaraðgerð að ræða. *Morgunblaðið*, bls. 10. <https://timarit.is/page/3440855?iabr=on#page/n9/mode/2up/search/Lokun%20Vesturhl%C3%AD%C3%B0arsk%C3%B3la>
- Armstrong, D. F. og Wilcox, S. E. (2007). The gestural origin of language. *Oxford Scholarship Online*. <https://doi.org/10.1093/acprof:oso/9780195163483.001.0001>
- Armstrong, D. F., Stokoe, W. og Wilcox, S. E. (1995). *Gesture and the nature of language*. Cambridge University Press.
- Arnþór Hreinsson. (2009). Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.
- Áttæður. (1935, 5. júní). *Vísir*, bls. 3. <https://timarit.is/files/67278302#search=%22%C3%9E%C3%B3rarinn%20Brandsson%22>
- Åkeson, L. (2021) European migration to Africa and the coloniality of knowledge: the Portuguese in Maputo. *Third World Quarterly* 42(5) 922-938. DOI: 10.1080/01436597.2020.1768063
- Bahan, B. (2014). Senses and culture: Exploring sensory orientations. Í H.-D. L. Bauman og J. J. Murrey (ritstjórar), *Deaf gain: Raising the stakes for human diversity* (bls. 233–254). University of Minnesota Press.
- Baker, C. (1976). What's not on the other hand in American Sign Language. Í S. S. Mufwene, C. Walker og S. Steever (ritstjórar), *Papers from the 12th Regional Meeting of the Chicago Linguistic Society* (bls. 24–32). Chicago Linguistic Society.
- Baker, C. (1977). Regulators and turn-taking in American Sign Language discourse. Í L. Friedman (ritstjóri), *On the other hand: New perspectives on American Sign Language* (bls. 215–236). Academic Press.
- Baker, C. og Cokely, D. (1980). *American Sign Language: A teacher's resource text on grammar and culture*. T.J. Publishers.
- Baker, C. og Padden, C. (1978). *American Sign Language: A look at its story structure and community*. T.J. Publishers.

- Bakhtin, M. M. (1981). *The dialogic imagination: Four essays* (C. Emerson og M. Holquist þýddu). University of Texas Press.
- Batterbury, S. C. E., Ladd, P. og Gulliver, M. (2007). Sign language peoples as indigenous minorities: Implications for research and policy. *Environment and Planning A: Economy and Space*, 39(12), 2899–2915. <https://doi.org/10.1068/a388>
- Battison, R. (1978). *Lexical borrowing in American Sign Language*. Linstock Press.
- Bauman, H-Dirksen (2008) Listening to Phonocentrism with Deaf Eyes: Derrida's Mute Philosophy of (Sign) Language, *Essays in Philosophy*, 9 (1).
- Bauman, H.-D. L. og Murray, J. J. (2014). Deaf gain: An introduction. Í H.-D. L. Bauman og J. J. Murray (ritstjóri), *Deaf gain: Raising the stakes for human diversity* (bls. xv–xlii). University of Minnesota Press.
- Bellugi, U., Pozner, H. og Klima, E. (1987). *What the hands reveal about the brain*. MIT Press/Bradford Books.
- Berglind Stefánsdóttir. (1997, 1. júní). Sigríður Kolbeinsdóttir. *Morgunblaðið*. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/334886>
- Bergman, B. (1973). *Teckenspråkets lingvistiska status*. Stockholms universitet.
- Bergman, B. og Engberg-Pedersen, E. (2010). Transmission of sign languages in the Nordic countries. Í D. Brentari (riststjóri), *Sign languages* (bls. 74–94). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/CBO9780511712203.005>
- Bickford, J. A. og McKay-Cody, M. (2018). Endangerment and revitalization of sign languages. Í L. Hinton, L. Huss og G. Roche (ritstjórar), *The Routledge handbook of language revitalization*. Routledge.
- Billings, S. (2009). Speaking beauties: Linguistic posturing, language inequality, and the structuring of a Tanzanian beauty queen. *Language in society*, 38(5), 581–606.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (e.d.). Menntun tvítyngdra barna. *Málfregnir*, 19. https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/972/Malfregnir_19_Birna_Arnbjornsdottir_Menntun_tvityngdra_barna.pdf
- Bjarni Sveinsson. (1876, 16. október). Svar upp á grein alþingismannsins í Vestur-Skaptafellssýslu í 14. ári Norðanfara. *Norðanfari - Aukablað við nr. 47–48*. <https://timarit.is/page/2040801?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/%22Bjarni%20Sveinsson%22>

- Boas, Franz. (1982 [1940]). *Race, Language and Culture*. Chicago University Press and The Free Press
- Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods* (3. útgáfa). Allyn and Bacon.
- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice*. Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1991). *Language and symbolic power*. Cambridge University Press.
- Brandur Jónsson. (1944). Heyrnar- og málleysi. *Menntamál*, XVII (3), 71-76. <https://timarit.is/gegnir/991003857719706886>
- Brandur Jónsson. (1967). Heyrnardauf börn. *Menntamál*, XL(2), 115–144. <https://timarit.is/page/4559957>
- Brandur Jónsson. (1976). Ávarpsorð . Í *Táknmálsorðabók*. Félag heyrnarlausra og foreldra og Styrktarfélag heyrnardaufra.
- Brandur Jónsson. (1982, 12. febrúar). Bréf til Sirrýar. Ljósrit í varðveislu höfundar.
- Brueggerman, B. J. (1999). *Lend me your ear, rhetorical construction of deafness*. Gallaudet University Press.
- Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson. (1989). *Heyrnarlausir á Íslandi , sögulegt yfirlit*. Félag heyrnarlausra í samvinnu við Fjölsýn Forlag.
- Brynja Jónsdóttir. (2007). Kjörþögli. *Talfræðingurinn* 20 (1), 20–22. https://issuu.com/talmeis/docs/talfr____ingurinn_1.tbl_20.__rgangu
- Burke, T. B. (2014). Armchairs and Stares. Í H.-D. L. Bauman og J. J. Murray (ritstj.), *Deaf gain raising the stakes for human diversity* (bls. 3–22). University of Minnesota Press.
- Burke, T. B. (2015). About us, without us: Inclusion in the threat of eradication. *Impact ethics: Making a difference in bioethics*. <https://impactethics.ca/2015/12/08/about-us-without-us-inclusion-in-the-threat-of-eradication/>
- Bæjarskrá Reykjavíkur. (1912, 1. janúar). <https://timarit.is/page/4810951>
- Campbell, R., MacSweeney, M. og Woll, B. (2014, 17. október). Cochlear implantation (CI) for prelingual deafness: The relevance of studies of brain organization and the role of first language acquisition in considering outcome success. *Frontiers in Human Neuroscience*, 8, 834. <https://doi.org/10.3389/fnhum.2014.00834>
- Carter, R. (2015, 14. maí). *Mirror* [myndband]. (YouTube). <https://www.youtube.com/watch?v=pOB8ztiV14s>

- Cavalli-Sforza, Luigi Luca (2001) *Genes, Peoples, and Languages*. University of California Press.
- Chandler, D. (2007). *Semiotics: The basics*. Routledge.
- Comaroff, J. og Comaroff, J. L. (2012). *Theories from the South: Or how Euro-America is evolving toward Africa*. Routledge, Taylor & Francis Group.
- Conrad, R. (1977). Lip-reading by deaf and hearing children. *British Journal of Educational Psychology*, 47(1), 60–65.
- Cooper, R. (1990). *Language planning and social change*. Cambridge University Press.
- Corballis, M. C. (1999). The gestural origins of language: Human language may have evolved from manual gestures, which survive today as a "behavioral fossil" coupled to speech. *American Scientist*, 87(2), 138–145. <https://www.jstor.org/stable/27857812>
- Corballis, M. C. (2003). From mouth to hand: Gesture. *Behavioral and brain sciences*, 199–260. <https://doi.org/10.1017/S0140525X03000062>
- Corbin, J. og Strauss, A. (2012). *Basics of qualitative research: Techniques and procedures for developing grounded theory* (3. útgáfa). SAGE Publications.
- Coupland, J. og Coupland, N. (2009). Attributing stance in discourses of body shape and weight loss. Í A. Jaffe (ritstjóri), *Stance: Sociolinguistic perspectives* (bls. 227–249). Oxford University Press.
- Cummings, J. (1996). *Negotiating identities: Education for empowerment in a diverse society*. California Association for Bilingual Education.
- Davis, J. E. (2010). *Hand talk: Sign language among American Indian nations*. Cambridge University Press.
- De Certeau, M. (1984). *The practise of everyday live*. University of California Press.
- De Meulder, M. og Murrey, J. (2017). Buttering their bread on both sides?: The recognition of sign languages and the aspirations of deaf communities. *Language Problems and Language Planning*, 41 (2), 136–158.
- Debord, G. (1970). *Society of the spectacle*. Radical America. https://monoskop.org/images/e/e4/Debord_Guy_Society_of_the_Spectacle_1970.pdf
- Dillon, R. S. (1992). How to lose your self-respect. *American Philosophy Quarterly*, 29(2), 125–139.

- Dóra S. Bjarnason. (2003). *School inclusion in Iceland: The cloak of invisibility*. Nova Science Publishers.
- Døvehistorisk tidsskrift. (2002). <https://docplayer.dk/8454323-Doevehistorisk-tidsskrift.html>
- Du Bois, J. (2007). The stance triangle. Í R. Englebretson (ritstjóri), *Stancetaking in discourse* (bls. 139–182). John Benjamins.
- Duranti, A. (1997). *Linguistic anthropology*. Cambridge University Press.
- Eiríkur Sigurðsson. (1978). *Af héraði og úr fjörðum*. Skuggsjá.
- Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir. (2012). *Hvað gerðir þú við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Myndun hv-spurninga í íslenska táknmálinu* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/12835>.
- Elísabet Inga Sigurðardóttir. (2023, 26. mars). Flúði land með heyrnarlaus börn vegna aðgerðarleysis stjórnvalda. *Visir.is*. <https://www.visir.is/g/20232393223d/fludi-land-med-heyrnar-laus-born-vegna-ad-gerdar-leysis-stjornvalda?fbclid=IwAR2RPlbijPr3sbH0pfDjjpg6RQsMHZ72j-TknPZ8kIBKdD8gbrE8u5Ddt3jg>
- Emmory, K. (2002). *Language, cognition, and the brain: Insights from sign language research*. Lawrence Erlbaum and Associate.
- Emmorey, K., Damasio, H., McCullough, S., Grabowski, T., Ponto, L. L., Hichwa, R. og Bellugi, U. (2002). Neural systems underlying spatial language in American Sign language. *NeuroImage*, 17(2), 812–824.
- Engberg-Pedersen, E., Hansen, B. og Sørensen, R. K. (1981). *Døves tegnsprog: Træk af dansk tegnsprogs grammatik*. Arkona.
- Erting, C. (1994). *The deaf way: Perspectives from the international Conference on Deaf Culture*. Gallaudet University Press.
- Eva Albrechtsen. (2021, 4. mars). Mikilvægi heyrnarskimunar nýbura. *Morgunblaðið*, bls. 44.
- Eyrún Ólafsdóttir. (2019). *Byrjendalæsi sem brú milli íslensks tákn máls og íslensks rit máls: Reynsla döff kennara* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/34281>
- Fine, M. (1994). Working the hyphens: Reinventing self and other in qualitative research. In N. K. Denzin & Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of qualitative research* (bls. 70–82). Sage Publications, Inc.
- Foley, W. (1997). *Anthropological linguistics: An introduction*. Blackwell Publishers.

- Foreldrar neita að samþykkja aðgerð.* (2014, 20. janúar). Mbl.is. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/01/20/foreldrar_neita_ad_samthykkja_adgerd/
- Foucault, M. (1977). *Discipline & punish: The birth of the prison*. Vintage Books.
- Foucault, M. (1980). *Power / Knowledge*. Vintage Books.
- Foucault, M. (1990). *The history of sexuality: Volume I: An introduction*. Vintage, Reissue Edition.
- Foucault, M. (1991). Governmentality. Í G. Burchell, C. Gordon og P. Miller (ritstjórar), *The Foucault effect: Studies in governmentality* (bls. 87–104). The University of Chicago Press.
- Frishberg, N. (1979). Historical change: From iconic to arbitrary. Í E. Klima og U. Bellugi (ritstjórar), *The Signs of Language* (bls. 67–83). Harvard University Press.
- Geertz, C. (1976). Art as a cultural system. *MLN*, 91(6), 1473–1499. <https://doi.org/10.2307/2907147>
- Gísli Pálsson. (1979). Vont mál og vond málfræði: Um málveirufraði. *Skírnir*, 153(1), 175–201.
- Gísli Pálsson. (2014). Personal names: Embodiment, differentiation, exclusion, and belonging. *Science, Technology and Human Values*, 39(4), 618–630. <https://doi.org/10.1177/0162243913516808>
- Gísli Skúlason. (1907). Um daufdumbraskóla og daufdumbrakenslu. *Nýtt kirkjublað*, 15, 169–174. <https://timarit.is/page/4412863?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%22G%C3%ADsli%20Sk%C3%BAason%22>
- Goldin-Meadow, S. (2005a). Watching language grow. *PNAS*, 102(7), 2271–2272. <https://doi.org/10.1073/pnas.0500166102>
- Goldin-Meadow, S. (2005b). What language creation in the manual modality tells us about the foundations of language. *The Linguistic Review*, 22(2–4), 199–225. <https://doi.org/10.1515/tlir.2005.22.2-4.199>
- Gregory, S. (1998). The bilingual education of deaf children: theory and practice. Í G. L. Zaitseva, A. Komarova og D. Pursglove (ritstjórar), *Deaf children and bilingual education. Proceedings of the International Conference on Bilingual Education of Deaf Children* (bls. 64–74). Zagrey.
- Grosjean, F. (1982). *Life with two languages: An introduction to bilingualism*. Harvard University Press.

- Guðlaug Snorradóttir. (e.d.). *Skólastefna Heyrnleysingjaskólans*. Ljósrit í eigu höfundar.
- Guðmundur Egilsson. (1983, 22. september). Ólafur Guðmundsson sjómaður - Míning. *Morgunblaðið*, bls. 32–33. <https://timarit.is/page/1580473>
- Guðni Jónsson (1966). Bergsætt: niðjatal Bergs hreppstjóra Sturlaugssonar í Brattsholti. Guðni Jónsson.
- Guðný Björk Þorvaldsdóttir. (2007). *The use of space in Icelandic Sign Language* [óútgefin M.Phil. ritgerð]. The University of Dublin.
- Gunnar Karlsson. (2018, 20. júní). Hvað var hægt að læra 1918 og hvers konar skólar voru á Íslandi þá? *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=75843>
- Gunnar Salvarsson. (1991). Hverju skiptir heyrnarleysi eyrans ef hugurinn heyrir. *Glæður*, 17–20.
- Gunnar Salvarsson. (1995). Vesturhlíðarskóli - skóli heyrnarlausra og heyrnarskertra. *Fréttabréf Öryrkjabandalags Íslands*, 8 (2), 17–19. <https://timarit.is/gegnir/991004541099706886>
- Gylfi Baldursson, Ólafur Bjarnason, Sævar Halldórsson, E. Júlíusdóttir og María Kjeld. (1972). Maternal Rubella in Iceland 1963-1964: Some observations on 37 Children with Rubella Syndrom. *Scandinavian Audiology*, 1(1). <https://doi.org/10.3109/01050397209076259>
- Hagskýrslur um manntöl - Manntal á Íslandi 1. desember 1910. <https://timarit.is/issue/389238>
- Haugen, E. (2001). The ecology of language(s). Í A. Fill og P. Mühlhäusler (ritstjórar), *The ecolinguistics reader: Language, ecology and environment* (bls. 57–66). Continuum Intl Pub Group.
- Haukur Darri Hauksson. (2018). *Icelandic deaf culture. A discourse analysis* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/29407>
- Haukur Vilhjálmsson [sögumaður]. (1997). *Óli ríki* [myndband]. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
- Heiðdís Dögg Eiríksdóttir. (2013, 15. september). *Barátta fyrir túlkabjónustu / Greinasafn*. <https://www.deaf.is/utgafa/greinasafn/02>
- Heiðdís Dögg Eiríksdóttir. (2021, 10. febrúar). *Af hverju nota ég táknmál?* [myndband]. (YouTube). <https://youtu.be/KpclzWf4xnI?t=445>
- Hervör Guðmundsdóttir. (1987). Formáli. Í *Táknmálsorðabók*. Félag heyrnarlausra.

- Hewes, G. W. (1973). Primate communication and the gestural origin of language. *Current Anthropology*, 14(1–2), 65–84.
- Hewes, G. W. (1976). The current status of the gestural theory of language origin. *Annals of the New York Academy of Sciences*, 280(1), 482–504. <https://doi.org/10.1111/j.1749-6632.1976.tb25512.x>
- Heyrnarlaus börn og heyrandi saman í skóla. (2001, 28. mars). *Morgunblaðið*, bls. 14. <https://timarit.is/page/3392467>
- Héðan og þaðan. (1945, 10. júlí). *Alþýðumaðurinn*, XV(28), 4. Æskulýðsfélag Akureyrar.
- Héraðsskjalasafnið á Akureyri. (e.d.). G-44/20. *Samtíningur*. Vinnubækur Friðriks Jónssonar, f. 6. janúar 1883 í Hvammi Grýtubakkahreppi, úr heyrnleysingja-skólanum á Stóra-Hrauni við Eyrarbakka.
- Higgins, P. C. (1984). *Outsiders in a hearing world*. Sage.
- Higgins, P. C. og Nash, J. E. (1987). *Understanding deafness socially*. Charles C Thomas Publishers.
- Hill, J. H. (2008). *The everyday language of white racism*. John Wiley & Sons.
- Hjördís Anna Haraldsdóttir. (2015). *Skýrsla Málnefndar um íslenskt tákmal um stöðu þess 7. júní 2015*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsl_mal nef_isl_taknm_2015.pdf
- Hlíðaskóli. (e.d.). *Skólanámskrá - almennur hluti*. <https://hlidaskoli.is/nam-og-kennsla/kennsluhaettir/> (er ekki aðgengilegt lengur)
- Holck, J. (1907). Det Kongelige Døvstumme-Institut i København 1807 - 1839. Í D. J. Goos (ritstjóri), *Det Kongelige Døvstumme-Institut i København 17. april 1807 - 17. april 1907* (bls. 1–150). H. Meyers Bogtrykkeri.
- Hoyer, K. (2007). Albanian Sign Language: Language contact, international sign, and gesture. Í D. Q.-P. (ritstjóri), *Sign languages in contact* (bls. 195–235). Gallaudet University Press.
- Hoyer, K. og Alanne, K. (2008). *Teckenspråkens och teckenspråkigas ställning i Norden*. Finlands Dövas Förbund rf.
- Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2015). Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum: Stutt skýrsla um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. *Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum*. <https://rafladan.is/bitstream/handle/10802/9366/skyrsla.pdf?sequence=1>

- Humphries, T. (1977). *Communicating across cultures (Deaf/Hearing) and language learning* [doktorsritgerð]. Union Graduate School.
- Humphries, T. (2008). Talking culture and culture talking. Í D. Bauman (ritstjóri), *Open your eyes* (bls. 35–41). University of Minnesota Press.
- Inga Lára Baldvinsdóttir. (2001). *Ljósmyndarar á Íslandi*. JPV.
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. (1969). Málleysingjakennsla á Íslandi. *Suðri: þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (bls 270–282). Bjarni Bjarnasons safnaði og gaf út.
- Ingólfur Margeirsson. (1988, 7. júní). Vinnusamir, einangraðir og láglaunaðir. *Alþýðublaðið*, bls. 3. <https://timarit.is/page/3330070>
- Irvin, J. T. og Gal, S. (2000). Language ideology and linguistic differentiation. Í P. V. Kroskrity (ritstj.), *Regimes of language ideologies, politics, and identities* (bls. 35–83). School og American Research Press.
- Íslendingabók*. //islendingabok.is
- Jacobs, L.M. (1988). *A deaf adult speaks out*. Gallaudet College Press.
- Jaffe, A. (2009). Introduction: The sociolinguistics of stance Í A. Jaffe (ritstjóri), *Stance: sociolinguistic perspectives* (bls. 3-28). Oxford University Press.
- Jakobson, R. og Boas, F. (1944). Franz Boas' approach to language. *International Journal of American Linguistics*, 10(4), 188–195.
- Jaworski, A. og Thurlow, C. (2009). Taking an Elitist Stance: Ideology and the Discursive Production of Social Distinction. Í A. Jaffe (ritstjóri), *Stance; sociolinguistic perspectives* (bls 195-226). Oxford University Press.
- Johnstone, B. (2009). Stance, style, and the linguistic individual. Í A. Jaffe (ritstjóri), *Stance; sociolinguistic perspectives* (bls. 29–52). Oxford University Press.
- Jón Pálsson. (1909). Um Jökuldal, Óðinn, 5(9), 70–72. <https://timarit.is/page/2290829>
- Jón Þorkelsson. (1893–1894). Séra Páll Pálsson. *Sunnanfari*, 3(8), 59–60. <https://timarit.is/page/2213525>
- Júlía G. Hreinsdóttir. (2014, 8. mars). Réttindi barna með kuðungsígræðslu. *Morgunblaðið*, bls. 35. <https://timarit.is/page/6072975>
- Júlía G. Hreinsdóttir. (2022). *Baráttusaga íslenska táknmálsins: Ástæður og áhrif lagalegrar viðurkenningar* [óútgefin meistaritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/42407>

- Jørgensen, J. (1907). Det kongelige Døvstumme-Institut i København 1839-1907. Í D. J. Goos (ritstjóri), *Det Kongelige Døvstumme-Institut i København 17. april 1807 - 17. april 1907* (bls. 153–298). Meyers Bogtrykkeri.
- Kegl, J. S. (2018). *Nicaraguan Sign Language. Language stories: Episode 11: Lindsay does languages* [myndband]. (YouTube). <https://www.youtube.com/watch?v=t6Wtwz1P7zl&t=104s>
- Kegl, J. (2021). *Nicaraguan Sign Language projects*. http://www.nicaraguansignlanguageprojects.org/Home_Page.php
- Kendon, A. (1993). Human gesture. Í K. R. Gibson og T. Ingold (ritstjórar), *Tools, language and cognition in human evolution* (bls. 43–62). Cambridge University Press.
- Kendon, A. (2004). *Gesture: Visible action as utterance*. Cambridge University Press.
- Kitzinger, C. og Wilkinson, S. (1996). Theorizing representing the other. Í S. Wilkinson og C. Kitzinger (ritstjórar), *Representing the other: A feminism and psychology reader* (bls. 1–32). Sage.
- Klima, E. og Bellugi, U. (1979). *The signs of language*. Harvard University Press.
- Kocab, A. og Shengas, A. (2020). Language emergence: Theoretical and empirical perspectives. Í Quer, J., Pfau, R. og Herrmann A. (ritstjórar), *The Routledge Handbook of Theoretical and Experimental Sign Language Research* (bls 636–663). Routledge.
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2011). *Sagnir í íslenska táknmálinu. Formleg einkenni og málfraeðilegar formdeildir* [óútgefin meistara ritgerð]. Skemman <http://hdl.handle.net/1946/9997>.
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2019). Íslensk mannanöfn í íslensku táknmáli. Fyrirlestur fluttur á vegum Nafnfræðifélagsins 23. mars 2019.
- Kristján Sverrisson. (2014, 8. febrúar). Þarf opnun eins menningarheims að þýða lokun annars? *Morgunblaðið*, bls. 34. <https://timarit.is/files/43345304#search=%22Kristj%C3%A1n%20Sverrisson%20Kristj%C3%A1n%20Sverrisson%22>
- Kroskirty, P. V. (2000). Regimenting languages: language ideological perspectives. Í Paul V. Kroskirty (ritstjóri), *Regimes of language: Ideologies, politics and identities* (bls. 1–34). School of American Research Press.
- Kulick, Don. (2019). *A Death in the Rainforest: How a Language and a Way of Life Came to an End in Papua New Guinea*. Algonquin Books of Chapel Hill.
- Kunnugur. (1894, 21. desember). Eptirmæli. *Þjóðólfur*, bls. 234–235. <https://timarit.is/page/2030576>

- Kusters, A. (2014). Deaf gain and shared signing communities. Í H.-D. L. Bauman og J. Murrey (ritstjórar), *Deaf gain. Raising the stakes for human diversity* (bls. 285–305). University of Minnesota Press.
- Kusters, A. (2015). *Deaf space in adamorobe: An ethnographic study in a village in Ghana*. Gallaudet University Press.
- Kusters, A., Green, M., Moriarty, E. og Snoddon, K. (2020). *Sign language ideologies in practice*. Walter de Gruyter.
- Kvam, M. H. (2004). Sexual abuse of deaf children. A retrospective analysis of the prevalence and characteristics of childhood sexual abuse among deaf adults in Norway. *Child Abuse & Neglect*, 28(3), 241–251. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2003.09.017>
- Ladd, P. (2003). *Understanding deaf culture: In search of deafhood*. Multilingual Matters.
- Ladd, P. (2022). *Seeing through new eyes, deaf cultures and deaf pedagogies: The unrecognized curriculum*. Dawn sign press.
- Lane, H. (1984). *When the mind hears*. Random House.
- Lane, H. (1999). *The mask of benevolence*. DawnSignPress.
- Lane, H. (2002). Do deaf people have a disability. *Sign Language Studies*, 2(4), 356–379.
- Lane, H. (2005). Ethnicity, ethics, and the deaf-world. *Journal of Deaf Studies and Deaf Education*, 10(3), 291–310.
- Lane, H., Hoffmeister, R. og Bahan, B. (1996). *A Journey into the deaf-world*. Dawn Sign Press.
- Lane, H., Pillard, R. C. og Hedberg, U. (2011). *The people of the eye: Deaf ethnicity and ancestry*. Oxford University Press Kindle Edition.
- Liddell, S. og Johnson, R. (1986). American Sign Language compound formation processes, lexicalization, and phonological remnants. *Natural Language & Linguistic Theory*, 4, 445–513. <https://doi.org/10.1007/BF00134470>
- Lovsamling for Island (1889). 21. b. (1871-1874): Hilmar Stephensen og Ólafur Halldórsson (söfnuðu og gáfu út): Andr. Fred. Höst og Sön.
- Lucas, C. (1989). *The sociolinguistics of the deaf community*. Academic Press.
- Lög um grunnskóla nr. 49/1991.
- Lög um Heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962.

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011.
<https://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>

MacDonald, D. B. og Hudson, G. (2012). The genocide question and Indian residential schools in Canada. *Canadian Journal of Political Science / Revue canadienne de science politique*, 45(2), 427–449. <https://www.jstor.org/stable/23320978>

Machin, D. og Mayr, A. (2012). *How to do critical discourse analysis: A multimodal introduction*. Sage.

Magnús Helgason. (2004). Af Markúsi Þorleifssyni heyrnleysingja frá Arnarstöðum í Sléttuhlíð. *Skagfirðingabók: Rit Sögufélags Skagfirðinga*, 29(1), 201–211.
<https://timarit.is/page/6802056#page/n202/mode/2up>

Maldonado-Torres, N. (2007). On the colonality of being: Contributions to the development of a concept. *Cultural Studies*, 21(2–3), 240–270.
<https://doi.org/10.1080/09502380601162548>

Manntal í Reykjavík 1909 (borgarskjalasafn.is) bls. 31 (165).

Manntal í Reykjavík 1910 (borgarskjalasafn.is) bls. 27-28 (147-148).

Manntal í Reykjavík 1911 (borgarskjalasafn.is) bls. 33-34 (159-160).

Manntal í Reykjavík 1912 (borgarskjalasafn.is) bls. 41-42 (174-175).

Manntal í Reykjavík 1913 (borgarskjalasafn.is) bls. 36.

Manntal í Reykjavík 1914 (borgarskjalasafn.is) bls. 8.

Manntal í Reykjavík 1915 (borgarskjalasafn.is) bls. 9.

Marta María Sigurðardóttir. (2014, 13. janúar). *Kuðungsígræðsla*. <https://www.barn.is/frettir/kudungsigraedsla>

Mauss, M. (1990). *The gift: The form and reason for exchange in archaic societies*. Routledge.

Mál nr. 90/2022 Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls.
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3203](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3203)

Málleysingjaskólinn í Kaupmannahöfn 150 ára. (1957, 17. apríl). *Morgunblaðið*, bls 10.
<https://timarit.is/page/1309920>

- McKee, R. L. og Manning, V. (2015). Evaluating effects of language recognition on language rights and the vitality of New Zealand Sign Language. *Sign Language Studies*, 15(4), 473–497. <https://doi.org/10.1353/sls.2015.0017>
- McKee, R. L., McKee, D., Schembri, A. og Adam, R. (1999). Name signs and identity in New Zealand Sign Language (NZSL) and Australian Sign Language (Auslan) (fyrirlestur, World Federation of the Deaf Congress, Brisbane 25.-31. júlí 1999).
https://www.researchgate.net/publication/233785452_Name_signs_in_New_Zealand_Sign_Language_and_Australian_Sign_Language
- Mills, M. (2002, 9. apríl). I'm happy my child is deaf. *Theguardian.com*.
<https://www.theguardian.com/science/2002/apr/09/genetics.theguardianwo menspages>
- Mordekaí Elí Esrason. (2023, 11. ágúst). Ósýnilegar áskoranir Döff barna. *Visir.is*.
<https://www.visir.is/g/20232448120d/osynilegar-askoranir-doff-barna?fbclid=IwAR0tNjNhOUIByGPTKaQ3LWl4ixcbh2Zm04VLZf6CTeDQ0vZVL9cLrqzYFU>
- Morford, J. P. og Kegl, J. (2000). Gestural precursors to linguistic constructs: How input shapes the form of language. Í D. McNeill (ritstjóri), *Language and gesture* (bls. 358–387). Cambridge University Press.
- Morgunblaðið*. (1944, 11. júlí). bls. 11. <https://timarit.is/page/1252424>
- Mótmæla lokun skóla. (2002, 6. júní). *Morgunblaðið*.
<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/672052>
- Murray, J. J., Hall, W. C. og Snoddon, K. (2019). Education and health of children with hearing loss: the necessity of signed languages. *Bulletin of the World Health Organization*, 97(10), 711–716. <https://doi.org/10.2471/BLT.19.229427>
- Myklebust, H. (1957) *The psychology of deafness: Sensory deprivation, learning, and adjustment*. Grune & Stratton.
- Napoli, D. J. og Sutton-Spence, R. (2014). Order of the major constituents in sign languages: implications for all language. *Frontiers in Psychology*, 5. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2014.00376>.
- Nash, J.E. og Nash, A.(1981). *Deafness in society*. DC Heath.
- Nedelina S. Ivanova. (2008). *Tillaga um nýja íslenska táknmálsorðabók á málvísindalegum forsendum* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman.
<http://hdl.handle.net/1946/3452>

- Newman, A., Supalla, T., Fernandez, N., Newport, E. og Bavelier, D. (2015). Neural systems supporting linguistic structure, linguistic experience, and symbolic communication in sign language and gesture. *Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America*, 11684–89.
- Newport, E. L. (1982). Task specificity in language learning? Evidence from speech perception and American Sign Language. Í E. Wanner og L. Gleitman (ritstjórar), *Language Acquisition: The State of the Art*. Cambridge University Press.
- Nordisk tegnspråk. (1975). Ljósrit í eigu höfundar.
- Nyst, V. (2012). Shared sign languages. Í R. Pfau, M. Steinbach og B. Woll (ritstjórar), *Sign language: An international handbook* (bls. 552–574). Mouton de Gruyter.
- Ong, A. (2007). The production of possession: Spirits and the multinational corporation in Malaysia. Í M. Lock og J. Farquhar (ritstjórar), *Beyond the body proper: Reading anthropology of material life* (bls. 512–530). Duke University Press.
- Ortner, S. (1989). *High religion: A cultural and political history of Sherpa Buddhism*. Princeton University Press.
- Ortner, S. (2001). Specifying agency: The Comaroffs and their critics. *Interventions: International Journal of Postcolonial Studies*, 3(1), 76–84.
- Ó. G. Eyjólfsson. (1935, 26. júlí). Jón Brynjólfsson stofnandi fyrstu heildsölu- og sjerverslunar á Íslandi. sjötugur í dag. *Morgunblaðið*, bls. 5. <https://timarit.is/page/1228952>
- Ólafur Helgason. (1892, 13. febrúar). Einkennileg hátíð. *Ísafold*, bls. 49–50. <https://timarit.is/page/3943084>
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1945). Málleysingjakennsla hér á landi. *Menntamál*, 18 (1), 7–17. <https://timarit.is/gegnir/991005711819706886>
- Padden, C. (1986). Verbs and role shifting in American Sign Language. Í C. Padden (ritstjóri), *Proceedings of the Fourth National Symposium on Sign Language Research and Teaching* (bls. 44–57). National Association of the Deaf.
- Padden, C. og Humphries, T. (1988). *Deaf in America: Voices from a culture*. Harvard University Press.
- Páll Pálsson. (1867, 22. október). Auglýsingar. *Þjóðólfur*, bls. 188. <https://timarit.is/page/2025426>
- Páll Pálsson. (1867a). *Kristin fræði Luthers*.

- Páll Pálsson. (1867b). *Bíblíusögur handa mál- og heyrnar-lausum unglingum á Íslandi*.
- Páll Pálsson. (1867c). *Orðasafn til undirbúningskennslu handa mál- og heyrnarleysingjum*. V. Hansen.
- Páll Pálsson. (1874, 21. júlí). Heyrnar- og málleysingjaskólinn á Prestbakka. *Víkverji* 2(7), 140. <https://timarit.is/page/2059411>
- Petito, L. A. (2014). Three revolutions; Language, culture, and biology. Í H. Dirksen, L. Baumann og J. J. Murray (ritstjórar), *Deaf gain, raising the stakes for human diversity* (bls. 65–76). University of Minnesota Press.
- Power, J., Grimm, G. og List, J.-M. (01 2020). Evolutionary dynamics in the dispersal of sign languages. *Royal Society Open Science*, 7, 191100. <https://doi.org/10.1098/rsos.191100>
- Preisler, G. (1983). *Deaf children in communication* [doktorsritgerð]. Stockholms universitet.
- Preston, P. (1994). *Mother father deaf: Living between sound and silence*. Harvard University Press.
- Ragnheiður Guðjónsdóttir. (1920, 1. janúar). Daufdumbraskólinn og starf hans. *Hlín*, bls. 26–28. <https://timarit.is/gegnir/991005861949706886>
- Rannveig Sverrisdóttir. (2000). *Signing simultaneous events: The expression of simultaneity in children's and adults' narratives in Icelandic Sign Language* [óútgefin Cand. mag. ritgerð]. Københavns universitet.
- Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2016). Why is the SKY BLUE? On colour signs in Icelandic Sign Language. Í U. Zeshan og K. Sagara (ritstjórar). *Semantic fields in sign languages: Colour, kinship and quantification*. De Gruyter Mouton. <https://doi.org/10.1515/9781501503429>
- Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2022). Um málstefnu íslensks tákn máls. *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 22 (3), 77–109. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/189/169>
- Reagan, T. (2010). *Language policy and planning for sign languages*. Gallaudet University Press.
- Reagan, T. (2021). Historical linguistics and the case for sign languages. *Sign Language Studies*, 21(4), 427–454. <https://doi.org/10.1353/sls.2021.0006>
- Reisigl, Martin og Wodak, Ruth. (2017). The discourse-historical approach (DHA). Í *The Routledge Handbook of Critical Discourse Studies*.

- Restrepo, E. og Escobar, A. (2005). Other anthropologies and anthropology otherwise: Steps to a world anthropologies framework. *Critique of Anthropology*, 25(2), 99–129. <https://doi.org/10.1177/0308275X05053009>
- Reynir Berg Þorvaldsson. (2010). *Saga heyrnarlausra á Íslandi*. Félag heyrnarlausra.
- Richardson, L. (1997). *Fields of play: Constructing an academic life*. Rutgers University Press.
- Richardson, L. (1998). Writing: A method of inquiry. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar). *Collecting and interpreting qualitative materials* (bls. 345–371). Sage Publications.
- Rigsarkivet. (e.d.). Det kgl. Døvstummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865. <https://www.sa.dk/ao-soegesider/da/billedviser?epid=21691201#409212,75822637>
- Rissman, L., Horton, L., Flaherty, M. og Shengas, A. (2020). The communicative importance of agent-backgrounding: Evidence from homesign and Nicaraguan Sign Language. *Elsevier*, 1–20. <https://doi.org/10.1016/j.cognition.2020.104332>
- Rjettvísinn gegn Jóhanni Pálssyni. (1901). Landsyfjerrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum (5. bindi). Nr. 30/1896. (bls. 310–313). <https://timarit.is/page/3524751?iabr=on#page/n359/mode/2up>
- Rodda, M., og Grove, C. (1987). *Language, cognition and deafness*. Lawrence Erlbaum.
- Róbert Spanó. (2009). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 könnun á starfsemi heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967*. Forsætisráðuneytið.
- Rúðolf Kristinsson [sögumaður] (2018). Athafnamaðurinn Óli [myndband]. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra.
- Samstarfsnefndin. (1976). Formáli. Í *Tákn málsorðabók*. Félag heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.
- Sanborn, I. (2014, 30. mars). *Caterpillar* [myndband]. (YouTube). <https://www.youtube.com/watch?v=MTgGQnxX5Uw>
- Santos, B. de Sousa. (2018). *The end of the cognitive empire: The coming of age of epistemologies of the south*. Duke University.
- Savage-Rumbaugh, E. S. og Rumbaugh, D. M. (1993). The Emergence of Language. Í K. R. Gibson og T. Ingold (ritstjórar), *Tools, language and cognition in human evolution* (bls. 86–108). Cambridge University Press.

- Schermer, T. og Roland Pfau. (2016). Language contact and change. Í A. Baker, B. Van den Bogaerde, R. Pfau og T. Schermer (ritstjórar), *The linguistics of sign languages: An introduction* (bls. 299–324). John Benjamins Publishing Company.
- Scott, P. (2015, 15. maí). *To busy to hug, No time to see* [myndband]. (YouTube). https://www.youtube.com/watch?v=8OWInN15_MY
- Scott, P. (2015, 15. maí). *Tree* [myndband]. (YouTube). <https://www.youtube.com/watch?v=Lf92PlzMAXo>
- Senghas, A. (2003). Intergenerational influence and on to genetic development in the emergence of spatial grammar in Nicaraguan Sign Language. *Cognitive development*, 18(4), 511–531. <https://doi.org/10.1016/j.cogdev.2003.09.006>
- Shengas, A. (1995). *Children's contribution to the birth of Nicaraguan Sign Language* [doktorsritgerð]. Massachusetts Institute of Technology.
- Senghas, A. og Coppola, M. (2001). Children creating language: How Nicaraguan Sign Language acquired a spatial grammar. *Psychological Science*, 12(4), 323–328. <https://doi.org/10.1111/1467-9280.00359>
- Sigfús Sigurðsson. (1857). *Fingramálsstafróf*. Jósef Grímsson.
- Sigríður Borg Harðardóttir. (2010, 4. október). Jóna Guðrún Skúladóttir. *Morgunblaðið*. <https://timarit.is/page/5339278>
- Sigurður Kristinsson. (1984). Mér þýðir ekki að kvíða. *Múlaping: Byggðasögurit Austurlands* 13, 77–158. <https://timarit.is/gegner/991006067229706886>
- Sigurgeir H. Friðþjófsson. (1982). *Málleysingjakennarinn sr. Páll Pálsson í Þingmúla 1836-1890*. Þingborg.
- Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. (2023, 11. ágúst). Erfitt að kyngja en *Visir.is*. https://www.visir.is/g/20232448609d?fbclid=IwAR1dsKwPB1deUK-ft9Z-OMPJqtRM7Qlo-rv_VNgr8Gg72WU4qtlNp2Cz9zQ
- Silverstein, M. (2003). Indexical order and the dialectics of sociolinguistic life. *Language and Communication*, 23(3), 193–229.
- Sindri Jóhannsson. (2021, 10. febrúar). *Af hverju nota ég táknmál* [myndband]. (YouTube). <https://www.youtube.com/watch?v=KpclzWf4xnl&t=310s>
- Skólastjóri Vesturhlíðarskóla segir upp. (1996, 14. júní). *Morgunblaðið*, bls. 10. <https://timarit.is/files/60033507>
- Skósmíðaverkstofa. (1894, 14. febrúar). *Ísafold*, bls. 32. <https://timarit.is/page/3943842>

- Skutnabb-Kangas, T. (1994). Linguistic human rights: A prerequisite for bilingualism. Í I. Ahlgren og K. Hyltenstam (ritstjórar), *Bilingualism in deaf education (International studies on sign language and communication of the deaf)* (bls. 138–159). Signum-Verlag.
- Skutnabb-Kangas, T. (2015). Linguicism. Í *The encyclopedia of applied linguistics*. Gefið út á vef: 19 júní 2015. DOI: 10.1002/9781405198431.wbeal1460
- Skutnabb-Kangas, T. (2016). Linguistic genocide. Í G. Gertz og P. Boudreault (ritstjórar), *The deaf studies encyclopedia* (2. bindi, bls. 594–599). Sage.
- Skutnabb-Kangas, T. og Dunbar, R. (2010). *Indigenous children's education as linguistic genocide and a crime against humanity? A global view*. Gáldu - Resource Centre for the Rights of Indigenous Peoples.
- Skutnabb-Kangas, T. og Harmon, D. (2017). Biological diversity and language diversity: parallels and differences. Í H. Penz og A. Fill (ritstjórar), *Handbook of ecolinguistics* (bls. 11–25). Routledge.
- Skutnabb-Kangas, T. og Phillipson, R. (1994). Linguicide. *The Encyclopedia of Language and Linguistics* (bls. 2211–2212). Pergamon Press og Aberdeen University Press. <http://www.tove-skutnabb-kangas.org/dl/125-TSK-RP-1994-Linguicide-In-The-Encyclopedia-of-Language-and-Linguistics.pdf>
- Skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um málefni heyrnarlausra og niðurstöður könnunar á félagslegri stöðu heyrnarlausra.* (1988). Félagsmálaráðuneytið.
- Smith, R. A. og Pick, H. L. (2015). Sexual assault experienced by deaf female undergraduates: Prevalence and characteristics. *Violence and Victims*, 30(6), 948–959. <https://doi.org/10.1891/0886-6708.VV-D-14-00057>
- Snoddon, K. (2014). Baby sign as deaf gain. Í H.-D. L. Bauman og J. J. Murray (ritstjórar), *Deaf gain: Raising the stakes for human diversity* (bls. 146–158). University of Minnesota Press.
- Sorglegir atburðir. (1941). *Ægir*, 34(3), 74–87. <https://timarit.is/page/4859965>
- Stacey, J. (1991). Can there be a feminist ethnography? Í S. B. Gluck og D. Patai (ritstjórar), *Womens words: The feminist practice of oral history* (bls. 111–119). Routledge.
- Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1877 B-deild (1877–1878)*; <https://timarit.is/issue/389944>
- Stjórnartíðindi fyrir Ísland: C-deild. Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903 I. (01.01.1904)*. <https://timarit.is/page/6447711>

- Stjórnartíðindi fyrir Ísland C-deild; Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1906. (1907). <https://timarit.is/page/6450819>
- Stokoe, W. (1960). Sign language structure: An outline of the visual communication system of the American deaf. *Studies in Linguistics, Occasional Papers: 8*.
- Stokoe, W. (2002). *Language in hand: Why sign came before speech*. Gallaudet University Press.
- Stokoe, W. og Battison, R. M. (1981). Sign language, mental health and satisfactory interaction. Í L. M. Stein, E. D. Mindel og T. Jabaley (ritstjórar), *Deafness and mental health* (bls. 179–194). Grune og Stratton.
- Stoler, A. (1995). *Race and the education of desire: Foucault's history of sexuality and the colonial order of things*. Duke University Press.
- Supalla, T. (1990). Serial verbs of motion in American Sign Language. Í S. Fischer og P. Siple (ritstjórar), *Theoretical issues in sign language research* (bls. 127–152). University of Chicago Press.
- Sutton-Spence, R. (2014). Deaf gain and creativity in signed literature. Í H.-D. L. Bauman og J. J. Murrey (ritstjórar), *Deaf gain: Raising the stakes for human diversity* (bls. 457–477). University of Minnesota Press.
- Svavar Gestsson. (1990). Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. <https://www.althingi.is/altext/113/r0/0318.html>
- Tegnspråk for viderekomne. (1975). Norske døves landsforbund.
- The World Federation of the Deaf (2010). *21st International Congress on the Education of the Deaf (ICED) in July 2010 in Vancouver, Canada*. <https://wfdeaf.org>. <https://wfdeaf.org/news/21st-international-congress-on-the-education-of-the-deaf-iced-in-july-2010-in-vancouver-canada/>
- Tomkins, W. T. (1969). *Indian Sign Language*. Dover Publications.
- Uldis Ozols. (2018). Mörgæsir og háhyrningur. VV sögur. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. <https://is.signwiki.org/index.php/M%C3%B6rg%C3%A6sir>
- Valgerður Stefánsdóttir. (1989). *Táknmálsnám fyrir kennara á vegum Kennaraháskóla Íslands*. Kennaraháskóli Íslands.
- Valgerður Stefánsdóttir. (2005). *Málsamfélag heyrnarlausra: Um samskipti á milli táknmálastalandi og íslenskutalandi fólks* [óútgefin meistara ritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/26975>.

- Valgerður Stefánsdóttir. Deaf education in Iceland (fyrirlestur haldinn í Siena, Ítalíu, 7. mars 2014).
- Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. (2015). *Skýrsla málnefndar um íslenskt táknmál um stöðu þess 7. júní 2015*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skырslur/stakt-rit/2015/06/18/Skyrsla-Malnefndar-um-islenskt-taknmal-um-stodu-thess-7.-juni-2015/>
- Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía Guðný Hreinsdóttir. (2019). The legal recognition of Icelandic Sign Language: Meeting deaf people's expectation. Í M. D. Meulder, J. J. Murrey og R. L. McKee (ritstjórar), *The legal recognition of sign languages: Advocacy and outcomes around the world* (bls. 238–253). Multilingual Matters.
- Van Dijk, T. A. (2012). *Society and discourse how social context influence text and talk*. Cambridge University Press.
- Vonen, A. M. (2012). Tegnspråk i Norden. *Sprog i Norden*, 43(1), 105–118. <https://tidsskrift.dk/sin/article/view/17159>
- Wallin, L. (1982). *Sammansatta tecken i svenska teckenspråket* (B. 8). Stockholms Universitet, Inst. för lingvistik.
- Wallin, L. og Bergman, B. (1985). Sentence structure in Swedish Sign Language. Í W. Stokoe og V. Volterra (ritstjórar), *Proceedings of the III. international symposium of sign language research* (bls. 217–225). Linstok Press.
- Wallvik, B. (1997). *-ett folk utan land*. Döva och hörselskadade barns stödförening.
- Washabaugh, W. (1980). The organization and use of Providence Island Sign Language. *Sign Language Studies*, 26, 65–92.
- Washabaugh, W. (1986). *Five fingers for survival*. Karoma.
- Washabaugh, W. (1991, 22. janúar). Providence Island Sign Language. <http://www.uwm.edu/~wash/prov.htm> (sótt frá heimasíðu William Washabaugh. Hlekkurinn virkar ekki lengur).
- Washabaugh, W., Woodward, J. C. og DeSantis, S. (1978). Providence Island sign: A context-dependent language. *Anthropological Linguistics*, 20(3), 95–109. <https://www.jstor.org/stable/30027404>.
- Widell, J. (1993). *Døves kultur: Fra åbning og isolation til manifestation og ligestilling*. Døveskolernes Materialecenter.

- Wilcox, S. E. (2009). William C. Stokoe and the gestural theory of language origins. *Sign Language Studies*, 9(4), 398–409. <https://www.jstor.org/stable/26190589>
- Wodak, R. (2015). Critical discourse analysis, discourse-historical approach. Í K. Tracy (ritstjóri), *The international encyclopedia of language and social interaction* (bls. 1–14). John Wiley & Sons. https://www.researchgate.net/publication/280621881_Critical_Discourse_Analysis_Discourse-Historical_Approach
- Woll, B. og Adam, R. (2007). Sign language and the politics of Deafness. Í M. Martin-Jones, A. Blackledge og A. Creese (ritstjórar), *The Routledge handbook of multilingualism* (bls. 100–115). Routledge Taylor & Francis Group.
- Woodward, J. (1976). Signs of change: Historical variation in American Sign Language. *Sign Language Studies*, 10, 81–94.
- WSBE Rhode Island PBS Weekly. (2023, 2. apríl). *The misunderstood reason deaf children fall behind: language deprivation* [myndband]. YouTube. <https://youtu.be/lwv4Ya7n0yl>
- Yoder, M. M. og Johnstone, B. (2018). Unpacking a political icon: ‘Bike lanes’ and orders of indexicality. *Discourse & Communication*, 12(2), 192–208. <https://doi.org/10.1177/1750481317745753>
- Zeshan, U. og de Vos, C. (2012). *Sign languages in village communities*. De Gruyter Mouton/Ishara Press.
- Þingskjal nr 796/1977. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla. <https://www.althingi.is/altext/99/s/pdf/0796.pdf>
- Þ.Í. (1827, 17. janúar). Hið danska Kansellí: KA/110-7
- Þ.Í. (1828, 21. júlí). Hið danska Kansellí: KA/114-23.
- Þ.Í. (1832, 18. janúar). Hið danska Kansellí: KA/126-3.
- Þ.Í. (1837, 29. ágúst). Hið danska Kansellí: KA/146-13:
- Þ.Í. (1837, 17. mars). Hið danska Kansellí: KA/145-3.
- Þ.Í. (1839, 7. maí). Hið danska Kansellí: KA/152-29.
- Þ.Í. (1839, 12. ágúst og 9. september). Hið danska Kansellí: KA/152-6.
- Þ.Í. (24. ágúst 1841). Hið danska Kansellí: KA/160-6.
- Þ.Í. (1. ágúst 1842). Hið danska Kansellí: KA/163-35.
- Þ.Í. (20. ágúst 1846). Hið danska Kansellí: KA/175-43.

- ÞÍ. (28. febrúar 1847). Hið danska Kansellí: KA/177-29.
- ÞÍ. Flatey á Breiðafirði - prestakall 0000 BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1816-1853. Manntal 1816.
- ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum - prestakall 0000 BA/5-1-1, Prestsþjónustubók 1854-1892.
- ÞÍ. Helgastaðir í Reykjadal - prestakall 0000 BA/5-1-1 - Prestþjónustubók 1868-1911.
- ÞÍ. Hraungerði í Flóa / Selfoss - prestakall 0000 BC/12-1-1. Sóknarmannatal Hraungerðis 1922-1943. (Villingaholt með frá 1932).
- ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1864-1892.
- ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/4-1-1. Prestþjónustubók 1869-1883)
- ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BC/6-1-1, Sóknarmannatal 1870 – 1880
- ÞÍ: Manntöl 1840, 1945, 1850, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920. <https://www.manntal.is/>
- ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki - prestakall 0000 BA/4-1-1. Prestþjónustubók 1883-1903.
- ÞÍ. Skýrsla um heyrnar- og mállausa í Helgustaðarprestakalli S-Þingeyjarsýslu 1894.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. (2009, 8. september). Jóhanna biðst afsökunar. *Mbl.is*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/09/08/johanna_bidst_afsokunar/
- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck. (2013). *Í landi myndanna. Um merkingu og uppruna lýsandi orða í táknmáli* [óútgefin meistaritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/13773>

Viðauki A

Íslensku nemendurnir sem sendir voru til Danmerkur

Páll Hinriksson drengur nr. 32 var fyrsti Íslendingurinn sem sendur var til náms við málleysingjastofnunina í Kaupmannahöfn. Hann fæddist árið 1811 á Fremri-Svartárdal, Goðdalasókn í Skagafirði og missti heyrn vegna veikinda á fjórða ári. Hann var níu ára gamall þegar hann sigldi til Kaupmannahafnar og kom í skólann í september árið 1820 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) eða þremur árum áður en Castberg var rekinn frá skólanum. Páll flutti með skólanum á Stormgade 17 eftir að Abrahamson tók við stjórninni. Hann stóð sig vel í námi og þótti efnilegur námsmaður. Tveimur mánuðum áður en hann átti að fermast og útskrifast veiktist hann af því sem kallað var brjóstveiki á Íslandi (þ.í., KA/110-7) eða langvinnir berklar (d. *langvarig brysttæring*) og dó á hælínu þann 16. janúar 1827, 16 ára gamall (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865)

Jón Þorkelsson nr. 37 var fæddur árið 1812. Hann kom á stofnunina haustið 1824. Árið 1828 fékk hann bæði kíghósta og mislinga. Hann dó á hælínu þann 20. febrúar 1830 eftir tveggja daga sjúkdómslegu með háan hita (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865), árið sem flestir létust eða samtals 11 nemendur (Jørgensen, 1907).

Steinvör Þórðardóttir nr. 16 var fædd heyrandi þann 26. ágúst árið 1821 en missti heyrn vegna sjúkdóms sem hún fékk hálfis árs gömul. Hún kom á stofnunina í október árið 1829. Steinvör dó úr berklum þann 24. júlí árið 1834 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) en það ár dóu fjórir nemendur (Jørgensen, 1907).

Guðmundur Ögmundsson nr. 66 var fæddur heyrnarlaus árið 1816. Hann kom út haustið 1827 en var vísað frá eftir tæp tvö ár þann 23. apríl árið 1829 vegna sinnuleysis og fullkominnar vanhæfni til náms (d. *sjælesløvhed og fuldkommen uduelighed til at undervises*). Guðmundur var sendur heim til Íslands þann 23. apríl 1829 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865).

Sigfús Sigurðsson drengur nr. 2 fæddist þann 11. júní árið 1821. Fram kemur í nemendaskránni að sóknarpresturinn Sigurður Árnason hafi staðfest með

vottorði frá 3. júní árið 1823 að Sigfús væri fæddur heyrnarlaus og að ekki væri vitað um neinn annan heyrnarlausan í fjölskyldunni. Það var ekki einfalt mál fyrir foreldra Sigfúsar, Sigurð Vigfússon og Guðbjörgu Sigurðardóttur, að senda hann út. Bæði var það erfitt tilfinningalega og fjárhagslega. Þau gátu ekki kostað skólavistina. Sótt var um ókeypis skólavist á stofnuninni og var samþykkt að vist hans yrði greidd úr fátækra sjóði (þí KA/114-23). Sigfús átti að koma með föt og lín með sér til Kaupmannahafnar svo sem eins og tvö lök, handklæði og tvennar buxur og sauma átti út í tauið hans númerið 2. Sigurður og Guðbjörg voru svo bláfátæk að þau gátu ekki lagt með honum hið minnsta og sama gildi um ættingja hans. Þórður Björnsson skrifaði í bréfi þann 16.7.1831 að hann hefði engin ráð með að finna peninga fyrir fötum, líni og ferðakostnaði. Það þurfti því að leita peninga til þess að fjármagna þessi útgjöld og ferðalagið til Kaupmannahafnar. Í bréfi frá 27.8 1831 er spurt hvort taka megi fé til þess af fátækra sjóð hreppsins. Dannebrogsmann Kristján Jónsson muni síðan senda hann út með fyrstu skipsferð og með þau fataplögg og lín sem krafist var (þ.Í., KA/126-3). Haustið 1831 þegar Sigfús var 10 ára gamall var búið að fjármagna ferðalagið. Í bréfi Kristjáns Jónssonar á Illugastöðum 11.9.1831 var falast eftir fari fyrir drenginn með skipi í eigu Jóhanns Guðmanns kaupmanns sem sigldi beint frá Eyjafirði til Kaupmannahafnar. Í svari þann 12.9 1831, frá M. Hansen, kemur fram að skipið sé fullt. Það sé ómögulegt að taka piltinn með og láta hann sofa uppi á dekki á haustdögum. Það sé ekki *menneskeligt* og því neiti hann staðfastlega að taka þennan daufdumba dreng Sigfús Sigurðsson með til Kaupmannahafnar (þ.Í., KA 114-23). Sigfús, sem var samkvæmt Íslendingabók kallaður mállausi Fúsi, var því heima í Fnjóskadal þann vetur. Ítrekað var frá Kaupmannahöfn, í bréfi 18.1 1832 til Kansallíráð Þórður Björnson, að senda þyrfti drenginn út með fyrsta skipi frá Húsavík eða Eyjafirði til Kaupmannahafnar. Þann 28. júlí 1832 skrifaði Grímur Jónsson amtmaður kansallíinu um að senda drenginn Sigfús Sigurðarson úr Hálshreppi til Kaupmannahafnar á daufdumbrahælið (þí, KA/126-3). Hann var loks sendur þangað haustið 1832 og kom í skólann á Stormgade 17, þann 18. september (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Sigfús var nú orðinn *dreng nr. 2* næstu sex árin. Aðstæður voru mjög bágbornar á þeim tíma og ein stúlka frá Íslandi var eftir á lífi þegar hann kom út, Steinvör Þórðardóttir, en hún lést tveimur árum síðar (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Strangur agi ríkti undir stjórn Abrahamson og Tyge Schow. Húsnæðið var lélegt og mikil þrengsli og veikindi meðal nemenda. Drengirnir sváfu í stóru herbergi þar sem rúmin stóðu þétt í röðum. Samkvæmt nemendaskránni fékk Sigfús mislinga árið 1837 og lifði af. Óskað var eftir því að Sigfús fengi að nema handverk á stofnuninni. Hann hafði sjálfur sýnt hæfileika og lýst áhuga á að læra málaraíðn en ekki gekk að koma honum í læri til málara. Honum var beint í að læra vefnað og útskrifaðist hann sem vefari í maí árið 1838 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865).

Hinn 17. mars 1837 skrifaði Bjarni Thorarensen amtmaður kansallínu, að dauðumbrastofnunin annist um heimsendingu drengsins Sigfúsar Sigurðssonar með hentugri skipsferð, þegar lokið væri að ferma hann (ÞÍ KA/146-13). Hinn 29. ágúst 1837 svaraði stjórn dauðumbrahælisins í Kaupmannahöfn kansallínu og greindi frá, að Sigfús Sigurðsson úr Fnjóskadal gæti fermst árið 1838 og farið heim til sín eftir að hann lyki vefaranámi (ÞÍ KA/145-3). Sigfús lærði vefnað og útskrifaðist hann sem vefari í maí árið 1838. Hann var fermdur þann 30. maí 1838 í Fredrikshavns kirke (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865).og sigldi heim þetta vor á kostnað fátækra sjóðsins (ÞÍ, KA/152-6) með skipinu Norninni (ÞÍ, 7. maí 1839, KA/152-29) að verða átján ára gamall.

Tímabil Heibergs 1839 – 1865, Íslendingarnir sem komu í skólann á Kastellsvej

Páll Þorleifsson nr. 53 var fæddur 1831. Hann kom til stofnunarinnar þann 4. september 1841, tveimur árum eftir að Heiberg tók við. Hann reyndist vera veikur þegar þangað kom. Hann var lagður inn á spítala þann 9. september þar sem hann lá í einn mánuð og var útskrifaður heilbrigður þann 9. október 1841. Páll var fermdur þann 19. apríl og samkvæmt viðurkenningu útgefinni 30. apríl 1846 hafði hann lært skósmíði á stofnuninni. Páll sigldi til baka til Íslands þann 28. apríl 1846 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865).

Kristín Ólína Kristjánsdóttir / Christine Oline Magnúsen, stúlka nr. 34, var fædd þann 20. ágúst árið 1833 að Skarði í Dalasýslu. Foreldrar hennar voru Kristján Skúlason Magnúsen sýslumaður og Ingibjörg E. Magnúsen. Christine Oline var fædd heyrnarlaus en enginn annar af ættingjum hennar (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Kristján faðir hennar skrifaði kansallínu þegar Christine var 8 ára gömul og sótti um upptöku fyrir hana á dauðumbrahælinu með tilvísun í tilskipun frá 2. apríl 1817 um að öll dauðumbræðingur börn í Danmörku skyldu fá kennslu á dövtummeinstitutet í Kaupmannahöfn (Þ.Í., KA/160-6). Christine fékk upptöku á stofnuninni og Kristján tilkynnti, í bréfi 1.8.1842 til konunglega danska kanselísins í Kaupmannahöfn, að hann hafi sent Christine Oline til Danmerkur til að verða tekin inn sem nemandi við dövtummeinstitutet með fötin sem beðið var um, lín og þau vottorð og upplýsingar sem óskað var eftir ásamt 96 ríkisdöllum fyrir fyrsta árinu (ÞÍ KA/160-6 / KA/163-35). Christine Oline kom til Kaupmannahafnar í nýja skólabyggingu á Austurbú þann 5. september 1842 þá 9 ára gömul. Á þeim tíma var Páll Þorleifsson úti og þau hafa verið samtíða fram til 1846 þegar hann var sendur heim. Heiberg var nýtekinn við stjórn stofnunarinnar og aðstæður höfðu batnað frá þeim tíma þegar Sigfús var í skólanum en eftir að skólinn var kominn á Kastellsvej hafði dauðsföllum fækkað verulega. Unnið var að endurbótum á húsnæðinu og til dæmis var nýr kolaofn settur í svefnal stúlkanna árið 1845 en drengirnir fengu að skjálfa í eitt ár til

viðbótar. Kennslan var ennþá að miklu leyti í anda Castbergs, byggði á táknamli en fingramál notað við kennslu ritaðrar dönsku. Einnig voru kennd önnur fög eins og reikningur, náttúrufræði, saga, landafræði og kristinfræði (Jørgensen, 1907). Christine var veik þegar hún kom út og mjög horuð. Læknir stofnunarinnar, H.M. Mackesprang sagði hana aldrei hafa verið hrausta meðan á dvölinni þar stóð (ÞÍ KA/177-29). Christine Oline veiktist síðan alvarlega í janúar 1847 og var þá reynt að að senda hana heim til Íslands með skipi en skipstjórinn neitaði að taka svo veikt barn um borð (ÞÍ KA/175-43). Hún var lögð inn á spítala þann 10. janúar sama ár og lá þar veik til 16. febrúar þegar hún lést, þrettán ára gömul. Stjórn daufdumbrahælisins í Kaupmannahöfn tilkynnti fráfall Christine Oline Magnusen frá Skarði í Dalasýslu í bréfi til kanselísins. Með bréfinu fylgdi sjúkdóms- og krufningarvottorð dagsett 25. febrúar 1847 og kansellíbréf til amtmannsins í Vesturamtinu og til rentukammersins 18. febrúar 1847. Samkvæmt krufningarkýrslu M. Mackesprang lækni virðist hún hafa verið með útbreidda berkla og vannæringu af völdum þeirra. Í krufningsvottorði kemur fram að hún hafi verið veik mest allan tímann frá því hún kom til skólans og hafi dáíð úr kirtlaveiki með einkennum lungnabólgu og berkla (ÞÍ, KA/177-29).

Þorgeir Jónsson nr. 54 var fæddur árið 1829 og kom til Kaupmannahafnar tæplega 14 ára gamall í október 1843. Hann átti tvö heyrnarlaus systkini heima á Íslandi, sem voru árið 1844 Jón Jónsson 32 ára og Guðrún Jónsdóttir 30 ára. Hann lagðist veikur inn á sjúkrahús 9. til 12. ágúst 1844, aftur 1. til 12. júlí 1845 og fékk síðan mislinga á árinu 1847. Hann var fermdur í maí 1849 og settur í læri á stofnuninni sem skósmiður. Þorgeir lést í febrúar 1851 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865), annar tveggja nemenda sem dóu það ár (Jørgensen, 1907).

Gísli Jónsson, nr. 44, var fæddur í Flatey þann 3. október 1837. Foreldrar hans eru ekki skráðir í nemendaskrá stofnunarinnar en í prestþjónustubók fyrir Flatey 1816 – 1853 kemur fram að þau voru Jón Magnússon fiskimaður og Ingibjörg Pálsdóttir bæði á Flatey. Þau voru ógift og var hann beggja fyrsta lausaleiksbarn (ÞÍ. Flatey á Breiðafirði - prestakall 0000 BA/2-1-1). Gísli kom til Kaupmannahafnar þann 6. september 1848 og var fermdur og útskrifaður um vorið 1854. Gerður var námssamningur fyrir hann þann 2. júní 1854 til þess að læra klæðskeraiðn hjá Børresen junior skraddarameistara á Nørrebro (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Árið 1874 vann Gísli fyrir sér sem skraddarasveinn og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.). Hvorki Jón pabbi Gísla né Gísli finnast í manntölum eftir 1855. Líklegt er að faðir hans hafi drukknað og að Gísli hafi sest að í Danmörku til frambúðar. Ingibjörg móðir hans er skráð húsfreyja að Hreggsöðum í Barðastrandasýslu í manntali 1855, gift Guðmundi Guðmundssyni. Hún átti

með honum 3 börn og var með eina dóttur fimmtán ára Rannveigu Jónsdóttur alsystur Gísla.

Gottskálk Halldórsson nr. 39 var fæddur 18. nóvember 1836 á Húsavík. Hann var tekinn inn í skólann þann 8. nóvember 1849 á fátækra styrk, fermdur og útskrifaður um vor 1855. Gottskálk var ekki talinn vera alveg heyrnarlaus því hann gat hermt nokkuð vel eftir tali. Eftir útskrift fékk hann námssamning sem skraddari hjá Biórch í Grónnegade (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Gottskálk vann fyrir sér sem skraddari árið 1874 og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.). Hans er ekki getið í manntölum á Íslandi eftir 1855.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir nr. 38 var fædd þann 13. október 1839 á Herjólfstöðum í Skagafirði, dóttir Þorsteins Þorsteinssonar bónda og Oddnýjar Guðmundsdóttur. Ingibjörg kom út á skólann þann 10. október 1852 þrem dögum fyrir þrettán ára afmælið sitt. Í nemendaskránni kemur fram að hún hafi verið lögð inn á sjúkrahús þann 6. maí og legið þar til 24. maí 1853. Hún var fermd 30. maí 1860 en fór ekki frá stofnuninni fyrr en tveimur árum síðar eða þann 6. apríl 1862 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Ekki kemur fram að hún hafi verið send til Íslands. Hvorki Ingibjörg né foreldrar hennar finnast í manntölum eftir 1850 og hennar er ekki getið í Íslendingabók. Ingibjörg var samtíða Gísla Jónssyni og Gottskálk Halldórssyni á stofnuninni. Líklegast er að hún hafi einnig sest að í Danmörku.

Sigríður Helgadóttir nr. 2 var fædd þann 13. mars 1844 og kom haustið 1853 til Kaupmannahafnar. Hún var lögð inn á spítala með heilabólgu þann 23. janúar 1854 og lést tveimur dögum síðar aðeins níu ára gömul (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Árið 1854 dóu þrír nemendur (Jørgensen, 1907).

Benedikt Halldórsson fæddist 2. september árið 1842 að Hallfreðarstöðum í Norður-Múlasýslu. Hann kom út þann 14. ágúst árið 1855 og varð drengur nr. 36. Hann var ekki með nauðsynlegt bólusetningarvottorð meðferðis og fór af skólanum 9. apríl 1856 heim til Íslands vegna sinnuleysis (d. *fatuitet*) (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Í manntali 1860 bjó Benedikt hjá móður sinni að Hallfreðarstöðum og var sagður daufdumbur. Um hann segir í *Íslendingabók*: „Var á Hallfreðarstöðum, Kirkjubæjarsókn, N-Múl. 1860. Stjúpsonur bónda á Hallfreðarstöðum, Kirkjubæjarsókn, N-Múl. 1880. Heyrnar- og mállaus skv. dánarskrá kirkjubókar. Dó ókvæntur og barnlaus, „vitskertur“, segir Einar prófastur“.

Ólafur Ólafsson nr. 54 var fæddur heyrandi árið 1842. Hann missti heyrn vegna sjúkdóms sem hann fékk á fyrstu árum ævinnar. Ólafur kom á stofnunin í

október 1855. Eftir langa sjúkdómslegu lést hann þar þann 31. mars 1859 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) en tveir nemendur dóu á því ári (Jørgensen, 1907).

Hildur Magnúsdóttir nr. 52 var fædd þann 17. október 1846, Garði í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hennar voru Magnús Jónsson síðar aðstoðarprestur á Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu og Þórvör Skúladóttir. Ekki var ljóst hvort Hildur væri fædd heyrnarlaus eða hafi orðið það vegna mislinga sem hún fékk stuttu eftir fæðingu. Hún kom út þann 4. október 1856, var fermd 27. maí 1863 og fór til Íslands þann 28. júlí 1863 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865) þá sextán ára gömul. Í manntali 1901 kemur fram að hún búi hjá systur sinni Ingibjörgu í Læknishúsinu í Blöndóssókn, Húnavatnssýslu. Í Íslendingabók er hún sögð mál- og heyrnarlaus og hafa látist árið 1907.

Stefán Björnsson nr. 43 var fæddur 25. febrúar 1845. Hann missti heyrn vegna sjúkdóms sem hann fékk á fjórða ári. Hann kom á stofnunina haustið 1857 og dó úr ólæknanlegum lungnaberkum á stofnuninni þann 4. janúar 1859 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865), annar tveggja nemenda það ár (Jørgensen, 1907).

Snjólaug Jónsdóttir nr. 60 frá Sómastöðum Suður Múlasýslu var fædd 4. júlí 1845. Hún kom út 29. ágúst 1859. Hún var fermd 31. maí 1865 og var útskrifuð 4. desember (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Hún vann sem þjónustustúlka hjá Malling Hansen forstöðumanni stofnunarinnar í eitt ár frá 4. desember 1866 til 1. desember 1867 og gerðist þá þjónustustúlka á skólanum til 1. október 1870. Þá gerðist hún aftur þjónustustúlka hjá forstöðumanninum og vann þar til 1871. Hún giftist heyrnarlausum manni, Frank Christian Schults, árið 1874 og bjó í Kaupmannahöfn 1866 (Rigsarkivet, e.d.).

Kristín Jensen, fædd Guðnadóttir var nr. 27. Hún fæddist 26. nóvember árið 1849 alveg heyrnarlaus og kom út 20. september 1860. Hún var fermd 30. maí 1866 og fékk vinnu sem þjónustustúlka við Konunglegu daufdumbrastofnunina frá 1. júlí 1866 (Statens Arkiver, u.å.). Kristín giftist síðan Niels Jensen dreng nr 8 og bjó í Kaupmannahöfn árið 1874 (Rigsarkivet, e.d.).

Kristján Jónsson nr. 18 var fæddur 4. apríl 1852 Hofssókn, Skagafjarðarsýslu. Hann kom út þann 4. október 1862 og var fermdur í Kaupmannahöfn 22. júlí 1868. Kristján fór frá Kaupmannahöfn til Íslands þann 6. apríl 1869 (Statens Arkiver, u.å.). Í manntali 1870, þegar hann er átján ára, býr hann hjá föður sínum á Hornbrekku í Skagafjarðarsýslu en móðir hans var látin. Kristján réðst til Páls Pálssonar sem vinnumaður og aðstoðarkennari frá 1871-1877. Hann gekk að eiga Önnu Sigríði Magnúsdóttur þann 5. desember 1877 og voru þau gefin saman í kirkjunni á Prestbakka. Þann 16. desember 1877, 11 dögum eftir

brúðkaupið drukknaði Kristján Jónsson 25 ára gamall í Skaftá (Þí. Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Prestsþjónustubók 1864-1892.

Markús Þorleifsson var fæddur 27. júlí 1851 í Skagafjarðarsýslu. Markús var niðursetningur og var sendur af hreppnum á stofnun heyrnar- og mállausra í Kaupmannahöfn árið 1863. Tólf ára var hann settur um borð í skip sem siglt var til Danmerkur. Hann kom út þann 14. september 1863 og varð drengur nr. 75. Hann var fermdur 21. júlí 1869 og útskrifaður 20. ágúst 1869 í læri sem skraddari (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Lærimeistari hans var skraddari Olsen „døvtum“ í Kjöge árið 1874. Markús starfaði sem skraddari til dauðadags. Hann gekk í hónaband með danskri stúlku, skólasystur sinni Sidse Marie Christiansdatter og eignuðust þau þrjá syni. Markúsi gekk vel sem skraddara, eignaðist hús og vinnustofu og tók lærlinga. Í Sjællandsposten frá 6. mars 1888 auglýsir Markús þjónustu sína og segir hana mjög ódýra. Markús lést 19. nóvember 1918 úr spænsku veikinni. Hann kom aldrei til Íslands eftir að hann var tólf ára niðursetningur settur í skip til Danmerkur. Í Danmörku eignaðist hann hamingjuríkt líf, varð iðnmeistari og rak sitt eigið fyrirtæki.

Kristín Halldóra Daníelsdóttir nr. 41 var fædd 1. desember 1850 að Hólum í Skagafjarðarsýslu. Hún kom út þann 6. ágúst 1863 og var fermd 20. júlí 1870 (Rigsarkivet, Det kgl. Døvtummeinstitut i København: Stambog over elever 1816-1865). Kristín fékk vinnu sem þjónustustúlka hjá frú Malling Hansen 1874 og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.).

Ingibjörg Guðjónsdóttir nr. 14 frá Arnarnesi í Eyjafjarðarsýslu kom út 2. nóvember 1864, var fermd þann 21. maí 1875 og útskrifuð 30. september 1875. Hún fékk vinnu á Konunglegu daufdumbrastofnuninni eftir útskrift og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.).

Jón Jónsson nr. 25 var fæddur 20. nóvember 1854 á Helgastöðum í Þingeyjarsýslu. Hann kom út 23. september 1864 ásamt Ragnhildi systur sinni, var fermdur 16. júlí 1873 og útskrifaður 9. ágúst 1873 í læri sem smiður og bjó í Kaupmannahöfn árið 1874 (Rigsarkivet, e.d.).

Ragnhildur Jónsdóttir nr. 61 var fædd 11. nóvember 1856. Bróðir hennar var drengur nr. 25. Ragnhildur kom út á stofnunina með Jóni bróður sínum þann 23. september 1864, var fermd 16. maí 1873, útskrifuð 1. júní 1874. Hún bjó í Kaupmannahöfn og vann á Konunglegu daufdumbrastofnuninni (Rigsarkivet, e.d.).

Íslendingar sem komu út eftir að Malling Hansen tók við

Hermann Jónsson nr. 65 var fæddur 15. september 1856 í Eyjafjarðarsýslu. Hann kom út þann 6. september 1866, var fermdur 22. maí 1874. Hann var

útskrifaður í læri sem burstagerðarmaður og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.). Hans er ekki getið í manntölum hér á landi eftir þetta.

Jón Jónsson nr. 64 fæddist þann 7. júlí 1851 á Sjöundastöðum í Flókadal, í Skagafjarðarsýslu. Hann kom út þann 11. september 1866, var fermdur 16. júlí 1873 og útskrifaður 23. júlí 1873. Hann var árið 1874 í læri sem skraddari og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.). Jóns er ekki getið í manntölum hér á landi eftir þetta.

Sigtriggur [svo] Eyjólfsson nr. 34 frá Arnarnesi í Eyjafjarðarsýslu var fæddur heyrnarlaus þann 8. október 1857. Hann kom á stofnunina þann 2. nóvember 1867. Eftir útskrift fór hann í læri sem glerblásari 1874 og bjó í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet, e.d.).

Valgerður Bjarnadóttir nr. 34 frá Reykjavík var fædd 26. nóvember 1857. Hún kom út þann 9. nóvember 1867, var fermd 16. maí 1873 og útskrifuð 27. september 1873. Hún bjó árið 1874 í Kaupmannahöfn og vann á stofnun fyrir heyrnarlausar stúlku (Rigsarkivet, e.d.).

Rebekka Sigurlín Stefánsdóttir Fram kemur í Stjórnartíðindum 1877 að greiddur var af norður- og austuramtinu ferðakostnaður heyrnar- og mállausrar stúlku Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur á dumbaskólann í Kaupmannahöfn 102 krónur (Stjórnartíðindi fyrir Ísland: B-deild - Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1877 (01.12.1877) bls 99. Rebekka Sigurlín sneri heim frá námi í Kaupmannahöfn og bjó á heimili foreldra sinna í Stefánshúsi á Seyðisfirði (manntal 1890-1910). Í Íslendingabók er hún sögð vera þurfalingur á Seyðisfirði árið 1930.

Guðrún Jóhanna Jónsdóttir kemur fram í eftirmælum, í Þjóðólfi 1894, eftir Jón Matthíasson kaupmann í Reykjavík. Guðrún var dóttir Jóns og sagt er að hún hafi dáðið í Kaupmannahöfn. Hafði faðir hennar varið miklum hluta af söluandvirði bús síns: „til að kosta mál - og heyrnarlausu dóttur til náms í Kaupmannahöfn, með því misjafnt orð lék þá á hinni innlendu heyrnar- og mállleysingjakennslu“ (Kunnugur, 1894, bls. 234).

Níu nemendur létust ytra

Páll Hinriksson drengur nr. 32

Jón Þorkelsson nr. 37

Steinvör Þórðardóttir nr. 16

Christine Oline Magnusen, stúlka nr. 34

Þorgeir Jónsson nr. 54

Sigríður Helgadóttir nr. 2

Ólafur Ólafsson nr. 54

Stefán Björnsson nr. 43
Guðrún Jóhanna Jónsdóttir

Fjórtán settust að

Gísli Jónsson, drengur nr. 44
Gottskálk Halldórsson nr. 39
Ingibjörg Þorsteinsdóttir nr. 38
Snjólaug Jónsdóttir nr. 60
Kristín Jensen fædd Guðnadóttir nr. 27
Markús Þorleifsson nr. 75
Kristín Halldóra Daníelsdóttir nr. 41
Ingibjörg Guðjónsdóttir nr. 14
Jón Jónsson nr. 25
Ragnhildur Jónsdóttir nr. 61
Hermann Jónsson nr. 65
Jón Jónsson nr. 64
Sigtriggur Eyjólfsson nr. 34
Valgerður Bjarnadóttir nr. 34

Sjö sneru heim

Guðmundur Ögmundsson nr. 66
Sigfús Sigurðsson nr. 2
Páll Þorleifsson nr. 53
Hildur Magnúsdóttir nr. 52
Benedikt Halldórsson nr. 36
Kristján Jónsson nr. 18
Rebekka Sigurlín Stefánsdóttir

Viðauki B

Nemendur sem sendir voru í kennslu til séra Páls Pálssonar frá 1867-1890

1870

Soffía Emilía Friðfinnsdóttir kom frá Bárðardal að Prestbakka 1868 og fór heim að Litlu Völlum Þingeyjarsýslu árið 1870 (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892) Samkvæmt Skýrslu um heyrnar- og mállausa í Lundabrekkuprestakalli S-Þingeyjarsýslu árið 1894 vann Soffía Emilía Friðfinnsdóttir fædd 22.nóv 1847 alls konar kvenfólks vinnu á Hrapstöðum. Hún naut einskis styrks og var ógift.

Þórarinn Brandsson kom 12 ára af Mýrum í kennslu að Prestbakka árið 1868. Hann var vinnumaður hjá Páli í eitt ár eftir fermingu, fór í vinnumennsku í heimasveit (ÞÍ.Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892), lærði síðan skósmíðar í Reykjavík og vann þar sem skósmiður (Íslendingabók).

Eyjólfur Finnbogason kom 13 ára úr Landsveit í kennslu að Prestbakka árið 1868. fór eftir nám heim að Galtalæk og var vinnumaður hjá móður sinni (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Í Íslendingabók kemur fram að hann hafi verið heyrnarlaus og mállaus en mjög vel gefinn. Unnið sem lausamaður í Galtalæk, Skarðsókn, Rang. 1901. Hann hafi látist 8.11.1923.

Guðmundur Jónsson kom 22 ára árið 1869 að Prestbakka frá Stokkseyri og fór árið 1877 til Eyrarbakka (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Hann finnst ekki í manntali eftir veruna hjá Páli.

Jónína Halldóra Kristjánsdóttir kom í kennslu 15 ára árið 1869 úr Dalasýslu.. Hún var á Prestbakka til 1877 (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Jónína var meðgjafarómagi á Ormsstöðum, Dagverðarnessókn, Dalasýslu árið 1880. Faðir hennar var Kristján Jónsson, ókvæntur vinnumaður í Rauðseyjum. Hún lést 35 ára að aldri 21. júní 1890 (Íslendingabók).

Kristín Sigurðardóttir kom frá Kvískerjum að Prestbakka árið 1870, 14 ára til kennslu. Hún var sögð bjáni og var send heim (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892) Í Íslendingabók kemur fram að hún hafi verið á Kvískerjum, Hofssókn, A-Skaft. 1860 og 1870.

Salómon Björnsson kom frá Jórvík 21 árs að Prestbakka árið 1869 sagður bjáni og sendur heim (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Samkvæmt manntali 1870 er hann niðursetningur á Þykkvabæjarklausturshjáleigu og sagður fábjáni.

Jónína Gestsdóttir var skráð 11 ára niðursetningur í Hróarsholti, Árnæssýslu mál- og heyrnarlaus í manntali 1880. Í manntali 1890 er hún skráð daufdumb og fábjáni í Kolsholti, Árnæssýslu. Hún er enn skráð í Kolsholti í manntali 1901, 1910. Lifir af sveitarstyrk og skráð fábjáni. Hún er ekki í manntali 1920.

Gísli Jónsson 14 ára frá Kaldaðarnesi kom árið 1871 að Prestbakka samkvæmt Prestþjónustubók og sóknarmannatali Kirkjubæjarklausturs. Hann er líka skráður á Prestbakka árið 1872 og 1873 (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/4-1-1. Prestþjónustubók 1869-1883;). Gísli Jónsson er á Prestabakka samkvæmt Sóknarmannatali árið 1870-1880 (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BC/6-1-1). Hann finnst hins vegar hvorki í manntölum né Íslendingabók. Gísli Jónsson er ekki skráður á Prestbakka árið 1974.

Gísli Gíslason frá Höskuldsstöðum, Kaldaðarnessókn, Árnæssýslu. Hann var fæddur 12.1.1859. Hann er einnig skráður 1875 en ekki 1876. Gísli Gíslason kom aftur að Prestbakka árið 1877 (Kirkjubæjarklaustur á Síðu prestakall Vestur-Skaftafellssprófastsdæmi Kirkjubæjarklaustur Prestþjónustubók 1864-1892; ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1). Hann var fermdur árið 1878 og fór heim að Höskuldsstöðum eftir nám. Var vinnumaður á Höskuldsstöðum, síðar vinnumaður í Holti í Gaulverjabæjarhreppi. Hann lést 4.8. 1889. Gísli Gíslason er fæddur í janúar árið 1859 og gæti því verið sá Gísli Jónsson sem er sagður fæddur árið 1858 og er ekki að finna í manntölum eða Íslendingabók.

Anna Sigríður Magnúsdóttir kom að Prestbakka árið 1873, 23 ára af Jökuldal (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Hún fór til Vesturheims árið 1887 ásamt dóttur sinni Guðnýju Kristjánsdóttur (Pálsdóttur) (Sigurgeir H. Friðþjófsson, 1982).

Guðrún Guðmundsdóttir kom af Skeiðum að Prestbakka árið 1873 11 ára og var útskrifuð árið 1880, 18 ára í Árnæssýslu (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Hún er skráð í manntali 1890 niðursetningur á Brú, Laugardælasókn, Árnæssýslu 29 ára. Í manntali 1901 vinnukona á Dalbæ Hrepphólasókn, Árnæssýslu og í manntali 1910 niðursetningur á sama bæ, 48 ára og þiggur af sveit. Í manntali 1920 býr hún enn að Dalbæ er þá skráð ættingi húsbænda.

Sigríður Jónsdóttir 23 ára kom frá Leirárgörðum til Prestbakka árið 1875. Hún flutti til bróður síns heim að Leirárgörðum, Leirársókn í Borgarfjarðarsýslu (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Hún flutti með fjölskyldunni til Reykjavíkur og bjó að Lindargötu 20. Í manntali 1901 vinnukona 47 ára og ógift.

Guðrún Petrína Sæmundsdóttir var samkvæmt Íslendingabók á Stórureykjum, Barðsókn, Skagafirði árið 1870. Hún kom að Prestbakka 14 ára frá Barðsókn árið 1875 (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 Prestsþjónustubók 1864-1892). Hún var samkvæmt Íslendingabók Niðursetningur á Vöglum í Möðruvallasýslu, í Hörgárdal árið 1910. Þurfakona í Grjótgarði, Lögmannshlíðarsókn, Eyjafurðu árið 1930.

Þeófilus Þeófilusson kom árið 1876 til kennslu 11 ára ómagi frá Aðalvík. Eftir fermingu gerðist hann vinnumaður hjá Páli. Þegar Páll lést var hann hjú á Egilsstöðum í Vallanessókn, S Múlasýslu samkvæmt manntölum árin 1901, 1910 og 1920.

Pétur Daníelsson kom árið 1877 úr Snæfellssýslu 17 ára að Prestbakka. Hann dó 17.10 árið 1877 úr taugaveiki (ÞÍ. Kirkjubæjarklaustur á Síðu - prestakall 0000 BA/3-1-1 - Prestsþjónustubók 1864-1892) -

Steinunn Þorgeirsdóttir var fædd í Villingaholtssókn. Hún kom að Prestbakka í kennslu 12 ára árið 1877 frá Neistastöðum samkvæmt Prestsþjónustubók 1864-1892. Steinunn er skráð „kenslustúlka“ á Stafafelli hjá Páli í manntali 1880. Hún var vinnuhjú hjá Páli þar til hann lést árið 1890 og fór frá Þingmúla árið 1891 heim í Villingaholtshrepp (ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum - prestakall 0000 BA/5-1-1 Prestsþjónustubók 1854-1892). Hún var hjú í Gaulverjabæ 1899, 1900 og 1901 Gaulverjabæjarsókn, Árnassýslu (ÞÍ. Gaulverjabær í Flóa - prestakall 0000 BC/5-1-1, Sóknarmannatal Gaulverjasókn 1898-1909) . Var samkvæmt Íslendingabók vinnukona Vorsabæjarhjáleigu, Gaulverjabæjarhreppi, Árnassýslu árið 1910. Í manntali 1920, er hún sögð 67 ára en athugasemd við að hún man ekki aldur sinn.

Árið 1885

Björn Guðmundsson var fæddur 25.8.1871. Hann kom 13 ára í kennslu frá Ísafirði að Þingmúla árið 1885 (ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum - prestakall 0000 BA/5-1-1 Prestsþjónustubók 1854-1892). Árið 1890 þegar Páll lést var hann 17 ára. Hann fór frá Þingmúla árið 1891 til Ísafjarðar. Í manntali árið 1901 er hann niðursetningur á Stað, Grunnavíkursókn, NorðurÍsafjarðarsýslu, í manntali 1910 er hann hjú á Nesi, Staðarsókn í Grunnavík, NorðurÍsafjarðarsýslu. Í manntali 1920 er hann þurfalingur á Kollsá en getur unnið við snúninga og heyvinnu, Grunnavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Pjetur Bjarnason var fæddur 7.7.1875. Hann kom í kennslu árið 1885 úr Húnavatnssýslu að Þingmúla 10 ára gamall. Hann fór frá Þingmúla árið 1891 að Stóru Borg í Skagafirði 15 ára 1885 (ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum - prestakall 0000 BA/5-1-1 Prestsþjónustubók 1854-1892). Fór að Gaulverjabæ 18 ára. Pétur var skósmiður á Akureyri 1930 (Íslendingabók).

Guðbjörg Jóhannesdóttir var fædd 22.sept 1877. Hún var í 4 ár (1887-1891) í Þingmúla hjá Páli Pálssyni. Fluttist frá Þingmúla, eftir að Páll lést, til

Hallbjarnarstaða í Helgastaðarprestakalli S-Þingeyjarsýslu 14 ára og var gefið með henni af sveit (ÞÍ. Helgastaðir í Reykjadal - prestakall 0000 BA/5-1-1 - Prestþjónustubók 1868-1911). Hún flutti síðar að Stóra Hrauni og var þar vinnukona. Í manntali 1910 er hún 32 ára, hjú að Þverá, Laufássókn, Suður Þingeyjarsýsla og sögð fædd 22.9.1878. Í manntali 1920 er Guðbjörg Jóhannesdóttir skráð heyrnar- og mállaus vinnukona á Strandgötu 43 Akureyri, talin vera 38 ára, sögð fædd 22. Seft. 1882.

Erlingur Filippusson kom til kennslu árið 1889 frá Kálfafelli að Þingmúla 17 ára gamall. Hann er skráður í prestþjónustubók Hallormsstaðar 1854-1892 en var sendur frá Páli að Eiðum árið eftir til náms 1885 (ÞÍ. Hallormsstaður í Skógum - prestakall 0000 BA/5-1-1, Prestsþjónustubók 1854-1892). Í Íslendingabók segir að hann hafi verið bóndi á Haukalandi við Laufásveg, Reykjavík 1930. Búfræðingur, silfursmiður, grasalæknir og bóndi í Borgarfirði eystra, síðar í Reykjavík. Var í Reykjavík 1945. Síðast bús. í Reykjavík.

Af 20 (21) nemendum Páls voru sex (sjö) vinnuhjú oftast í heimasveit, fjórir voru ómagar eða niðurstetningar, þrír voru sagðir bjánar, tveir voru skósmiðir annar í Reykjavík en hinn á Akureyri og ein fór til Ameríku, tveir finnast ekki í manntölum eftir veruna hjá Páli, einn varð grasalæknir og einn lést á meðan á dvölinni stóð.

Viðauki C

Nemendur á Gaulverjabæ 1892 og á Stóra Hrauni frá 1893-1908

Kennt var hver Helga Hálfðánarsonar

Sigríður Helgadóttir 22 ára frá Birtingarholti fædd 18.12.1879? Fór heim í Birtingarholt eftir nám.

Pjetur Bjarnason fæddur 7.7.1875 var í kennslu hjá Páli. Hann kom 18 ára frá Stóru Borg í Húnavatnssýslu, fór til séra Ólafs í Gaulverjabæ í nóvember 1892 og flutti með honum til Stóra Hrauns 1893. Hann var fermdur 31.5. 1896 með biskupsleyfi frá 28.4.1896. Í Prestþjónustubók frá Stokkseyri kemur fram að hann hafi fengið 5 í skrift, fyrir kunnáttu og skilning í kristindómi fékk hann dável, í reikningi 5 1 og hegðun 6. Fram kemur að hann hafi lært á Stóra Hrauni ágrip af barnalærdómi og biblíusögum, einkonar og margskonar tölur og nokkuð í tugabrotum (Þí. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki - prestakall 0000 BA/4-1-1. Prestsþjónustubók 1883-1903). Hann varð síðar skósmiður á Akureyri.

Jónas Stefánsson fæddur 10.9.1878 kom að Gaulverjabæ 18 ára frá Marbæli Skagafirði. Hann var í kennslu hjá séra Ólafi þar til hann var fermdur þann 18.6.1899. Hann fékk í einkunn hver 3 2, Skrift 4, reikningur 3 1 Hegðun 6. Fór að Marbæli og var þar mállaus vinnumaður. Lést 1909.

Einar Guðmundsson fæddur 12.11.1882 kom 10 ára í skólann árið 1892 frá Reykjavík. Hann fermdist 18.6.1899 og fékk í einkunn hver 4, skrift 4 1, reikningur 3 2, hegðun 6. Sextán ára fór hann til Reykjavíkur. Var sjúklingur í Reykjavík 1910 og 1930.

(Guð)Brandur Gíslason fæddur 1.9.1883 kom 9 ára frá Reynishjáleigu, Mýrdal árið 1892. Hann var fermdur árið 1899. Hann fékk í einkunn hver 4 1, skrift 4 1, reikningur 4 2, hegðun 6. Var 15 ára að Sólheimum Mýrdal. Var í Einarshúsi, Reynissókn V- Skaft. 1901. Sveitastyrksþegi. Vinnumaður í Suður-Hvammi. Heyrnar- og mállaus. Drukknaði 8.7. 1907.

Guðni Árnason kom 10 ára í skólann á Stóra Hrauni árið 1893. Var fæddur 7.3.1881, fermdur 18.6. 1899. Einkunnir hans voru hver 5 1, skrift 5 1, reikningur 5 2, Hegðun 6. Fór 17 ára að Hellum GVB. Var síðast búsettur í Reykjavík lést 16.3.1970.

Guðrún Kristjánsdóttir frá Eskiholti í Mýrarsýslu fædd 8.12.1876 mállaus. Hún var fermd 18.6. 1899. Einkunnir voru hver 4 2, Skrift 4, reikningur 5 hegðun 6. Tuttugu og tveggja ára fór hún að Stafholti. Var sveitarómagi í Stafholti í Stafholtssókn, Mýr, 1901. Vinnukona í Stafholti, Kaðalsstöðum, Sólheimatungu og Borgarnesi. Var vinukona í Borgarnesi 1930. Lést 7.5.1965.

Nemendur fermdir 9.6.1901

Ólafur Björnsson aldur: 17 11/12 (f 19.6.1883 d.12.7.1968). Frá Innstavigi Akranesi. Einkunnir lestur og skrift 5, reikningur 5 1, kver og biflíusögur 5. Var hjú Hafliðakoti, Stokkseyrarsókn, Árnassýslu í manntali 1901. Í Reykjavík manntali 1910. Skósmíðasveinn hjá Birni Þorsteinssyni skósmið. Var leigjandi Þingholtsstræti 22 í manntali 1920, ógiftur og vann hjá Óle Thorsteinsson skósmið. Skósmiður á Grettisgötu 51, Reykjavík 1930. Skósmiður og verkamaður í Reykjavík. Kallaður Óli gamli af „gamla fólkinu“. Er á mynd frá Skógarfossi. Ólafur kvæntist Guðfinnu Grímsdóttur (f. 25. júlí 1916 – d. 26. apríl 1981) sem var í skóla hjá Margréti Rasmus. Þau voru gefin saman í hjónaband 17.2.1940 (ungfrú Guðfinna Grímsdóttir, Laugarnesvegi 68 og Ólafur Björnsson skósmiður, Grettisgötu 51). Heimili þeirra var á Freyjugötu 6. Arne sagði Óla gamla hafa talað öðruvísi fingramál heldur en Rasmus kenndi.

Guðbjörg Jóhannesdóttir 23 8/12 (f 8.12.1877) frá Hallbjarnarstöðum í Þingeyjarsýslu. Reikningur 4 2, kver og biblíusögur 4 2, hegðun 6. Lést? (Óöruggt með upplýsingar).

Magnúsína Jónsdóttir 17 8/12 (f 3.10.1883) frá Flatey á Skjálfanda. Einkunnir skrift 5, reikningur 5, kver og biblíusögur 5 1, hegðun 6. Var í Útgörðum Brettingsstaðasókn, S-Þing. 1901 Vinnukona á Hugljótsstöðum, Hofssókn, Skagafirði 1930. Ráðskona á Hugljótsstöðum. Lést 10.7.1957.

Páll Stefán Jónsson 13 ára frá Reykhólum (1887) – ekkert um hann

Fermdir heyrnar-og málleysingjar 1902

Jón Þorsteinn Kristjánsson f.31.12.83. Einkunnir, kristindómur vel, skrift dável, reikn dável. Fór 18 ára að Sæbóli í Eyjafirði. Vinnumaður á Þórisstöðum, Svalbarðssókn, S-Þing. 1930. Var hjá foreldrum á nokkrum bæjum í Grýtubakkahreppi fram um 1896. Lést 10.7.1957.

Sigurður Árnason fæddur 23.9.1885. Kristindómur: Tilsögn á fingramáli um helstu höfuðatriði. Skrift sæmileg. Gat ekki lært reikning. Fór 17 ára til Krísuvíkur. Var á Hústóftum í Grindavík 1910. Var í Grímsstaðaholti í Reykjavík 1930. Bjó hjá foreldrum sínum. Lést 13. febr.1955.

Guðmundur Ísleifsson fæddur 2.12.1881. Einkunnir, kristindómur vel, skrift dável, reikningur vel. Fór 19 ára að Króki í Hraung: Vinnumaður á Bakka í Garðahreppi, Gullbringusýslu 1910. Niðursetningur, háseti frá Hafnarfirði, barnlaus lést 1920, 38 ára.

Fermd 1.6. 1903

Mál(m)fríður Einarsdóttir fædd 30.5.1882 (f 1883). Hegðun góð, daufdumb. Fór heim í Eyjafjarðars, manntal 1920 heima 38 ára.

Fermd 1904

Jón Þorsteinsson málleysingi 48 ára fór að Litla Hrauni frá Gerðiskoti.

Fermd1905

Jón Þorsteinsson málleysingi 50 ára flutti til Reykjavíkur?

Innkomnir 1904

Árni Guðmundsson 14 ára frá Grísará Grundarsókn, Eyjafjarðarsýsla. Var heima hjá sér á Grísará 11 ára í manntali 1901. Var í manntali 1910 skráður á Laugavegi 17, lærisveinn á daufdumbaskólanum Reykjavík. Var Skósmiður á Akureyri – (lést 1927?).

Guðmundur R Trjámannsson (1892 – 1980) 12 ára frá Áslaugsstöðum. Hann missti heyrn eftir máltöku. Guðmundur byrjaði í skóla á Stóra Hrauni, flutti með skólanum til Reykjavíkur og útskrifaðist þaðan árið 1910. Hann lærði ljósmyndun og tók meistarapróf í iðninni. Guðmundur rak eigið fyrirtæki á Akureyri og var velmetinn ljósmyndari. Guðmundur kvæntist, eignaðist fjögur börn og ól upp dótturson sinn Guðmund Ólafsson (Inga Lára Baldvinsdóttir, 2001). Hann útbjó ljósmyndir af fingrastafrófinu fyrir fjölskyldu sína og viðskiptavini. Að sögn Róberts Arnar Axelssonar frænda Guðmundar var nafnatákn hans gert með því að slá með V-handformi hægra megin á hvirfilinn fyrir ofan ennið.

Innkomnir 1905

Jón St. Daníelsson 12 ára frá Norður- Múlasýslu. Lést 17.11.1906 á skólanum að Stóra Hrauni.

Margrét Sæmundsdóttir 11 ára úr Norður- Múlasýslu. Var í Stóru Breiðuvík, Eskifjarðarsókn, S- múl. 1901. Var í skólanum í Reykjavík 1910. Lést 23.11.1911 (ekki talað um málleysi).

Fermdir 16.10 1905

Ásgeir Kristmundarson f. 12.12.1887 (1?) fór 18 ára í Húnavatnssýslu. Var í Ásbjarnarnesi, Vesturhópshólasókn, Hún. 1890. Nemandi á Stóra Hrauni 1901. Var í Melrakkadal, Víðidalstungusókn, V-Hún 1910. Bjó hjá foreldrum V-Hún, fjármaður og sláttumaður 22 ára. Lést 1.8.1921.

Friðrik Jónsson f. 6.1.1883 í Hvammi Grýtubakkahreppi. Í manntali árið 1890 er hann sagður sjö ára mál- og heyrnarlaus og er það talið vegna veikinda. Friðrik ólst upp á Kálfsá í Ólafsfirði en fór árið 1899 þá 15 ára að Stóra Hrauni við Eyrarbakka og var þar sennilega samfleytt í skóla í 5-6 ár. Var á Kálfsá, Kvíabekkjarsókn Eyj. árið 1890 16 ára. Árið 1901 er hann nemandi á Stóra Hrauni 18 ára, daufdumbur. Árið 1905, 22 ára fór hann í Ólafsfjörð. Árið 1910 er hann 28 ára sagður daufdumbur ógiftur, barnlaus og vinnur við sjóróðra. Árið 1920 er hann 37 ára giftur, heyrnar- og mállaus, háseti á þilskipi. Hann eignaðist 4 börn. Sjómaður á Ólafsfirði 1930 og bjó síðast á Akureyri. Lést 29.8.1974.

Stefán Sigmundur Þórarinsson fæddur 19.10.1883. Í manntali 1890 er hann sonur hjónanna 7 ára og ófatlaður. Í manntali 1901 er hann nemandi á Stóra Hrauni, daufdumbur. Fór 22 ára í Skagafjarðarsýslu. Ekki í manntali 1910. Í manntali 1920 er hann Stefán Sigmundur Þórarinsson 37 ára hjú ógiftur heyrnar- og mállaus. Húsmaður á Enni, Hofssókn, Skag, ógiftur og barnlaus 1930, söðlasmiður. Lést 10.6.1955.

Helga Jónasdóttir f. 30.11.1884 á Akureyri. Hún var fermd 27.5. 1906. Einkunnir kunnáttu allgóð, hegðun góð. Helga giftist Alexander Arnórssyni, sem var hjú á Stóra Hrauni f. 2. nóv. 1863 – d. 5. nóv. 1940 (eða f. 24.10. 1864, d. 6.11. 1940) (ÞÍ. Stokkseyri í Flóa / Eyrarbakki - prestakall 0000 BA/5-1-1). Þau Helga og Alexander eignuðust fjögur börn Guðrúnu Alexandersdóttir fædd 10. apríl 1922 í Ásakoti í Sandvíkurhreppi, Guðbjörgu, Sigríði (f 1910?) og Guðmund (f. 3.3. 1912) (ÞÍ. Hraungerði í Flóa). Guðbjörg Alexandersdóttir var alin upp á Minna Mosfelli d. 1974. „Guðrún ólst upp hjá foreldrum sínum í Ásakoti. „Móðir hennar var mállaus og heyrnarlaus frá barnæsku og hafði það vitanlega áhrif á Guðrúnu. Skóla sótti Guðrún á Selfoss, fótgangandi eins og tíðkaðist á þeim tíma“. Árið 1838 er Guðmundur búinn að taka við búinu en foreldrar hans og Bjarnheiður Guðrún búa hjá honum. Árið 1940 eru Helga og Guðrún í Ásakoti hjá Guðmundi en Alexander er dáinn. Árið 1943 eru þær fluttar úr Ásakoti. Eftir að Guðrún gifti sig tók hún móður sína með sér.og bjó hún hjá henni til dánardags. Lést 21.9.1960 (eða d. 2.9. 1960).Guðrún lést á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði 8. september 2010 (Morgunblaðið, 04.10.2010 <https://timarit.is/page/5339274#page/n22/mode/2up>).

Innkomin 1906

María Sigríður Soffía Sveinsína Guðmundsdóttir 15 ára frá Ólafsvík. Bjó í Ólafsvíkursókn á Snæ til 1930 (Snoppu, Görðum og Hausthúsum). Fór 1907 16 ára til Ólafsvíkur – var ekki fermd, dvaldi í eitt ár á skólanum. Lést 1944.

Fermdir 1907 26.5.

Guðmundur Magnússon f. 29.12.1883. Kunnátta léleg hegðun góð (foreldrar Magnús Magnússon og Ingigerður Jónsdóttir). Var á Melum Dagverðarnessókn, Dal 1890. „Druknaði undir Jökli“ segir í Dalamönnum.

Jóhannes Benjamínsson f. 20.10.1886. Kunnátta sæmileg, hegðun viðsjárverð. Fór 21 árs í Árnassókn á Ströndum. Tökubarn á Felli, Árnassókn, Strand 1890 var í Reykjavík 1910. Skósmíðanemi. Skósmiður á Ísafirði. Vinnumaður í Ófeigsfirði, Árnassókn, Strand 1930. Lést 9.2. 1971.

Páll Hjálmarsson f. 12.7.1888 í Reykhólasókn. Daufdumbur. Kunnátta sæmileg hegðun góð. Fór 19 ára til Flateyjar. Lést 9.4.1957 . Ókvæntur og barnlaus.

Burtviknar 1907

(Margrét Bjarnadóttir 30 ára fór til Reykjavíkur. Gerðist skólastýra Málleysingjaskólans í Reykjavík frá 1908)

Fermd 1908 28.5.

Baldvin Bergsson f.1.11.1885. Kunnátta og hegðun góð. Fór 23 ára til Ólafsfjarðar.

Sigfús Jónsson f. 2.8.1891. Kunnátta og hegðun góð. Fór 17 ára til Djúpavogs (að Bragðavöllum). Hlóð Grjótgarð á Bragðavöllum.

Fóru frá Stóra Hrauni í skólann í Reykjavík

Guðjón Jónsson kom 21 árs til Reykjavíkur. (30. júní 1887 - 28. feb. 1954). Var á Grund, Stafafellssókn, Au-Skaftafells, 1890. Var á Bragðavöllum, Djúpavogssókn, S-Múl 1930. Bjó í Víðidal. Hlóð Grjótgarð á Bragðavöllum.

Jón Kristinn Sigfússon kom 17 ára til Reykjavíkur. Lærði til bakara. Kvæntist Sigríði Kristínu Kolbeinsdóttur.

Guðmundur Rósant Trjámannsson 16 ára. Varð síðar ljósmyndari á Akureyri.

Markús Loftsson 12 ára. Gerðist verkamaður Reykjavík.

Árni Guðmundsson 18 ára (Skósmiður á Akureyri).

Ólafur Guðmundsson 10 ára – Óli sjó/Óli ríki (7. nóv. 1898 - 14. sept. 1983). Fæddist að Móakoti í Sandvíkurhreppi. Heima hjá honum og foreldrum hans var í mörg ár samkomustaður döff í Þingholtsstræti 8.

Sigurjón Gíslason 11 ára -var í Reykjavík (söðlasmiður?).

Margrét Sæmundsdóttir 14 ára.

Guðbjörg Jóhannesardóttir og Gísli Gíslason sem var í Þingmúla voru hjú á Stóra Hrauni.

Viðauki D

Nemendur í skólanum í Reykjavík 1909-1916

Samkvæmt íbúaskrá Reykjavíkur frá 1909 – 1916 voru „á daufdumbraskóla“ eftirtaldir nemendur:

Guðjón Jónsson fæddur 30.6.1887 á Grund í Mjóafirði flutti til Reykjavíkur 1908 22 ára að aldri. Var í skólanum árið 1909.

Þorsteinn Jónasson fæddur 30.5.1889 frá Flatey Hálshreppi. Var í skólanum 1909 og 1910.

Anna Kr. Jónsdóttir fædd 17.11. 1888 frá Kaðalstöðum Grýtubakkahreppi. Kom til Reykjavíkur árið 1909, 21 árs. Var í skólanum 1909 og 1910.

Árni Guðmundsson var fæddur 13.6.1890 á Eyrarlandi, Hrafnagili kom í skólann 19 ára og var þar 1909 og 1910.

Jón Kristinn Sigfússon var fæddur 27.7.1891. Frá Keflavík kom í skólann 18 ára árið 1909.

Rósant Guðmundur Trjámannsson var fæddur 16.9.1892 að Fagranesi, Skriðuhrepp kom í skólann 17 ára gamall og var þar árið 1909 og 1910.

Margrét Sæmundsdóttir fædd 10.8. árið 1894, Breiðavík, Reyðarfirði kom í skólann 15 ára gömul og var í skólanum 1909 og 1910.

Merkúr Loptsson (Markús Loftsson) fæddur 16.8. (18.8?) 1896, Hreiðurborg, Sandvík kom í skólann 13 ára árið 1909 og var þar 1910 og 1911.

Sigurjón Gíslason fæddur 24.2.1897 á Skúmsstöðum, Eyrarbakka kom í skólann 12 ára og var þar 1909, 1910, 1911, 1912, 1913 og 1914.

Ólafur Guðmundsson fæddur 7.11. 1898 að Valdastöðum, Sandvík. Hann kom til Reykjavíkur 11 ára og var í skólanum 1909, 1910, 1911, 1912, 1913, 1914 og 1915.

Elísabet Sigurðardóttir fædd 20.12.1899 frá Skörðum, Húsavík kom í skólann 10 ára árið 1909, var í skólanum 1910, 1911, 1912, 1913, 1914, 1915 og 1916. Vinkona Sigríðar Kristínar Kolbeinsdóttur.

Sveinfríður Halldóra Kristín Guðmundsdóttir fædd 7.9. 1900 Engidal, Eyrarhreppi kom 9 ára til Reykjavíkur og var í skólanum 1909, 1910, 1911, 1912, 1913, 1914 og 1915.

Tryggvi Jónsson fæddur 1900 frá Búrfelli, Torfustaðahrepp kom 9 ára í skólann 1909 og var í skólanum 1910, 1911, 1912, 1913, 1914 og 1916.

Sigríður Kristín Kolbeinsdóttir fædd 10.8.1900 í Æðey, Snæfjallasókn kom í skólann 9 ára gömul 1909 og var í skólanum 1910, 1911, 1912, 1913, 1914 og 1915.

Sveinbjörg Lára (S.?) Guðmundsdóttir fædd 9.12. (2.2.?) 1902, Sjóbúð Stokkseyrarhrepp kom í skólann 1909, 1910, 1911, 1912, 1913, 1914, 1915 og 1916.

Þorbjörg Jónsdóttir fædd 16.7.1899, frá Flugstöðum Geithellnahrepp kom í skólann árið 1911, 1912, 1913, 1914, 1915 og 1916.

Anna Björnsdóttir fædd 6.8.1904 Mýrarhúsi, Seltjarnarnesi kom í skólann árið 1915 og 1916.

Sigríður Bjarnadóttir fædd 1903 Hergilsey, Flateyjarhreppi kom í skólann árið 1915 og 1916.

María Guðmundsdóttir fædd 2.4.1903 Kambi, Holtahreppi kom í skólann árið 1915 og 1916.

Guðrún Jónsdóttir fædd 21.1.1904 Huppahlið Torfastaðahreppi kom í skólann árið 1915 og 1916.

Rútur Hansson fæddur 12.7.1899 frá Hóli Ljósavatnshreppi kom í skólann árið 1910, 1911, 1912, 1913, 1914, 1915 og 1916.

Guðmundur Guðbrandsson fæddur 6.3.1898 Kambi Árnesprestakalli kom í skólann 1912, 1913, 1914, 1915 og 1916.

Magnús Eiríksson fæddur 2.5.1902 frá Kraga Oddaprestakalli. Kom í skólann 1912 og var 1913,1914,1915 og 1916.

Ármann D. Guðmundsson fæddur 19.8.1906 Hafnarfirði flutti til Reykjavíkur 1916. Er væntanlega Óskar Ármann Guðmundsson f. 19.8.1906 - 9. des. 1964. Klæðskeri í Reykjavík (Íslendingabók). Finnst ekki í manntali annars staðar en í skólanum í Reykjavík.

Kristbjörg Jónsdóttir fædd 5.11. 1904 frá Hausastaðakoti Hafnarfirði kom í skólann árið 1915 og var 1916.

Helga Þórðardóttir fædd 13.12. 1894 frá Hæli í Reykholtshreppi kom í skólann árið 1910, 1911, 1912, 1914.

Elín G.H. Hallgrímsdóttir fædd 31.12.1886 frá Töðugerði Vatnsdalshrepp var í skólanum árið 1910.

Stefanía Björnsdóttir fædd 26.6. 1894 að Vöglum í Ásahrepp flutti til Reykjavíkur 1916 frá Hvoli Vesturhöfn. (Stefanía Sigurbjörg Björnsdóttir). 26. Ráðskona á Hvoli, Breiðabólstaðarsókn, V-Hún. 1930. Síðast bús. í Reykjavík (Íslendingabók). Ekki talað um heyrnarleysi í manntali þegar hún er sextán ára. Lést 4. jan. 1991.